Grímur Thomsen

Einar Friðgeirsson

Íslands Árbækur

í sögu-formi.

Af

Jóni Espolin,
Syslumanni í Skagafiardar Syslu.

VI. Deild.

Kaupmannahöfn, 1827.
Prentud á kostnad ens Islendska Bókmentafélags
hjá Bókþryckiara S. L. Möller.

Íslands Árbækur.

VI. Deild.

Formáli þessarar Arbókanna deildar er þegar prentadur framan vid þá fimtu, er í fyrra útkom. Beggja deilda prófarkir frá prentsmídjunni hefi eg vegna hins Islendska Bókmentafélags yfirskodad. Nockurt framhald þessa ágæta verks er í dag komid því til handa, og höfundurinn hefir af vanalegum gódvilja lofad meiru vid fyrstu hentugleika.

Kaupmannahöfn, þann 27da Martsí 1827.

F. Magnússon.

Fortalen til nærværende Afdeling af Islands Aarböger er allerede trykt foran den næstforegaaende femte. Korrekturarkene af dem begge har jeg læst paa det Islandske literære Selskabs Vegne. End en Afdeling af dette ypperlige Værk er i Dag kommet Selskabet til Hænde, og Forfatteren har, med sin sædvanlige Velvillie, lovet at fremsende flere saasnart som Lejligheden tillader.

Kjöbenhavn, den 27de Marts 1827.

F. Magnusen.

Frammhald 5ta Þáttar.

XXIII Cap. Tión.

Vetrinn eptir andlát Biarnar bónda Benedictssonar var gôdr frá jólum, enn hardnadi sídann; komu hafísar um vorit; urdu þá manntapar bædi í sió oc vötnum, svo at VIII menn druknudu fyrir Eyafiöllum, enn VII af skipi á Hiallasandi, III í Hafnarfyrdi, VIII í Þiórsá, oc fleiri menn einstakir. Svo segir oc Þorlákr Markússon at VI menn hafi druknat í Skagafyrdi, oc VI á Sandhólaferiu, enn Biörn gètr þess ei er þá bjó at Skardsá. Gudmundr lögrèttumadr í Borgarfyrdi, er eg hygg verit hafa son Gudmundar Hallssonar Olafssonar prests Kolbeinssonar, druknadi fyrir Seltjarnarnesi med VI mönnum. Gudmundr sá, son Gudmundar Hallssonar, átti Sigrídi dóttr Jóns prests Egilssonar í Stafhollti, þeirra börn voru Gudmundr prestr í Fljótshlíd, Þórdr prestr at Kálfafelli, Sigurdr á Brecku, Halldór í Olafsvík fadir Einars, födr Pètrs prests í Miklahollti, Gudmundr snickari, er allra manna var hagastr, Gudmundr annar, Helga er Eyríkr átti son Odds biskups, Ingibjörg er Þórdr átti son Orms í Eyum, oc Astrídr. Nordr á Grímseyarsundi druknadi Gunnlaugr bóndi Grímsson med VIII mönnum, hann var launsonr Gríms á Ökrum; enn fadir Þorvalds í Hrísey, födr Þorvalds á Söcku. Ein kona hrapadi fyrir biörg á Skagaströnd nordr, oc stód madr hennar á hillu fyrir ofann, enn hún átti at vera vid festarhæl, hún lá þar þriú dægr, oc dó þegar menn komu til, enn hönum vard biargad. Fleiri urdu þá slis, 1618

A

oc er sumstadar sagt at kona hafi í þingeyarþíngi fargad barni med bruna, oc verit brend, enn eg ætla málum blandad vid þat er fyrri skèdi. Gudbrandr biskup lèt prenta XXIta Davids sálm, med útleggíngargreinum Arngríms prests lærda, vinaspegil Sigmundar af Svafa er út hafdi lagt Sveinn prestr Símonarson, oc tilenkad Ara Magnússyni, Bernhardi krossqvedjur á lióðum, eptir Arngrím prest, krossgaungr Hammers, er hann hafdi einnin útlagt, oc sálmabók í VIII blada broti. Gudbrandr biskup átti þá málssókn um kyrkiureikníng á Vídimyri, oc hald á Brennistödum, vid Steindór Gíslason, oc má ætla hann hafi þá enn ei vestr kominn verit; enn Jón lögmadr Sigurdarson kærdi á hann ímsar sakir; var Steindór ofláti, oc eigi var, oc leit á fè sitt.

XXIV Cap. Frá Commissariis oc málum.

Um sumarit snemma kom út Fridrik Friis af Hesselager, sonarsonr Jóhans Friis Cancellera, mikilsvyrdr madr, oc Jörgen Wind; þeir voru skipadir Commissarii af konúngi, at álíta mál höfudsmannsins oc Odds biskups, oc svo annara manna; ecki kom Arni Oddsson út med þeim, oc ei spurdist til hans, því Herluff Daae hafdi lagt bann fyrir alla skipara at flytia hann. þessir höfdíngiar voru á skipi því er Kristián konúngr fiórdi hafdi sendt at taka sjóvíkínga ef lægi hèr vid land, oc svo at hreinsa höfinn af þeim; þeir höfdu konúngsvald oc brèf at dæma yfir öllum málum á hveria sem borit var, andlega eda veraldlega, edr kaupmenn. þeir dæmdu tveir í lögrèttu allra manna mál um sumarit, oc þóttust þá flestir ecki ná íslendskum lögum, sem stundum hefir þó nockut hætt vid at orsakadist af deilum höfdíngia hèr; enn þó var þat raunar sannara um þá, at þeir fylgdu lögunum freklega, oc veiktu nockut svo hinn innlenda sid. þeir fylgdu at því at syslumenn tæki upp mál Ara þorvardssonar, oc dæmdi hönum sitt, oc Gísli lögmadr Hákonarson med þeim, þoldu þeir mönnum engar flækjur eda lögvillr. Jón lögmadr Sigurdarson stefndi fyrir þá Steindóri Gíslasyni, enn þeir dæmdu þá stefnu ólöglega, oc at hann skyldi sækiast á varnarþíngi sínu fyrir rèttlátum dómara, slíkar sakir sem á hann voru bornar. þá kom fyrir þá þrætumál Olafs prests Erlendssonar á Breidabólstad, oc Teits Biarnar-

sonar Jónssonar biskups, um hálfann Torfalæk, því at Páll Gudbrandsson fèck ei sætt þá, oc stefndi Teitr Olafi presti, oc vann landit af hönum. Þeir dæmdu líf af Þórdysi Halldórsdóttr, oc var henni dreckt á alþíngi. Annari konu var þar dreckt er sagdi barn uppá systrson sinn, hann neytadi þverlega, enn fèck ecki eydamenn; þeir höfdu dæmt líf af þeim bádum, oc var hann höggvinn á því þíngi; madr var oc höggvinn á Akranesi, sá hafdi fallit med systrum tveimr. Þeir dæmdu lögmannsdæmi af Jóni Sigurdarsyni á Reinistad fyrir barngetnad í hórdómi, barnid hèt Gudfinna, hún fèll sídar med qvæntum manni, Páli Arasyni skrubba; enn stad oc prestskap af Gudmundi presti Einarssyni á Stadarstad mági hans, því þeim þótti sem hann mundi hafa hylmad med hönum; enn þó syniudu þeir Jón lögmadr þess bádir, oc var þat sannast, at Jón lögmadr hafdi bannad konunni at segia til fadernis, oc svo leysti prestr hana at hans rádum, oc medkèndi þat hreinlega fyrir Commissariis; fór þá Gudmundr prestr utann. Margir menn báru fyrir herramenn þessa mál sín um jardaklaganir fornar, oc adra hluti, enn þeir vildu fá þau upp ritud; var þat giört, oc komst ei allt fyrir á því þíngi. Eitt var ákæra Biarna sonar Odds prests Þorkèlssonar, til Snæbjarnar Þórdarsonar um Bustarfell; Snæbjörn var son Fjalla-Þórdar, oc seinni madr Ragnhildar eckju Biarnar Gunnarssonar, taldi Biarni Oddsson Bustarfell gèfit Þórunni konu sinni Biarnardóttr Gunnarssonar, hafdi hann fengit hennar fyrir VII árum oc var þat dæmt, oc svo fengu þeir frændr Bustarfell. Þar var oc dæmt í milli Einars Hákonarsonar syslumanns, oc Arnórs bolgóma er ákærdi hann, enn hafdi reinst at ósannsögli, oc samit vid hann ádr. Þeir budu syslumönnum at refsa saka-mönnum í hèradi er þángat til var órefst; oc einn enskann mann er fèll í hórdóm hèr, oc qvæntr var í Englandi, enn neytadi því med frekju oc munneydum, knúdu þeir til medkènníngar, oc lètu hyda at Islendskum lögum; engann giördu þeir sèr mannamun, oc þóttust biskupar oc adrir embættamenn lítt vidkomnir. Gísli lögmadr Hákonarson var hellst frí fyrir ákærum manna, oc fyrir því höfdu þeir hann í allmikilli vyrdíngu. Enn er þeir skyldu ransaka mál Herluffs Daae oc Odds biskups, spurdist ei til Arna biskups-sonar; hafdi þá Herluff Daae mörg spèlnis ord um hvad Arni Oddsson mundi nú sysla? enn

A 2

Oddr biskup var med döpru gèdi oc þúngri hugsan; var gengit at því sinni frá rèttinum til middags-máltídar eptir venju, enn biskup hafdi eigi lystíng til matarnautnar, oc gèck med nockrum vínum sínum upp á Almannagiáar backa hinn nedra, sem hann vildi umskygnast til hugfróa sèr; þóttist hann siá taflslok á málum sínum, því allr stofn þeirra var hiá Arna. Arni hafdi komit út undir alþíng siálft í Vopnafyrdi, hann fèck sèr hest gódann í einhverjum stad, svo at þeim var vidbrugdit, oc reid nótt oc dag á fiórum dögum austann til alþíngs, vard biskupi litit vid er hann reid um Þíngvallatún austann, oc þóttist kènna ferd hans, reid han þá heim at Þíngvöllum, oc vard fagnafundr med þeim þeim fedgum, sagdi Arni födr sínum eyrinda-giördir sínar, oc gengu þeir sídann til dóma. Nádi Arni gögnum sínum oc vitnum at málum þeirra, gengu þau at lyktum á Herluff Daae, svo hann misti höfudsmanns embætti, oc hlaut ónád konúngs oc mikil fiár-útlát, oc vard snaudr; enn Arni hlaut af þessu mikinn ordstyr oc frægd; enn þó var eigi Oddr biskup laus vid öll mál sín. Arni qvæntist aptr oc fèck Þórdysar dóttr Jóns Jónssonar á Sjáfarborg, oc Sigrídar Þorgrímsdóttr, þeirra börn voru Helga er átti Þórdr prestr í Hytardal, Jónsson prófasts Gudmundarsonar. Jón er átti Þórunni Hallgrímsdóttr. Sigurdr er átti Elínu Magnúsdóttr frá Haga, oc var fadir Biarna oc Arna á Grund, enn synir Biarna voru Gísli prestr á Melum oc Jón prestr á Holltastödum. Arni bjó at Holltastödum nockra stund, enn fèck sídann Reinistadar klaustr, hann var sidlátr oc alvörugefinn, oc gyldr höfdíngi, oc karlmannlegir voru margir nidjar hans, enn ecki stórvitrir.

XXV Cap. Rógr.

Þat báru öfundarmenn Gudbrands biskups fyrir herramennina, at hann hefdi selt nockrar jardir Hólakyrkju, enn hèldi sumum undir sig, oc tóku þeir vid því til utann-flutníngs; einnin þat hann hèldi skólameistara ónítann. Jón Olafsson bar oc fyrir þat mordbrèfa bæklínginn sídarsta, oc ákærdi Gudbrand biskup miög. Fóru þeir vid þat utann.

XXVI Cap. Imislegir vidburdir.

Um sumarit brann vestri Bægisá í Yxnadal giörsamlega er menn voru í seli, enn Gísli Bödvarsson, er þar bjó, var í sudrferd fyrir sláttinn. Hinn Xda Julii voru svo miklar þrumr, at madr dó af á Briámsnesi vid Myvötn, hann var örkumslalaus, enn fleiri fèllu nidr oc dóu ecki. Voru landskiálftar miklir um haustit, oc allt fram at jólum, hrundu í einum IIII bæir í Þíngeyarþíngi, oc sprack jörd svo traudla edr ecki mátti yfirfara; stúlka þrítug hvarf frá Eydstödum í Blöndudal, oc fannst ári sídar daud á fialli; skrida hljóp at Brúarlandi í Deildardal, oc tók II börn er voru at smáralestri, eitt meiddist, enn hid yngsta komst heim; oc sveinar tveir í Flókadal nordr urdu undir snjóflódi med riúpnatog sitt, lifdi annar er til var grafit. Þat haust fór Jón í skóla vestann at, son Ara Magnússonar í Ögri, XII vetra gamall. Vard þá vetr 1619 gódr, oc hlutir í betra lagi, enn manntapar urdu sumstadar; druknadi Olafr Pètrsson, oc VII hásetar hans í Höfnum sudr, fiórda dag páska, er var sídarsti dagr Martii mánadar, enn þrír komust af. IIII menn tyndust af skipi vestr í Beruvík oc komust af þrír; nockrir voru oc þeir er tyndu sèr siálfum, oc fleiri voru misfarir. Þá er mælt at andast hafi Gísli lögmadr Þórdarson oc Teitr Biarnarson; frá Gísla lögmanni er ætt mikil. Arni son hans bjó at Ytrahólmi, oc átti Steinunni dóttr Hannesar í Snóksdal, hann var merkilegr madr, læknir oc mikit valmenni, þeirra börn voru Hannes fadir Hákonar syslumanns, Sæmundr á Holmi oc mörg önnr, öll velmennt. Henrik Gíslason bjó at Innrahólmi, oc hafdi syslu í Borgarfyrdi, hann átti Gudrúnu dóttr Magnúsar Jónssonar systr Ara í Ögri, þeirra son var Þórdr syslumadr. Gudrún var dóttir Henriks, oc Jórunn er Benedict átti son Halldórs Olafssonar. Pálmi var launsonr Henriks, fadir Sigurdar á Breidabólstad í Söckólfsdal, födr Þorgils oc Pálma. Jón prestr var son Þorgils, enn Þorleifr son Pálma. Steindór Gíslason átti Gudrúnu Einarsdóttr, oc bjó lengst á Knerri undir Jökli, hann hafdi þar syslu oc umbod, oc var vel mannadr siálfr sem systkin hans, enn giördist hinn mesti óhófsmadr, oc eyddi öllu fè Jóns lögmanns, med ofdryckiu, ofrausn oc sveinahaldi, hans son var Jón fadir Sigurdar á Knerri, oc Halldóru er átti Jón prestr Gudmundarson á Þæfusteini, Gudnyar er átti Hallkell prestr Stephánsson, oc Gud-

rúnar er átti Gudni Sigurdarson. Gudrídr Gísladóttr var gipt Jóni prófasti í Hytardal Gudmundarsyni frá Hvoli Þórdarsonar, hún var merkileg kona; þeirra börn voru Gudmundr er dó utanlands, Helga er Jón átti Sigurdarson í Einarsnesi, Þórunn er átti Gunnar prestr at Hofi, Biarnarson Magnússonar; Gudrún er átti Sigurdr prestr son Odds biskups, prófastr í Þverárþíngi, þeirra börn voru: Oddr, hinn giörfuglegasti madr, hafdi farit utann enn dó heima nær hálf-þrítugr, Gísli, Sigurdr prestr at Stad fadir Odds lögmanns, Gudrídr er átti Olaf son Hallgríms Halldórssonar, oc Hólmfrídr. Kristín var enn dóttir Jóns prófasts oc Gudrídar Gísladóttr, hennar fèck Sigurdr lögmadr í Einarsnesi. Gísli Jónsson oc Gudrídar átti Þóru dóttr Jóns prests gamla at Stadarhrauni, med óvilja födr síns. Þórdr Jónsson oc Gudrídar var prestr í Hytardal oc ágætr madr, hann var fadir Jóns, Þorsteins á Skardi oc Gudrídar er Jón biskup Vígfússon átti. Gísli hèt enn Jónsson enn eigi Gudrídar. Gudrídr Gísladóttir tók vanheilsu mikla, líkþrártegund þá er elephantiasis heitir. Astrídr Gísladóttir átti Jón Magnússon á Reykhólum, oc mikit afqvæmi oc göfugt. Gudrún Gísladóttir var gipt Magnúsi á Múnkaþverá syni Biarnar Benedictssonar, hún er mælt at væri heldr til hisprsöm oc líttgreind, enn þat var þá ecki miög talit um ríkiskonr, enda höfdu þau aud fiár, þau voru börn þeirra: Gísli, ágætr madr oc vitr, Biörn oc enn fleiri sem fyrri er gètit. Páll Gíslason bjó á Hvanneyri, oc var landþíngskrifari, hann var einardr madr oc skynsamr, oc vel á sig kominn. Halldóra Gísladóttir átti Olaf Hannesson. Jórun Gísladóttir er sagt væri kona Jóns prests á Kvennabrecku Ormssonar Jónssonar prests, Þorleifssonar frá Þyckvaskógi, oc þeirra sonr væri Magnús prestr oc sídann syslumadr, fadir Arna assessors, oc Magnúsar prófasts oc Jóns. Sigurdr er enn talinn son Gísla lögmanns, oc er sá ætthríngr allr mikill. Þessi missiri var eldr uppi í Heklufialli, oc sást nordr um land marga daga; sídann kom vindr af landsudri, oc lagdi nordr mistr svo mikit at furda þótti í vera, enn þó var þat ei fyrr enn eptir midt sumar, oc voru þá landskiálftar, oc kom sandfall svo mikit í Bárdardal oc vídar, at ecki vard slegit fyrir í viku. Gísli lögmadr Hákonarson lèt dóm gánga um fátæka menn á Hvítárböckum VIta dag Martii mánadar; enn Magnús Biarnarson at Múnkaþverá, oc Sigurdr prófastr Einarsson helmíngadóm á Spialdhaga yfir Þorsteini presti í Glæsibæ, er hafdi rofit ómagadóm

syslumanns, oc dæmdu þeir hönum fèsektir. Sá Sigurdr prófastr var í Saurbæ, oc var fadir Gunnlaugs prests; fór þetta framm daginn eptir Jónsmessu; enn fiórum dögum sídar var dæmt á alþíngi, at jardir sèu tyundadar af ábúendum eptir fornum vana, enn ei eigendum. Jón Magnússon á Reykhólum syslumadr í Dölum lèt dæma mál Ara Þorvardssonar at Leidarhólmi, var þó í móti mælt, enda giördist Ari blindr sídann, oc fèll þá sú ákæra nidr med öllu. Þann tíma lèt Gudbrandr biskup prenta Cathechismum Lúthers hinn meira, oc sálmabók. Kom þá ís fyrir nordann land, hafþök, oc var ecki qvikt á. Þat sumar kom út Þorlákr Skúlason, oc fór til Gudbrands biskups módrfödr síns, oc vard sídann heyrari vid skólann.

XXVII Cap. Frá Fridriki Friis oc konúngsbrèfum.

Þetta sumar var Fridrik Friis skipadr höfudsmadr út híngad yfir land, oc lagdi hann í haf, var med hönum á skipi Gudmundr prestr Einarsson frá Stad, oc hafdi fengit uppreisn á máli sínu, oc vissi þó ei af. Fridrik Friis hafdi val af konúngi til at skipa öllum hlutum eptir vild sinni; hann hafdi XII lestir af miöli oc mátti skipta sem hann vildi, oc svo var um alla hluti adra, at hönum voru fengin þau völd er engum höfudsmanni voru ádr; hann hafdi mörg konúngsbrèf med at fara, oc var bædi syslunarsamr oc alvörumikill, strángr oc óhlutdrægr, oc óeigingiarn, oc því var hann svo miög vid skap Kristíans konúngs IVda; hann tók sótt í hafi, oc bióst vid frammför sinni, lèt hann þá kalla Gudmund prest Einarsson oc sagdi hönum at hann hèldi stad oc embætti, oc lèt hann veitta sèr þiónustu. Sveinn hans einn dó í hafinu herramanns son, enn Fridrik Friis komst at Bessastödum, oc var þar III nætr, oc andadist sídann, oc var grafinn at Bessastödum, enn bartskèri hans druknadi á grandanum vid hólminn. Andres Hansson hafdi hann sett fyrir umbodsmann ádr hann dó, til þess er konúngr giördi þar á adra skipan. XVI voru konúngsbrèf þau er byrt voru á alþíngi, er hann hafdi ætlat sèr framm at fylgia. Eitt var um bækling þann er Gudbrandr biskup hafdi giöra látit sídast um mordbrèfinn, oc kènnt þeim Stóradalsbrædrum, Markúsi er fyrir laungu var daudr, oc Jóni. Annad um þat

at Gudbrandi biskupi skyldi tiltala fyrir þá sök at hann hèldi skólameistara óduganlegann; þridja um jardir er seldar voru undann stólnum; fiórda var um tiltal móti Oddi biskupi fyrir þat hann hefdi dregit undir sig Kristfiárjardir; fimta var uppreisnar brèf Gudmundar prests Einarssonar; sjötta um Jón lögmann Sigurdarson at hann var tekinn af lögsögn. VIIda var um þat at konúngr vildi senda skip at ödru sumri, til at leita Grænlands, oc at íslendskir menn skyldu á því fara, enn hèt at siá fyrir þeirra kosti þadann af. Hid VIIIda var um tyundir, at þær gyldist sem bæri, enn væri þó ei herdt á kotúngum. IXda um giaftolla, at syslumenn stædi reikníng af þeim á Bessastödum. Xda at syslumenn skyldi vinna þann eyd, at halda lög oc landsrètt vid hvern mann. XIta at lausamenn skyldi engir vera, nema stodudu bændr, ella skyldu þeir flytiast utann oc vinna þar. Tólfta var um kúgildi, at eigi væri þeim aukit kotúngi til þíngsla. Þrettánda um þat, at IIII hinir skynsömustu menn af Islandi færi utann, oc töludu máli sinu vid reidara landsins um kaupskap þeirra. Hid XIVda var brèf Fridriks Friis, at konúngr band hönum at halda mönnum vid íslendsk lög. Fimtánda at hverr byggi á jördu þeirri er á bjó, alla æfi, oc börn þeirra eptir þá. XVIda at landskuldir skyldu ei hæckast á konúngs jördum edr krúnunnar þadann af. Þat fylgdi at biskupar skyldu hvert ár giöra höfudsmanninum reikníng fyrir hvad kostad var til dómkyrknanna, oc svo alla inntekt af stóla-jördunum. Enn med því at sá var fallinn frá, sem mest rèdi því at brèf þessi voru útgèfinn, oc hafdi í hug at framm fylgia þeim oc mörgum hlutum ödrum, þá var þat eina frammgengt sem audit var; af slíku öllu voru sumir valdamenn sem ei tregudu miög hans fráfall.

XXVIII Cap. Mál Gudbrands biskups.

Ecki vard af ákærum vid Gudbrand biskup um jardasöluna undann Hólakyrkju sídann Fridrik Friis dó; enn biskup játadi þat fyrir umbodsmanninum, at hann hefdi brygdad eina jörd undir Hólastól er Olafr biskup hafdi selda, oc selt aptr, oc hèt at ná henni af nyu. Var þá biskupum giört vandara í slíkum efnum enn fyrr hafdi verit. Enn er kom til umrædu um Olaf lærdakarl skóla-

meistara oc kaup hans, er mælt var at biskup hefdi dregit undir sig; þá medkènndi Olafr fyrir öllum at hann hefdi fullt skólameistarakaup sitt, svo hann mundi aldrei ákæra; enn því var svo háttad, at Gudbrandr biskup hafdi kostad til frömunar hönum, enn kaupgialdit var ei áqvedit; enn um lærdóm sinn syndi hann vitnisburdi frá Rectore vid Kaupmannahafnar háskóla Thomasi Finke, oc baud sig til at svara svo allir heyrdu, þeim er vildu tala sèr til fyrir lærdóm sinn; vitu menn ei hvert hann hefdi vid þat stadit ef Fridrik Friis hefdi lifat, sá er siálfr var lærdr um flest; er þat mælt ei sídr, at Olafr hafi látit skólasveina comparera: *parvus, parvior, parvissimus,* oc þótti eigi gód latina, oc þarum qvad Þorlákr Skúlason, er þá var heyrari, vers þessi:

Parvior est parvo parvissimus ipse Magister,
corpore perparvo, parvior ingenio.

Því tók hann svo til ords, at Olafr var manna minnstr; hann vard sídann prestr, enn Þorlákr Skúlason skólameistari; ecki kom þá í dóm um bæklinginn, því biskup sættist vid Jón Olafsson oc nidia Markúsar, enn þó var því máli ecki lokit; átti Gudbrandr biskup þá miög erfidt uppdráttar, er hann hafdi óvild konúngs, oc marga adra í móti sèr, enn siálfr gamall, oc mæddr oc heisulítill.

XXIX Cap. Lögmanna skipti, oc frá höfdíngium.

Nú voru kosnir fiórir menn til þess, at einn fengi lögsögn í stad Jóns Sigurdarsonar, oc kastat um hlutum, Ari Magnússon í Ögri, Jón Magnússon á Reykhólum bródir hans, Magnús Biarnarson at Múnkaþverá, oc Halldór Olafssonar rebba, oc hlaut Halldór; hann tók oc Skagafiardar syslu þá í brád, at því er menn hyggia, því hann lèt dóm gánga um landamerki, milli Seilu oc Grófargils hinn IXda dag Augusti, er Þorberg bónda Hrólfsson á Seilu greindi á vid Magnús bónda Biarnarson, oc vann Þorbergr; enn dómsmenn voru Isleifr Þorbergsson á Hofi, Jacob Hannesson, Biörn Jónsson at Skardsá, oc Ari Gudmundarson Einarssonar lögrèttumenn, oc tveir bændr; var þó Jón Sigurdarson sídann vid sysluna; enn lögmanns-eydr Halldórs skyldi bída til annars

sumars. IIII menn voru þá oc fengnir til utanfarar landsins vegna um kauphöndlunina. Jón Magnússon á Reykiahólum at vestann, Henrik Gíslason lögmanns at sunnann; Þorsteinn at austann, Magnússon frá Stóradal, Arnasonar, Pètrssonar, Loptssonar bródir Biarnar at Laxamyri, hann hafdi þá fyrir VII árum fengit Þyckvabæar klaustr, oc var einn hinn lögvitrasti madr í landi hèr; enn at nordann Dadi Arnason; fóru þeir utann. Þau missiri brann Hialltabacka kyrkia svo at menn vissu ei orsakir, oc um þær mundir deidi Páll prestr í Klaustrhólum, son Jóns prests Egilssonar er annálinn reit, oc þó XX vetrum eptir födr sinn; enn Olafr prestr lifdi í Vestmannaeyum födrbródir hans; son Páls prests var Arni á Skúmstödum, fadir Páls prests á Kolfreyustad, oc Odds prests á Kálfatjörn. Sá vetr hinn nærsti var gódr, oc giördi hid
1620 besta ár. Þá druknudu VII menn á Alptanesi, oc Erlendr Erlendsson med X mönnum á Stadarsundi, oc fleiri menn einstakir. Seint í Janúarío brann Sumarlidabær í Holltum oc VII menn inni. Þá voru prentadar á Hólum passíu-prèdikanir, er út hafdi lagt Oddr biskup Einarsson, Margarita Theologica fyrir skólamenn, oc bænadaga predikanir. Magnús bóndi Biarnarson, syslumadr í Eyafyrdi lèt dóm gánga á Spialdhaga um jördina Jökul er Þorbergr prestr kalladi til Asmundarson Þorsteinssonar á Grund, oc Gudbrandr biskup setti Brynjólf prest Arnason á Bergstödum frá prestlegri þiónustu, fyrir VIII sakir. Þá deidi Þórdr prestr í Hiardarhollti Moldar-Brandsson, hann hafdi átta Þóru Gudmundardóttr Þorleifssonar frá Þyckvaskógi, voru þeirra börn Pètr í Tialdanesi, skynsamr madr, oc átti margt afqvæmi; Gudmundr fadir Biarna, födr Magnúsar sterka á Kolstödum, hans afqvæmi var oc fiölmennt; Brandr; Biörn, er margt manna var frákomit; Sigrídr kona Brynjólfs prests Biarnasonar; Ingibjörg módir Þórdar prests, oc Olafs prests í Bæum. Kom til Hiardarhollts eptir Þórd prest, Brynjúlfr, oc var prófastr, son Biarna, Jónssonar í Hiardardal Olafssonar; hann átti fyrri Bergliótu dóttr Odds biskups, enn sídar Sigrídi dóttr Þórdar prests Brandssonar, oc er þadann fólk í Dölum; Þorleifr prestr á Söndum var bródir Brynjúlfs prests, fadir Olafs prests hins sídara á Söndum. Þá andadist einnin Gudrídr Gísladóttir í Hytardal kona Jóns prófasts Gudmundarsonar. Enn frá þeim mönnum sem utan fóru vegna Islands, at sysla vid kaupmenn, er þat at segia, at Dadi Arnason andadist í Kaupmannahöfn um

vetrinn, enn Jón Magnússon frá Reykhólum fèck stadfestíng konúngs um edalmanns-stètt Biarnar hins ríka, enn þó hann væri siálfr frá hönum í qvennlidi, oc ei alla skilgetna, er þess ei gètit at hann hafi brèf fengit fyrir sig edr sitt afqvæmi, oc þó líkindi at hann hafi þetta afrekad sín vegna.

XXX Cap. Frá landshöfdíngium, oc mótgángi Gudbrands biskups.

Um sumarit kom út Holgeir Rosenkrantz af Frölíngi, er Kristián konúngr IIIIdi hafdi skipat höfudsmann, enn Jacob Pètursson var umbodsmadr er hann kom til, þá grófu Danir upp lík Fridriks Friis oc fluttu utann, oc urdu at gialda fyrir þúsund dala, því at þat var ecki giört at konúngs vitund. Lèt höfudsmadrinn formenn landsins vinna eyda á alþíngi. Halldór Olafsson vann lögmannseyd, enn syslumenn sóru þessir: Ari Magnússon, Jón eldri, því hann var þá útkominn oc þeir Henrik oc Þorsteinn, Biörn oc Þorleifr brædr hans, Biörn hafdi Bardastrandar-syslu, enn Þorleifr eystra, Henrik Gíslason í Borgarfyrdi, oc Steindór bródir hans undir jökli, Páll Gudbrandsson á Þíngeyrum, Magnús Biarnarson at Múnkaþverá, Sigurdr Hrólfsson oc Þorbergr bródir hans, Arni Magnússon austr á Eydum, oc Einar Hákonarson Arnasonar Gíslasonar, bródir Gísla lögmanns. Gudmundr prófastr Einarsson á Stad segir svo í riti sínu móti fiandafælu Jóns lærda, at þeir hafi sumir verit ódrucknir med öllu, enn sumir veldrucknir, meinti hann þat hellst til Einars, oc Steindórs Gíslasonar. Þeir Jón Magnússon, Henrik Gíslason oc Þorsteinn Magnússon höfdu engu áleidis komit vid kaupmenn, enn verdlag er menn kalla taxta kom þá á vörur Dana oc Islendínga, oc hèldu þó kaupmenn margir þat ecki, fóru heldr at sinni vild. Ecki máttu skiparar eda menn þeirra hafa nockrn varníng, oc höfdu Kaupmannahafnarborgarar einir kaupskapinn, enn Helsíngiaeyríngar oc Málmeyíngar voru fráskildir. Miög var varud á höfd at Islendíngar keyptu ei vid enska menn, oc sendt skip af Danmörku til at ransaka hvert ei fyndist íslendsk vara á fiskiduggum enskum; þat skip flutti utann sídann nockra menn er litlu einu höfdu skipt vid þá, oc var all-mikit

ófrelsi. Þetta sumar fèck Magnús, son Gissurar Þorlákssonar Þorlákssonar, Þorkötlu Snæbjarnardóttr prests Torfasonar. Á því alþíngi er nú var gètit, lèt höfudsmadrinn taka bæklíngsmálit undir XXIVra manna dóm, kom ei Gudbrandr biskup, því hann var ei fær til ferdar, enn Ari Magnússon dóttrmadr hans fór hans vegna, oc fylgdi lítt málinu, bar at eins vid at afsaka hann, oc var einn í dóminum, sem þá var sidr, at menn urdu at samþyckia dóminn, ef þeir skutu hönum ei þá þegar undir konúnginn, oc þó var fært úr at gánga, ef dómr var ei at skapi; voru þessir nefndir í dóminum: Jón Magnússon, Einar Hákonarson, Henrik Gíslason, Magnús Biarnarson at Múnkaþverá, Ari Magnússon, Þorleifr oc Biörn brædr hans, Þorbergr oc Sigurdr Hrólfssynir, Þorsteinn Magnússon á Þyckvabæ, Jón Sigurdarson á Reinistad, Marteinn Halldórsson Marteinssonar biskups, Erlendr á Hvoli Asmundarson Þorleifssonar lögmanns, Thomas Einarsson, Ingialdr Illhugason frá Reykjum, Olafr Jónsson, Jón Sigurdarson, eg hygg frá Einarsnesi, Steindór Finnsson frá Ökrum, hann bió at Ormsbæ vid Hellna, enn sídann at Ingialdshóli, Jacob Hannesson, Biörgólfr Asgeirsson prests frá Lundi, oc Thómas. Þeir gáfu Gudbrandi biskupi þat at sök, at hann hefdi dróttad at Markúsi Olafssyni í Hèradsdal, er fyrir laungu var daudr, um falsbrèfagiördina, oc talad um ránglæti oc róg Jóns lögmanns, er þeir ætludu engann verit hafa edr ei meiga sannast, qvádu því biskup ætti at vera samr madr, oc Jón lögmadr hefdi verit, ef hann hefdi ordit sannr at sök, dæmdu þeir fyrir því þetta róg vera, oc biskup til konúngsnádar edr ónádar eptir því sem hönum syndist, oc er þat frægt ordit, enn lètust þó mælast til at konúngr vægdi hönum sakir elli hans oc veikleika, oc góds mannords í ödrum efnum. Fengu þeir þennan dóm höfudsmanninum til at bera fyrir konúng, fór hann vid þat utann, oc setti Jacob Pètursson fyrir umbodsmann sinn. Lagdist allþúngr ordrómr á rèttdæmi þeirra, enn þeir voru allir sem á undann gengu, frændr eda vinir Jóns lögmanns, oc áttu eigi gott vid biskup, oc bar þat til; var Jón Magnússon berastr í slíku. Margir menn tregudu þat, er ílla skyldi fara fyrir Gudbrandi biskupi, enn hann rèdi þat af siálfr, at senda Þorlák Skúlason dóttrson sinn, er þá var skólameistari, utann oc á konúngsfund, oc bad líknar, oc margir adrir ágætir menn bádu fyrir hann. Biörn Sturluson sudr á Nesjum qvad þá lof um Gudbrand

biskup, oc taldi þar í bækr þær er hann hafdi látit prenta, oc hann vissi af. Einar prófastr í Heydölum fadir Odds biskups qvad um Gudbrand biskup vísr þessar:

Módrjardar gud giördi
Gudbrand fódr viljandi,
á Islandi ljós reyndar,
lifa verk yfirmanns klerka;
mættu þiódir þrátt ræda,
um þann drottins mann votta;
Gudbrand heidr at hendi!
herrans verk bera gód merki.

Kross lángr þess þíngri
þelhreinann vel reinir,
gudi kærann, hvad heyrist;
hentar ydia prentsmidiu;
ord drottins vardveitti,
vel lærdr til færdi,
Gudbrand heidr at hendi! h. v. b. g. m.

Vorir landar örendir
ofblandnir, sofandi!
guds verk ydr ei orka
at hræra, þat lærid,
at lofa herrans giöf hærri,
sem hugr klár dugir, med tárum;
Gudbrand h. a. h. h. v. b. g. m.

Svo lætr nú nióta
nádar fenginnar gud lengi
þad land, ef þiódinn fynndist
þacklát vel í máta —
heill lifi alla æfi
æruvyrdr kær hyrdir!
Gudbrand h. a. h. h. v. b. g. m.

Magnús Olafsson var skólameistari medann Þorlákr var utann; enn er Þorlákr kom til Kaupmannahafnar, fann hann at margir voru fráhverfir ordnir módrfödr hans, af rógi vondra manna, enn

nockrir voru þó er vyrdu biskupi til vorkunar, oc þóttu ómaklega giört vid svo ágætann mann oc merkilegann í elli hans; lögdu þá margir allann hug á at túlka mál hans, enn konúngr var lengi þver, þó kom svo um sídir fyrir flutníng þeirra, at hann myktist heldr nockud, oc gaf biskupi kost á hvert hann vildi heldr láta mál sitt koma fyrir hærsta rètt, eda þá menn er konúngr tilnefndi, eda bjóda fèbætr fyrir sig; baud konúngr höfudsmanninum at semia vid hann um fègiöld, ef hann vildi þau heldr kiósa, oc at láta jafnframt kyrknajardir þær, sem biskup hafdi giört nockut rugl á, gánga í rèttann stad; enn þó skyldi hönum jafnheimill sá kostr, at eiga málit undir dómi konúngs oc hinna ædstu dómenda.

XXXI Cap. Tilburdir.

1621 Á medann þessu fór framm var vetr gódr á Islandi oc hlutasamt; druknudu VIII menn samann á Vestfiördum, oc Jón Olafsson hvalfángari med tveimr mönnum; fleiri urdu mannskadar. Sá madr var vid Hellna vestr, er Arni hèt oc var Eysteinsson, búdarmadr, hann vandadi um vid danskann mann vegna dóttr sinnar eda frændkonu, oc er sagt þeir hafi veitst at hönum, enn Arni varist mörgum, því hann var manna mestr oc sterkastr, skipti hann þá vid þennan mann um mál sitt á Laugarbrecku þíngi, oc horfdi þar nær at málit gengi á Arna; hann qvadst þá heldr vilja falla í hendr drottins enn rángt mál gengi á sig, oc vard sá atburdr at hann fèll þegar nidr, oc var örendr. Þá hengdi sig Tyrfíngr á Bláfeldi í Stadarsveit; dóu prestar margir í Skálhollts biskupsdæmi. Stormr ógrlegr var sudr um nes annan sunnudag eptir þrettánda, svo brotnudu XXX skipa, í því vedri dó Biörn Sturluson. Þau missiri hvarf kona í Bryniudal med þremr börnum, oc fannst hönd af einu barninu, enn ei annad. Þá var prentud á Hólum Avenarii bænabók. Dómar gengu þá. Lèt Halldór lögmadr XII manna dóm gánga á Spialdhaga, um siglíngartóll, er Magnús bóndi Biarnarson beiddist dóms á vegna Jóns Magnússonar; þótti Jóni siglíng sín hafa kostad sig CCCC Speciu dali; var þá hverr skattbóndi dæmdr til at svara V álnum fyrir vestann oc nordann land, enn hverr fyrir innan skiptityund hálfa, skyldi þar takast af útfararkostnadr Dada Arnasonar er utannlands deidi,

enn Jón skyldi hafa afgáng; er þat oc þá líkast at Henriki hafi verit goldinn utanfarartollr fyrir sunnann, enn Þorsteini fyrir austann land. Þorbergr Hrólfsson lèt dóm gánga um hórdóms líkindi at Helgastödum, oc annan um klædi sem borinn væri móti konúngs þegnskyldu, at þau sèu upptæk af konúngs umbodsmanni, oc svo stígvèl, oc framandi strympr, því þeim sè þarfara sem fè hafi til, at eiga skyldar-vopn.

XXXII Cap. Málalok Gudbrands biskups.

Nú kom út um sumarit Holgeir Rósenkrantz höfudsmadr, oc med hönum konúngsbrèf um aflausn sakamanna, oc hve gamlir vera skyldu þeir sem til presta vígdust; í annann stad kom út Þorlákr Skúlason skólameistari, oc kynnti Gudbrandi biskupi hverr kostr hönum var gèfinn; vildi biskup þá fyrir hvern mun hitta höfudsmanninn, oc lèt búa ferd sína til alþíngis, hann var þá á hinu áttatugasta ári oc reid í qvenn-södli; enn er hann var þar kominn rèdu sumir vinir hans hönum at hætta til at málit gengi í dóm, lètu þess enn von at margir mundu verda hönum fylgiandi, oc qvádu þat betra enn láta stórfè, enn hann vildi þat þá ecki, oc hugdi heldr at eyda öllum ákærum í einu med fègiöldum, enda þóttist hann oc leidr ordinn á deilum; oc er hann hitti höfudsmanninn, oc þeir mæltust vid, baud hann biskupi kost at skióta máli sínu undir þá menn er konúngr tilnefndi, enn gat ei hærsta rèttar dómenda, er biskupi voru meira sinnandi, edr oc at gialda þúsund dali ella; biskup kaus at gialda, oc var þat samþyckt af konúngi sídar, oc voru þat hin sídustu lok allra hans mála; hann sendi oc konúngi náhvalstönnn mikla, oc var hún enn konúngsgèrsemi þegar Jón prófastr Halldórsson skrádi þetta; vitum vèr eigi hvert vid þat hefir mínkat sektafè hans edr ecki. Þat skèdi þá fyrir ord höfudsmannsins at Gudmundr Hákonarson frá Nesi fengi Halldóru Aradóttr frá Ögri, dóttrdóttr Gudbrands biskups er hann hafdi fóstrad. Af því alþíngi reid Jón prestr Gíslason, oc ætladi til Bessastada, hann fannst aldrei aptr, enn hestrinn fannst. Þá urdu IX skipbrotsmenn norrænir í landi hèr, oc voru fiórir kaldir. Pètr Pálsson á Stadarhóli andadist í þann tíma, oc átti eptir tvö börn, Biarni var son hans er á Stadarhóli bjó, oc Helga

dóttir, hún giptist nordr. Jón var launsonr Pètrs, er bjó at Vatnshorni í Haukadal. Magnús Biarnarson at Múnkaþverá tók umbod skilgètinna barna Pètrs eptir dómi, því hann var systrson hans; hann samþyckti vegna sín oc systkina sinna utannfarar-kaupit, þat er dæmt hafdi verit Jóni eldra Magnússyni. Þá deidu þeir enn, Biarni Oddsson á Skardi á Skardströnd, oc Jón prestr á Helgafelli, son Þormódar Asmundarsonar í Brædratúngu oc Ingibjargar Þorsteinsdóttr.

XXXIII Cap. Andlát Páls Gudbrandssonar oc Skapta prófasts.

Páll bóndi Gudbrandsson á Þíngèyrum reid til Vídimyrar til Sigurdar Hrólfssonar, oc lagdist þar, hann andadist þann *X*da dag Novembris, viku eptir heimannreid hans, hann var vyrduglegr madr oc veitíngasamr, at því er Biörn at Skardsá hefir sagt, manndúdlegr oc ljúfr, án öls; ecki er þess gètit at hann hafi fylgt at málum födr síns, oc ætla eg hönum hafi verit vyrdt þat af sumum til vanskörúngsskapar; hann hèldt XV ár Þíngeyraklaustr, oc skorti IIII vetr á sextugann. Þau Sigrídr Biarnardóttir kona hans áttu V börn, hún var sídann á Márstödum, var þá skipt umbodum oc fè, oc erfdi Þorlákr Pálsson Vídidalstúngu, hann átti sídar Kristínu dóttr Jóns lögmanns Sigurdarsonar, þeirra börn voru Páll oc Jón í Vídidalstúngu fadir Páls Vídalíns Benedict Pálsson átti Hólmfrídi Einarsdóttr, enn sídann Sigrídi Magnúsdóttr, oc verdr gètit seinna. Hólmfrídr var dóttir Benedicts, er gipt var Jóni presti Þórdarsyni, á Myrká, oc meira verdr sagt af hans börnum. Páll Pálsson bjó á Máfstödum seinna. Biörn Pálsson átti sídar Espihól hinn meira oc Æsustadi, oc fèck Ragnheidar dóttr Magnúsar Arasonar, oc verdr enn gètit, enn fá eda enginn voru börn Páls frumvaxta þennan tíma. Gudmundr son Hákonar í Nesi vid Seltjörn, Biarnarsonar prófasts Gíslasonar, hèldt Húnavatns syslu nærst eptir Pál Gudbrandsson oc Þíngeyra klaustr, oc gèck at eiga dóttr Ara í Ögri. Þann tíma andadist einnin Skapti Loptsson prófastr á Setbergi, oc hafdi verit mikilhæfr, enn Loptr prestr frá Miklahollti son hans tók vid þeim stad, hann var fadir Jósephs prests, er enn mun getit.

XXXIV Cap. Forspá Odds biskups.

Torfi Finnsson skólameistari í Skálhollti fèck í þann tíma Hvamm, því Gísli prestr Gudbrandsson var þá andadr, enn Gísli son Odds biskups tók skólann hinn nærsta vetr, hann var jafnframt prestr í Stafhollti. Þess er getit, at Brynjúlfr Sveinsson frá Hollti hafdi farit í skóla fyrir nockrum vetrum; hann hefir svo frásagt, at Oddr biskup hafi verit sèr miög vel, oc látit meira eptir sèr enn ödrum skólasveinum, oc ei hefdi hann þess bedit er biskup veitti hönum ecki. Einhveriusinni er biskup reid heimann á vetri til prestastefnu á Olafsvöllum, var skólasveinum leift at fara út oc fylgia biskupi á hest; sveinar biskups voru ecki nærri, oc hlióp Brynjúlfr at fyrstr, til at halda í ístad hans medann hann stígi á hestinn, enn biskup bannadi hönum, oc qvad annat fyrir hönum liggia, enn halda ístadi sínu, oc nefndi til þess annan er nær var staddr, oc giördi sá þat. Þat er oc mælt, at Oddr biskup hafi forspár verit um marga hluti. Hann var manna hærstr, svartr á hár, er hann kalladr Oddr hinn hái í Krucks-spá, enn hún er giör eptir hans daga, at því er menn ætla; Ari Magnússon var annar hærstr madr, nær höfdi hærri enn allr þíngheimr. Oddr biskup var haldinn hinn lærdasti madr, bædi í túngumálum, oc ödrum vísindum, enn hellst stjörnufrædi. Hann var gudrækinn oc sidprúdr, hófsamr oc spaklátr, lítilátr oc hamíngiumikill; optast las hann þá er hann mátti, edr lagdi út bækr, urdu þó fáar prentadar nema passíuprèdikanir, Avenarii bænir, oc kyrkjuordinantía Kristiáns konúngs fiórda; flest ritadi hann upp er hönum þótti merkilegt, oc hèldt skrifara til at rita margar bækr, enn þær brunnu sídar, þó nockud hafi dulist af hiá nidjum hans; eitt sinn er hann reid í Austfiarda visitatiu sinni frá Skógum undir Eyafiöllum, þared vinir hans bjuggu, Þormódr bóndi oc Halla Grímsdóttir systir Biarnar málara, oc var nockud ölgladr, enn sveinar hans nær ófærir, því at þeim hafdi vel verit veitt, allir nema Haldór son Dada silfrsmids Jónssonar Olafssonar, er sídann vard prestr í Runa; þá ridu þeir bádir samann til Hollts um qveldit, oc sagdi Halldór laungu sídar, at biskup hefdi marga hluti sagt sèr, þá er sídar komu framm. Þat var eitt, at Halldór hefdi sèd konu efni sitt, væri þat Halldóra dóttir Einars á Hörgslandi Stephánssonar, oc Kristínar systr Höllu

í Skógum; qvad hann biskup hafa bannad sèr at fara utann til læríngarframa, þó hann hefdi þat í huga, oc getit til þat mundi eigi heppnast hönum, enn Gunnlaugr prestr Jónsson í Runa mundi skammlífr, oc þat kall mundi hann fá, oc kom þat framm sem biskup sagdi. Sigfús hèt einn smásveinn hans, er sídann vard prestr í Hoftegi austr, son Thómasar prests at Hálsi í Fnióskadal, hann var eitthvert sumar nærri fráfærum hiá biskupi í biskupsbadstofunni í Skálhollti; biskup sat vid bordit, studdi hönd undir kinn sèr þegiandi um hríd, oc brosti, enn mælti sídann: Fúsi! villtu at eg segi þèr hvad konu-efni þitt er nú at giöra? hann qvad óvíst hvert sèr yrdi kvonfangs audit. Víst liggr þat fyrir þèr, sagdi biskup, má eg segia þèr hver hún er, oc hvad hún er nú at giöra; þat er dóttir hans Eyríks í Bót austr í Fliótsdalshèradi, hún er nú at reka únglömb á fiall, elltir þau oc hleypr hæverskulaust. Sigfús ritadi upp árit, daginn oc stundina, oc bar því öllu samann vid þat er biskup sagdi, oc vard þat frammgengt; oc svo var um margt fleira, þó ei sè hèr gètit; enn ef nockrum þykir þetta ótrúanlegt, þá hefir þat þó ritat Jón prófastr Halldórsson, svo vitr madr, eptir þeim sem hann hefir merka menn haldit. Eyríkr í Bót var hinn mesti afarmadr í skapi, hans dóttr fèck Sigfús prestr, oc voru þeirra synir Olafr prestr á Refstad, oc Guttormr prestr í Hólmum. Þat er oc mælt, at Eyríkr son Odds biskups hefdi þat af hönum, þó hann þætti vitgranur, at vera forspár. Hann misti konu sinnar af barnsför er hún ól þríbura, oc vard ei meira um enn svo at hann qvad födr sinn mundu gèfa sèr adra konu aptr; hann qvæntist oc í ödru sinni at hans tilhlutan, oc fèck Þorbjargar dóttr Biarna Oddssonar austann frá Bustarfèlli, oc Þórunnar Biarnardóttr Gunnarssonar, þeirra synir voru Oddr á Fitjum oc Gísli.

XXXV Cap. Frá ímsu.

1622 Vetr sá er Gísli prestr Oddsson var skólameistari í Skálhollti, var gódr frá jólum; vor var hardt, oc komu ísar, á þeim var selatekja mikil. Þá var prentud á Hólum litla biblía, oc Musculi bænabók, oc bók Otta Casmanns um sanna gudrækni, hafdi lagt hana út Jón prestr at Presthólum son Biarna Hróbjartssonar. Um

vorit lèt Gudmundr Hákonarson dóm gánga at Bólstadahlíd, um ómaga framfæri eptir Ejólf Þórdarson, oc svo annann um ólöglegann saudfiárrekstr til afrètta, er Steinun Gudbrandsdóttir oc Gísli prestr Brynjúlfsson ákærdu; er því Steinunn tilnefnd, at Skúli bóndi hennar Einarsson, fadir Þorláks skólameistara, var þá nydáinn; enn Gísli prestr var á Bergstödum, oc son Brynjúlfs prests Arnasonar, er lengst var hafdr fyrir sökum. Hinn þridja lèt Gudmundr gánga, VI manna dóm, at Svínavatni um ólofada hrossagaungu, oc hinn fiórda at Vindhæli annann dag Maii um framfæri Þóru Gudmundardóttr á Eyrík prest oc Gudmund Stephánssonu; — hygg eg hana verit hafa systr Stephåns prests at Undirfelli, er skadadi sig, enn föðrsystr þeirra; hinn Vta tveim dögum sídar um dómróf. Þá var Gudbrandr biskup dæmdr svaramadr barna Páls Gudbrandssonar. Enn lèt Gudmundr dóm gánga um misklíd Arngríms Styrkárssonar oc Olafs Olafssonar. Enn litlu sídar tók höfudsmadrinn syslu af Gudmundi, oc veitti Jóni Sigurdarsyni á Reinistad, er þó eigi gètit saka. Gísli prestr Arnason Gíslasonar biskups druknadi í Markarfliòti á Þíng-Maríumessu; hann hafdi fengit af Dönum Hollt undir Eyafiöllum, eptir födr sinn daudann, fyrir tvær lestir skreidar, at því er mælt er, oc ætladi sèr þá at afhenda skreidina er hann druknadi. Þá dó oc Jón prestr Finnsson á Melum, bródir Sigurdar prests á Ökrum oc Steindórs, hans synir voru Finnar tveir, annar fadir Þorkötlu er átti Þorbjörn Eyríksson í Byrtíngshollti, oc módir var Gudrúnar konu Biarnar Þorsteinssonar frá Höfn; enn annar var fadir Nicolásar, Jóns oc Egils afa Egils prófasts Þorhallasonar. Annar deidi Jón prestr Salomonsson á Hesti, þar kom Audun Jónsson. Kom út konúngsbrèf um stadfestíngu lögdæmis Halldórs Olafssonar, oc hèldt hann Hegranessþíng, enn Gudmundr Hákonarson hèldt Þíngeyra-klaustr eittsamann, hafdi hann um haustit fengit Halldóru Aradóttr med mikilli rausn heima at Hólum, at módrfödr hennar. Fleiri komu út brèf Kristiáns konúngs; eitt um vidi til húsabyggínga er leigulidar skyldu leggia til siálfir, oc útbyggíngar; annat um skuldamál; þridja um brúargiörd oc vegabætr; fiórda um köllun presta oc lifnad. Jón Gissurarson at nordann er verit hafdi heyrari á Hólum, oc framast ádr utanlands, fèck þá brèf fyrir skólameistaradæmi í Skålhollti, oc vard þá Gísli prestr son Odds

biskups af at láta. Á alþíngi var samþyckt giör, um tyundir af konúngs oc kyrknajördum, oc dæmt af lögmönnum bádum Gísla oc Halldóri, um skattgiald oc giaftolla; einnin um fimm puncta, sem umbodsmadr höfudsmannsins beiddist dóms á. Þar var oc dæmt um Magnús Erlíngsson, sem hafdi barit konu med skammorfi á leindarstad, oc dæmdist hönum XIII marka sekt, oc samit vid konuna um IIII hundrud. Um haustit var helmíngadómr Þorbergs Hrólfssonar syslumanns í Þíngeyarþíngi, oc Þorsteins prófasts Illhugasonar um róg Odds Jónssonar uppá Biarna prest Gíslason. Þá fèck Gísli prestr Oddsson Gudrúnar Biarnardóttr Benedictssonar, var Magnús at Múnkaþverá giptíngarmadr systr sinnar, oc gaf Oddr biskup hönum kost á at kiósa fyrir hann hvern stadinn er hann vildi heldr, Hollt undir Eyafiöllum, eda Stafhollt er hann hèldt þá, nærst eptir Gísla Biarnason oc Jón Egilsson, er fyrr voru prestar, hann hafdi þá oc Heyness umbod um II ár. Magnús kaus Hollt, oc rèdist þat af, at Gísli prestr biskupsson tók þann stad, enn Mela eptir Jón prest Finnsson tók
1623 Jón son Jóns prests Þorsteinssonar í Vestmannaeyum, hann var sídann prófastr, oc var velþockadr madr, skáld oc veltalandi sem fadir hans. Þann tíma leitudu enskir menn híngad fálkafángs, oc tóku þar til leifi konúngs.

XXXVI Cap. Imislegt, oc frá hestavígi.

Vetr sá var gódr er þá fór í hönd, enn vor íllt, oc spilltist þadann af árferdi; druknudu XL menn á skipum sydra; þá deidi Árni skyndilega, er bió at Arnarstapa, oc þar hafdi konúngs umbod son Sæmundar Arnasonar Gíslasonar, hann átti Gudrúnu dóttr Nicolásar Oddssonar bródr Jóns í Fagrey, þeirra son var Hákon í Gördum, er fèck Gudrídar dóttr Gudmundar prests Einarssonar at Stadarstad; eptir hann hèldt umbodit oc sysluna Steindór Gíslason, oc bió þá at Knerri, oc eiddi öllu fè sínu nema þeim jördum er Gudmundr prestr Einarsson hèldt vid. Steindór Finnsson frá Ökrum, er sídar hafdi sysluna, bjó þá at Midgördum, enn fyrri í Ormsbæ. Biarni son Hákonar Arnasonar deidi einnin þessi missiri skyndilega sydra. Þá kom út konúngsbrèfit um prestana, oc annad um jardasölu, at hverr náfrændi selji ödrum ef selia þarf, enn ei

vandalausum, oc var sá capituli settr inní lögbók er hlídir um lögbodníng á jördum, med fleiru er þar at víkr; var oc eitt gèfit út um helgidagabrot ímislig, oc eyda. Steindór Gíslason lèt dóm gánga at Hrókshollti um fúlgufè; hefir þá Hnappadalr fylgt Þórness þíngi. Gunnar prestr Pálsson tók Gilsbacka, enn Sigurdr prestr Jónsson Helgafell. Um haustit lèt Sigurdr Hrólfsson á Vídimyri syslumadr í Þíngeyar-þíngi dóm gánga, um deilu Sveins Jónssonar á Illhugastödum, er kalladr var hinn ríki, oc Einars Eyríkssonar, hinn XVIda dag Septembris; þótti Þíngeyíngum hann fiærri sitja, þar sem þeir voru í Skagafyrdi brædr. Þar sátu þeir til vissu þrír Hrólfs synir, Sigurdr oc Þorbergr syslumenn, oc Biarni lögrèttumadr, sá er harkit giördi fyrrum sydra, hann var fadir Þorsteins födr Hrólfs á Alfgeirsvöllum; enn Bessi Hrólfsson veit eg ei hvert þar var edr sá er bjó at Urdum, hann var lögrèttumadr oc fadir Ingimundar á Irafelli, oc Rafns vestra; margir voru þeir gyldlegir. Enn Sveinn hinn ríki sá er gètit var, á Illhugastödum í Fnióskadal, er sagt hafi átt V hundrud sauda, oc lèti eitt gánga á dalnum á vetrum, annad í Túngu í Fnióskadal, þridja í Reykjafialli, enn hina yngstu í sellandi; eitt sumar er sagt hann hafi tekit III hundrud sauda, oc rekit eitt í Húsavík, annad á Akreyri, þridja í Hofsós, oc selt fyrir penínga, oc látit alla fallit mundi hafa á komanda vetri, nema svo væri lógat, oc hafi þá ordit fellivetr; er enn svo sagt hann hafi fólgit fè sitt í jördu. Hestavíg hèldust vid í landi hèr, lángt framm á daga Odds biskups Einarssonar, sem fyrr var sagt, oc nú er hèr var komit, bjó Sigmundr at Gardsá í Kaupángssveit, oc var vel fiáreigandi; var íllt med þeim Sveini, enn þeir kappsmenn bádir. Sigmundr átti hest vindóttann, vaninn til vígs, hann gèck á dalnum fyrir vestann Fnióská, oc var kalladr Fnióskadals afrètt allr frammdalrinn til ódeilu. Hestrinn var opstast í hólunum, sem sídann eru kalladir Vindhólar, enn þó tel eg eigi vissu fyrir örnefnum af þessu, þó menn viti giörla at mennirnir voru uppi. Sveinn bóndi átti bleikann hest vígtaminn, hann gèck framar á dalnum fyrir austann ána, þar sem heitir Bleiksmyri, enn annad tveggia er missagt um gaungu hans eda lit, nema svo sè at Sveinn hafi valit beitina eptir hestinum, því at miklu var fyrri kalladr Bleiksmyrardalr. Þeir Sveinn oc Sigmundr mæltu mót med sèr at reina hesta sína oc etja þeim á dalnum; voru þeir seinastir hestar vandir til vígs í Nordrlandi eda á Islandi

öllu. Þeir hlódu tvo garda á Vindhólanesi, sem enn sèr merki til, oc öttu hestunum milli gardanna, enn menn hjuggu sèr riódr fyrir ofann í hólunum, þeir sem vildu á horfa, því at til vorra daga hefir verit skógland mikit í Fnióskadal. Vindr var stærri oc styrdleiknari, en Bleikr minni oc mjúkari, sviptust þeir lengi, oc hlupust á, enn svo fèll er ei var vant, nema kunnáttu-leysi hafi valdit þeirra er fylgia áttu, at Bleikr tók á nára Vinds oc reif á hol, svo at út hèngu innifli; Vindr stöck á gardinn, oc braut í skard mikit oc fèll sídann daudr, enn Bleikr hljóp yfir ána, framm í stódit á dalnum. Sigmundr þycktist miög vid missir hestins, oc óvyrdíng sína, er hönum þótti, oc qvad þetta verda mundi seinast hestavíg þar nyrdra; vard fátt um qvedjur med bændum. Sveinn var audugastr madr at gángandi fè í Fnióskadal, enn þat bar til vorit eptir hestavígit á hvítasunnu-morgun, at saudamadr Sveins fann gemlíng daudann í kyl fyrir nedann túnit. Sveini brá illa vid, oc tók byrkilurk mikinn, oc braut snjóbrúr af kylnum, oc segir illt ef hann drepi fyrir sèr fleiri kindr; enn er Jón prestr Thómasson frá Hálsi bródir Sigfúsar, sveins Odds biskups, reid þángat til embættisgiördar, sá hann Svein liggia daudann í kylnum á grúfu med birkifork í hendi, enn þar heitir Sveinspollr er hann lá; enn nockru sídar var vitjad um stód á Bleiksmyrardal, oc var Bleikr daudr í Bleiksmyrargröf, ætludu menn um sama leiti ordit hafa sem lát Sveins, oc var eignat fiölkyngi Sigmundar á Gardsá. Má þetta hafa fyrir satt, þó örnefni skacki eda sèu missögd, þar sem heima stendr um menn alla, allt þar til er rök verda leidd ámóti med sannindum; var Sveinn bóndi sá er gètit er, fadir Olufar, módr Magnúsar, födr Sveins, födr Thómasar, födr Sölva, födr Sveins lögmanns; enn frá Sigmundi er kominn Gardsár-ætt í Eyafyrdi; enn söguna um hestavígit heyrda eg af þíngeyíngi einum í æsku er svo var gamall, at muna mátti þá menn gamla er mundu Sigmund, oc var hún þá skrásett.

XXXVII Cap. Tilburdir.

Um haustit þat er sídarst var gètit, þóttust menn siá mikinn orm, hjá Arnrauni á Skeydum, í Hvítá, tvö qvöld í samt, þrem víkum fyrir jól, brotnadi ísinn er hann kom upp í fyrra sinni,

oc voru tvær lyckjur, enn sídar var ein, oc svo há at þeim syndist taka upp í midt Hestfiall. Sá vetr var afbragdsgódr frá jólum, oc giördi gnóglegann grasvöxt eptir; var sóley sprottinn í sídustu viku vetrar í Skagafyrdi, oc höfdu þá fuglar orpit, oc fundust egg 1624
nóg; var þá votsamt sumarit, oc heyadist lítit, oc var kránkfeldt, svo margir dóu. Henrik prestr Evertsson þíski í Villíngaholltí dó þá, oc Jón prestr í Hraungerdi Stephánsson Gíslasonar biskups, einninn Gunnlaugr prestr í Runa Jónsson, prests úr Vatnsfyrdi Loptssonar, er þar hafdi lengi verit, oc fèck Halldór Dadason stadinn, sem Oddr biskup hafdi ætlad, hann var sídann prófastr. Sigurdr prestr Jónsson at Helgafelli fór í hólma á vatninu þar hiá vellinum med stúlkum tveimr at taka egg hinn IXda dag Júlíi mánadar; þau fóru á slæmum báti, oc geck vatn í, urdu þá konurnar hræddar, oc hlupu á prestinn, oc hèldu hönum, oc druknudu þau öll; hann hafdi fengit Olufar dóttr Jóns lögmanns Sigurdarsonar frá Reinistad, oc höfdu þau ecki samann verit X víkr fullar; fór Oluf nordr eptir þat. Madr gèck í Stadarsveit sjáandi framm í torfgröf, oc fleiri druknudu. Kom ís um vorit fyrir nordann land. Þat vor vígdi Gudbrandr biskup Þorlák skólameistara dóttrson sinn til prests, oc skorti hann III vetr á þrítugann, oc hafdi fengit vonar-brèf um Hytardal, því at Jón prófastr Gudmundarson var þá gamall, oc sjónlítill; reid Þorlákr prestr til Hytardals, oc baud sig hönum til capellans, enn hann vildi ei at svo stöddu. Þá var prentud á Hólum ræda um útvalnínguna; enn fleiri bækr voru þar prentadar, oc vita menn ei hvenær; voru liód Jóns prests Biarnasonar í Presthólum um samtal guds vid Evu oc börn hennar, oc synist sem lítt hafi þá verit rádit, oc ydrunar sálmar Davids í VIII blada broti, oc sidalærdómr Catons hins gamla. Þat hygg eg sè hinnar sömu meiníngar oc Hugsvinnsmál. Þeir voru synir þess Jóns prests: Illhugi prestr er sídar getr, oc Sigurdr prestr í Presthólum, skáldit. Dómar gèngu; oc einn af Jóni Sigurdarsyni um fódra-saudi at Asi í Vatnsdal; enn á alþíngi um áverka oc jördu, oc um reidíngsstúngu óleifda. Þar hóf Ari Magnússon ákæru um Hól oc Bessastadi, enn hann var dæmdr frá því máli, oc allir erfíngiar Gudbrands biskups. Kona sú kom til alþíngis úr Rángarvalla-syslu er barn hafdi alit, oc kènnt huldumanni, stód hún fast á hinu sama, oc var sú trú þá miög almenn ordinn med alþídu, at menn mætti hafa svo mikil

mök vid álfa sem adra mennska menn; verdr þat ecki med fám ordum talit, hve mikill ótti fyrir hègilium, oc traust á því sem enkis var verdt, jókst af því, oc mörgu ödru, sem menn festu þá trúnad á. Enn at hugsa lengra framm í ödrum hlutum, er vaninn hafdi hefdad, enn þángat til hafdi giört verit, þótti fordæda, oc jafnvel höfdíngium er minni trúnad lögdu á álfasagnir oc undra enn alþída, því at enginn brúkadi þá þat sem köllud er crisis eda sannleiks ransókn, oc var þat eptir sídann í páfadómi. Þeim einum nyúngum var fliótlega trúad, ef sagt var frá teiknum, draumum, kynstrum eda kyniamönnum, oc ödrum ótrúanlegum tilburdum. Á alþíngi var madr tekinn af úr Isafiardarsyslu, sá er Hildibrandr hèt, hann hafdi gètit barn vid systr konu sinnar. Skridr fèllu vída þat sumar, því at votsamt var.

XXXVIII Cap. Gudbrandr biskup leggst.

Þat bar vid á þridja dag Hvitasunnu at Hólum, at Gudbrandr biskup gèck út af húsi sínu um morgun, oc var hann þá vid sæmilega heilsu, oc hafdi II vetr hins IXda tugar, fèll þá yfir hann snögglega sjúkleiki med því madrin hafdi lengi verid yktsjúkr, á þann hátt er kallast paralysis edr hálfvisnan, oc máttleysi í hálfum líkamanum; hneig hann þar nidr, oc var sídann borinn inn í sæng sína. Kom fyrst máttleysid í hægri höndina oc sídana, oc því næst í túnguna, svo hann misti at mestu málit, mælti laungum fátt, þriú eda fiögr ord mest í senn, oc lá í kör sídann, enn hafdi jafnann alla rænu; lèt hann ætíd ritnínguna liggia hiá sæng sinni, oc fletti upp med hinni vinstri hendi; bendi til hvad oc á hverju bladi hann vildi láta lesa fyrir sèr; enn þat giördi Þorbjörn Einarsson sveinn hans, er sídann var prestr á Bardaströnd, oc seinni madr Helgu Arngrímsdóttr, eptir Biörn Magnússon; hann medtók opt sacramentum med tárum oc andvörpunum, af Þorbergi Asmundarsyni kyrkiupresti sínum. Fyrir þessa sök útgaf Holgeir Rosenkrans höfudsmadr á Bessastödum brèf sitt, hinn annann dag Júli mánadar, á þá leid: at med því drottinn hafi nú med ellinni, oc ödrum sjúkleika heimsókt hinn heidrliga herra Gudbrand biskup, oc hann hefir ádr fengit af konúnglegri hátign at Arngrímr prestr, er þá var á Melstad, skyldi

þióna hönum sem medhiálparmadr, þá baud hann nú Arngrími, af konúngshendi, at vera rèttr inspector, oc umbodsmadr biskupsins, at visitera, umsjón hafa med prestum oc andlegum embættismönnum, skólameistaranum oc skólapum, eptir fúndatsiunni, oc med rádi oc vidrvist rádsmanns, skólameistara oc kyrkjuprests, at safna samann öllum brèfum dómkyrkjunnar oc stólsins, oc leggia þau í góda geymslu, þar til er gud giördi endíngu á sjúkleika biskupsins eptir vilja sínum nádugum; þó á þann hátt, at vald biskups oc embætti væri ókrenkt í öllu, svo lengi sem hann siálfr vildi veita því forstödu. Tók Arngrímr prófastr sídann vid forrádum biskupsdæmisins, eptir því sem á var skilit.

XXXIX Cap. Kyrkiufall at Hólum; hardindi.

Þetta sumar fór Brynjúlfr Sveinsson utann til Danmarkar til lærdóms frama, hann var þá XX vetra, oc Jón son Ara Magnússonar frá Ögri, oc Björn son Snæbjarnar prests Torfasonar af Kyrkjubóli í Lángadal, oc verdr þessara manna allra sídar vidgètit. Þá giördi landskjalfta stóra frá Allraheilagramessu til Andresmessu, fèllu í þeim tveir bæir sudr í Flóa, enn fleiri lestust. Enn hinn XVIda dag Novembris á þridjudags-morgun, hrapadi Hólakyrkia giörvöll ofann at grundvelli, í nordan-vedri sterku oc fjúki, hafdi hún þá stadit í CC oc XXX vetr, sídann Pètr Hólabiskup lèt byggia hana, oc var ordinn fornfáguleg miög; hún hafdi gengit úr stad fyrir V vetrum sídann af nordann-vedri, oc verit þá undinn vid aptr; var eptir hrun hennar framit messu-embætti um vetrinn í stórustofunni, fèck biskup ei af at vita er hún var fallinn, fyrir því at menn ætludu hönum mundi falla þat hellst til þúngt, enn hann undradi þat er hann heyrdi aldrei klucknahljódit, oc var þá ímsu vidskotit, er hann spurdi at því; er mælt at á þeirri kyrkju hafi verit XXXVIII glergluggar, XVIII sperrur í kórnum, enn XVI í kyrkjunni, XII í stöplinum; spilltust þar oc miög ornamenta. Þá er vetr kom á, giördi þegar hardt vída, gengu frá XL búendr fyrir austann, at því er Biörn at Skardsá segir, enn sumir telia LX. A Vestfiördum fèll vetrinn þúngt á, med snæföllum, oc jardbönnum, var fè oc færleikar á hey tekit á Marteinsmessu,

enn flestir lógudu saudfè oc lömbum, oc kúm mörgum, enn kostudu út köplum; hefir Sveinn prestr Simonarson ritat þetta um árferdi vestra, enn Biörn at Skardsá nyrdra; hann segir svo, at
1625 þá var kalladr svella-vetr, því jardbönn voru mikil med spillíngarblotum, oc dó allt qvikfè manna vídarst um Island, þat er eigi hafdi hey, enn færleikar átu veggi oc velli, hræ oc hauga, stodir oc stocka; kom ís á Gói oc lá allt til alþíngis, voru oc hvalrekar nockrir; hinn IIIIda Martii kom hláka í fióra daga vestra, enn degi sídar fyrir nordann. Þó giördi fiúk aptr oc hrídir þar til er hálfr mánadr var af sumri, oc fiúkhríd mikil var á Matthiasmessudag, vard þá útí kyrkjuprestr á Mödruvöllum Jón Gíslason, oc kól til bana, oc fleiri menn kól til dauds, enn sumir fengu örkumsl. Vikufiúk giördi þá med frostum oc snjóum er tvær vikr voru af sumri, oc var mikil neyd á mönnum oc fènadi; tveir skiptapar urdu undir Jökli, oc fleiri menn fórust oc druknudu. Þá druknadi Jón Gudmundarson í Vídirness-á hjá Hólastad, enn Sigurdr Arnason at Hrauni í Ölvesi er þá jörd átti, nockru fyrir alþíng. Var þá sótt svo mikil oc manndaudi í Múlaþíngi, at C menn dóu, oc urdu LXX hjónaskilnadir. Þá giördist prestr at Helgafelli Þorlákr Biarnason frá Stockseyri, Sigurdarsonar, Biarnasonar, Torfasonar í Klofa.

XL Cap. Dómar.

Þessir fóru þá dómar framm, er eg hefi sèd oc mark var at: Halldór lögmadr Olafsson lèt dóm gánga at Hofi, hinn VIIda dag Maii um skatt, at sá skyldi med eydi synja, sem ei vill gialda, ella sekr þrem mörkum eptir Kristinrètti fyrir fiáreydsfall, oc fyrir skatthald at lögum, fyrir alþíng. Voru dómsmenn Sigurdr Markusson frá Hèradsdal, Isleifr Þorbergsson frá Hofi, Jón Olafsson, Eyríkr Magnússon oc Einar Jónsson lögrèttumenn, oc Biörn Magnússon. Enn bádir lögmenn lètu dæma í lögrèttu fyrsta dag Júlii um búsafleifar er ei skyldi tyunda, oc um tilgiöf; degi sídar geck ómaga-frammfærsludómr at Saurbæ í Eyafyrdi, at forlagi Magnúsar Biarnarsonar, á hendr þeim Benedictsdætrum, födrsystrum hans, Elínu, Arnfrídi oc Þórúnni, átti Elínu Þorleifr son Biarna Oddssonar á Skardi, enn Arnfrídi Dadi bródir hans, oc Þórúnni Þórdr Þorláksson. Dæmt var oc þá um fódra kyr.

XLI Cap. Herför Kristiáns konúngs.

Kristián fiórdi Dana konúngr hafdi þá farit útí Þiskaland í þann tíma, med her, á móti pápiskum mönnum, oc yfirgángi þeirra; þvíad Ferdinand keisari Karlsson undirokadi med herstjórum sínum allann landslíd á Þískalandi er Lútherstrú fylgdi, oc var þar hinn mesti ófridr. Höfdu þeir höfdíngiar er fylgdu lærdómi Lúthers, oc enkum Saxar, tekit Kristián konúng IVda sèr at oddvita, oc setti hann Kristián son sinn yfir ríkinn á medann hann var utanulands; kom þá konúngsbrèf í landit, at lagt væri til strídsins, enn allir formenn þessa lands beiddust þar vægdar á, fyrir fátæktar sakir landsins oc mannfædar; svo kom oc brèf til biskupa, at þeir oc prestarnir legdi nockud Lútherskum prestum, er út voru reknir úr Þískalandi, oc hvergi höfdu hæli. Þar beiddist Oddr biskup einnin vægdar á, qvad presta á Islandi, ei meiga veslari verda fyrir fátæktarsakir, enn þeir voru. Var þá tekit til at byggia Hólakyrkiu, med rádum oc forsiá Halldóru Gudbrandsdóttr, því hún hafdi þá forrád stadarins, oc var hinn mesti skörúngr, enn hún sendi utann Þorlák prest Skúlason skólameistara eptir vidi, oc var Magnús Olafsson fyrir skólanum á medann, er sídar vard prestr merkilegr í Laufási. Gaf Kristián konúngsson XVIII tylftir Gotlendskra borda, VI tylftir stórbjálka, oc VI tunnr biks. Var kyrkiann oc kórinn mynkat hveritveggia, oc reistr kórinn, oc smídadr, enn settir undir vidir framm-kyrkjunnar.

XLII Cap. Hèr hefir brennu-öld.

Þorvaldr hèt madr oc var Rögnvaldsson, hann var nylega frumvaxta er hèr var komit, enn bjó seinna á Saudanesi í Svarfadardal, hann var skáld oc haldinn margvís af sumum, vissi hann oc med ólíkindum suma hluti, oc var haldinn áqvædinn, sem þá var trúat um skáld sum, at afl fylgdi liódum þeirra, ef þeir bædi ílls. Jón hèt bródir hans, oc nockru eldri, hönum var þat borit, at hann hefdi vakit upp mann daudann, eda draug, er sækti at pillti á Urdum, oc dræpi þar hesta, oc giördi glettíngar fleiri. Hafdi fiölkyngistrú miög aukist í þeim sveitum, sídann Jón lærdi var

þar nyrdra. Jón bar í móti, Rögnvaldsson, enn blöd fundust hiá hönum med rúnamind nockurri, oc er sagt enginn líkindi önnr hafi fengist í móti hönum, oc at sá tók gud í vitni er fyrir ásókninni þóttist verda, at Jón væri sannr at sök. Jón Gudmundarson bjó at Hellu, oc þá eigi gamall, hann var haldinn fiölkunnugr miög, oc med hindrvitni fór hann, oc var all-illgiarn, var þat hönum eignad at hafa gynnt Jón Rögnvaldsson til slíkra hluta, oc þó ei væri annad til um sök hans enn átrúnad bladanna, oc jafnan voru þeir Þorvaldr oc Jón Gudmundarson óvinir sídann. Magnús Biarnarson á Múnkaþverá, er þá hafdi þar syslu, oc var hinn audugasti madr, lèt taka Jón Rögnvaldsson; oc dæma, oc brenna sídann, var hann fyrstr brendr fyrir galdr á landi hèr, því lög voru þat í Danmörku at brenna galdramenn, oc er sagt at verit hafi bodit fyrir nockrum vetrum at hèr skyldi gylda, enn sannad fæ eg ei at þat konúngsbod hafi híngad komit, ef nockr mælir í móti. Þó var þat tydkat á Finnmörk á dögum Kristiáns fiórda, oc kom skialdann lengra enn í hèrad, oc ei var þat hèr uppspunnit heldr enn margt annad. Enn ótti mikill fyrir fiölkíngi hafdi í þann tíma tekit huga manna, oc var því laungum skiótt at undit. Enn þessa tilburdar gètr Þorvaldr Rögnvaldsson í qvædi því er hann kallar æfiraun, á þann hátt:

Enn sem leid minn aldr, ángrit fèck ei stillt,
bródr báru galdr, berlega þó villt;
hann var ei at því valdr; vissa eg um þann pillt,
allt of miög einfaldr, á þat vid oss skyldt.

Sorgartreginn setsti, sveid um hyggiurann,
bolta á barma festi burdugr syslumann,
dæmdi dóm, ei fresti, daudaverdann hann,
kyndti eld med kèsti, kola svo til brann.

XLIII Cap. Eldgángr eystra.

Þessi missiri brunnu *XX* hundrud í verdi, at Signyarstödum í Reykhollts Reykiadal, þar í skèmmu, er átti Biörgólfr Asgeirsson frá Lundi, er þar bjó. Þá kom vatnahlaup úr Myrdalsjökli annann

dag Septembris, oc ísreki austr úr jöklinum, svo umkríngdi Þyckvabæar klaustr oc hjáleigurnar; oc eina fyllti; enn menn komust undann á hól einn háann; oc heimagardrinn vard varinn med guds myskun, oc manndómi þeirra er fyrir voru; enn þar bjó þá Þorsteinn Magnússon syslumadr, bródir Biarnar á Laxamyri, sá er utann hafdi farit einn af fiórum, vitr madr oc göfugr; oc hefir hann giörst fráskyrt hvad hvern dag skèdi. Sídann komu dunr yfir allt, med eldgángi, brakan oc brestum, sem lopt allt mundi springa, oc húsinn hrapa; vard aldrei svo lángt hlè at drecka mætti þorstadryck; enn eldflug svo mikil umhverfis mennina, at svo var at siá sem allir væri í loga einum; sandr oc aska kom svo mikit at huldi gras, enn peníngar þar nálægt fengu enga björg, oc hliópu hamstola med ímsum látum, oc vard hey at gèfa; sumstadar kom sandr oc aska í leggband, sumstadar í ökla, oc þó hellst um tvo hreppa; sló svo yfir myrkvanum, sem vindrinn stód á eptir hönum, oc sá enginn annan, þó í hendr hèldist; var svo á at siá sem eydast mundi bygdinn þar eystra, oc fèll askann austr um allar sveitir, kom oc öskufallit í Biörgvin í Noregi, oc svo miög á skip þau er sigldu fyrir austann landit, at segl þeirra urdu svört sem bik, stódu þessi undr í XII daga, allt til hins XIVda Septembris mánadar. Hafa þar í Skaptafellsþíngi verit at öndverdu bestar sveitir á Islandi, enn slík áföll fengit af jardeldum á hverjum manns aldri, oc eru því meira spilltar oc eyddar, enn hverr hluti lands annar.

XLIV Cap. Frá ímsu.

Fiórtánda dag Decembris mánadar andadist Þorkèll Gamlason, Hólastadar rádsmadr; enn á IVda í jólum Ragnhildr Sigurdardóttir í Glaumbæ, af brióstmeini, systir Jóns lögmanns at Reinistad, enn kona Sæmundar prófasts Kársonar; hún var merkileg kona, at því er Biörn at Skardsá segir, oc er margt manna frá henni komit.
Vetr var gódr eptir jól, enn hardt vor; oc ísar, oc selafengr á. 1626
Þá urdu skiptapar tveir í Bolúngarvík, oc tyndust XI menn; enn VII menn druknudu í Kópavogi, VI í Lóni. Arni Geirmundarson druknadi í Eyafiardará, oc tveir adrir, oc fleiri menn druknudu. A því vori var reyst yfirgrind framm-kyrkju á Hólum, oc undir

vidir stöpuls; enn biskup lá; oc vígdi Oddr biskup þriá presta þar úr biskupsdæmi, ádr Arngrímr prestr tók vid því starfi. Rádakona druknadi á Bessastödum er Arnbjörg hèt, er hún vildi sækja saudi er flædt höfdu á útskèri. Högni Sigurdarson madr hennar, er sídar bjó í Gufunesi, var ei heima. Þá kom út Þorlákr Skúlason skólameistari, med vid þann er hann hafdi sóktann, oc brèf Kristiáns konúngssonar, um þat, at hann gaf eptir skattinn er beidst hafdi verit; oc annad um konr þær er eigi vildu segia til fadernis barna sinna, at þær skyldu flytiast til Kaupmannahafnar.

XLV Cap. Fleiri hlutir.

Ari Magnússon í Ögri hafdi ridit nordr, oc vildi hafa umsiá yfir Hólastól oc hans eignum, enn þá gengu rád Halldóru framm, med þess rádsmanns forsiá er hún hafdi kosit, Gudmundar Hákonarsonar á Þíngeyrum, því at hún vildi eigi tilhlutan Ara. Þá bar Ari sig upp um þat fyrir Gudbrandi biskupi, at sèr væri eigi hlídt, eda sínum rádum, oc qvad þat upp at lyktum, at hann mundi heim aptr hverfa vestr; biskup svaradi: hvad annad? þat var ordtak hans optar, oc fór Ari vid þat á braut; enda kom oc sídann samþycki konúngssonar, oc skipan Holgeirs Rosenkrans höfudsmanns, at Haldóra skyldi ráda, sem hún hafdi tilmælst, enn Ari skyldi verda á brottu. Þorlákr prestr kom oc med medöl til handa módrfödr sínum, at forlagi Halldóru, enn hann vildi ecki af hafa. Þá var lítil stjórn í Þíngeyarþíngi, oc gengu þar miög óknyttir yfir oc gripdeildir. Þat vor veyktist Sigurdr prestr í Arnarbæli Oddsson Stephánssonar Gíslasonar biskups, af aflleysi oc málleysi, oc lá þau missiri. Vída voru stuldir miklir, oc var einn madr hengdr undir Jökli, enn drengr hengdi sig at Hlídarenda, er hiddr var oc markadr ádr. Madr hvarf austr í Medallandi er fór á rótafiall, hann hèt Sverrir, hann átti konu þess manns er hvorfit hafdi á rótafialli tveim vetrum ádr, oc ætludu menn at óvætti hefdi grandat þeim. Tvö komu varnarskip frá Englandi, oc lögdu inná Djúpavogshöfn, oc ætludu at taka kaupfar er þar lá, enn er þeir sáu konúngspassann, fórst þat fyrir. Þeir höfdu tekit V ræníngiaskip í hafi, oc sendt til Englands; enn því voru þeir híngad sendir, at sjóvíkíngar giördu þá Englismönnum mikinn skada.

XLVI Cap. Fráfall merkismanna.

Einar prófastr Sigurdarson í Heydölum, fadir Odds biskups, var þá gamall miög, svo hann skorti III vetr á nyrædann, sem hann segir í æfi-qvædi sínu:

vetr siö, vil eg þat játa,
vel glöggliga telia,
nú í dag nyunda tugar,
af nád guds var eg á ládi.

Var hann þá þremr vetrum eldri enn Gudbrandr biskup, enn hafdi verit prestr í IX vetr hins VIIda tugar, oc átt Olufu Þórarinsdóttr seinni konu sína í IV vetr oc L. Hafdi hann sèd mikinn fiölda afkomenda sinna, oc taldi þá alla í æfi-qvædinu; jafnann var hann á fótum, oc svo hinn sídarsta dag er hann lifdi; baud hann þá öllum góda nótt, er í badstofunni voru, oc gèck sídann med studníngi uppí lopt þat er hann var vanur at sofa í, fèll framm sem hann var vanr á sæng sína til bænar, oc lagdist upp litlu sídar, oc sofnadi úr þessum heimi. Hafdi hann veitt Höskuldi presti syni sínum sacramentum nærsta sunnudag eptir Jónsmessu, oc nockrum fleirum, oc var þá siöndapr, enn hann andadist hinn XVda dag Júlii mánadar, oc var Höskuldr prestr sonr hans at Heydölum eptir hann, oc vard gamall. Sigurdr prófastr, annar son hans, oc albródir Odds biskups, at Breidabólstad í Fliótshlíd, lèt þá af stadnum, því Jón prestr son Sigurdar tók vid. Þá andadist einnin Bödvar prófastr í Reykiaholti, Jónsson, Einarssonar, merkilegr madr, oc var grafinn XIIIda sunnudag eptir Trinitatis, hann skorti III vetr á áttrædann, oc hefir hann þá verit vetrgamall, þá Jón biskup Arason fèll frá; hann hafdi fyrst átta Ástu dóttr Pantaleons prests Olafssonar Eyríkssonar, þau gátu X böru samann, eru V nefnd, Jón, Vígfús, Þórdr, Steinvör, Sigrídr. Jón var fyrst prestr at Húsafelli, oc sídann at Ingialdshóli, hann átti Þórunni dóttr Sveins prests Símonarsonar, oc Þórunnar Biarnardóttr Hannessonar; Einar oc Pantaleon, Astrídr, Biarni oc Ingibjörg voru börn þeirra, oc kom ætt frá þeim sumum. Vígfús Bödvarsson hafdi ordit til í Fossá, sem fyrr segir, í þiónustu Jóns Magnússonar á Reykhólum. Þórdr Bödvarsson átti Gudrúnu dóttr

Teits í Asgardi; þeirra börn voru Vígfús, Halldór, er druknadi vid England, oc Katrín, er fólk er frákomit nyrdra. Vígfús átti Steinrídi Vígfúsdóttr frá Asi Eyríkssonar, af Akraætt, oc Gudlaugar dóttr Biörgólfs í Asi, Asgeirssonar prests at Lundi. Þórdr oc Þorsteinn, Vígfús oc Sigurdr, voru synir þeirra, oc þriár dætr. Jón var Eyríksson bródir Vígfúsar í Asi, fadir Halldórs prests á Myrum oc Eyríks á Lángárfossi, oc er margt frá hönum. Steinþór var annar Eyríksson er átti Hallbjörgu frá Bæarnesi, oc sonu Eyrík oc Jón; enn er Steinþór var dáinn oc Eyríkr, giptist Hallbjörg ödrusinni Jóni af Nesi Olafssyni Þórdarsonar úr Kèblavík Þórdarsonar prests Asmundarsonar betra bródr Stepháns biskups, voru þeirra synir Olafr, Jón, oc Steindór, er eg hygg födr Eyríks vid Búdir, því nöfn, oc tími oc stadr bera hvergi öll samann annarstadar. Eyríkr prestr í Húsafelli var son Vígfúsar í Asi, er var í Hiardarhollti sídar, oc Olafr sveinn Gísla lögmanns Hákonarsonar, hann var oc gyldr, oc vel at sèr um margt, sem frændr hans fleiri Akramenn; hann seldi Þórdi presti syni Jóns prófasts Gudmundarsonar í Hytardal, sinn hlut í Asi VIII hundrud, oc var hans dóttir Kristín, er Jón prófastr at Stadarstad átti Jónsson, Loptssonar, Arnasonar. Vígfús Eyríksson í Asi hafdi fyrri verit sveinn Ara Magnússonar í Ögri, oc Pèturs Pálssonar á Stadarhóli. Enn Eyríkr fadir þeirra brædra allra var Steindórsson, bródir Finns á Ökrum, oc átti Helgu systr Jóns prófasts Gudmundarsonar. Steinvör dóttir Bödvars prófasts átti Torfa son Ögmundar Hallssonar, þeirra börn voru Vígfús á Hlídarfæti, Ögmundr prestr á Bardaströnd, Oddny er átti Pètr Pètursson frá Gröf í Miklahollts-hrepp, oc Arndys, er átti Einar Illhugason. Sigrídr Bödvarsdóttir var fyrst gipt Gudmundi syni Einars södlasmids Asmundarsonar, vard þeim eigi barna audit, sídann Pètri frá Fellsenda syni Þórdar prests Moldar-Brandssonar, oc bjuggu í Tjaldanesi, voru þeirra börn Gudmundr oc Evphemia. I annad sinn hafdi Bödvar prófastr qvænst, oc fengit Gudrúnar Þorleifsdóttr systr Biarna á Myrum í Dyrafyrdi, var dóttir þeirra Asta, oc giptist Vilhiálmi Vígfússyni frá Kalastödum bródur Orms í Eyum, þeim er seldi Geldíngaá Gísla presti syni Odds biskups; mörg voru börn þeirra Vilhiálms oc Astu. Seinast hafdi Bödvar prófastr fengit Steinunnar frá Búdardal, dóttr Jóns rebba oc Margretar. Hún hafdi fyrri verit gipt Finni Steindórssyni frá Ökrum, bródr Eyríks, oc var módir þeirra

Jóns prests í Melum, Sigurdar prests á Ökrum; oc Steindórs á Ingialdshóli; enn börn þeirra Bödvars prófasts voru Jón, Finnr oc Solveig. Finnr dó utanlands, sem ádr segir, enn Solveig var gipt Jóni Vígfússyni, er átti Oskhollt oc lèt fyrir Indridastadi; þeirra börn voru Finnr prestr í Vallanesi oc Jón. Jón Bödvarsson var prestr í Reykiahollti eptir födr sinn, oc verdr sagt frá hans ættmönnum sídar.

XLVII Cap. Annat er vidbar.

Þessi missiri var eigi Holgeir Rosenkrans höfudsmadr í landi hèr, enn umbodsmadr hans Niels Hansson veitti Breidabólstad í Fljótshlíd Jóni presti Sigurdarsyni, eptir födr sinn, sem ádr segir, oc fór þat framm at Hlídarenda. Þá vígdi Arngrímr lærdi tvo presta, enn alls vígdi hann VI. Hinn fyrsta Gunnlaug son Sigurdar prófasts Einarssonar, til Saurbæar í Eyafyrdi eptir födr sinn, hann var fadir Sigurdar prests at Þaunglabacka oc Þorsteins prests; annann Biarna Magnússon at Eyadalsá; Gottskálk hinn þridja Jónsson, at Bardi í Fljótum; Þórarinn hinn fiórda, Olafsson at Bægisá, hann var fadir Þorláks, födr Þórarins, födr Þorláks prófasts at Osi, oc Jóns á Látrum; Þorvard hinn sietta at Breidabólstad í Vestrhópi, son Olafs prests, Erlendssonar prests Pálssonar, Grímssonar at Mödruvöllum; sá Þorvardr prestr átti Valgerdi dóttr Isleifs Ejólfssonar at austann, oc var all-hardgiör, þeirra son var Olafr prestr, er átti Önnu digru, dóttr Jóns prests í Vatnsfyrdi Arasonar í Ögri Magnússonar, annar Páll, þridji Isleifr, enn dætr Sigrídr oc Secilia, er átti Biarni prestr son Arngríms lærda, þeirra börn voru Arngrímr rádsmadr í Skálhollti, oc Helga, er Þorlákr átti Gudbrandsson. Hinn Vta dag Octobris giördi regn ógrlegt, oc mest fyrir vestann land, hlióphu skridr miög miklar, oc urdu vatnaflód svo mikil, at jardir margar oc heil heröd fengu skada af. Skip mikit þískt kom á adfángadag jóla inná Skagafiörd, oc hafdi rekit fyrir vedrum; þar var á útbúnadr til herskapar, oc grenibord fyrir áhöfn; þat hafdi átt at fara til Spánar eptir sallti; lá þat vid Hofs-ós, oc XXVI menn á því, til XVIda 1627
dags Janúarii mánadar; hèt sá Hans Schulert, er fyrirmadr var,

oc reid til Hóla vid annann mann, oc gisti þar nótt, oc med hönum Biörn Magnússon Biarnarsonar Jónssonar biskups, er þá bjó at Hofi; þeir lètu út, oc brutu skipid vid land utannlands, enn menn hèldust. Þann tíma deidi Brynjúlfr prestr Arnason á Bergstödum, fadir Gísla prests, oc Solveig Gunnarsdóttir Gíslasonar.

XLVIII Cap. Skadar oc annat.

Þá var kalladr frosta-hardindis-vetr, því áfredar voru oc bjargleysi á landi; enn hlutir voru gódir vestra oc sydra. Þann vetr var stórvidrasamt, giördi sunnannvedr mikit einn midvikudag XXIVda Janúarii, oc aptr VIIda dag Februarii hálfa adra eykt dags; þat var kallad öskudagrbilr; í hinu fyrra vard úti búandi kona á Skagaströnd oc sonr hennar, enn stúlka á Vatnskardi í hinu sídara, hrakti vída fè, oc brotnudu skip. A sumardaginn fyrsta þóttust menn heyra hliód mikit, oc siá knött einn sem eld fara í sjóinn, oc heyra hliódit til, oc drógu þad samann, at þá var höggvinn madr at Heynesi á Akranesi. VII menn druknudu í Keblavík undir Jökli, enn X í Kyrkiuvogi, X á Kotferiu í Ölvesá; tveir urdu skiptapar á Flángastödum. Skúli prestr Erlendsson í Felli druknadi í Grafará, oc fleiri menn druknudu, eda fórust med ödrum hætti ónafnkèndir; konu var dreckt í Dala syslu, er tynt hafdi barni sínu. Þá dó Olafr prestr skáld Jónsson á Söndum, vard hann eigi miög gamall madr, enn hafdi verit heilsulítill lengi; synir þat qvædabók hans, er hann lyktar sextugr oc segir svo: því at eg ætla á enda senn æfina mína kljáda; oc var hann giörhugull í gódum hugsunum. Var þar eptir hann Þorleifr prestr Biarnason Jónssonar í Hiardardal. Gudmundr á Laugum son Jóns Illhugasonar, umbodsmadr þeirra Þorbergs oc Sigurdar Hrólfssona í Þíngeyarþíngi, lèt gánga dóm at Grítubacka hinn XXXIta dag Maii mánadar, oc fríkenndi Magnús prest Olafsson í Laufási fyrir ómaga framfæri, er á hann hafdi dæmt verit, því fè hans var ei meira, frídt oc daudt, enn XXV hundrud, enn XXXVI kúgildi fylgdu Laufásstad. Var Magnús prestr þessi allmerkilegr madr, enn lítillar ættar, oc hafdi fundist í Svarfadardal, er hann var barn á módr sinni daudri milli bæa. Þá var oc Hallr prestr í Höfda, son Olafs prests Arnasonar Pèturssonar, frítekinn frá hinu

sama ómaga-framfæri; hann var kalladr Hallr digri. Magnús Biarnarson lèt dóm gánga at Saurbæ um þiófnadar-rygti; enn á alþíngi var dæmt 1sta dag Júlii um konr þær er tvísaga verda um faderni.

XLIX Cap. Rán oc hernadr Algiers tyrkia.

Þetta sumar hinn XIIta dag Júnii mánadar, komu víkíngar tyrkneskir frá Algier á Africu til Grindavíkur med skip, oc tóku kaupfar Dana, er þar lá, med mönnum nockrum oc fè, enn kaupmadrinn komst undann á flótta; þeir tóku einnin konu Jóns Gudlaugssonar á Járngerdarstödum, sonu hennar þriá, oc tvo brædr, enn hiuggu hinn þridia til skemda; þann ætla menn verit hafa Halldór födr Jóns lögrèttumanns í innri Nordvík, sá Halldór átti Gudrúnu dóttr Odds prests Oddssonar á Reinivöllum; þeir tóku oc dóttr hennar, segia sumir; VI menn hertóku þeir þar adra; sá madr er sagt at varist hafi þeim vel er Helgi hèt, oc veit eg hvert verit hefir Helgi sonarson Helga Ulfhedinssonar, eda einn sonr Jóns Gudlaugssonar, er tekinn var oc svo hèt. Skip annad danskt fundu þeir úti fyrir Grindavík, er Kaupmannahafnarbúar höfdu sendt á Isafiörd, þat gynntu þeir at sèr med flaggi þess skips, er þeir tóku fyrri, oc hertóku sídann, oc sendu annad med ránsfeng sinn í Barbariam, enn med hitt lögdu þeir ofann fyrir Nes oc innad Seilu. Holgeir Rosenkrans höfudsmadr hafdi þá skip sitt í Seilunni vid Bessastadi, er hann spurdi ránit í Grindavík, stefndi hann þá til sín skipi úr Keblavík, oc ödru úr Hafnarfyrdi, enn hid þridia úr Hólminum duldist inn vid Leiruvoga; lèt hann sídann búa vyrki eda skans í Seilunni, segia sumir væri af fiskaböggum, oc setja á byssr þær er til voru, oc þó heldr til fáar. Þar voru í vyrkinu Islendíngar margir, Þorlákr prestr Skúlason, Jón Sigurdarson, er lögmadr hafdi verit, Þorbergr oc Sigurdr Hrólfssynir, voru þessir at nordann med sínum mönnum. Gudmundr Stephánsson hèt nordlendskr madr er lènsjardir hafdi á Skagaströnd, hann læddist úr vyrkinu, oc misti fyrir þat lènit, oc fèck aldrei neitt aptr. Enn er skipinn sigldu framm at Seilunni, skutu hverir um sig nockrum byssum, Tyrkiar oc landsmenn, oc

stönsudu þá víkíngarnir, er þeir sáu vörnina, sneru vid, oc hittu grunn; stód skipit á kletti, fluttu þeir þá hertekna menn af því á hitt skipit, oc komu svo bádum á brott, oc hèldu undann. Fengu Danir af því ámæli mikit at þeir lögdu ei at þeim er þeir svömludu milli skipanna, oc voru at þeim flutníngum um tvö dægr, þvíat Islendíngum þótti þat audveldt; ætludu menn at höfudsmadrinn mundi enginn garpr vera; var þetta fyrir alþíng siálft, oc reid hann ecki uppá þíngit; enn medann hann dvaldi í vyrkinu var södladr hestr skamt á brottu, ef hann þyrfti undann ad leita; var þá mikill uggr oc ótti um öll sudrnes, konr oc börn, fè oc búsmali, flutt á efri bygd. Þá komu oc Tyrkiar á Austfiördu; er svo sagt, at víkíngaskipinn hafi verit alls XII oc skipt sèr; þeir tóku kaupmannafar í Djúpavogi á Berufyrdi, oc fè allt, oc hertóku menn oc fè um Berufiörd oc Berufiardarströnd; þar var med einn prestr, er bjó at Hálsi, Jón Þórarinsson; enn þeir rændu kyrkjur at Hálsi oc Berufyrdi; þar brenndu þeir stadinn, er Oddr biskup Einarsson átti, oc spilltu qvikum peníngum oc daudum hvar sem þeir máttu, hiuggu oc söxudu fè oc færleika; þeir ráku oc fè oc menn til skips, enn drápu suma oc söxudu; hefir svo sagt Claus Ejólfsson Egilssonar, í riti sínu þarum, at þeir hafi drepit IX menn, enn hertekit XI tygi. Þríu komu víkíngaskipinn sídar í Júlio í Vestmannaeyar, oc fyrst sunnann at eyunum, oc tóku þar enska duggu; þeir fridkeyptu sig er á voru, med því at vísa þeim uppá eyarnar, oc giördi þat hellst Þorsteinn íslendskr madr, er verit hafdi í eyum. Þeir fóru út á þremr bátum hinn XVIIda dag Júlii um qveldit oc runnu upp óvanalegann veg, CCC samann eda fleiri vopnadir, þóttu þeir hellst til brattgengir; þvínærst skiptu þeir sèr í III flocka med raudum merkjum, oc hliópu um alla bygdina med herópi, oc hliódum æsilegum, fóru þeir inní hverja krá oc kima, bördu á mönnum, konum oc körlum, börnum oc gamalmennum, enn drápu sumt, oc hiuggu í smátt, med hverskonar hádungum, oc ráku menn hópum samann sem fè í qvíar, í hin dönsku húsinn; vöidu þó úr þat sem þeim leitst vænlegast, oc fluttu á skip sín. Þeir runnu biörg oc hamra sem hinir lèttfærustu biargmenn, oc gripu menn þá alla er þar höfdu fálist, enn skutu þá er þeir nádu ecki; urdu menn hellst til forvida, er þeir komu svo óvörum. Þeir fundu Jón prest Þorsteinsson í fylsni nockru, konu hans oc börn oc

heimamenn. Þorsteinn kènndi hann oc mælti: hví ertú nú ecki í kyrkiu þinni, síra Jón? hann svaradi: eg hefi verit þar í morgun; hjó þá Þorsteinn þrem sinnum í höfud hönnum, enn prestr fól önd sína gudi oc dó sídann; enn konu hans oc börn, oc Olaf prest Egilsson fyrir ofann Leiti med konu hans oc börnum, oc heimamönnum, bördu þeir oc ráku í skip. CC manns oc II hins fimta tugar hertóku þeir, konr oc karla, enn XXXIV fundust daudir; þeir brenndu oc dönsku húsinn, oc þá er þar voru inní, oc veikir voru oc vanfærir, enn Danir komust undann á bátum til meginlands; þeir brenndu oc Landakyrkju til ösku, oc ræntu því er fèmætt var, enn spilltu sumu, fóru þeir þadann med fólkit oc ránsfèd allt hinn XIXda dag í mánadinum, útí Barbariam; ræktist þat er Jón prestr hafdi sagt þá er enskir rændu þar ádr, at hann oc adrir mundu láta lífit fyrir annari árás, ef Eyamenn bætti ei rád sitt. Eptir þat komu varnarskip undir landit, var eitt enskt, enn annat danskt, oc sendu Danir kaupskip á Vestfiördu síd um sumarit, í stad þess er tekit hafdi verit.

L Cap. Andlát Gudbrands biskups.

I þann tíma gèck landfarsótt þúng fyrir nordann land, oc dóu margir menn. Þá þíngdi Gudbrandi biskupi, oc andadist hann á föstudag um nónbil, hinn XXta dag Júlii mánadar, enn var jardadr V dögum seinna; hafdi hann látit giöra legstein sinn laungu ádr. Hann var biskup í VI vetr hins VIta tugar, oc hefir enginn verit jafnlengi á landi hèr; enn þat var jafnlengi oc Augustus var keisari í Rom; hálf-nírædr var hann at aldri. Arngrímr prestr giördi samstædr eptir hann, oc líkrædu, oc lèt prenta í Hamborg; einnin giördi Þorlákr prestr Skúlason grafletr. Einar prestr Sigurdarson oc Biörn Sturluson höfdu qvedit lof um hann ádr sem fyrri segir, oc Latínuvers Arngrímr prestr, oc Magnús prestr Olafsson, oc enn fleiri. Siálfr hafdi hann giört grafletr sitt á þann hátt: *exspecto resurrectionem carnis, et vitam æternam, Gudbrandus Thorlaci filius, Jesu Christi peccator.* Þat var mynnismál hans: *gaudeo triumphantis ecclesiæ hæreditatis societate infinita.* Er þat einmælt, at hann hafi verit hinn ágætasti biskup, oc hid merkilegasta göfugmenni. Eptir andlát hans fór Halldóra dóttir

hans at Oslandi, oc bjó þar lánga æfi, var hún nafnfræg at bænrækni oc ölmusugiördum. Deilr urdu um arf eptir Gudbrand biskup, vildi Ari Magnússon í Ögri giöra börn Páls Gudbrandssonar arflaus, enn fèck ecki framm komit.

LI Cap. Frá Arngrími presti, oc biskupskosníngu.

I Júnio um sumarit hinn XXta oc annann, hafdi andast Solveig Gunnarsdóttir Gíslasonar, kona Arngríms prests lærda; þau áttu samann III börn, Jón, Gunnar oc Helgu. Helgu átti Biörn Magnússon at Bæ á Raudasandi, bródir Ara í Ögri, enn fyrr hafdi hann átta Sigrídi Dadadóttr, Biarnasonar á Skardi Oddssonar, Páll var sonr þeirra Helgu, hann var þá VII vetra er hèr var komit. Jón Arngrímsson átti Olufu dóttr Jóns Sigurdarsonar er lögmadr hafdi verit, þá er fyrri hafdi átta Sigurdr prestr Jónsson at Helgafelli sem druknadi, þau Jón höfdu komit samann at Miklabæ fyrir tveimr árum, oc bjuggu at Ökrum, voru þau miög vansátt; henni þótti hann ecki verda sèr at manni, oc kalladi sèr ei óhætt hiá hönum; skildu þau samvistir oc fór Oluf til bús síns í Vík, enn Jón var á Ökrum; hann reid eittsinn á fund hennar, oc baud henni samvist, enn hún vildi ecki. Þennan tíma var at mestu lokit byggíngu Hólakyrkju, oc þótti mönnum Halldóra miklu hafa orkat í hördum árum; enn Arngrímr prófastr hafdi til launa fyrir starfa sinn medan hann stód fyrir biskupsdæminu, afgiald af VII jördum Hólakyrkiu. Um sumarit hinn *XX*ta dag Augusti, var haldinn prestastefna fiölmenn, at Flugumyri í Skagafyrdi, um biskupskosníngu; var þat flestra manna ætlan, at Arngrímr prófastr, enn enginn annar, mundi kosinn verda til biskups, bædi sakir lærdóms hans, embættis oc aldrs, oc var hann þar fyrstr tilnefndr, enn hann tók siálfr í fyrstu miög at afsaka sig, oc teliast undann svo vandasömu embætti; ætludu sumir at hann mundi þess vænta, at því fastara væri at fylgt; enn Nordlendingar lètust taka þat fyrir fulla alvöru, oc brugdust margir undir hid besta, samþycktust hönum, oc qvádu hann rètt álíta, þar sem hann væri vitr madr oc reindr; lètu því embætti fylgia mikinn þúnga oc erfidi, þó þat væri vyrduglegt, oc kusu því allir med einu rádi Þorlák prest Skúlason; enn þat var raunar, at þeim þótti Arngrímr

prestr rádríkr oc þóttamikill, oc ætludu hann mundi vilia ráda einn öllu, er hann væri setstr í vald mikit; enn Þorlákr prestr var liúfr oc lítilátr, gódlyndr oc gladsinnadr, oc vinsæll af gódum mönnum, oc eigi sídst fyrir sakir módrfödr síns, þar med var hann vel at sèr um lærdóm, álit oc giörfugleika; fór hann þá utann í fiórda sinni í Hofsós, eptir biskups vígslu, oc var þá þrítugr at aldri.

LII Cap. Siónir.

Þá var í þann tíma ecki tídræddara um adra hluti, enn rán þau hin miklu oc hernad, er verit höfdu um sumarit; af því giördi mönnum stóra hugarburdi, sem þá voru allt haldnar vitranir; svo sem þat er Olafi Oddssyni, fátækum manni siónlausum, med teikni í andliti, at Hjalla í Höfdahverfi, oc Grítubacka þíngha, vitradi syn mikla þremsinnum, oc var hún uppritud oc undirskrifud af prestum í Laufási oc Höfda; einnin vitradist konu á Akranesi tvisvar hin sama sjón oc vísa; þar þóttust menn oc siá fugl skínanda í loptinu um qveld; var þá frostavetr mikill bædi fyrir jól oc svo eptir. A þeim vetri hafdi Magnús prestr Pètrsson 1628
Gunnarssonar Gíslasonar, tvær vitranir, eystra, oc Hávardr Loptsson á Sídu, undir Fialli í Kyrkiubæar þínghá, eina mikla er Hávardar vitran heitir; hann var at Asgardi í Landbroti; urdu teikn á Kyrkiubæ eptir vitranina, klucknahríngingar um nótt, oc blódslettr á kyrkiuhurdinni oc fyrir dyrunum, strik oc blódlifrar undir, oc allt var þat heldr ófridlegt; sagdi Gísli lögmadr Hákonarson svo, er hönum var frá greint, at Hávardr hefdi giört strikinn med kálfsblódi. Gudrúnu Sveinsdóttr á Innstavogi á Akranesi dreymdi oc draum, oc fátækann mann undir Eyafiöllum Gísla Þórdarson annann. Þóru Helgadóttr í Kyrkiubæar þínghá vitradist oc sami draumr tveimsinnum, oc þótti öllum sínt at boda mundi hinn mesta ófrid oc refsíngar; enn þat var hellst at lesti at þær vitranir skèdu allar eptir hernadinn, enn engar ádr, oc var sídann ecki rænt þat er telja megi hèr vid land svo at menn viti med sönnu, allt á vora daga.

LIII Cap. Misfarir, oc svo frá dómum.

Þá urdu menn úti med C fiár, vestr í Alvidru, oc fórst allt samann, oc fleiri urdu þá mannskadar; kom ís á gói, hafþök, oc var enginn afli, oc lá lángt á sumar framm, var þá allmikill sulltr oc lítit gras. Vída urdu fátækir menn úti, þeir fóru yfir land, hópum samann, sem lengi hafdi sidr verit, menn urdu oc úti í Borgarfyrdi; Sveinn Jónsson druknadi í Fljótum vid fiórda mann; XI menn á Akranesi, oc ein skipshöfn í Eyrarsveit; þrír menn sudr í Hraunum, oc skipshöfn á Vestfiördum. Ejólfr Fótr druknadi vid Geirfuglaskèr vid XIIta mann, oc þrír menn í Eyafyrdi. Oddr Jónsson á Nautabúi druknadi þar í læk er flód kom í med syni sínum, daginn fyrir skírdag, enn á skírdag var mikit fjúk, oc vard úti Þorsteinn Magnússon í Medallandi. Þá var dæmdr merkilegr dómr at Fáskrúdarbacka, oc samþycktr af lögmönnum Gísla Hákonarsyni oc Halldóri Olafssyni um tyundir af konúngs oc kyrkna jördum; enn af Jóni Sigurdarsyni at Sveinstödum í Vatnsdal, um þá menn er afrækja konur sínar; oc svo af Halldóri lögmanni Olafssyni at Vidvík IIIda dag Maii, um afhendíngu, skuldir oc umbod Hólastadar, er Gudmundr Hákonarson hafdi til tals í umbodi Halldóru Gudbrandsdóttr, þar sem Ari bóndi Magnússon væri ei kominn í fardögum; var Gudmundi tildæmt at taka út landskuldir, oc adrar vitaskuldir med fleiru, oc svo daudt fè á Silfrastödum CXV hundrud. A alþíngi var dæmt um fiárskipti foreldra vid börn sín; oc þat at prestar skyldu hafa af hverju kyrkiukúgildi XII álnir, þat þótti kyrkiubændum ofmikit. Þar var kært fyrir Niels Hanssyni umbodsmanni höfudsmansins, at menn fengi eigi naudsyniar sínar keyptar af kaupmönnum.

LIV Cap. Frá ímsu.

Um sumarit kom út Þorlákr Skúlason í Seilu sudr á varnarskipi dönsku med höfudsmanninum, vígdr til biskups at Hólum, oc var þat eptir alþíng; hann hafdi tvö konúngsbrèf, annat fyrir því at dómkyrkiann skyldi gialda biskupi vígslufarar kostnad; enn annad at Þorlákr biskup hèldi prentverkit; hann kom til Hóla á Maríumessu Magdalenæ, oc voru þá hèr vid land varnarskip bædi dönsk

oc ensk. Ecki kom skip á Eyafiörd, enn Hosfós skip skildi vid þat í ísi fyrir austann land, oc komst þat til Kaupmannahafnar; var þá Matthias Hansson kaupmadr á Eyafyrdi; enn Just í Hofsós; enginn komu kaupför fyrir ísum fyrrenn eptir alþíng. Kom þá út Olafr prestr Egilsson er tekinn var i Vestmannaeyum, oc hefir ritat bók um ferdir sínar, enn flest annat fólk var hertekit eptir í Algier. Gísli lögmadr Hákonarson var þá umbodsmadr höfudsmannsins yfir Islandi, oc tók at hans bodi Skagafiardar-syslu af Halldóri lögmanni, oc veitti hana aptr Jóni Sigurdarsyni á Reinistad, var þat fyrir skuldasakir, enn þó veitti hann Mödruvallaklaustr Halldóru eldri Jónsdóttr Biarnarsonar konu Halldórs. Arness sysla var oc tekinn af Einari Hákonarsyni, oc hèldu Danir hana sjálfir. Um haustit gèck dómr at Ökrum í Skagafyrdi um hiónaband Jóns Arngrímssonar oc Olufar Jónsdóttr, voru fyrir dóminum Þorlákr biskup oc Halldór lögmadr; þar sór hún fyrir alla menn nema Sigurd prest Jónsson, er hún hafdi ádr áttann, oc tvær konr sönnudu þann eyd med henni, voru þau þá adskilinn med dómi, oc giptust eptir þat bædi; fèck Jón Gunnhildar dóttr Olafs prests Jónssonar þrem vetrum seinna, oc átti margt barna; enn Oluf giptist IIII vetrum sídar Hallgrími á Vídimyri syni Halldórs lögmanns, þeirra börn voru Olafr oc Jón í Vík, Þórun oc Illhugi. Þau missiri hin sömu qvæntist Arngrímr prófastr ödrusinni, sem þau Jón oc Oluf skildu, oc fèck Sigrídar dóttr Biarna prests at Grenjadarstad Gamlasonar Hallgrímssonar, þeirra börn voru Þorkèll prestr í Gördum fadir Jóns biskups Vídalíns, Þorlákr prestr á Stadarbacka, Biarni prestr á Höskuldstödum er átti Seciliu dóttr Þorvards prests Olafssonar á Breidabólstad; Gudbrandr er átti Ragnheidi dóttr Jóns Egilssonar á Geitaskardi, þeirra son var Þorlákr; Solveig er átti Jón son Jóns frá Narfeyri Arnasonar; þeirra son var Jón prestr á Breidabólstad fadir Asmundar prests, födr Jóns prests oc Þurídar í Gördum. Ingibjörg átti Gísla hinn eldra son Jóns á Fródá Halldórssonar, Jónssonar gamla á Fródá Halldórssonar, oc börn. Hildr var enn Arngrímsdóttir, er átti Jón í Vídidalstúngu Þorláksson Pálssonar Gudbrandssonar biskups, þeirra son var Páll Vídalín. Arngrímr lærdi hafdi verit uppalinn í Vídidal, oc hèt Vídalín fyrstr, oc svo hans ættmenn eptir hann, var hann einna fyrstr þeirra manna, er ætternis nafn tóku

sèr hèr á landi. Þat haust tyndust V menn af skipi sydra, oc voru allir náfrændr. Þá var gèfit út konúngsbrèf annann dag Septembris, um vanbrúkan bænadaga, oc dryckiuskap er menn gengi til altaris, oc skyldi setja út þá menn er eigi skipudust vid ámynníngar; hafdi þá fyrir skömmu madr verit hyddr á Helgastadaþíngi fyrir gudshús vanvyrdi eptir dómi Þorbergs syslumanns. II prestar voru settir af í Austfiördum, Þorleifr Magnússon fyrir ímislegar sakir, enn Illhugi Jónsson frá Presthólum Biarnasonar, bródir Sigurdar prests skáldsins, fyrir galdrarygti. Þorleifr var um þennan tíma prestr til Þyckvabæar, enn sídar at Sandfelli, oc segia sumir hann þá afsettann, laungu seinna, oc veit eg ei hvert sannara er. Þorlákr biskup vígdi fyrst presta sunnudaginn í jólaföstu inngáng, Hallgrím Jónsson, er lengi var sídann í Glaumbæ, oc Gunnlaug Þorsteinsson, hann var prestr senn til Vídimyrar, Flugumyrar oc Hofstada, oc bjó at Vallhollti í Hólmi, var hann hiátrúarmadr mikill, enn annál einn lítinn hefir hann samit.

LV Cap. Fleira er tilbar.

1629 Vetr sá var gódr frá jólum, enn þá giördi bil XXIIIIda dag Janúarii mánadar, urdu þá úti IX menn fátækir, oc kól til dauda, en örkumsludust fleiri; var mikil umferdinn, oc dó margt í bjargleysi. Hlutir voru miklir í útverum sydra oc vestra, enn hálfr þridji tugr manna tyndist í Vestmannaeyum af tveim skipum, oc X menn af tveimr annarstadar, ödru í Gardi, enn ödru á Seltjarnarnesi. Fiskleysi var þó fyrir nordann land, oc hardt til matar, enn hákallafengr gódr; fleiri urdu mannskadar, enn selum nádu menn á ísi, oc vel heyadist um sumarit. Um vetrinn hvarf Jón Gunnlaugsson í Lögmannshlíd, hann hafdi farit til fiár síns á Gerárdal, oc var vid sel, enn fannst úti daudr er snjó leysti upp. Halldór lögmadr oc kona hans ridu um vorit snemma sudr í Skálholt, oc bidu þar höfudsmannsins til þess er hann kæmi út oc önnr skip; oc er þat spurdist at hann var kominn, ridu þau til Bessastada, oc Oddr biskup med þeim, oc hittu Holgeir Rósenkrans höfudsmann, hafdi hann komit út á herskipi í Seilunni, oc fleiri voru þá varnarskip umhverfis landit. Þau báru framm eyrindi sín oc afsakanir, oc fèck Halldór lögmadr allar vyrdíngar

sínar oc lèni, med tillögum Odds biskups, oc fyri þat er hann fèck lokit skuldirnar. Enn í þann tíma var rígr med biskupi oc Gísla lögmanni Hákonarsyni, oc þó meiri med sonum þeirra, því biskup oc lögmadr stilltu til á medann þeir lifdu bádir. Þat brautst eitt í milli er kallat var Baugstadamál. Arni Oddsson var uppgángsmadr mikill í þann tíma er hann hafdi rádsmensku í Skálhollti; hann bygdi út stadar-landseta nockrum hluta leigumála síns á Baugstödum á Eyrarbacka, oc fèck hönum aptr hlut af Hólum annari stadar-jördu, enn bygdi þeim manni inn á hlut Baugstada, er Gissr Þorkelsson hèt; kærdi Þorlákr þat fyrir Gísla lögmanni, enn hann tilsagdi hönum leigujörd sína, oc kom þar til samþycki Holgeirs Rosenkrans höfudsmanns, stód nú svo í því um hríd at Þorlákr fèck eigi jördina at heldr. Þá voru prestum dæmdar hálfar leigr edr einn fiórdúngr af hverju kyrkiu kúgildi; þat var fyrst giört fyrir prestinn í Miófafyrdi, enn þat gèckst vid í öllu Skálhollts biskupsdæmi; var þat helmíngadómr, oc voru dómsmenn Oddr biskup, Gísli prestr son hans, Páll prestr Erasmusson Villadtssonar, Sigurdr prestr son Odds biskups, Jón prestr Jónsson, Vígfús prestr Illhugason frá Kalastödum Vígfússonar, oc Eyríkr prestr Ketilsson Olafssonar prests frá Saudanesi Gudmundarsonar; lögmenn bádir Gísli oc Halldór, enn lögrettumenn, Þorleifr Arnason, er eg hygg bródr Dada, Eyríkr Sigvaldason frá Búlandi, Olafr Helgason, Rafn Bessason Hrólfssonar, Jón Gissurarson oc Magnús Jónsson; eydvætti fèck þá Illhugi prestr fyrir galdrarygti sitt, oc vann eyd, oc þó í ödru hèradi enn hann var rygtadr, enn fèck þó ei prestskap. Þá lèt Þorlákr biskup Magnús prest Olafsson í Laufási, er verit hafdi fyrri vid skólakenslu oc optar er gètit, setja Snorra eddu á latínu; var sá einhverr hinn fyrsti vidburdr til fornfræda vidreisnar, enn Magnús prestr var lærdr oc skáld gott; hid sama giördi laungu sídar Stephán prestr Olafsson Einarssonar, er hann var í Kaupmannahöfn. Brèf kom þá frá Islendíngum í Algier er hèdann voru teknir; þat sagdi at Tyrkiar hefdi ætlad híngad í III sumr, enn fengit jafnan hindran; þeir höfdu rænt í Færeyum, oc tekit menn, enn brennt bygdina.

LVI Cap. Frá Bryniúlfi Sveinssyni.

Bryniúlfr Sveinsson hefir nú verit utann í V vetr, oc heyrt lestra doctors Caspars Bartholini síns privati præceptoris, doctors Caspars Brochmanns, oc doctors Olafs Worms, oc fleiri hinna lærdustu manna, oc stundad vel lærdóm sinn; tekit sídann vitnisburdi um þann lærdóm sinn oc lifnat af Rectore magnifico Wolfgang Rhumann, oc Bartholín lærimeistara sínum, er hældi hönum miög; kom hann svo út þetta sumar, oc reid til alþíngs, oc vildi fá vidtöku til embættis nockrs, enn Oddr biskup veitti hönum þá enga áheyrslu; dvaldi hann þá med foreldrum sínum, oc stundadi griska túngu miög.

LVII Cap. Meidíng Stockseyrar brædra, oc misfarir.

Votvidrasamt var þá eystra um sumarit, oc giördi kaldt er vetradi; medallagi var þó vetrinn til jóla, nema giördi blota oc austannvedr nockra hríd framm til Magnúsdags, enn þadann af útsynnínga med blotum, oc tók fyrir jardir; ei tók heldr upp snió þann er kom á ymbrudögum um haustit. Enn sunnudaginn nærstann fyrir jól kól til bana Sigurd prest Olafsson fyrir austann, þann hygg eg á Refstad verit hafa, oc son hans XVIII vetra gamlann, oc tvær konr frá Stad á Ölduhrygg. Þá fóru þeir brædr Gísli oc Markús synir Biarna Sigurdarsonar frá Stockseyri, frá Fitjum í Skorradal yfir fiall austr, oc ridu, þeir hleyptu hesti sínum ofann í Eyríksvatn, var þá hid mesta frost, svo menn mundu ei slíkt, oc vöknudu þeir á höndum oc fótum er þeir drógu upp hestinn; sídann drucku þeir brennivín, fengu færd illa, oc dösudust, þartil er þeir sofnudu, oc var þat á Gagnheidi, enn þeir vöknudu vid þat at fætr þeirra voru frosnir, oc fengu þeir þó vellt sèr, oc skridit med harmqvælum, at Svartagili, Þíngvallakoti einu, oc sídann at Þíngvöllum, þar bjó þá Engilbert prestr Nicolásson, oc var hann læknir; voru sagadir af þeim fætr, oc lágu þeir þar lengi um vetrinn, oc gengu á trèfotum alla æfi sídann. Voru flestallir fíngur af Markúsi, oc þó skrifadi hann; var hann fadir Gísla, oc Gudrídar, er hinir tignustu menn eru frá komnir, greifarnir af Rósenkróne, oc Þórdysar á Stockseyri, hún var óvin-

sæl miög. Þau hin sömu missiri deidi Loptr prestr Skaptason at Setbergi, oc Jón prestr í Vestmannaeyum son Jóns prests Egilssonar.

LVIII Cap. Skálhollts stadr brann.

Eptir jólinn vestnadi vetrinn, oc voru áfredar miklir, kölludu 1630
margir jökul-vetr, oc fèllu þá peníngar manna; fiskleysi var fyrir nordann; mikil var þá snjófergia oc óvedrasamt, oc landskiálftar þrír um vetrinn, svo at VI menn urdu undir húsum fyrir austann Þiórsá. Þann vetr var útgefit konúngsbrèf um hús-bænir, oc annad um þat, at prófastar skyldi, med rádi Odds biskups, kiósa hönum styrktarmann, því hann tók miög at eldast, var þó hraustr. Þá bar öskudaginn uppá Matthiasmessu, oc prèdikadi Oddr biskup, var hann því vanr at prèdika hvern bænadag í föstunni, var allt fólk í kyrkiu, nema kerlíng ein er Gudrún hèt, er sídann var kölllud brenna, hún var inni í stad, oc átti at kynda kakalofnana í biskups badstofunni; hún lèt vidinn í, oc qveikti, ætladi sídann at hlída nockru af predikaninni, fór upp í kyrkju, settist nidr vid undirgángströppurnar, oc fèll í svefn fastann; vissu menn ei fyrri til, enn kyrkiann tók at fyllast med reik; þustu menn þá út, oc sáu hvad um var, vildu bjarga stadarhúsum, enn fengu ei atgiört, því eldrinn hafdi læst sig miög svo um öll herberginn; brunnu þar upp XIII hús smá oc stór, þyliud med lopti er samföst vorù, á hálfri annari eykt, oc þar í mikil audæfi, kistr oc klædi, smídad silfr oc húsbúnadr, bækr oc brèf, oc svo visitatiubók Odds biskups, oc enn fleira er ei vard bjargad. Biskup var aleinn eptir í kyrkiunni, oc gèck um gólf alla stund fyrir framann kórdyrnar, þar sem hann var jardadr sídar. Brunnu svo hús í Skálhollti á hinum seinustu missirum, sem hey á hinum fyrstu, er hann var þar biskup. Þar var þá Vígfús Illhugason kyrkiuprestr, bródrson Orms í Eyum. Á þeim missirum andadist Brandr prestr í Guttormshaga í Holltum, son Jóns prests Egilssonar.

LIX Cap. Dómar oc annat.

Þá dæmdi Jón Sigurdarson at Torfastödum um nafnagiftir Vta dag Maii; enn á alþíngi var samþyckt um eydvætti. Þar var oc

dæmt um galdra medferd Gísla Snæbjarnarsonar; oc upplesit kon-úngsbrèf gèfit Gísla lögmanni Hákonarsyni, um þat at synir hans tveir, oc tvær dætr skyldu giptast meiga þrímenníngum sínum; oc um lausn hinna herteknu úr Barbaría, oc enn fleiri. Þá var mannfundr at Ökrum í Skagafyrdi; samdi Halldór lögmadr oc adrir gódir menn med Jóni bónda Sigurdarsyni, oc Arngrími prófasti Jónssyni, vegna Jóns oc Olufar barna þeirra, um tilgiafar ákæru hennar; skyldi Oluf fá XXIIII hundrud í jördu, oc því játadi Jón Arngrímsson. Þorlákr biskup lèt þá prenta Gerhardi hugvekjur, oc hafdi lagt út siálfr. Þá tók Jón Gissurarson skólameistaradæmi á Hólum, enn Vígfús son Gísla lögmanns, er þar hafdi verit, aptr í Skálhollti, med samþycki biskupa beggia.

LX Cap. Qvonfáng Þorláks biskups.

Þorlákr biskup bad Kristínar dóttr Gísla lögmanns, hún var örlát sem fadir hennar, enn Eggert son Biarnar Magnússonar frá Bæ á Raudasandi hafdi bedit hennar ádr; voru þeir fedgar komnir á leid at Brædratúngu, enn Gísli lögmadr vildi ei vísa biskupi frá, oc reid í veg fyrir þá, oc stillti því svo, at Eggert hugdi af Krist-ínu, enn fèck heit fyrir Valgerdi systur hennar, er hún væri giaf-vaxta; var þat endt þrem vetrum sídar; enn biskup skyldi nú fá Kristínar, oc var brúdkaup þeirra haldit at Brædratúngu. Tiöld Þorláks biskups stódu lángt frá bænum nordr í holltum; þángad reid Oddr biskup Einarsson med fylgd sinni, sídann var skipad nidr brúdgumareidinni, er þá var tíd í stór-hófum, á laugardags qveld, heim at Brædratúngu, svo at jafnann ridu þrír oc þrír sam-sída, med jöfnu millibili, þartil er helmíngr mannfiöldans var af stad kominn, enn sídann tveir oc tveir; seinast ridu biskuparnir bádir heimann af tjöldunum, oc voru þá hinir fremstu komnir heim á stadinn; enn er kom at túninu var öllum mannfiöldanum skipt í tvær radir lángar, oc sátu á hestum allir, var þá sín röd eda fylkíng á hverja hlid heim med trödunum öllum, oc þeir ytstir sem undann höfdu ridit, oc svo hverir at ödrum; voru þeir því meiri háttar sem þeir voru sídar í brúdguma reidinni; enn í gègnum qví þessa rídu fyrirmennirnir heim at stadarhlídinu, oc stigu af hestum; sá þá ecki í völlinn fyrir hestum oc mönnum

er þeir voru stignir af baki; var Gísli lögmadr, hinn mesti höfdíngi oc rausnarmadr, heima fyrir med vina flock sinn, oc bad alla gèsti sína vera velkomna, enn kvadst afskilia alla nordlendska hæversku, því hún var þá hellst nafntogud, oc veitti hid stórmannlegasta, svo ei hefir annat brúdkaup á þeim dögum verit ríkmannlegra hèr, er þó hverki gètit hve lengi veitslann stód, edr tölu bodsmanna, enda er oc hèr ei hermt þó nockr hafi eptirlegit. Var þá í þann tíma mikill uppgángr oc vyrdíng Gísla lögmanns Hákonarsonar. Oddr biskup hafdi verit talsmadr Þorláks biskups, oc vildi hann fyrir elli sakir hvílast heldr í tjaldi sínu, enn í háreysti fiölmennis heima, þegar veitslann var. Einn morgun sem optar, gèck Gísli lögmadr til tialds biskups, at hressa hann, oc spurdi hvert hann vekti? sveinarnir qvádu hann sofa mundi; lögmadr gèck innar í tjaldit oc sá at biskup svaf, lagdi hönd sína á kinn hönum, oc baud hönum gódann dag; biskup vaknadi vid, oc mælti: herra Gísli! nú vaktir þú mig óhentuglega; mig var at dreyma um burtför mína, því lífdagar mínir eru skjótt á enda kljádir; lögmadr giördi gaman af, oc mælti: þid andlegu mennirnir erud jafnann med yckar gudhrædslu; biskup mælti: þá eg em sofnadr, máttú gæta at þínum högum, því ecki mun lángt verda ámilli ockar; enn þess bid eg at þú sèrt vid jardarför mína, oc ausir mig einni moldarreku. Þat hafdi verit litlu ádr at Þorlákr á Baugstödum hafdi kært fyrir Gísla lögmanni, at hann fengi eigi rètt af Arna Oddssyni, oc hafdi hann dæmt hönum svo mikit af Baugstödum sem hann hafdi ádr haft, til þess er löglegar útbyggíngar sakir kæmi; var sá dómr stadfestr á alþíngi, oc dæmdar IIII merkr í dómrof oc VIII merkr í brèfabrot af þeim er hindradi; ei sídr bar Gissr út penínga Þorláks, sló engiar hans, oc heldt fyrir hönum tveimr leigu kúgildum, oc enn fleiru, oc þó med vitund eda rádi Arna Oddssonar; var þá vidbúit at deila sú mundi lengra fara, nema þeir Þorlákr oc Gissr hefdi sættst, at forlagi Arna Oddssonar, oc syslumannsins Bjarnar Grímssonar málara, er sakafallit gaf qvitt; ætta eg þeir Oddr biskup oc Gísli lögmadr hafi alsáttir verit er þeir hittust í veitslunni, enn eldi af þrætum þeim er þeir voru fráfallnir. Var brúdkaup þetta um haustit, oc reid Þorlákr biskup þadann nordr med konu sína; voru þeirra börn Gísli, Þórdr, Skúli, Gudbrandr, Jón oc Elín.

LXI Cap. Frá ímsu.

Þat sumar hafdi höfudsmadr ecki komit út, oc var Olafr Pètrsson umbodsmadr hans; enn til þíngs reid Brynjúlfr Sveinsson, oc var hann ecki álitinn. Þá brann Hvanneyri í Borgarfyrdi giörsamlega, enn ecki sakadi menn, þar bjó Páll son Gísla lögmanns Þórdarsonar, hann var skýnsamr madr oc fríhuga; hann fór um vetrinn med Ingibjörgu Biarnadóttr konu sinni oc barni úngu upp í Skorradal, oc var þar at Vatnsenda med Byrni Gíslasyni; áttu þau Ingibjörg margt barna. Vídar urdu brunar nóckrir. Þessi missiri segir Biörn at Skardsá sólar-myrkvi hafi ordit med ímsum litum, grænum, svörtum oc raudum; var mönnum hætt vid í þann tíma at halda alla myrkva á himintúnglum boda nockud, oc þennan því framar sem hann var óvenjulegri, enn med því hann skèdi vid nidrgánginn, meigu litir hellst af dömpum orsakast hafa er jafnann verda utarlega oc nedarlega í dampahvolfi, mest fyrir sjón. Var átrúnadr um himintúngl, at þau bodudu marga hluti, þá svo ríkr um alla nordrálfu, at stjörnumeistarar voru hvervetna haldnir fyrir spámenn vid konúngahyrdir sem annarstadar, oc var tekinn lítit eitt at dofna. Oluf dóttir Jóns Sigurdarsonar, er þá hafdi verit gipt Jóni Arngrímssyni, oc nú skilinn vid hann, hafdi haft nordr híngad med sèr frá Helgafelli, eptir þat er hún misti þar Sigurdar prests hins fyrsta manns sins, konu þá er Þorbjörg hèt, oc hafdi vistat hana í Hèradsdal; þar tók hún kránkleika, oc sá á henni þyckt; enn sem konr nefndu vid hana, at barns þyckt mundi vera, duldi hún þess oc þrætti; svo kom at hún vard ei vinnufær, oc var flutt at Reinistad til Olufar, duldi hún jafnann þess at barns þyckt væri med henni, oc kalladi blód, oc svo sagdi hún presti sínum í skriptamálum; sídann tók hún sótt harda, enn kona sú er til hennar skyldi koma, mátti þat ei, hún bad þess svo miög, oc bar sig aumlega; þar eptir dó hún, oc var grafinn, enn tvö meybörn fundust daud hulinn í sænginni. Þá þóttust menn siá draug, edr vondann anda um Eyafiörd, oc höfdu af skèlfíngar stórar; Biörn at Skardsá segir svo, at sumir hafi haldit hann upp vakinn med fiölkingi, enn þeir er mest voru audtrúadir, töldu hann haft hafa margskonar herfilega líkíngu.

LXII Cap. Frá Jóni lærda.

Jón Gudmundarson, er kalladr var hinn lærdi, hafdi um undanfarna tíd búit á Hiallasandi, þar sem hann kalladi í Uppsöndum; hann hèldt þar nockrsháttar skóla, oc komu til hans margir úngir menn er þángad fóru tilródra, oc sagdi hann þeim til í hjátrú oc töfrum; hann ritadi oc rit nockr um þau efni, oc margt um grös oc steina, oc gengu þau alþídu allmiög í augu. Jón eldri Bödvarsson frá Reykiahollti, var þâ prestr til Ingialdshóls, hann mótmælti hönum, oc bar á hann sakir um villudóm oc fiölkyngi, slô med þeim í illdeilr, oc tóku menn þat fyrir kunnáttu Jóns, at prestr misti nockrum tíma sídar prestskapinn. Jón hafdi orkt qvædi er hann kalladi fiandafælu, þat skyldi vera vörn í móti Satan, þar er oc gètit um álfa, oc sagdi hann svo um þá í einum stad:

> Hafa þeir bædi heyrn oc mál, hold oc blód med skinni,
> vantar ei nema siálfa sál, sá er ei hlutrinn minni.

Qvædi því tók almúgi miög svo í móti, enn Gudmundr prestr Einarson, er þá var at Stadarstad, oc hafdi prófastsdæmi, ritadi í móti því, oc hratt röksemdum Jóns. Var þá litlu sídar vidbúit at Jón mundi verda tekinn, oc vid þat flæktist hann á braut þadann, oc í ímsa stadi, þar til er Gudmundr sonr hans var prestr ordinn, á Hvalsnesi í Kjalarnesþíngi; hann var ecki ólærdr, oc nockuru betri madr födr sínum, enn þó líkr hönum; þángat fór Jón, oc dvaldist þar er hèr var komit, oc hèldt framm ydiu sinni at telja menn á fiölkíngi, oc adra villu oc hindrvitni.

LXIII Cap. Höfdíngiadaudi.

Oddr biskup vígdi Þórd son Jóns prófasts Gudmundarsonar í Hytardal til prests, XXta oc annan sunnudag eptir Trinitatis; hyggia menn hann ordit hafa Capellan födr síns í fyrstu, því hann giördist blindr, oc ætla Odd biskup hann seinastann vígt hafa, edr med hinum seinustu. A þeim vetri öndverdlega ritadi Oddr biskup Þorláki biskupi, oc kærdi miög í því brèfi, at óskipulega gengi um braudaveitíngar, er sumum veitti höfudsmadr, oc med ímsu

drógu margir framm sinn taum; enn litlu sídar nóttina hins XXVIIIda Decembris, er var affaranótt þridja dags í jólum, andadist Oddr biskup, er hann var vetri betr enn sjötugr, enn biskup hafdi hann verit um einn vetr hins fimta tugar, þremr mánudum fátt í, oc var enginn jafnlengi í Skálhollti; enn er hann var jard-
1631 adr, var Gísli lögmadr Hákonarson staddr vid jardarförina, oc kendi þá sóttar; hann lagdist litlu sídar, oc lá XII daga, oc andadist hinn XIIta dag Febrúarii, er hann skorti II vetr á fimtugann, enn lögmadr var hann í XVII ár, oc kom þat framm er Oddr biskup hafdi þarum ætlat. Helga kona Odds biskups naut nádarárs eptir hann, oc var hún hin fyrsta biskups eckja í landi hèr, er til þess er talinn; hún fór sídar í Hraungerdi, oc var sá prestr hennar oc forrádamadr er Ejólfr hèt, oc seinna var at Lundi í sydra Reykiadal, enn Helga kom aptr í Skálhollt, oc var þar til þess er hún fór at Leirá til Arna; hún var svo nafnfræg at röksemd, örleik oc ödrum kostum, at þat var ordtak margra manna, at koma mundi aptr Oddr biskup edr hans maki í Skálhollt, enn Helgu seint edr aldrei at öllum hlutum. Þó var Oddr biskup harmdaudr vinum sínum, oc þótti mörgum hinn merkilegasti madr verit hafa. Var þá Oddr prestr Stephánsson officialis; enn Helga lifdi sídann lángann aldr. Enn mynd Gísla lögmanns Hákonarsonar er málud í Hólakyrkiu, oc mun vera giör eptir hönum, því hún er í fullum vexti; þar er madr mikill þó skapfellega, krínglóttr í andliti oc þyckr, oc nocknd döckleitr, feitr allmiög, í brúnkápu sídri oc knepptri nidr alla leid, spennu á brjósti, hann er þreklegr vid hæd sem líklegt er af holdum, enn hún mundi svara III álnum dönskum ef sæist öll, oc eru fingr frammmiófir.

LXIV Cap. Tilburdir oc málaferli.

Vetr sá var í medallagi, var kránkfeldt, oc dóu margir. Þá tyndust VII menn af skipi á Gufuskálum, oc VII á Seltjarnarnesi, þruma laust stafn úr badstofu á Brimnessvöllum, oc vard undir ein kona. Þar rak CCC fiár á sjó, enn LX fiár oc VI færleika á Myrum í nordannstormi. I Eskihollti hvarf vinnukona, enn önnr hafdi hvorfit hid fyrra árit. Þá bjó í Búdardal Benedict Þorleifsson Biarnarsonar á Skardi Oddssonar Thómassonar, hann átti Halldóru

Sæmundardóttr Arnasonar á Hlídarenda Gíslasonar, þeirra son var Bergr at Amóti, er rádsmadr var í Skálhollti laungu seinna, fadir Markúsar. Benedict fèck ásvif, oc hljóp hold hans í garda, oc var sem svart eda brunnit, lá hann ímist mállaus eda vitlaus um hríd; hèldt hann draug uppvaktann sèr til meins, oc hafdi hellst einn mann fyrir; þeim manni dæmdi Jón Magnússon syslumadr í Dölum siettar eid, oc vann hann eydinn; fleira vard af slíkum tilburdum. Kona misti bónda sinn í Svarfadardal, oc harmadi hann freklega, enn hafdi heitst vid sonarkonu sína, oc skar hún sig á háls, enn þótti sídann spilla öllum eigum hinnar. Málaferli voru þá oc mörg; vog madr víg í Gardi sudr, Brandr Lafransson bóndi á Gufuskálum, hann laust húsmann sinn er Þórarinn hèt, med lurki eda hlunni oc steinum til bana, var hann dæmdr útlægr til konúngs náda. Presti þeim var fenginn prestskapr aptr, oc veittr Þaunglabacki, er Arni Jónsson hèt, oc fyrir V árum hafdi fallit í hordóm. Var oc ályktat at Flugumyri, um prest einn, er fèll med barngètnadi fyrir vestann, at ei væri utann kyrkiuþiónustu nema III sunnudaga, oc gæfi XXX álnir fátækum. Þá skèdu oc mál Orms á Hafgrímsstödum, oc höfdu stadit lengi, hann var Thómasson, var hann dæmdr útlægr af fiórdúnginum. Jón Sigurdarson lèt dóm gánga um ólögleg kaup at Hvammi, enn Egill Jónsson umbodsmadr hans sídar, at Vindhæli á Skagaströnd, um reka. Egill var son Jóns á Skardi í Lángadal Egilssonar Jónssonar Einarssonar, hann átti Rannveigu dóttr Markúsar Olafssonar í Hèradsdal, oc margt barna, eitt var Jón á Skardi, eitt Gunnlaugr at Gullbrecku fadir Þorvalds, födr Gottskálks, födr Þorvalds prests at Miklabæ, eitt Gudrún kona Þorgríms prests Olafssonar; enn bródir Egils einn var Þorvaldr á Reykjum módrfadir Eggerts á Ökrum. Þá var gott sumar oc grasgèfit; ecki kom Holgeir Rósenkrans höfudsmadr út, því hann lesti skipit vid Noreg, enn Taxti nyr var bodinn, hardari enn sá er fyrri var; bádu Islendíngar þar vægdar á, oc sögdu hardindi á hafa legit um VII ár, oc fyrir því væri qvikfènadr er landsmenn skyldu fædast á, allvída fallinn hrönnum af óárum, þarmed leggist fiskr frá landinu, oc önnr aflabrögd fari svo mínkandi, at menn hafi af hungri dáit, á þeim árum, hellst fyrir nordann oc austann, oc qvádu enn áhorfast til meira áfellis; enn þat fèckst ecki af höfudsmanni edr umbodsmanni hans, at þetta væri borit fyrir konúnginn.

LXV Cap. Biskups oc lögmanns kosníng.

Þat vildu vinir oc vandamenn Odds biskups oc Skálhylltínga, at Gísli prestr son Odds biskups tæki þat embætti eptir födr sinn, var hann þeim at gódu kunnr, oc þar med sköruglegr madr, stilltr oc mælskr oc vel at sèr; bædi var hann miög mikill oc sterkr, svo at þat er til merkja at járnstedja þann hinn mikla í Skálhollti hafdi hann borit í fángi sèr þar umhverfis smidjuna, hvíldarlaust, oc inn í hana; enn prestar tveir er sídar urdu, Jóseph son Lopts prests Skaptasonar oc Kristínar laundóttr Odds biskups, oc Jón son Olafs á Svarfhóli, er kalladr var illi Láfi, Jónssonar Olafssonar, sá er sídann var í Hvammi, er tveggia manna megn hafdi hverr oc þó gyldra, reindu sig vid þann stedja, oc fengu borit hann hverr þeirra um smidjuna med hvíldum, oc eigi inn, enn hann vog VI vættir, eda IX fiórdúnga hins fimta tugar. Þat fundu sumir Gísla presti til at hann væri dryckjumadr. Brynjúlfr Sveinsson kom at vestann í Skálhollt fyrir þíng, var þar lítt at hönum bugat. Vígfús skólameistari, son Gísla lögmanns Hákonarsonar, var hönum kunnugr í Kaupmannahöfn, oc spurdi þat, giördi hann hönum ord at koma til sín at Brædratúngu, oc dvelja med sèr nockrar nætr, heldr enn ráfa um stèttir í Skálhollti svo at enginn sinnti hönum; þádi hann þat þacksamlega. Vígfús var þá enn all-úngr madr, enn þó skarpvitr, vellærdr oc framadr, vildu sumir hann tilkiósa; enn Vestfyrdíngar nefndu til Brynjúlf á alþíngi, því hann hafdi nafn mikit fyrir lærdóm sinn. Brædratúngumenn Vígfús oc Hákon synir Gísla lögmanns mæltu í móti kosníngu Gísla Oddssonar, oc svo Þorlákr biskup, oc þeir adrir er ördugt höfdu átt uppdráttar vid Odd biskup, oc þótti ærinn uppgángr sona hans; voru þeir þá í lögmanns kjörum Arni Oddsson, Þorsteinn Magnússon í Þyckvabæ, oc Þorleifr at Hlídarenda Magnússon, bródir Ara í Ögri; giördi allr þíngheimr bænir til guds, oc Þorlákr biskup audmjúkann sermon oc lítilátlega bæn, at sá yrdi til lögmanns kosinn, sem best gegndi, var svo hlutat um, oc hlaut Arni Oddsson, vann hann lögmanns eyd sinn á kniám, oc var bedit fyrir hönum; hann hafdi fyrst haft af embættum Arness syslu eitt ár, oc sídann Reinastadar klaustr, enn þá rádsmennsku í Skálhollti; enn vid þennann uppgáng Arna, mæltu margir í móti at hafa Gísla at biskupi framar enn ádr, enn vandamenn Skálhylltínga oc

adrir fleiri fylgdu fast kosníngu hans, oc hlífdust hverki vid Þorlák biskup nè adra er í móti mæltu, var hellst tilnefndr Eyríkr prestr, son Kètils prests Olafssonar prests at Saudanesi, hann fèck sídar Vallanes, oc var diarfordr madr oc einardr, enn biskup ýfdi hann til svars, oc fèck af litla vyrdingu; vard frammgeng kosníng Gísla Oddssonar, enn óvild vox mikil med Arna Oddssyni oc Vígfúsi Gíslasyni; samdi þá Oddr prestr í Gaulverjabæ Stephánsson Gíslasonar biskups kosníngarbrèfit í Latinu; hann var hinn lærdasti madr, oc vel til biskups fallinn, enn ordinn þá gamladr miög. Þá var oc Páll Gíslason á Hvanneyri kosinn einnsamann til þíngskrifara, med samþycki beggia lögmanna oc allra lögþíngismanna, enn ádr höfdu sinn haft hverr lögmadr; hann skyldi fá dal af hverjum syslumanni í kaup, oc skrifarapenínga af þeim er fá vildu dómana, fylgdi mest at því Olafr Pètursson umbodsmadr, því höfudsmadrinn hafdi lest skip sitt, oc kom ei út fyrr enn eptir þíng. Fór nú Gísli biskupsefni utann, oc med hönum Kètill son Jörundar Hálfdánarsonar Skálhollts brita, er sídar var prestr oc prófastr at Hvammi í Hvamms-sveit, hann hafdi at mestu alist upp í Skálhollti, oc verit þar heyrari nær X ár, vellærdr madr oc rádsettr, oc reindr frændum Odds biskups at trú oc hollustu; trúdi frú Helga Jónsdóttir hönum best til at fylgia syni sínum. Tók Gísli med sèr bænarbrèf Islendínga til konúngs, á móti hinum nya Texta, oc lèt aldrei gánga sèr frá hendi, þó þess væri margvíslega leitad af ödrum, þartil er hann fèck færi á at bera þat fyrir konúnginn Kristián fiórda. Hann predikadi á látinu máli á slotinu fyrir konúngi, sem þá var sidr, enn þess vard hann vís, at hann vard miög affluttr, oc hellst um dryckiuskap; svaradi hann því friálslega, oc bad med undirgèfni konúnginn leggia eigi trúnad á allt þat er af öfund eda óvild kynni til sín mælt vera, fyrr enn satt reindist; qvad þó þat hæfi fyrir sem satt væri, at hann lètst hneigdr til at gledja sig af víni í samqvæmi med gódum mönnum, enn skjaldfenginn matr væri sætr, oc svo framandi dryckr, því hann fengist eigi nema þá kaupmenn kæmi til Islands um hásumar, oc um stuttann tíma, lètst þá oc vilia taka vel vinum sínum, enn öfundarmenn kölludu þat dryckiuskap ef hann yrdi ölgladr um stund. Konúngr svaradi: ef þat er eigi meira enn svo, má þat eigi heita ofdryckia; oc fèck hann brèf fyrir biskups embættinu. Brynjúlfr Sveinsson sá þat hann mundi hèr eigi fá fram-

gáng, oc fór utann hid sama sumar, med rádi oc styrk Þorláks biskups, oc Vígfúsar Gíslasonar, sem enn mun sagt verda.

LXVI Cap. Hiátrú.

Þat er eitt til merkia um vitranatrú þá er menn höfdu í þann tíma, at Jón Eysteinsson er kalladr var bródir, húsmann Olafs Jónssonar í Hvammi í Eyafyrdi, dreymdi þremsinnum hid sama, enn þordi ei at segia; var hönum alvarlega bodit þat í hinni þridju vitran oc misti hann þá mál um hríd; enn húsbónda hans dreymdi at hann skyldi láta Jón segia synina; vita menn þó ecki til, at hún hafi nockud bodat. Þat dreymdi oc tvo menn austr í Alptafyrdi, er sèd höfdu mánamyrqva mikinn er vard hinn *XXIX*da Octobris, at sá myrkvi bodadi sótt oc blóds úthellíngu, oc mest hèr í landi. Var slíku af flestum mönnum á lopt haldit, oc ecki rengt at heldr þó þat ósannadist; enn þat var þó ei mjög undarlegt; því at margr slíkr hègomi kom þá upp í Þískalandi oc Danmörku, oc fluttist þadann híngad í land. Þá brann Húsey í Hólmi med öllu því er þar var, nema mönnum oc qvikfènadi, nóttina fyrir hinn átta dag jóla.

LXVII Cap. Höfdíngiar oc embættamenn er uppi voru.

Nú viljum vèr ádr enn lengra kèmr, telja nockra þá menn til fródleiks þeim er vita vilja, er oss er kunnugt at uppi hafi þá verit á landi hèr, fyrst yfirmenn oc svo presta, oc í ödru lagi hina hellstu af bændum edr ödrum nafnkèndum mönnum; má med þeim einum hætti vita margt um ímsa menn, er eigi kæmi ella fyrir, oc fèlli nidr med öllu, oc þá sèst einnin yfirgrip svo margra manna er samtídis voru. Þorlákr Skúlason at Hólum var þennann vetr einn samann biskup á Islandi; hann fylgdi gódu dæmi módrfödr síns, oc lèt prenta þarflegar bækr, frá því er hann vard biskup; hann tók oc at leggia stund á at koma upp fornum frædum, er at mestu voru undir lok lidinn, oc med hans forsiá oc adstod tók Biörn at Skardsá at rita annál sinn. Halldór Olafsson var lögmadr oc Arni Oddsson; Arni bjó sídar at Leirá. Halldór

átti Halldóru eldri dóttr Jóns bónda Biarnarsonar, módrsystr Arna, þeirra börn voru Benedict, Hallgrímr, Margret, Helga, Sigrídr, Valgerdr. Benedict framadist utanlands, oc ætladi at fá Helgu Arnadóttr, fyrir því útvegadi Halldór lögmadr konúngsleifi fyrir börn sín öll at giptast fiórmenníngum fyrir CCC dali, enn Benedict var syniat; hafdi Vígfús Gíslason tekit at bidja Helgu, oc dó hún þá, enn Benedict fèck Jórunnar dóttr Henriks á Hólmi Gíslasonar lögmanns Þórdarsonar oc Gudrúnar Magnúsdóttr, voru dætr þeirra Þórun, Gudrún oc Ingibjörg. Halldór lögmadr hafdi Skagafiardar syslu, oc var enginn audmadr. Hallgrímr Halldórsson fèck Olufar Jónsdóttr Sigurdarsonar, eptir Jón Arngrímsson, þau bjuggu í Vík í Sæmundarhlíd oc á Vídimyri; Margretar Halldórsdóttr fèck seinna meistari Brynjúlfr; Helgu Páll prófastr Biarnarson, enn Sigrídar Torfi prestr Jónsson frá Núpi Gissurarsonar Þorlákssonar. Jón Sigurdarson á Reinistad, er lögmadr hafdi verit, hèldt Húnavatns syslu, enn Gudmundr Hákonarson frá Nesi Biarnarsonar klaustrit á Þíngeyrum, oc var ágætr madr sem fadir hans er þá var gamall. Magnús Biarnarson at Múnkaþverá hafdi Vadla syslu; Þorbergr oc Sigurdr Hrólfssynir Þíngeyar syslu, oc bjuggu í Skagafyrdi; Hrólfr son Sigurdar var þá frumvaxta. Biarni Oddsson prests Þorkèlssonar hafdi Nordr-Múlasyslu, hann hafdi búit fyrst at Asi í Fellum, oc verit lítt audugr, svo þess er getit at hann hafi eittsinn ei tyundad meira enn V hundrud qvikt oc daudt, oc er þó þá at heyra sem hann hafi verit kominn at Bustarfelli, því annar bóndi er nefndr til í Hofssókn, sem einn hafi verit í skiptityund med hönum; oc er mælt at eitt vor hafi búslódar mál fallit í Sunnudal, enn þar voru byrgdir, oc hafi Biarni þackat gudi þat er hann legdi sèr til bágstöddum, hann hafdi þó fengit ósnaudt qvonfáng, dóttr Biarnar Gunnarssonar, enn fèsæld hans oc hóf hygg ek væri all-litit; hann lagdi lag vid ókunna menn, oc var annarlegr í háttum, oc stórbrotinn, oc haldinn af sumum einn forn í brögdum; börn þeirra Þórunnar voru Pètr, Þorbjörg, Gróa, Pètr annar, Sigrídr, Ingibjörg, Sigurdr, þat heitir Bustarfells ætt. Þorbjörg átti Eyrík heimska á Fitjum son Odds biskups, þeirra son var Oddr, er fyrstr reit Fitja-annál, enn Jón prófastr Halldórsson umbætti, hann kölludu sumir Odd háa Pètr annar bjó í Öxarfyrdi oc átti Elizabethu Jóchumsdóttr Mumms fra Keldunesi, Jóhanssonar Mumms Hollendska; var þat miklu seinna er hèr var

komit; Pètr oc hans ættmenn voru miklir vexti, oc stórfengir, oc svo var fleyra kyn Biarna Oddssonar. Þorsteinn Magnússon Arnasonar Pètrssonar Loptssonar, hèldt Þykvabœar klaustr oc hafdi syslu, oc var merkilegr madr, er frá hönum ætt mikill. Þorleifr son Magnúsar Jónssonar, bródir Ara í Ögri, bjó at Hlídarenda, oc hafdi Skaptafells syslu, hann var med Þorsteini oc Arna í lögmanns-kjörum, þótti svo vitr madr; hann átti fyrri Gróu Gísladóttr Arnasonar, er sagt er forvitnast hafi um hyrdslr hans fornar, enn sídann Seciliu dóttr Biarnar á Laxamyri, þeirra son var Þorsteinn. Einar Hákonarson hafdi mist syslu. Erlendr á Hvoli) Asmundarson Þorleifssonar lögmanns hafdi oc Rángárvalla syslu, enn ógiörla veit eg hversu lengi um sinn. Biörn Grímsson málari hafdi Arness syslu; Henrik Gíslason á Hólmi Borgarfiardar syslu sunnan á; Jón Sigurdarson Gudmundarsonar Myra syslu, frá hönum er Einarsness ætt. Steindór Gíslason hafdi Snæfells syslu til þess er hann misti, oc fór sídann milli frænda sinna, oc eyrdi hvergi; son þeirra Gudrúnar Einarsdóttr var Jón á Knerri. Jón hèt madr Olafsson er þar hafdi syslu eptir hann, edr var settr fyrir, oc fyrri enn Steindór Finnsson frá Ökrum; hygg eg allt sè einn madr oc Jón son Olafs frá Nesi Þórdarsonar frá Kyrkjufelli, Þórdarsonar prests, Asmundarsonar betra bródr Stephâns biskups, enn sá Jón átti Hallbjörgu dóttr Jóns Þorleifssonar á Bæarnesi, eptir Steindór Eyríksson, oc voru þeirra synir Olafr, Jón oc Steindór, hygg eg sá Steindór væri fadir Eyríks vid Búdir, födr Jacobs. Jón Magnússon á Reykhólum hafdi Dala syslu, oc var ríkmenni mikit, Biörn Magnússon bródir þeirra Þorleifs Bardastrandar syslu; Ari Magnússon í Ögri bródir þeirra Isafiardar syslu, hann var mikill fyrir sèr oc miög hèradsríkr, rausnarmadr mikill, hlutsamr oc fègiarn. Prestar voru þá nafnkèndastir: Arngrímr lærdi fyrir nordann, Olafr prestr Erlendsson á Breidabólstad í Vestrhópi, Illhugi prestr Ingialdsson frá Reykjum Illhugasonar at Tjörn á Vatnsnesi, hann hèldu þeir margkunnugann, Sæmundr prestr Kársson í Glaumbæ prófastr, Magnús prestr Jónsson at Mælifelli, Gissr prestr Gamlason Hallgrímssonar, hann var fadir Jóns skólameistara er sídann vard prestr oc brædra hans, Biarni prestr at Helgastödum, Jónssonar frá Einarstödum Ormssonar; Biarni prestr Gamlason at Grenjadarstad, bródir Gissurar prests oc Þorkèls rádsmanns, Magnús prestr Olafsson í Laufási, Hallr prestr Olafsson digri í Höfda; Biarni prestr

í Fjördum Jónsson prests Þórdarsonar trèfóts. Jón prestr Þorvaldsson á Skinnastödum, hann var fadir eda módrfadir Jóns höfudsmanns er kalladr var, á Oddstödum; Jón prestr Biarnason í Presthólum oc Sigurdr prestr sonr hans. Olafr prófastr Einarsson í Kyrkjubæ bródir Odds biskups, Gissr Gíslason at Þíngmúla, Arni Þorvardsson í Vallanesi, Biarni Ormsson at Kolfreyustad son Orms prófasts at Kálfatjörn, Höskuldr Einarsson at Heydölum bródir Odds biskups. Högni Jónsson at Stafafelli í Lóni son Jóns prests Egilssonar í Stafholti, Halldór Kètilsson Olafssonar frá Saudanesi Gudmundarsonar, at Kálfafelli, hann var fadir Arna födrs Halldórs prests at Húsafelli, födr Biarna syslumanns. Magnús Pètrsson Gunnarssonar Gíslasonar at Kálfafelli á Sídu, hann var vída, oc bjó lengi á Hörgslandi, oc hafdi ord á sèr í þann tíma, var hann gáfadr vel, oc haldinn áqvædinn, oc fyrir því var hann beiddr til at sigra Jórunni, er köllud var Höfdabrecku-Jóka; hún hafdi heitast vid dóttrmann sinn, oc dáit sídann, oc ætludu menn hún gengi miög aptr, enn madrinn flúdi úti Vestmannaeyar, oc var þar *XIX* vetr, enn er hann kom í land, dó hann skyndilega, oc var eignad drauginum. Jón Sigurdarson Einarssonar prests í Heydölum hèldt Breidabólstad í Fljótshlíd, Snæbjörn prófastr Stephánsson Gíslasonar biskups Odda, Oddr prófastr bródir hans Gaulveriabæ, hinn merkilegasti madr; Páll Erasmusson var í Hólum; Halldór Dadason silfrsmids Jónssonar Olafssonar at Hruna, Engilbert Nicolásson at Þíngvelli, Sigurdr Oddsson at Arnarbæli, Bergsveinn Einarsson Hallgrímssonar Sveinbjarnarsonar at Utskálum bródir Gudmundar prófasts. Ormr prófastr Egilsson at Kálfatjörn, hann var þá gamall. Olafr Jónsson prests Krákssonar at Gördum á Alptanesi, hann átti hverki konu nè börn. Stephán Hallkellsson Stephánssonar Hallkellssonar á Seltjarnarnesi, þeir frændr voru mikilhæfir, Stephán prestr átti Ulfhildi dóttr Jóns Oddssonar í Reykjavík. Oddr Oddsson at Reinivöllum, hann var læknir gódr oc vel at sèr; Olafr Bödvarsson í Saurbæ, Ejólfr Arnþórsson í Gördum, frá hönum er ætt kominn. Jón Jónsson at Melum, son Jóns prests Þorsteinssonar er Tyrkjar drápu, hann var prófastr oc vel at sèr um vit oc vinsældir, Audun Jónsson at Hesti, Jón Bödvarsson at Reykiahollti, merkilegr madr. Grímr at Húsafelli Jónsson frá Kalmanstúngu Grímssonar; Gunnar Pálsson at Gilsbacka;

Sigurdr prófastr í Stafhollti son Odds biskups; Jón Jónsson gamli at Stadarhrauni, Jón prófastr Gudmundarson at Hytardal, Sigurdr Finnsson í Miklahollti, Gudmundr prófastr Einarsson at Stadarstad, Vígfús vid Hellna Helgason Vígfússonar; Vígfús Illhugason Vígfússonar frá Kalastödum at Setbergi, Þorlákr Biarnason frá Stockseyri at Helgafelli, Jón Ormsson at Kvennabrecku, Jónssonar Þorleifssonar, hann var födrfadir þeirra Arna Assessors. Brynjúlfr prófastr í Hiardarhollti Biarnason, Gunnlaugr Biarnason í Saurbæ vestr, Torfi at Hvammi í Hvammsveit, Finnsson úr Flatey Jónssonar Biarnarsonar á Reykhólum Þorleifssonar. Halldór í Gufudal Teitsson Halldórssonar, er bródir var Gissurar biskups; Halldór Biarnason Halldórssonar frændi hans í Selárdal. Gissr son Sveins prófasts Simonarsonar á Alptamyri, hann var vel at sèr í andlegum efnum, enn lítt til búsyslu felldr. Sveinn prófastr Simonarson í Hollti, hann var mikilsháttar madr oc tók nú miög at eldast; Gísli Einarsson bródir Odds biskups í Vatnsfyrdi, Einar Sigurdarson frá Breidabólstad Einarssonar, bródrson Odds biskups at Stad í Steingrímsfyrdi. Torfi Snæbjarnarson prófasts Torfasonar at Kyrkiubóli.

LXVIII Cap. Fleiri nafnkunnugir menn.

Þessir voru adrir uppi lærdir oc leikir nafnkèndir; Vígfús oc Hákon synir *Gísla* lögmanns, þeir giördust höfdíngiar bádir. Synir Erlendar Magnússonar er verit hafdi á Skridu klaustri, Henrik, hinn briálsamasti madr, oc Torfi fadir Þormódar, oc Gudrúnar er átti Markús Biarnason fótalausa á Stockseyri; þeir Stockseyrar brædr þar eystra, oc Markús son Snæbjarnar prests Stephánssonar í Odda, hann fèck syslu í Vestmannaeyum, oc átti margt afqvæmi, enn bjó lengi at Asi í Holltum. Þormódr Kortsson danskr at kyni af ætt Simonar Zurbechs, hafdi haldit Kyrkiubœar klaustr. Kort sonr hans átti Þórunni dóttr Hákonar Biarnarsonar at Nesi vid Seltjörn, þeirra son var Þorleifr er enn mun verda gètit. Claus son Ejólfs Egilssonar veit eg ei hvar bjó, fadir Arna oc Þorleifs presta at Gufuskálum. Jón sonr Hannesar Olafssonar bjó at Hvammi í Kjós, hann var fadir Gudrúnar er Sigurdr Núpsson átti seinna. Jón Oddsson bjó í Reykiavík oc átti Þórdysi Hoddbroddsdóttr,

þeirra dóttir Ulfhildr er Stephán prestr átti, oc Gudrún er Magnús átti son Eyríks Magnússonar Biarnarsonar Jónssonar biskups, þeirra son var Jón fadir Odds, födr Jóns Hialtalins. Grímr bjó austr í Teigi Einarsson Grímssonar Þorleifssonar á Mödruvöllum. Ormr Vígfússon í Eyum í Kjós, hann átti margt afqvæmi. Isleifr í Saurbæ á Kialarnesi son Ejólfs bónda Halldórssonar, hann átti margt barna, var ein hans dóttir Sigrídr er Jóseph prestr átti Loptsson. Biörn Gíslason bjó at Vatnsenda í Skorradal, enn sídar í Túngu í Hördudal, oc var merkilegr madr. Illhugi Vígfússon bjó at Kalastödum. Brynjólfr son Jóns Eyríkssonar Torfasonar í Klofa bjó at Skardi á Landi, hans son einn var Asmundr á Litluvöllum, fadir Jóns á Reykium födr Hálfdánar; fleiri voru þeir frændr eystra. Páll son Gísla lögmanns Þórdarsonar bjó at Hvanneyri, enn Arni at Ytrahólmi; Arni son Gudmundar Þórdarsonar lögmanns at Hiardarhollti, enn sídann at Hredavatni, oc var vel um sig, sem sumir frændr hans, hann átti Þorgèrdi dóttr Tyrfíngs í Hiörtsey, þeirra son einn var Hákon. Synir Marteins Halldórssonar Marteinssonar biskups bjuggu á Myrum, oc synir Eyríks Steindórssonar, Jón, Steindór oc Vígfús fadir Olafs, födr Kristínar at Stadarstad. Eyríkr bródir Sigurdar prests Finnssonar á Ökrum, bjó at Kálfalæk stóra, oc átti sídann Herdysi dóttr Biörgólfs í Asi Asgeirssonar prests at Lundi. Tyrfíngr son Asgeirs prests bjó í Hiörtsey, hans son einn var Þorsteinn prestr. Steindór Finnsson bjó at Ingialdshóli bródir Sigurdar prests á Ökrum, hann var bartskèri oc vel at sèr, hann átti Gudlaugu laundóttr Þórdar Einarssonar prests at Stad Marteinssonar biskups, hafdi Páll Einarsson bródir Þórdar haft sysluna nockru ádr eina stund, hann var silfrsmidr oc vel þockadr, hann drack hiá Þískum vid Budir, oc druknadi sídann í ósunum, oc hafdi þó sagt þat fyrir ádr. Gudrúnu systr hans átti Steindór Gíslason sem opt hefir sagt verit. Þau börn Steindórs Finnssonar urdu sum líkþrá, enn Þórdr sonr hans bjó at Ingialdshóli eptir hann. Jón Kolbeinsson bjó í Lóni; Jón Þórgilsson bjó á Brimilsvöllum lögrèttumadr audugr, hann átti Helgu dóttr Skapta prófasts Loptssonar, þeirra synir voru Þórgils oc Gudmundr; Þórgils bjó á Brimilsvöllum eptir födr sinn, hann var mikill fyrir sèr, oc fadir Gudrúnar, módr Margretar Magnúsdóttr, módr Magnúsar amtsmanns. Halldór son Gudmundar Gudmundarsonar Hallssonar Olafs-

sonar prests Kolbeinssonar, bjó í Olafsvík, hann var bródir Gudmundar snickara. Ormr Jónsson Þorleifssonar Gudmundarsonar bjó í Dölum, fadir Jóns prests á Kvennabrecku, enn Þórólfr frændi hans, Einarsson Þorleifssonar bjó undir Múla í Skálmarnesi. Gudmundr oc Jón í Stóraskógi Biarnarsynir, Gudmundarsonar Þorleifssonar, þeir seldu födrleifd sína Magnúsi á Múnkaþverá. Pètr at Ballará Einarsson Teitssonar Eyríkssonar í Asgardi Gudmundarsonar, lögvitr madr, oc vel at sèr í andlegum frædum, oc skáld, hann qvad Pontus-rímr, oc qvædi andlegt, þessir voru af ættum Gudmundar Andressonar undir Felli. Biarni son Pètrs Pálssonar bjó at Stadarhóli, hans son var Pètr hinn seinni í Tjaldanesi fadir Biarna ríka; Pètr á Fellsenda oc í Tialdanesi son Þórdar prests í Hiardarhollti Moldar-Brandssonar, hans son var Biarni. Páll var enn uppi, son Erlendar prests Pálssonar, hann var syslumadr vestra nockra hríd, oc dó kynlega er hann reid í Vestfiördu, oc veit eg ógiörla hvert hann lifdi er hèr var komit. Synir Olafs prests hins fyrra á Kvennabrecku Olafssonar Eyríkssonar, hygg eg þá væri enn á lifi, eda nydánir. Eyríkr fadir Eyríks oc Þurídar er átti Þorgrím byssukyttu, hann var danskr at faderni; þeirra son var Eyríkr, er kalladr var Grímsson, oc börn átti hèr, enn fór til Englands oc qvæntist þar þremsinnum, oc var afburdamadr at afli; launsonr hans var Gunnlaugr, fadir Sveins á Breidavadi. Geirmundr var annar sonr Olafs prests Olafssonar, fadir Jóns oc Olafs, oc Ingvildar er Arnbjörn átti, þeirra synir voru Ejólfr hinn sterki, oc Gudmundr fadir Olafs, födr Jóns á Jörva í Flysiuhverfi. Jón launsonr Pètrs Pálssonar bjó at Vatnshorni í Haukadal, hans dóttir var Ingibjörg er Arnór átti Asgeirsson frá Liáskógum Arnórssonar. Arnór var enn úngr er hèr var komit. Arni frá Vídidalstúngu Loptsson prests Pèturssonar Loptssonar, bjó í Sælíngsdalstúngu oc átti Helgu dóttr Gudmundar Þórdarsonar á Hvoli systr Jóns prófasts í Hytardal, hygg eg hann hafi nú dáinn verit, þeirra synir Loptr í Sælíngsdalstúngu oc Gudmundr. Jón Arngrímsson hins lærda keypti sídann Túngu enn seldi Akra, er hann rèdst at norddann. Þorlákr son Ara í Ögri bjó at Stadarfelli, oc átti Málmfrídi Gísladóttr; Benedict Þorleifsson í Búdardal, enn Oddr bródir hans at Borg sydra, oc átti Gudrúnu dóttr Sæmundar Arnasonar Gíslasonar, Sæmundr var son þeirra er laungu seinna var prestr í Hytardal. Jón Gissursson Þorlákssonar Einarssonar bjó at Núpi

í Dyrafyrdi hinn fródasti madr, enn Eggert Sæmundarson Arnasonar Gíslasonar, at Sæbóli á Ingialdssandi. Eggert Hannesson Biarnarsonar Hannessonar bjó í Snóksdal, oc margt var hans frændfólk í Dölum, oc af systkinum Dada. Magnús son Ara í Ögri er sídar bjó í Reykhólum var mikilsháttar sem frændr hans; Gudmundr Hákonarson bjó at Þíngeyrum, Jon Egilsson at Geitaskardi; Arni son Teits Biarnarsonar Jónssonar biskups at Hofi í Vatnsdal oc at Holltastödum, enn Biörn Magnússon Biarnarsonar at Bólstadahlíd, oc Benedict son hans eptir hann; Þorlákr son Páls Gudbrandssonar í Vídidalstúngu, hann fèck lènsjardir á Vatnsnesi, oc átti Kristínu dóttr Jóns Sigurdarsonar, þeirra synir voru Páll oc Jón í Vídidalstúngu. Þorvaldr son Jóns Egilssonar frá Geitaskardi bjó at Reykium í Skagafyrdi, oc átti Þórdysi dóttr Magnúsar Biarnarsonar, þeirra dóttr átti Eggert Jónsson er sídar bjó at Reykjum oc Ökrum. Gudmundr bródir Eggerts oc son Jóns Magnússonar bjó vestr í Hvammi, Gísli bródir þeirra í Reykiadal, oc Sigurdr var einn; hann átti Herdysi Asgeirsdóttr Arnórssonar, þeirra synir voru Asgeir oc Gudmundr. Hrólfssynir bjuggu flestir í Skagafyrdi. Biörn Jónsson at Skardsá; Markús Olafsson á Breid, hann var flysiúngr mikill; Magnús á Sjáfarborg son Jóns Jónssonar á Ökrum Grímssonar lögmanns. Þorvaldr bjó í Audbrecku, bródir Halldórs lögmanns, hann átti Halldóru yngri dóttr Jóns Biarnarsonar, þeirra börn voru Jón í Audbrecku, Benedict á Vindheimum, Biörn, Dadi; hann átti Steinunni dóttr Pètrs Einarssonar á Ballará, þeirra dóttir var Hilldr módir Þurídar er átti Halldór prestr Hallsson, Olafr, Gudrún, hennar fèck Stephán prestr son Olafs prófasts Einarssonar, Þórun átti Erlend prest á Melstad Olafsson Erlendssonar prest Pálssonar. Sigfús bródir Þorvalds oc Halldórs lögmanns bjó at Yxnahóli; annar Sigfús Olafsson var í Hvassafelli; Hallr Biarnason Pálssonar Grímssonar frá Mödruvöllum bjó í Mödrufelli. Pètr Magnússon Arnasonar Pètrssonar Loptssonar bjó í Vík á Flateyardal, enn Biörn bródir hans á Laxamyri, oc var mikill fyrir sèr, voru synir þeirra rosknir, Arni son Biarnar bjó í Haga. Jón bjó í Hafrafellstúngu Einarsson Nicolássonar Þorsteinssonar, Olafr frændi hans á Hèdinshöfda, margt var þar nyrdra þeirra kynsmanna. Jón Gudmundarson bjó á Siglunesi, hann átti Steinvöru Olafsdóttr, þeirra synir voru Gudmundr á Siglunesi, oc Sveinn prestr á Bardi, oc eru hinar göfugustu ættir frá

þeim komnar. Synir Einars Asmundarsonar voru uppi eystra, oc afkomendr Hrafns í Skordum, þeir voru mikilhæfir, einn af þeim var Rafn Jónsson Rafnssonar, er bjó at Ketilstödum, hann átti deilr miklar vid Olaf prófast Einarsson á Kyrkjubæ, oc ritadi prófastr höfudsmanni um hans athæfi, oc nedan á brèfit qvidlíng þenna:

Ribbalda þessum rid þú burt
med rótum sínum öllum,
svo enginn fái upp hann spurt
á vídlendi nè fiöllum;
Audmjukann planta í hans stad
sem elskar fridinn mæta, oc sambúd sæta,
sèr þad fólkit oc þá mun þad
þinna bordorda gæta.

Var hönum þá leift at setja Rafn í vardhald; enn Stephán son Olafs prófasts var hin mesti vin Rafns, giördi hann varann vid oc kom hönum undann, oc qvad til hans þetta:

Nú vill ecki standa um stafn, stödugann vin at fánga,
þó allir beinist at þèr Rafn! undann skal eg gánga.

Hávardr Loptsson bjó austr í Sídu; enn þó nú megi fleiri telia, þá er jafnmerkilegir voru sem sumir þessara, eda þó einhverr reinist oftalinn í þann tíma, er nú er komit, læt eg hèr vidnema, oc vænti þeir muni eigi misvyrda, sem kærari er fródleikr enn smásmuglig hótfyndni, oc vita hve torveldt veitir at telja slíkt allt med fullri vissu. I þennan tíma, er nú er komit frásögnum, var miög forbodinn kaupskapr vid útlenda úr ödrum ríkjum.

LXIX Cap. Frá Bryniúlfi Sveinssyni.

1632 Þar er nú til at taka er Brynjúlfr Sveinsson var í Kaupmannahöfn um vetr; hann tamdi sig þá vid at dispútera eptir því sem Pètr Ramus kèndi, oc giördist í því vel fær; bar þá sva til, at hann átti einhverlusinni at finna nockurt mótmæli Dispútatiu Doctors Brochmanns, er þá var einn lærdastr madr, oc mestr disputator, enn þat var á rædusalnum opinberlega er þar var sem fiöl-

mennast, oc konúngr var vid siálfr oc konúngsættinn öll; þar fèck Brynjúlfr kreppt svo at Doctor Brochmann, oc flækt fyrir hönum, at hann fèck eigi úrgreidt, oc þóttist fá af kinnroda mikinn. Mátti hann varla sídann þola Brynjúlf vid háskólann, því at kapp var þá svo miög tídt í rædum oc meiníngum, enn Brynjúlfr var fáum mönnum eptirbátur í dispútatium þá er hann var úngr. Þann tíma kom griskr madr til Kaupmannahafnar, sá er Nicephorus hèt, oc var miög ókèndr þar öllum, hann hitti fyrir Brynjúlf Sveinsson af hendíngu einn samann, oc ræddust þeir vid; kom þá svo at hverr tjádi ödrum á hverju landi var alinn, oc margt annat; hinn griski madr bad þá Brynjúlf vísa sèr til Doctors Johans Resenii, er biskup var í stadnum, oc giördi hann þat, oc kom samann máli þeirra; sagdi Nicephorus biskupi, at þat þætti sèr undr mikit, er á Islandi væri uppkominn slíkr lærdr madr, af svo fávísu fólki oc lítt sidudu, sem hann ætladi at þar mundi vera. Af því vard þat, at biskup baud Brynjúlfi at koma aptr at morgni, til tals vid hinn útlenda mann, svo at hann heyrdi á; Brynjúlfr giördi svo, oc fèck af því veg mikinn, svo at biskup kom hönum til conrectorsdæmis vid dómskólann í Roiskeldu, er þá var hellstr nærst Frúarskóla í Kaupmannaköfn at rètti oc inntektum, ádr enn þær gengu frá hönum seinna, at forlagi Jóhans Baggers biskups, oc var hann til þess skipadr á Dionysiidag, enn sídann vard hann magister artium philosophiæ.

LXX Cap. Vígdr Gísli biskup.

Gísli Oddsson var vígdr til biskups í Skálhollti á skírdag um vorit, af Doctor Jóhan Pauli Resenio Siálands biskupi oc kom út um sumarit vestr á Þíngeyri í Dyrafyrdi, oc med hönum konúngsbrèf, at hinn fyrri Taxtinn mætti haldast, ef landsmenn keyptu ei vid ófriálsa kaupmenn; var enskum mönnum bannat at liggia hèr vid land, svo enginn yrdi kaupskapr med þeim oc Islendíngum.

LXXI Cap. Tilburdir.

Þennann vetr druknudu XIV menn úr Landeyum, enn sumir segia þat væri af skipi er hrakti undann Eyafiöllum, oc ætti Gísli

biskup skipit, er þá var utannlands oc óvígdr, oc Erlendr Asmundarson at Hvoli; vídar urdu mannskadar oc brunar. Þá dó Arni at Eydum Magnússon Vígfússonar, er verit hafdi syslumadr í Múlaþíngi; hann hafdi átta Gudrúnu dóttr Jóns Olafssonar á Svarfhóli, oc voru hans börn Vígfús prestr at Hofi oc Sigurdr, Gudrún módir Marteins Rögnvaldssonar, oc önnr Gudrún, er átti Eyríkr prestr Kètilsson, þeirra son var Kètill prestr á Svalbardi fadir Þorsteins prófasts; Þurídr á Ejólfstödum var enn dóttir Arna, oc Helga kona Nicolásar Einarssonar, oc eru frá þeim öllum ættir eystra. Grasbrestr var um sumarit, med votvydri oc stormum, svo hey urdu lítil miög. Þat sumar voru þeir peníngar sendir utann, er almenníngr hèr í landi hafdi lagt út til höfudsmannsins at konúngsbodi til lausnar herteknum mönnum í Algier, enn hrucku þo lítt til, oc komu af því fleiri konúngsbrèf um hid sama sídar. Var þá at þessu sinni samþyckt á alþíngi, at gèfast skyldi fiskr fyrir höfud hvert á landi, enn syslumenn skyldu siá fyrir at þat flyttist í nærstu kaupstadi. Þá foru framm dómar þessir: Jón Sigurdarson lèt dóm gánga um Æ͏r, er Gissr prestr Gamlason heimti af Einari Loptssyni á Fitjum í landskuld oc fyrir húsrof á jördinni, oc var lítit úrgiört; enn lögmenn Halldór Olafsson oc Arni Oddsson, um forlagseyri ómaga, med syslumönnum er þá voru eda höfdu verit; Þorbergi oc Sigurdi Hrólfssonum, Jóni Sigurdarsyni, Gudmundi Hákonarsyni, Rúnólfi frá Einarsnesi Sigurdarsyni Gudmundarsonar, oc Illhuga Vígfússyni á Kalastödum. Olafr Pètrsson umbodsmadr dæmdi at Kópavogi hinn XXta dag Júnii um nidrbrot oc burtfærslu húsa á konúngsjördum. Höfudsmadr kom út eptir þíng. Þegar eptir þíngit, hinn VIta dag Júlii, ritadi Gísli biskup Oddsson ámynníngarbrèf ágætt til prófasta oc presta í öllu Skálhollts biskupsdæmi, at prófastr visiteri hèrad sitt einusinni á ári hverju, oc siái til at allt fari framm kristilega, einninn at prestar afræki ecki lengr at visitera sóknir sínar um Cathechismum, ella missi þeir embættis; skulu þeir lesa hann á öllum sunnudögum, oc útleggia einfaldlega af predikunastóli; felli oc ecki nidr passíu predikanir, nè þá fióra bænadaga er venja var til, á vori, hausti oc midjum missirum. I þridja lagi auglysti hann, at sú væri tilskipan oc bod yfirvaldsins, at prestatyund gyldist af öllum konúngs oc kyrknajordum at óskerdri landskuldinni. Þá fèck Vígfús Gíslason Arness syslu, oc fór frá skólanum í Skálhollti, enn Vígfús

Arnason tók í þann tíma skólameistaradæmi at Hólum. Nú bidr Eggert son Biarnar Magnússonar á Raudasandi Valgerdar dóttr Gísla lögmanns Hákonarsonar, oc var giört trúlofunar-brèf þeirra oc giafabrèf Eggerts; hann bjó sídann at Skardi á Skardströnd, oc vard hinn audugasti madr. Landsvist feck Brandr sá er á manninum vann á Gufuskálum. Komu þá enn konúngsbrèf um arfa, oc at lögmanna-eckjur fengi svo nádar-ár sem biskupa. Jens hèt prestr sá er dæmdr var frá embætti, fyrir þat hann vitjadi eigi sjúks manns er hann var qvaddr til. Þá andadist Ormr prófastr Egilsson at Kálfatjörn; lágu varnarskip um sumarit hèr vid land. Gunnar prestr frá Hofi, Biarnarson Magnússonar, gèck þá at eiga Þórunni dóttr Jóns prófasts Gudmundarsonar í Hytardal, þau voru göfug bædi oc gódlát. Bóla gèck um haustit; oc um krossmessu kom fjúk mikit svo lagdi vída undir jörd, oc mundu ei ellstu menn svo mikit snjófall jafnsnemma, urdu menn úti; þá urdu oc landskiálftar um haustit, oc voru þá þegar mikil hardindi á jólaföstu.

LXXII Cap. Frá Olafi Pètrssyni oc Jóni lærda.

Jón sonr Ara Magnússonar var kominn út fyrir þremr vetrum oc var med födr sínum; enn þennann vetr giördist hann skólameistari í Skálhollti. Þá höfdu nockra stund stadit mál þeirra 1633
Olafs Pètrssonar höfudsmanns umbodsmanns, oc Gudmundar prests á Hvalsnesi sonar Jóns lærda. Prestr hafdi fengit þiónustumeyar Olafs, oc kærdi á hann, at hann hefdi viljad komast yfir hana eptir trúlofan hennar vid sig, oc er þat hefdi eigi dugat, hefdi hann veykt hana med fiölkyngi. Kom þá svo at Olafr lèt stefna Jóni födr hans um fiölkyngi, edr at hann kèndi mönnum hjátrú, því Jón játti því siálfr, at hann hefdi haft stafi nockra til lækninga, oc kènnt ödrum mönnum. Jón strauk á brott, oc nádist aptr, oc var látinn í fángelsi, enn sídann dæmdr útlægr; var hann fluttr til Danmarkar, oc kom sèr þar brádt í kunnleik oc vinfengi vid Olaf Worm, því hann lagdi sig í þann tíma eptir rúnaþeckíngu átrúnadarlaust, enn Jón kunni rúnir, oc kom sèr framm med því, svo at Olafr Worm feck snúit því til leidar, at Kristián Friis

Cancelleri útvegadi konúngsbrèf um, at prófa skyldi at nyu mál hans; enn ádr var þat at Olafr Pètrsson lèt taka prestskap af Gudmundi. Olafr var áseilinn, oc dró mikit fè undir sig, oc bar bædi sakir á landsmenn, oc höfudsmenn siálfa, oc bar þat fyrir konúnginn, lètst öllu mundi betr til vegar koma ef hann rèdi. Hann lèt smída haffæra duggu, oc lèt fiska um sumarit, enn seldi sídann ödrum manni dönskum, sá sendi hana hladna af fiski til Biörgvínar; engar fèck Olafr sannat sagnir sínar, oc reiddi hönum því ílla af, sem sídar segir.

LXXIII Cap. Hvíti vetr.

Sá vetr, er nefndr var fyrir nærstu, giördist hardr miög um allt land, oc dóu þegar hross á jólum, voru spillíngarblotar oc jardbönn, komust engir menn at siónum at sudaustann fyrir ófærdum snióva; hríd ógrleg var á þrettánda, oc vard úti Magnús Einarsson í Ytrahrepp; ís vard mikill á midjum vetri, oc allt framm á midt sumar; enn hafísar komu á þorra, oc lágu vetrinn allann framm at Jónsmessu; ecki vard vitiad kyrkna fyrir ófærdum, hverki af presti nè sóknarmönnum, oc eigi vatnad peníngi nema einu sinni í viku sumstadar; traudlega vard komist milli fiárhúsa oc bæa, fennti fiárhúsinn svo þau fundust eigi, oc svo peníng úti. C hesta fennti á Kialarnesi, enn CLIII færleikar fèllu undir Eyafiöllum, VII lifdu eptir í Skálhollti; vída hröktust hestar í sió, oc voru fiárskadar um allar sveitir, enn heyinn þrutu; í annari viku þorra kaffennti hesta á slèttum velli í einni snjókomu, enn slíkt mundi þá enginn. Bædi átu saudir oc hestar trè oc torfveggi, oc hvad annat sem daudt var; fennti þá bæ á ströndum vestr, svo at aldrei fannst fyrri enn um vorit, oc þar í allt fólk andvana, oc mörg urdu önnr fátídindi af snjóvum. Var svo hardt vorit, at flest dó þat er af lifdi vetrinn, oc var vída nær saudlaust oc hesta eptir; kyr lifdu hellst, enn þó var skorit eda fellt af MCC kúa frá Borgarfyrdi austr at Rángá, hyggia vitrir menn at þat hafi verit allr fimti hlutr; var vetr þessi kalladr Hvíti-vetr. Landskiálftar voru sydra, oc hrundu bæir í Ölvesi, enn heyleysi vída um sumarit, oc mest þar sem vetrinn var vægastr, enn þat var nordaustr á landi. Enginn afli var á ísum; giördi þá örbyrgd

mikla, oc lögdust jardir í eydi, því hörd ár höfdu farit á undann. Höfudsmadr kom út oc til alþíngis, oc nefndi XXIIII menn í dóm um galdramál Illhuga prests Jónssonar frá Presthólum.

LXXIV Cap. Tilburdir.

Þessi missiri var haldit brúdkaup Eggerts Biarnarsonar á Skardi oc Valgerdar Gísladóttr lögmanns Hákonarsonar, fèck þá Eggert mikit fè at erfdum, því Dadi Biarnason Oddssonar hafdi þá andast er búit hafdi at Skardi þángat til, oc átta Arnfrídi dóttr Benedicts ríka Halldórssonar, enn þau voru barnlaus, oc erfdi Eggert; brúdkaupit var haldit at Brædratúngu at Vígfúsar Gíslasonar. Þá tyndist tólfæríngr sá hinn mikli er skúta var kalladr, oc lengi fylgdi Strönd í Selvogi, oc verit smídadr upp hvad eptir annat, oc á XIV menn; hann hafdi alltíd fengit landtöku góda fyrri, enn þá lagdi Gudmundr Pètrsson, er formadr var, hönum í Herdysarvík, Hákon Biarnarson í Nesi átti þat skip, enn III skip lágu úti framm yfir brimit til morguns, voru formenn Þorkèll Jónsson, Gunnar Eyvindarson oc Ormr Eyríksson, oc Jón prestr Pálsson einn háseti, oc gèck þeim vel. Þá öndudust þær systr, dætr Biarnar bónda Benedictssonar, Gudrún er átti Gísli biskup Oddsson, höfdu þau verit samann XI ár, oc vard ei barna audit svo lifdi; oc Sigrídr á Márstödum, er átt hafdi Páll bóndi Gudbrandsson, hún hafdi verit þiád um hríd af bólgu í holdi; þá dó oc Hákon son þeirra Páls XVI vetra, hann kom af þíngi frá Skálholltsskóla, oc ætladi á fund módr sinnar, hafdi tekit sótt á Þíngvelli, enn andadist þá nær var í bygd kominn; var hann þockasæll. Benedict Pálsson hafdi verit í Hamborg, oc lært þar bartskèra íþrótt, fór hann á skipi med Hamborgurum, oc komu at þeim víkíngar Tyrkneskir, oc tóku þá; var Benedict med þeim sídann í þrældómi um hríd. Þá andadist enn Ingibjörg dóttir Arna Gíslasonar, er átt hafdi Gísli lögmadr Þórdarson, hún var þá gömul miög. Þá var ónytíng á heyum, oc segia sumir kallat Baulu-haust, sem venja var er kúm var mjög lógat. Pros Mundt fèck þá lènsbrèf sitt híngat.

LXXV Cap. Frá ímsu.

1634 Vetrinn eptir var allgódr sumstadar, enn vída hardr, oc íllt vorit, fèll fátækt fólk í húngri, oc vard úti vída, enn þat sókti hellst at siónum er snaudt var, oc dó svo hrönnum; í Grindavík dóu XL, enn í Utskála sókn oc Hvalness sókn CC, oc vanmegnudust miög þeir er fyrir urdu, at búa undir hinum er atkomu; V eda VI hundrada hlutir voru þó á Sudrnesjum. Lèt Þorbergr Hrólfsson dóm gánga at Helgastödum um ómaga, er dæmdist Ingialdi Illhugasyni á Reykjum, oc þeim brædrasonum hans, því Ingialdr lifdi þá einn eptir af Illhugasonum, skyldi Biarni prestr Jónsson á Helgastödum, er átti Hildi Illhugadóttr, flytia ómagann, hennar vegna, í Eyafiörd á sonu Gudmundar Illhugasonar, enn þeir til Ingialds. Þeir voru synir Ingialds Illhugi prestr á Vatnsnesi oc Helgi á Reykjum. Madr var myrdr á Lánganesi, oc flúdi mordínginn. Þá vard lítill grasvöxtr, enn skemdust hey svo peníngr dó at nyu, kom ógrleg rigníng um þíng-maríumessu, svo hverki nyttist hey nè eldividr. Systkin gátu þá barn samann á Skildínganesi sudr, hèt Jón Þórdarson karlmadrinn, hann flídi, enn konann nádist, oc var henni dreckt í torfgröf nærri Bessastödum. Þá hlióp þruma inní lopthúsit í Brædratúngu, er Gísli lögmadr Hákonarson hafdi smída látit, oc braut hyrdslr, oc giördi skada til L hundrada. Þat þótti mönnum þá undarlegt at hún kom hverki nærri krúsum nè gleri, enn spillti öllu því er málmkyniad var oc sterkast. Jón hèt madr oc var Ormsson, hann hafdi verit í Vestmannaeyum, þá er Tyrkiar herjudu þángat, hafdi hann tekit þat bragd, at hann lagdi sig nidr medal hinna daudu, oc þvodi sèr oc vellti í blódi þeirra; ræníngiar stúngu vid hönum spiótunum tvisvar, oc vissu ei annat enn hann væri daudr; enn er hann hafdi legit lengi, oc ætladi þeir mundu á brottu, reis hann upp; þeir sáu hann, enn hann tók á rás, oc þeir eptir, komst hann fyrir björg ofann, oc slapp. Jón þessi stal, oc fannst fólinn, vildu þá þeir er fundu taka hann, enn er þeir komu at hönum, þreif hann kníf, oc skar skinnid á barka sèr, fleigdi sèr svo nidr upp í lopt, oc lèt korra í sèr, enn blód rann um hann allann úr áverkanum, því hann var ei all-lítill; þeim vard bilt vid, oc ægdi, oc gengu frá allir, nema einn, hann sá at þat var prettr, oc herdti upp hina, var Jón tekinn oc dæmdr í Bólstadahlíd, sídann tók hann sacrament-

um, oc bióst vel vid dauda súnum, oc var hengdr undir Svarthamri í Lángadal. Annar þiófr hèt Gísli; hann oc fadir hans Thómas Þorkèlsson stálu í Húnavatns-þíngi, oc var Gísli hyddr oc markadr, sídann dráp Gísli födr sinn oc myrdi hann, nádist sídann, oc var dæmdr oc drepinn á Laugarbrecku-þíngi, oc bióst ádr hid versta vid súnum dauda. Þá brann bær at Hlídskógum í Höfdahverfi, oc mikit fè, enn hiáleiga í Fnióskadal, oc inni forrádakona, oc þat er til var, qvikt oc daudt. Hey brunnu at Glaumbæ svo litlu vard biargat, oc köfnudu XIII kyr, enn hiá Byrni at Skardsá V kyr oc qvíga í heybruna. Arni Gudmundarson Þórdarsonar lögmanns bjó þá at Hredavatni, hann ætladi at sækja egg, oc druknadi af hesti. Hákon son hans bjó sídar at Vatnshorni stóra í Haukadal, oc átti Herdysi laundóttr Biarna at Stadarhóli Pètrssonar Pálssonar. Þá kom út í Grindavík brèf frá hinum herteknu brædrum, Jóni oc Helga, sonum Jóns Gudlaugssonar oc Gudrúnar Jónsdóttr á Járngèrdarstödum. Tók Olafr Egilsson þá at nyu prestskap í Vestmannaeyum, enn brædrasynir hans voru þar prestar eystra synir Jóns prests Egilssonar, er Annálinn reit, oc þó dánir; hefir verit miseldri mikit med þeim Jóni presti oc Olafi presti Egilssonum, enda hefir Olafr prestr gamall verit er hèr var komit. Ejólfr prestr var þá at Lundi í sydra Reykiadal, er fyrri hafdi verit med Helgu eckju Odds biskups; hann var hinn mesti lærari úngra manna. Andadist nú Jón prófastr Gudmundarson í Hytardal, oc tók Þórdr prestr son hans vid stadnum, oc var höfdíngi, hann fèck sídar Helgu dóttr Arna lögmanns Oddssonar at Leirá oc Þórdysar Jónsdóttr, fèck hann at erfdum Hól, enn keypti Saudafell, Hiörtsey oc margar jardir adrar; enn Helgu var gefinn Leirá at heimann, voru börn þeirra Jón, oc Þorsteinn at Skardi, oc Gudrídr, er átti meistari Jón Vígfússon.

LXXVI Cap. Höfudsmanna skipti.

Holgeir Rósenkrans, er verit hafdi höfudsmadr, hafdi þá fengit Gotland til forráda, enn kom út nyr höfudsmadr Pros Mundt af Birkisvolli, Norrænn madr göfugr, oc med hönum koúngsbrèf, um fódranaut oc kúgilda þúnga á Skálhollts jördum, oc umqvörtun alþídu er þar fylgdi med, um útarman fólksins oc rírnun konúngs-

skatta; var med því sveigt at Gísla biskupi, oc svo fleiru ödru; því þá var óvild mikil med sonum Odds biskups, oc sonum Gísla Hákonarsonar. Annat brèf var um Baugstadamál, var talat til Arna lögmanni Oddsyni, at hann hefdi vid verit ridinn sátt þeirra Þorláks Gunnarssonar, oc Gissurar Þorkèlssonar, oc meira hlíft Gissuri, enn slegit nidr konúngssök. Hid þridja var um Botnsmál at Arni lögmadr hefdi eigi giört Jóni Hannessyni lög oc rètt um þá jörd. Hafdi svo brugdit vid utannför Vígfúsar Gíslasonar um sumarit fyrir; kom hann nú út aptr, oc var þá málatilbúnadr mikill, oc þó meira móti Arna lögmanni, því Gísli biskup var spaklyndr, oc gaf sig at minna, þó baud hann sig til andsvara á alþíngi, ef nockr vildi ákæra sig í því efni edr ödru, utanlands edr innann, enn sá kom enginn framm er þat giördi. Kom þá oc út verndarbrèf konúngs, at því er sumir segia, gèfit börnum Gísla lögmanns, oc enn brèf um þat at hórdóms sektir skyldi vægia vid þá er eginkonr edr eginnmenn áttu úti Algier hertekit. Dæmdi þá höfudsmadrinn í Baugstadamáli, milli Arna lögmanns oc Vígfúsar Gíslasonar; oc ödru er Svignaskardsmál var kallad, milli Halldórs lögmanns, oc Henriks Erlendssonar, Henrik hafdi selt þá jörd, oc haft margfaldt brjál annad. Sídann fór höfudsmadr utann at því sinni, oc lèt eptir Jens Söfrensson umbodsmann sinn. Eitt konúngsbrèf var um fálka hvíta, er konúngr vildi fá. Þá kom einnin út brèf Benedicts Pálssonar, er hann hafdi sendt til Hamborgar, at hann bad leysa sig med *X* hundrudum dala, oc at hann fengi þarmed CCCC dala til tæripeníngs. Lèt þá Jón Sigurdarson VI manna dóm gánga, hinn *XX*ta oc annann Júlii, at Sveinstödum í Vatnsdal, at bón Þorláks Pálssonar bródr hans, oc dæmdist þeim brædrum Þorláki oc Páli á Márstödum, at verja eignum Benedicts hönum til lausnar, med rádi Þorláks biskups Skúlasonar oc Magnúsar bónda Biarnarsonar, oc þat giördu þeir, oc sendu hönum peníngana ári sídar. Klerkar voru þann tíd miög affluttir, oc misti Einar prestskap vestra, fyrir logna vitnisburdi um sóknarmenn sína oc fleiri sakir; hann var son Gudmundar prests Jónssonar prests í Gufudal Þorleifssonar í Þyckvaskógi; enn Jón prestr Bergsson í Landeyum misti fyrir hórdóm, fèck hann þó aptr fyrir beidni sóknarmanna frekliga.

LXXVII Cap. Frá Arngrími presti lærda.

Arngrímr prestr Jónsson hinn lærdi hèldt Melstad alla stund medann hann lifdi, enn stundum hafdi hann Miklabæ, oc var prófastr lengi, oc officialis; hönum hafdi konúngr um þat bodit, at safna samann skinnbókum fornum, oc senda Nicolási Krag sagnameistara konúngs, þvíat flesta hluti setti Kristián konúngr fiórdi á stofn; þat giördi hann, oc sneri sumum á látinu, oc tók fyrir afgiöld af Hallbiarnareyri; hann ritadi oc samdi margar bækr; oc fyrst á dögum Gudbrands biskups: útmálan sannarlegs yfirvalds, ágrip um Island, Davids sálm XCIta, yfirskodan Blefkens, er lastadi úr hófi Island; forsvar fóstrlands síns, krossqvedjur Bernhardi, krossgaungr Hammers, apotriben Calumniæ, litlu biblíu, Crymogæu edr ágrip um alla hina hellstu tilburdi á Islandi, hellst í fornri öld, enn á dögum Þorláks biskups skrádi hann: æfi Gudbrands biskups, sagna tilraun oc landskipun á Islandi, Sálma nockra íslendska, hversdags-spegil sálarinnar, brèf til lærdra manna, enkum Stephaniuss oc Worms; Agrip Noregs sögu; Hróa-sögu hins heimska á látinu; um hliódstafa skipti oc rúnir, oc Logogryphum; hann sneri Jómsvikínga sögu á látinu, tók úr Liliu Eysteins þat er páfatrú var í, enn aflagadi nockud vid þat skáldskapinn, því þat var eigi hönum ætlandi, eda nockrum ödrum er þá var uppi, at breyta þarum, oc láta koma annat jafnvel orkt í stadinn; hann qvad oc Arnar rímr, oc ritadi um arf Testamentislaust, oc Grænlands sögu á látínu; hann samdi hana siálfr, enn sídann var hún lögd út á adrar túngr af ödrum, enn ecki kann eg at segia med sannindum á hverri tíd þetta var ritit eda hitt. Þat er enn gáta sumra manna at hann hafi dyktat Refs-sögu. A þessum missirum er nú voru talinn gèck Jón Sigurdarson í Einarsnesi at eiga Helgu dóttr Jóns prófasts Gudmundarsonar í Hytardal, enn þá var Sigurdr son hans frumvaxta.

LXXVIII Cap. Imislegt.

Annar vetr þareptir var gódr, oc hlutasamt sydra oc vestra; þá 1635
druknudu XIV menn af tólfæríngi í Vestmannaeyum, enn þrír eda fleiri á Vatnsleysu-strönd; vedrátt var þann vetr best í uppsveit-

um; enn þó felldu menn penínga, því at miög voru lítil heyinn; var þá enn húngr oc hallæri, enn bættist þó af hlutatekjum góðum. Var daggasamt um vorit, oc framm yfir hvítasunnu, oc spillt-ist af því fiskr mestr allr, svo þá var kallad melltínga vor, enn grasár giördi þá, oc nytíngu góda. Oöld var mikil af þiófnadi, voru tveir menn hengdir í Gullbríngu-syslu fyrir stuld, oc var þá Jens Söfrensson umbodsmadr á Bessastödum, enn drengr XVIII vetra var hengdr í Eyafyrdi; þar átti Hallr Biarnason í Mödrufelli í málum vid Jón Teitsson; kona var hengd í Snæfells syslu, önnr hydd oc mörkud; enn í Ölvesi voru stórþiófar á Nesjum í Grafníngi, oc var einn hengdr; fleiri voru slík ótídindi; madr vard at bana födr sínum í Eyafyrdi í áflogum, annar myrdi barn sitt undir jökli, oc kona í Dala-syslu, henni var dreckt. Nautadaudi var brádr oc næmr miög á Fjalli á Skeydum, enn Biörn at Skardsá segir hann yrdi ári sídar; brunnu oc bæir; einn í Vopnafyrdi, oc VI börn inni, oc kona þúngud; menn druknudu, oc ei all-fáir, oc voru hrakfarir á skipum. Jón Sigurdarson lèt þá dóm gánga í Bólstadahlíd um arfsal hinn XXIVda dag Aprílis, enn Jón Magnússon um ótyundad fè þess er átti eptir sig VII hundrud; þá var oc dæmt at hreppstjórar setji nidr eptir vild sinni, oc um ómagaflutníng sídar á alþíngi, sem enn mun greint, ódals uppbod, tyund bús-afleifa, oc ótyundad fè fátæks manns, einnin um undanfæri undann áburdi óærlegs manns. Arni Oddsson lögmadr hafdi þá Borgarfiardar-syslu, oc lèt dæma at Bæ, um fódrpeníng þann er skilad er heim at midjum vetri, þó full fúlga væri fyrirkominn. Þá þóttust menn siá orm edr ófreskju optsinnis í milli Oddgeirshóla oc Arnarbælis í Hvítá.

LXXIX Cap. Fráfall Jóns Sigurdarsonar, oc annara.

Hinn XXVIta dag Maii mánadar, andadist Jón Sigurdarson á Reinistad, er fyrri var lögmadr, var hann sjötugr at aldri, oc hafdi haldit Reinistad III vetr hins IVda tugar, enn XIII ár var hann lögmadr, oc hèldt syslr alla æfi; hann hèldt Stapa umbod oc syslu í III ár med Reinistadar klaustri oc Skagafiardar-syslu; var þá landfarsótt med taki, oc dóu margir menn aldradir. Jón Sigurdarson, er átti Kristnes, dó þá, oc gèck einnin hettusótt; andadist

margt stórmenni, oc mest í Vestfiördum; þar kom út bóla, oc var ei miög mannskæd, sem sú er þá hafdi verit fyrir XIX árum, andadist úr henni Magnús bóndi á Reykhólum son Ara í Ögri, hann átti Þórunni dóttr Jóns Vígfússonar á Galltalæk, er köllud var hinn ríka, oc fyrri hafdi átta Sigurdr son Odds biskups, er druknadi; Sigurdr var son þeirra, er sídann bjó at Skútustödum vid Myvatn, oc Ragnheidr dóttir, er átti Biörn son Páls Gudbrandssonar; af þeirri bólu deidi einnin Magnús á Hóli í Bolúngarvík Sæmundarson, Arnasonar, Gíslasonar, hann átti Sigrídi Þorleifsdóttr frá Búdardal, systr Benedicts oc Odds. Arni prestr í Vallanesi Þorvardsson Magnússonar andadist þá, oc fèck þann stad Eyríkr prestr Kètilsson, er fyrri er gètit. Gísli hèt prestr oc var Þorvardsson, hann misti prestskap fyrir þat hann las ei helgunar ord yfir braudi oc víni á páskadegi.

LXXX Cap. Alþíngisgiördir oc fleira.

Þat sumar kom út Pros Mundt höfudsmadr, oc ályktadi á alþíngi um arf Gudbrands biskups, eda hvad barnabörn hans skyldu medtaka, medann dætr hans lifdu tvær; oc er margir vildu braut fara af þíngi, baud hann opinberlega, at þíng skyldi standa þartil er málum væri lokit, oc baudst til at lidsinna þeim mönnum öllum til rèttinda, er undir hans dómi vildu eiga; enn adrir qvádu eigi fært at bída svo lengi fyrir hallæri því er þá var; segir sumstadar þat hafi verit sumarit eptir Hvítavetr, oc fær þat ei stadist; annarstadar at verit hafi annar sumar, oc er nockru líkara, enn vèr látum þat vera hid þridja, þartil er annad fæst med sönnu; þar lèt Halldór lögmadr dóm gánga hinn XXXta Júnii, med Sigurdi Markússyni frá Hèradsdal, Bergþóri Sæmundarsyni Kárssonar, Steindóri Finnssyni á Ingialdshóli, Olafi Jónssyni, Eggerti Jónssyni Magnússonar, er sídar bjó at Ökrum, oc Pètri Einarssyni á Ballará, um fylgdarleysi á Biörgu Olafsdóttr, er fórst milli bæa XIII vetra; var manninum, sem hún fór frá, dæmd VI marka sekt eda refsíng; einnin at þarflausir aurar, líntjöld, óbrúkanlegt qvennsilfr, oc slíkt, falli til þridjunga í ómaga framfæri; engum meinist hiónaband fyrir fátæktar einnar sakir, oc at hreppar erfi flöckumenn,

oc taki fyrst af fè þeirra fyrir tillög sín, undann ödrum skuldum. Arni lögmadr var annarsvegar fyrir dóminum, oc med hönum Jón Vígfússon frá Kalastödum, Thómas Einarsson, Jón Þorkèllsson, Claus Ejólfsson Egilssonar, oc Torfi Erlendsson, bródir Henriks, sá er sídann var syslumadr. Þeir dæmdu oc um deilr Jóns Kolbeinssonar í Lóni, oc Jasonar West, hann var enskr, oc voru ímsar greinir med þeim; þar voru med Arna lögmanni dómsmenn, Claus Ejólfsson, Olafr Helgason, Bárdr son Gísla Didrikssonar Þorsteinssonar Sighvatssonar, hann giördist lagamadr gódr, oc var fadir Þórdar prests sem samdi bænirnar, Sveinn Rúnólfsson, Indridi Jónsson, oc Gísli Brynjúlfsson Jónssonar Eyríkssonar Torfasonar í Klofa. Enn med Halldóri, Sigurdr Markússon, Eggert Jónsson, Steindór Finnsson, Gudmundr Jónsson, Vígfús Olafsson, oc Biarni Hrólfsson úr Skagafyrdi; enn lètu lögmenn dóm gánga hinn IIIda Júlii, um margar sakargiptir oc íllar er Magnús Arason á Reykhólum hafdi borit á Einar prest Gudmundarson, logna vitnisburdi, flækíngu manna vid fiölkíngi oc annad fleira. Þar voru dómsmenn med Arna, Ormr Vígfússon í Eyum, Jón Vígfússon bródir hans, Erlendr Asmundarson á Hvoli, Þorsteinn Magnússon, Snorri Asgeirsson Hákonarsonar, hann bjó at Varmalæk, oc var fadir Gunnlaugs prests, er sídar var á Stad á Reykjanesi, Jón Þorkèllsson; oc med Halldóri, Sigurdr Hrólfsson syslumadr, Rúnólfr Sigurdarson frá Einarsnesi, Nicolás Einarsson Nicolássonar Þorsteinssonar, hann bjó at Hèdinshöfda nordr oc átti miög mikit afqvæmi í Þíngeyarþíngi, Bergþór Sæmundarson Kárssonar, Pètr Einarsson á Ballará; vard ei útkliád um þat mál, því Halldór lögmadr þíngadi um þat seinna á Berufyrdi, enn sídarst kom þat undir XXIIII manna dóm á alþíngi. Þar var ályktat at flytjandi eyri einn mætti í skatt gialda, því Jón Magnússon spurdi hvert rètt væri goldit at vísa í hey eda skóg, hygg eg hann byggi þá í Haga á Bardaströnd. Margt kom þar annad fyrir. Þar var lyst útlegd Jóns Gudmundarsonar lærda, oc Eyríks Sigurdarsonar, er fargat hafdi barni sínu vestra; upp var lesit konúngsbrèf til höfudsmannsins, er í var bodit at selja á burtu af jördunum öll þau kúgildi er fleiri voru, enn at fornu höfdu verit. Eptir því spurdi höfudsmadrinn í lögrèttu, enn fèck eigi svar af alþídunni; þá mælti Vígfús Gíslason, oc qvadst hafa sendt utann á því hausti er nærst leid, skilríki fyrir því med nordann skipum, at á dómkyrki-

unnar jördum í Arness syslu væri fleiri kúgildi, enn jardabókinn hèldi. Þau voru þar lesinn upp, oc var biskup bedinn at gèfa þar svar til; lagdi þá Gísli biskup þegar framm nockra vitnisburdi stóls landseta, er þat sögdu, at þó þeir hefdi nú fleiri kúgildi med höndum enn innstædu jardanna, væri þat í þörf siálfra þeirra, oc ei lètust þeir fá svo mörg sem þeir vildu; fyrir þá sök at þeir hefdi mist málnytu sína í hardindum þeim er þá höfdu verit. Annad konúngsbrèf var um rekann á Þorlákshafnarskeydi, millum Gísla biskups Oddssonar vegna Skálholltskyrkju, oc Vígfúsar Gíslasonar vegna Hrauns í Ölvesi, er þá átti frú Gudrún Jónsdóttir módir hans, samdist þat mál svo fyrir medalgaungu höfudsmannsins, at á tilteknu rúmi á skeydinu skyldi dómkyrkiann eignast öll trè VI álna oc lengri, enn Hraun þau er styttri væri; ecki urdu þeir Arni lögmadr oc Vígfús Gíslason sættir. Hid þridja konúngsbrèf var um biblíu prentun þá, er Þorlákr biskup Skúlason hafdi fyrir hendi; hann lagdi hana út eptir hinni dönsku útleggíngu Resenii biskups í Siálandi, oc hafdi mikinn kostnad fyrir at prenta; baud konúngr at af hverri kyrkiu skyldi gèfast dalr, oc at lènsmenn, fógetar oc kyrkiuhaldarar, styrktu þar til at greiddist; þó gèck þat erfidlega. Þarí var oc prentaranum veitt Gnúpufell til uppheldis. Lèt Þorlákr biskup prenta ordinantiuna þessi missiri. Hid fiórda konúngsbrèf var um barnalærdóm, at klerkar fylgi hönum fast, oc lesi nockud upp af hönum, á sunnudögum eptir predikun, kalli einninn börninn fyrir sig, oc yfirheyri, enn sæti ákæru, ef eru hyrdulausir; einnin at prófastar ámynni presta, enn svari sök ella. Hid fimta var um at prestar haldi engum frá sacramenti þó brotlegir sèu, oc fèlitlir til at svara sektum fyrir hórdóma oc þvílík brot, ef þeir syndu þó ydrunarmerki; þar í var bannad hardlega, at lènsmenn eda fógetar keyptu ódöl, eda at bændr gæfi þeim jardir oc jardarparta, til málafylgis, oc leiddi þat á sumann hátt af frammferdum Olafs Pètrssonar á landi hèr. Hid VIta var um þat, er konúngr gaf CC dali til ritníngar prentverks, oc fleira er höfudsmanninum var umbodit. Hid VIIda um konr er drepa börn sín; áttunda um fódra naut; eptir þat fór höfudsmadrinu utann. Miög bar í milli Þorláki biskupi oc erfíngium Gudbrands biskups ödrum, um Hóla prentverk; hann vildi þat fylgdi dómkyrkiunni af því, at Gudbrandr biskup hafdi svo

atqvedit at vera skyldi vid Hóla, ef Páll fengi ei medfarit, oc hafdi Þorlákr biskup fengit konúngs stadfestíngu uppá sinn frammburd; enn þeim þótti Páli ánafnad, ef hann hefdi tilendst, oc þá einnin ödrum erfíngium Gudbrands biskups, oc eldi af þessu lengi. Fèck nú Gudmundr Hákonarson á Þíngeyrum Húnavatns-syslu aptr, eptir Jón Sigurdarson, oc lèt dóm gánga at Sveinstödum í Vatnsdal, at forlagi Þórarins prests Olafssonar at Bægisá, um ómaga framfæri, hinn XVda dag Júlii, oc svo vídar um hid sama, þadann af. Þat haust á Marteinsmessu, andadist Sigurdr Hrólfsson á Vídimyri, vel oc gudrækilega, er hann var þrem vetrum betr enn sextugr, oc hafdi haldit Þíngeyar þíng med Þorbergi bródr sínum í XXX ár, enn Hrólfr son Sigurdar hafdi sídann syslu med Þorbergi. Þá var Einar prestr Gudmundarson at Stad á Reykianesi, er mist hafdi prestskap, rekinn frá stadnum, því hann vildi ei afláta, oc giördi þat höfudsmadrinn ádr hann fór; má ætla mikit hæft í um sakir hans; hann hefir skrásett um álfa oc bergbúa, oc nockra hluti adra. Þá dó Ejólfr prestr Arnþórsson í Gördum, med hans dóttr Gróu hafdi Gísli biskup Oddsson átt launbarn fyrrum, oc dó þat.

LXXXI Cap. Tilburdir oc mannalát.

1636 Vetrinn eptir var hardr austr frá med sniórum oc ísalögum, enn heyfaung biörgudu mönnum; vedrátta var þá miög óstödug, oc hardt vorit. Stelpa ein er vaka átti í fiósi á bæ nockrum í Borgarfyrdi, hlióp frá liósinu, oc brenndi fiósit med nautum öllum. Þá rak undann hinn XXta oc annan dag Janúarii, bát Gudrúnar á Járngerdarstödum, med VI mönnum, fyrir nordann-vedri, oc tyndust þeir, enn nockut rak upp á Reykjanes. Af þremr skipum tyndust menn undir jökli, enn XIII menn á tyæríngi í Vestmannaeyum; þar tyndust alls þriú skip, oc hálfr fimti tugr manna. Voru formenn Oddr son Pètrs Lists norræns manns, oc Biarni Valdason, þeir höfdu frelsast frá Tyrkjum þá er þeir rændu eyarnar. Oddr hafdi lengi verit formadr oc fengisæll, oc þeir bádir, hafdi Oddr, fyrir tveim vetrum, furdulega komist úr siáfarháska, oc fengit þar lendíngu í sandi, er holurd var eptir oc ádr; hafdi hann þá heitit fyrir sèr at láta af formennsku, enn þat vard ecki.

Menn druknudu af sexæríngi á Midnesi, enn V oc kona úr Dölum í Skagafyrdi á ísi, er oflódu sig at seladrápi, hèt Rafn formadr. Gudmundr Eyríksson druknadi í Gaunguskardsárgili, enn vestra Eggert Sæmundarson Arnasonar Gíslasonar, med V mönnum, hann bjó at Sæbóli á Ingialdssandi. Fleiri menn tyndust í sió oc vötnum einstakir. Þá gèck bóla, oc dó margt manna, ocsvo úr landfarsótt, voru grafnir XC menn at Hvalnesi, enn LXXX annars hundrads at Utskálum. Vidarreki var mikill undir Eyafiöllum. A þessum missirum var borinn Þormódr son Torfa Erlendssonar, er sídar vard hinn nafnkunnugasti madr. Þá giördist Erasmus son Páls prests Erasmussonar Villadtsonar prestr í Hólum, enn Jóseph Loptsson Skaptasonar frá Setbergi at Mosfelli, oc dóttrson Odds biskups. Jón son Ara Magnússonar hafdi þegar farit frá skólanum í Skálhollti, er hann spurdi andlát Magnúsar bródr síns at Reykhólum, oc fengit Hólmfrídar dóttr Sigurdar Oddssonar biskups oc Þórunnar ríku, oc tekit stad á Reykianesi er Einar prestr var frásettr, oc haldit eitt ár, enn nú skipti hann um vid Gísla prest í Vatnsfyrdi, er þar hafdi lengi verit, hálfbródr Odds biskups, oc tók Vatnsfiörd, enn Gísli Stad, hafdi Jón prestr prófastsdæmi um Isafiörd oc á Ströndum; enn Sigurdr prestr son Odds biskups, fèck Gudrúnar frá Hytardal, oc hafdi keypt leifi fyrir CC dali, því þau voru þrímenníngar. Um vorit kom upp eldr í Heklu hinn VIIIda dag Maii mánadar, med miklum ædigángi, stodu XIII logar úr fiallinu svo taldir urdu, oc heyrdust dunr, enn myrkr oc dimma austr um allar sveitir, med öskufalli, tók af jörd, enn peníngr dó, oc sumr vard hamstola; giördi þá oc snjó mikinn nyrdra er hærstr var sólargángr, oc dó margt af saudfè, enn jardeldarnir vörudu allt sumarit oc þó lengr. A því vori fór fraum sátt milli Þorláks biskups Skúlasonar oc Þórdar sonar Gísla prests Jónssonar; hafdi Þórdr fallit í barngètnad med Helgu systr Þorláks biskups, oc galdt biskupi full XXX hundrud í rètt sinn, fèck hann Helgu, oc var einn þeirra son Jón prestr at Upsum fadir Þorsteins prests í Saurbæ. Lèt Þorlákr biskup þá prenta Avenarii bænir. Þá gèck dómr á Berufiardar-þíngi, lángr oc margbrotinn, af Halldóri lögmanni Olafssyni, um þrætumál oc stefnr milli Ara Magnússonar í Ögri, er tekit hafdi vid eptir Magnús son sinn, oc Einars prests Gudmundarsonar, oc var þat mál dæmt til alþíngis. Systkin tvö gátu barn samann á Midnesi oc fannst þat grafit, voru

þau líflátinn; kona hafdi oc dreckt barni sínu í Haukadalsí í Dölum, þat fannst, oc sagdi hún qvæntann mann födr at, enn bar hann undann um rád oc vitord á mordinu; var hún dæmd til dauda, oc dreckt, enn manninum siöttar-eydr, hann hèt Jon Pálsson, oc var hönum sídar dæmd á alþíngi hydíng sú er hann mætti mesta bera, enn hann dó ádr hún fór framm. Kona var hengd fyrir þiófnad undir jökli, enn IIII þiófar á sudrlandi, oc mörgum refst. Þá brunnu II bæir í Biskupstúngum, annar hèt Yda hiá Skálhollts hamri, þar brann inni kona Jóns Jónssonar hin fyrri er Borghildr hèt, oc fadir hennar karlægr, oc XXX lömb, enn annat fólk var at messu í Skálhollti. Jón var lögrèttumadr; hann vard sídann yfirbriti í Skálhollti, oc hafdi seinast Hamra umbod; hann var sonarsonr Jóns refs, er var at vígi Didriks van Mynden, enn fadir Biarnar prests í Hrepphólum, Finns at Búrfelli, oc Gudmundar lögrèttumanns at Búrfelli. Bær brann í Alptanesi; annar Gerdi á Akranesi oc VI naut, þridji Glæsibær í Kraklíngahlíd oc L saudfiár; urdu oc adrir brunar smærri. Bödull á Bessastödum, er Jón hèt Steingrímsson, gat barn vid dóttr konu sinnar, þau voru sonarbörn Jacobs kocks, voru þau tekinn af á Kópavogi, enn þat var eptir þíng um sumarit. Fleiri urdu þá stórmæli þau er ecki vitnudust. Þá dæmdi Gudmundr Hákonarson XIII dóma, oc var einn um Þorkèl Pètrsson, er stal fiórum dölum, var hönum dæmt húdlát oc brennimerki, oc at skera af annat eyra. Jón prestr Nicolásson at Hytarnesi druknadi, oc bródir hans med IIIIm mönnum; hann var bródir Engilberts prests á Þíngvelli; oc deidi Biarni prestr á Grenjadarstad Gamlason Hallgrímssonar, var hann miög hníginn at aldri.

LXXXII Cap. Frá herteknum mönnum.

Þat sumar kom út Benedict Pálsson, oc hafdi verit leystr úr höndum Tyrkia med XV hundrudum dala; giördist hann þar eptir rádamadr at Hólum, enn fèck sídar Mödruvalla klaustr, oc var bartskèri gódr, oc at mörgu atgervimadr, oc spaklátr, oc þurfti hann þess alls vid, ádr enn lauk. Brèf kom þá oc frá Jóni Vestmanni syni Jóns prests Þorsteinssonar, er veginn var, utann úr Algier, lángordt miög; þeir hinir herteknu menn höfdu oc ritat

til Kaupmannahafnar; var þat sárleg oc margföld harmaklögun yfir þrældómi þeirra, oc íllgiörnum millifarendum, er eigi bæri brèfinn í rètta stadi, oc yrdi med því tálman á því, at þeir væri leystir út.

LXXXIII Cap. Alþíng; oc frá Pros Mundt.

Pros Mundt höfudsmadr kom út fyrir alþíng, oc er menn voru þar komnir samann, spurdi hann alla bædi andlega oc veraldlega at ímsum hlutum; biskupa spurdi hann eptir hverri ordinantíu þeir dæmdu andleg mál? þeir qvádu þat fara framm eptir ordinantíu Kristiáns konúngs fiórda; þá spurdi hann lögmenn eptir hverri lögbók þeir fóru; þeir sögdu Jónsbók, er Magnús konúngr Hákonarson hefdi útgèfit. Þá spurdi hann um Kristfiárjardir hversu med væri farit, oc bad biskupa svara þar til fyrir Michaels-messu nærstkomandi, enn þeir hètu því. Klaustrhaldara spurdi hann hversu farit hefdi med klaustr-inventaria forn? enn beiddist af biskupum at fá uppskrift eda registr yfir allar óbrúkanlegar kluckr hvar sem fynndist. Af syslumönnum æskti hann tölu á öllum jördum er konúngi væri dæmdar, oc hvad þær væri leigdar, oc hvad þeir tæki í sektir, oc enn fleira; hann baud oc öllum fastlega at gialda rètt laun landþíngskrifaranum; vildi hann mælast undann, oc fèck ecki. Slíkt allt er nú er talit, kom af þeim rógi er Olafr Pètrsson hafdi borit fyrir konúng, því hann rægdi allar stèttir á Islandi, enn hafdi þó skilit vinsamlega vid; komst hann af því í óvild konúngs, oc höfudsmannsins Pros Mundts, oc tók höfudsmadrinn allar jardir hans undir sig, enn hann flídi til Svíþiódar, oc dó þar í fátæki. Konúngsbrèf voru lesinn upp á þíngi þessu; eitt um rètt eda kvádir kyrkna at ei gengi undann; annad um líferni presta ótilbærilegt; þridja um þriá bænadaga; fiórda um fálka, at ei seljist ödrum þiódum; fimta um stefnr fyrir hærsta rètt, oc uppáskriftir lènsmanna. Þar kom til lögmanna úr Húnavatnsþíngi, dómr Gudmundar Hákonarsonar á Þíngeyrum, um hórdómsbrot í annat sinn; var oc dæmt um kaupbod ódalsjarda til nánustu frænda; enn um mál Einars prests Gudmundarsonar í Ögri, útnefndi höfudsmadrinn Pros Mundt XXIV menn í dóm, Jón Magnússon syslumann í Haga, Þorleif Magnússon á Hlídarenda, Jón Sigurdarson í Einarsnesi, Orm Vígfússon í Eyum, Þorberg Hrólfs-

son á Seilu, Biarna Oddsson á Bustarfelli, Vígfús Gíslason í Brædratúngu, Hákon Gíslason bródr hans, Þorstein Magnússon á Þyckvabæ, Erlend Asmundarson á Hvoli, Claus Ejólfsson, Jón Vígfússon bródr Orms, Martein Haldórsson á Alptanesi Marteinssonar biskups, Sigurd Markússon í Hèradsdal, Indrida Jónsson, Torfa Eyríksson á Kèldum Biarnarsonar Þorleifssonar lögmanns, Einar Jónsson, Biörn Gíslason Biarnarsonar, Bárd Gíslason Didrikssonar, Jón Þorkèllsson, Hallgrím í Gröf Gudmundarson Hallgrímssonar, Runólf Sigurdarson frá Einarsnesi, oc Gísla Brynjúlfsson Jónssonar Eyríkssonar frá Klofa. Ein kona var send utann, sú er ecki vildi segia til barnsfadernis síns; eigi vard þat allt greint á því þíngi, oc stefndi höfudsmadrinn til annars þíngs á Kópavogi; þar var talat um Botnsmál, oc var þat sett fyrir konúnginn oc ríkisrád hans; fèck höfudsmadrinn þar komit sáttum á med Arna lögmanni oc Vígfúsi Gíslasyni, med gódra manna styrk, hellst Arna Gíslasonar á Ytrahólmi bródr Henriks, hins merkilegasta manns; sídann reid hann í Skálhollt, oc þadann nordr um land; þar var sett fiórdúngs-þíng at Hofi á Höfdaströnd, oc kom til tals um konu nockra, er alit hafdi barn vid manni sínum, enn hann hafdi fyrri gètit barn vid systr hennar, oc var hún tekinn af ádr þetta þíng var; hann hèt Gudmundr, son Jóns prests í Kaupángi Halldórssonar, enn bródir Halldórs prests á Ferjubacka, oc Snorra smids á Hæríngstödum í Flóa; var hann lágr madr, knálegr, atgervismadr um marga hluti; hann hafdi verit á laun í hèradinu, oc barnat konu sína; vildi Jens Söfrensson fógeti oc fleiri hinir dönsku, at kona Gudmundar yrdi dræp ásamt þeim, því at Danir voru eigi all-mjúkir í þann tíma á meina-málum, enn Þorlákr biskup syndi med röksemdum, oc lærdra manna ritum, at þat var eigi rètt, oc at hún ætti at vera sykn; skaut þá höfudsmadrinn málinu til hins næsta alþíngis; sídann reid hann sudr, oc til Bessastada, oc lèt þar byggia stofu mikla oc marghvolfada; var þar forsmidr Þorleifr á Asum í Köldukinn í Húnavatnsþíngi, son Olafs prests Halldórssonar at Stad í Steingrímsfyrdi; ætladi höfudsmadrinn at vera þar um vetrinn. Hann var haldinn af sumum giafþæginn oc egingiarn, enn var þó ei miög hæft í; enn hinn öruggasti madr var hann, oc rèttsynn, syslunarmadr mikill, oc greidr á at leysa vandrædi, vel viti borinn; minni var hann enn medalmadr á vöxt.

LXXXIV Cap. Syslumanna skipti.

Þá var tekinn Skagafiardar sysla af Halldori lögmanni, oc veitt Benedict syni hans, oc vann hann syslumanns eyd, oc annar Hrólfr son Sigurdar Hrólfssonar, er syslu fèck í Þíngeyarþíngi med Þorbergi födrbródur sínum. Ormr Vígfússon í Eyum hafdi haft hálfa Borgarfiardar syslu, oc lagdi hana þá af, enn Henrik Gíslason Þórdarsonar lögmanns tók aptr; hann bjó at Innrahólmi, enn Arni bródir hans at Ytraholmi sem fyrr segir, oc var læknir gódr; enn Ormr giördist þá rádsmadr Skálhollts stadar. Bardastrandar syslu er Magnús Arnason hafdi haft, fengu þeir bádir Eggert Biarnason at Skardi, oc Magnús son Jóns Magnússonar í Haga; voru þeir brædrúngar bádir vid Magnús Arason, oc unnu bádir eyd sinn.

LXXXV Cap. Andlát Ragnheidar; brèf Gísla biskups.

Eptir vetrnætr batnadi vedrátt, oc giördi hana hina blídustu framm undir jól; þá tók Ragnheidr Pálsdóttir í Hollti, kona Sveins prests Símonarsonar, sótt einn Sunnudag, þat var taksótt, enn hún hafdi haft heimakonu er menn kalla, um tvö ár, sumir nefna ámu eda rós,. hún lá XIII daga, oc andadist hinn XIXda dag Novembris, á föstudag eptir dagsetr, kristiliga, oc hafdi ádr medtekit sacramentum, oc bedit sóknarmenn fyrirgèfníngar; hún var vitr kona oc örlát, höfdíngia-diörf oc skörúngr mikill, oc flest vel gèfit. Gísli biskup Oddson hafdi öndverdliga á því ári ritat brèf, oc endrnyadi þat nú aptr, skömmu fyrir jól, þat var ámynníng til allra syslumanna í Skálhollts biskups dæmi, til at giöra trúliga embættis skyldu sína, oc refsa syndum oc löstum, vanbrúkun helgra daga, Guds orda vanhyrdíngu, agaleysi foreldra oc húsbænda á börnum þeirra oc hjúum, siálfrædi letíngia, vanvyrdu ámynnínga prestanna, oc óhlídni almúgans, opinbera sambúd saurlífismanna, oc umferd umrennínga oc heilbrygdra húsgángsmanna, einnin qvis oc róg bakmálugra oc lygara; oc fyri því at þeir sèu settir af Gudi til fóstrfedra safnadarins í veraldlegum efnum, bad hann þá stunda í embætti sínu dyrd Guds,

gagn safnadarins, oc siálfra þeirra sæmd oc sáluhjálp. Annad ámynníngarbrèf ritadi hann öllum hreppstiórnarmönnum í Skálhollts biskupsdæmi, oc hellst sunnanlands; at þeir skyldu fylgia framm Guds ordi í sveitunum ásamt prestum, oc siá vel til at kristiligr agi oc umvandan sè í hveriu húsi, enn ámynna umvöndunarlausa foreldra oc húsbændr, at halda strákum oc stelpum til vinnu, oc spara þeim ei hrís edr aga. Hann bad þá oc sjá vel um, at lasit oc gamalt fólk er gudhrædt var, hrektist ekki á vetrum í hardindum, oc svo um frómar eckiur oc födrlaus börn; þar taladi hann mest um agaleysi þat hit mikla er í landinu var, oc lengi hefir haldist, gat oc þess at nockrir færi med fiölkyngi, þó lèt hann þat ei miög almennt heita. Voru þau brèf þannin ordud, at liósloga má af þeim siá, at margt hefir gengit til miög óskipulega, oc ei sídst eptir hardindi þau hin miklu er hófust med Hvítavetri; oc í annan stad gódgyrni oc röggsemi Gísla biskups; oc eru þau saminn med alvörugèfni oc mælsku, því Gísli biskup var mælskumadr hinn mesti, oc vel at sèr um marga hluti, oc þar med náttúru-fródr. Um haustit oc vetrinn var nautadaudi á Fialli, jördu Skálhollts stadar, oc þar umhverfis. Þann vetr sat Pros Mundt höfudsmadr at Bessastödum. Þá var tekin til skólameistara, i Skálhollti Ketill Jörundarson, er fyrri hefir verit at gódu gètit, hann var ádr heyrari eda locator, enn er hann
1637 hafdi III mánudi at verit, vard hann at sleppa því vid Biörn Snæbiarnarson Torfasonar, því at hann hafdi þat eitt umframm at hann var baccalaureus, oc tók Kètill heyrara embættit aptr.

LXXXVI Cap. Imislegt.

Svo hafa sumir sagt at vetr sá hafi verit fiúksamr oc áfredamikill vída; þá urdu tveir skipatapar í Höfnum sudr, tyndist áttæríngr oc tyæríngr oc á XIX menn, hètu formenn Bárdr Ejólfsson oc Otti Þorkelsson; oc áttæríngr í Lambastadaröst med *IX* mönnum, hèt Ormr Jónsson formadr, hann átti hálft skipit, enn Danir hálft, oc ófhlód hann þat af vöru; *XI* menn tyndust frá Hvaleyri á Stafnesi, oc enn áttæríngr, oc voru á þeim skipum, oc þeim er talinn eru auk hinna fyrstu *XIX*, átta menn hins IVda tugar; tyndist eitt í Vestmannaeyum, oc þriú undir jökli; fleiri manntapar

urdu á einstökum mönnum. Gudmundr Jónsson hinn seki madr hafdi nu dvalist hèr oc hvar um III vetr, oc seinast vid tjald mosalitad á Myvatns öræfum; þar lètu syslumenn í þíngeyarþíngi taka hann, Þorbergr oc Hrólfr, oc sendu hann Magnúsi Biarnasyni á Múnkaþverá, enn Magnús sendi þegar eptir Bessastada bödli, hann kom, oc hjó hann; hafdi Gudmundr búit ádr í Eyafyrdi, oc eru þar menn frá hönum komnir. Magnús Biarnarson var í þann tíma ríkr oc audugr; hann átti mál vid bónda einn audgann at Uppsölum er Kolbeinn hèt, oc hafdi at lyktum fè hans allt; þat var útaf Kristnesi. Þess er gètit um Magnús, at hann hitti einhvern tíma í kaupstad Þorvald Rögnvaldsson á Saudanesi, oc bad hann qveda nockud; hugdu menn Þorvald eigi vilja hönum vel, fyrir brennu Jóns bródr síns. Þorvaldr qvadst eigi þá qveda meiga, nema hann hefdi úngmenni nockrt skáldmælt fyrir sèr; syslumadr qvadst ei vita hvar þá væri at fá, enn Þorvaldr segir at þat var Biörn sonr hans, því hann var med hönum; oc er svo sagt, at hann hafi stadit fyrir Þorvaldi á medann hann qvad; enn svo mjög var trúat áqvædum Þorvaldar, at þat var dregit samann vid hitt, at Biörn vard eigi hamíngjusterkr, oc gèck margt erfidlega. Gísli son Magnúsar var þá í Hólaskóla til læríngar, enn fyrri hafdi hann verit med Gísla presti Jónssyni at Hrafnagili, oc sídann med Katli syni Jörundar Hálfdánarsonar, í Skálhollti, er þar var heyrari í þennan tíma.

LXXXVII Cap. Frá höfdíngium oc þínghaldi.

Þessi missiri dæmdi Þorlákr biskup Skúlason um aflausn framda af Þórarni presti Olafssyni at Bægisá, oc um hjónaband. Þá sat Pros Mundt höfudsmadr á Bessastödum framm at þíngi, oc veitti mörgum fátækum mönnum ölmusugiafir; þar var med hönum Benedict Pálsson bartskèri. A alþíngi var gètit hörkulags þess hins þúnga oc almennilega, er á Múlasyslu hefdi legit nockr ár samfleitt, svo hestar hafi ei fengist færir til þíngreidar fyrir fulla leigu, enn snió oc íslög hafi ei tekit af fyrri enn í IXdu víku sumars, oc þó ecki gródr komit fyrri enn um Jónsmessu. Þar var dæmt um áburd ærlegs manns á óærlegann, oc margir dómar adrir.

Einar Kolbeinsson er mist hafdi prestskap, var dæmdr at svara skatti oc skattshaldi um III ár, hann var í Þórness-þíngi, oc hinn mesti deilumadr; veit eg ei hvert hann var bródir Jóns í Lóni. Lètu lögmenn gánga dóm í milli Jóns Kolbeinssonar í Lóni oc Jasonar Wests hins enska, oc svo Jóns Olafssonar er þá var syslumadr konúngs í Stapasyslu, því þessir komu allir í mál samann; enn at siá sem Lauritz Hansson, danskr syslumadr, hafi verit þar ádr nockra hríd; voru þeir dómsmenn í þessum málum, Gísli Bryniúlfsson austann, Sveinn Rúnólfsson, Einar Magnússon, Rafn Jónssón, Einar Jónsson, Halldór Jónsson; enn at nordann oc vestann Arni oc Jón Teitssynir Biarnarsonar, Eggert Jónsson Magnússonar, Sigurdr Markússon, Rúnólfr Sigurdarson frá Einarsnesi, oc Arni son Dada Arnasonar Oddssonar, hann bjó at Asgeirsá. Kom nú framm konúngsbrèfit um Jón Gudmundarson lærda, at mál hans kæmi at nyu til Islendskra laga; enn annat um Gudmund son hans, at einnin skyldi ransakast hans mál, oc var Gudmundi dæmdr aptr prestskaprinn; enn mál Jóns átti höfudsmadrinn at skoda oc biskupar bádir, útnefndu þeir þá helmíngadóm, oc svo lögmennirnir med XII mönnum hverir; oc játadi Jón þar sem fyrri, at hann hefdi ritad bók þá er á voru lækníngar, rúnir oc gudfrædi; var bókinn þá lögd framm, oc voru í XXX capitular, oc stafr nockr ókènnilegr yfir hverium, ritníngargrein oc bæn stutt; enn þetta var hid hellsta innihaldit: vörn í móti bruna, blódláti, lauslæti, ædi, vopnum, illum öndum, raungum dómum, freystíngum Satans; vígi á móti óvinum, oc hatri annara; vörn í móti reidi; at skelfa óvini sína; lausn þúngadra qvenna, vers í móti falli, móti skipbroti, eldsbáli, þiófnadi, vatnagángi oc flódum, flogum á mönnum oc dyrum, ofsjónum oc þrumum. Til sigrsældar í orustu; at deyfa eggiar; nöfn fíngra Christs; refastefna. Vörn í móti eldi, vatni oc vopnum ef trúinn dugir; sigrsældar-blessan at morgni dags, móti vedrum á sjó, móti sjódraugum; stafir í móti mædris syki, lífsyki, hósta oc fleiru; oc svo nockud imisligt; enn þó þar stædi ei í um drauga vakníngar, er menn trúdu, edr annad er til áreitínga horfdi, má hann þó um slíkt rædt hafa vid lærisveina sína, oc er likast þat hafi hlíft hönum, er þesshàttar vard ei á hann borit, enda ei þá enn gengit jafnríkt eptir slíku almennt, sem seinna vard. Enn svo miög hafdi Jón breidt út slíka lærdóma um allt land, at hverr madr var haldinn fara med nockrs hàttar

galdr, at XX vetra fresti, oc vard af því svo mikill ótti oc ófögnudr, at þat voru haldnir giörníngar, ef hestr heltist, eda kú barst á, eda yrdi manni íllt snögglega, í hendi edr fæti, edr auga, edr med ödrum hætti. Enda var oc líkr trúnadr í ödrum löndum í þann tima. Var nú enn Jón dæmdr útlægr, enn med því at Danir vildu ei flytia hann, hverki höfudsmadrinn nè adrir, enn enskir máttu ei at landi koma, oc Islendíngar áttu enginn skip siálfir, þá vard hann í landinu, oc rakst um kríng, oc austr í Papey. Konúngsbrèf var þá enn byrt um jardir þær, er gengit hefdi fyrir umhyggiuleysi undann kyrkium, oc svo lausafè, at sæktist eptir Jónsbók. Annat til biskupa beggia, at þeir fylgdi framm ölmusu-giöfum til hinna herteknu manna í Barbaria. Þridja til alþídu, at legdi fè til lausnar þeim. Fjórda um kyrknafè er þeim skyldi leggia; oc svo eitt um þá menn er eigi vildu heyra stefnr, at þá skyldi hrópa upp á hèrads þíngi, þar sem stefnann var lesinn. Hafdi Kristján konúngr fiórdi sendt fè mikit, oc leyst XXXVI menn frá Tyrkium, Islendínga oc Færeyínga, komu þetta sumar út XIII íslendskir, oc var eitt kona Olafs prests Egilssonar. At þínglausnum baud höfudsmadrinn brèfliga, at giöra öllum rètt af málum sínum; þareptir bad hann um vitnisburdi, hversu hagad hefdi sinni stiórn, oc fèck hann þá sem kiósa mundi, oc beiddust allir af konúngi at meiga nióta hans forsiár. Vid þat fór hann utann. Enn Jens Söfrensen umbodsmadr hafdi verit vidstaddr í Eyafyrdi þá er Gudmundr Jonsson var tekinn af, oc fór hann um Nordrland, oc tók ámóti giöfum þar sem budust; sídann reid hann í Þíngeyarþíng nordr, oc fylgdi Þorbergr Hrólfsson hönum at Ærlæk í Exarfyrdi, enn hann reid í Vopnafiörd, oc fór þar utan um haustit. Þá tók Gudmundr son Biarna prests Gamlasonar Grenjadarstad eptir födr sinn. Halldór lögmadr tók briósterfidi mikit oc blód-uppgáng skömmu eptir alþíng, oc lagdist miög svo í reckiu; var þá þurka sumar mikit eptir þíngit. Þat hafdi verit ályktad í lögrèttu, um giafir þær til hertekinna manna, er konúngr baud biskupum at gánga eptir, oc senda sídann til kaupmanna, at vera skyldi fiskr af hveriu tyundar hundradi uppí landi í sveitunum; enn tyund af lausafè var þá miög lítil, eptir svo mikil hardindi sem verit höfdu; enn eins dags hlutr skyldi vera af skipi hveriu, þá best fiskadist, oc afhendast kaupmönnum í hverium kaupstad á komanda ári. Um þat efni hèldt Þorlákr

biskup sídann presta stefnu á Flugumyri, til at taka samann þat sem leggiast mætti af kyrkna inventariis, oc peníngum oc inntektum kyrkna jarda. Voru peníngarnir sendir utann um sumarit eptir, med tillagi alþídunnar; en þat dugdi mest er konúngr hafdi gefit til lausnar þeim er út komu, enda höfdu sumir dáit í Algier, enn sumir kastat trúnni, oc vildu ei aptr koma, enn flestir ordnir nockut blendnir eda gleimnir um kristindóm er þeir komu til Danmarkar; þurfti at fá íslendskann mann til at telia um fyrir því er íslendskt var, oc giördi þat Hallgrímr son Pètrs hríngiara Gudmundarsonar, hafdi hann komist í skóla á Hólum enn mist hans, enn fengit aptr skóla utanlands med fylgi meistara Brynjúlfs Sveinssonar, oc þar var hann fenginn til þessa, komst hann þá í kunnleik vid eina konu af því fólki, Gudrídi Símonardóttr úr Vestmannaeyum, oc fèck hennar seinna.

LXXXVIII Cap. Mannalát; bísn í Audbrecku.

Illhugi Jónsson frá Einarsstödum Illhugasonar prests Gudmundarsonar, var þá rádsmadr at Hólum, hann atti Halldóru Skúladóttr systr Þorláks biskups; bió hann at Vidvík oc hafdi bú at Urdum; hann hafdi oc Vatnsdalsjardir, oc fyri því átti hann annad bú at Asi í Vatnsdal. Hann andadist snögglega hinn Xda dag Augusti mánadar, er hann var skamt kominn úr Hofsós, þar sem sídann heitir Illhugalág fyrir sunnan kaupstadinn; eru ættir frá þeim Haldóru, son þeirra var Þorsteinn skólameistari oc sídann prestr at Völlum í Svarfadardal, oc annar Jón á Urdum, fadir Illhuga oc þeirra brædra, födr Skúla prests, födr Thómásar prests. Skúli hèt hinn þridji, oc dætr margar, ein var Malmfrídr, módir Helgu, módr Jóns í Grenivík. Þat bar enn til um haustid, at Jón son Þorvalds Olafssonar í Audbrecku, reid til Bustarfells austr, oc bad dóttr Biarna Oddsonar; Biarni var heima oc tók hönum vel, oc veitti hönum vel oc mönnum hans; sídan bar Jón upp málinn, oc tók Biarni því vel, oc gaf hönum handskrift sína; var þá settr tími at Jón skyldi aptr koma at Mickaelsmessu, oc mætti þá framar giörast at, eptir ordinantiunni. Reid Jón þá heim til foreldra sinna, oc beid áqvedins tíma, enn sídann reid hann austr. Biörn bródir Jóns hafdi ordit eptir af hönum eystra, oc lá nær

daudvona í V vikr; þótti mönnum þat heldr kynleg oc ill furda þess er á eptir kom. Oc er Jón kom til Bustarfells at áqvednum tíma, var Biarni heima, oc tók hönum vel oc mönnum hans, oc var veitt vel hina fyrstu nótt, því Biarni var ecki smátækr er nockut var fyri hendi, enn snemma morguns eptir reid Biarni á braut, svo þeir vissu ecki til, oc lèzt ætla til næsta bæar, at fá mann til eyrindagiörda sinna út á Langanes. Hann kom aldrei aptr til Bustarfells at því sinni, oc reid med mönnum sínum alla leid, enn Jón beid nockrar nætr, oc reid heimleidis sídann. Enn þadann af þóttust menn verda varir vid svo mikla ásókn anda nockurra edr drauga í Audbrecku, oc hellst Jón Þorvaldsson, at hann mátti hvergi frid hafa, oc allir þeir er í ferd voru med hönum þóttust fá íllt af, enn mönnum syndust foryniur í allrahanda líkium er nefna má, þar í bænum, oc drepnir voru hestar, oc illa leikinn qvikfènadr, oc svo var allan þann vetr. Dreymdi þá suma at þat væru draugar uppvaktir at austann, Jóni til fordiörfunar. Þessi saga hefir nockru meira fyri sèr, enn adrar slíkar er þá áttu at skè öndverdann vetr, at draugr dræpi mann undir Eyafiöllum, oc annar madr á Helgafelli væri ásóktur, oc dreginn af draugi er hönum þótti í qvennmynd, upp undir fiall, oc rifinn af hönum klædi, á jólanóttina, oc at hann væri fundinn þar vitstola, oc nær bana. Enn þó at slíkar sögr sèu all-leidar, þá er þó þettat talit svo at menn sjái at því var þá almennt trúat, oc í Annál fært, enn miög margt var þat í munnmælum, som engum af þeim hefir þótt skrásetjandi, sem rit hafa samit. Þennann tíma andadist Gudrún Illhugadóttir kona Þorsteins prests, Olafssonar er var í Vestrhópshólum, hinn XXIsta dag Decembris um dagsetr, at Reykium í Skagafyrdi, vetri minnr enn hálf-áttræd; hún hafdi ordstyr gódann. Þann dag seigir Biörn at Skardsá, at myrkvast hafi máninn, þó almanak hinna dönsku hafi eigi gètit þess, oc má þat vel skè, því at vèr vitum þess dæmi á vorum dögum.

LXXXIX Cap. Vetrarfar, eldr, oc fleira.

Eptir jólinn var sá vetr misjafn; voru þá hlutir miklir á Sudr- 1638
nesium, oc svo austroptir, svo at ei höfdu jafnmiklir verit í nærstu

L vetr, oc fengu skip lestarhlut, enn hvergi var minna enn V hundrud tólfræd. Fyri Jökli voru eigi slíkir, enn þó gódir; druknudu þá XIII menn á Hiallasandi oc vídar urdu mannskadar minni, edr einstakra manna. Þat bar vid hinn XXVIIda dag Februarii mánadar, at eldr kom upp med loga ógrlegum austr á fiöllum, svo loptit var hvervetna í glæríngum, enn vötn öll á Austrlandi fylltust flódi oc báru vikr miög mikit í sjó út; enn fyrir því at þá var vetr, oc eldrinn var fáa daga uppi, þá máttu menn ei vita hvar hann brann. Þá kom út um vorit meistari Brynjúlfr Sveinsson, oc hafdi þá verit VI vetr vid Róiskèldu skóla; hugdi hann þá med því módir hans var öndud, at selia arfa sína oc eignir í landi hèr, oc fara til útlanda sèr til frama, enn qvedia vini oc frændr hèr á landi; hafdi hann fengit LX dali til ferdar penínga af capitulanum í Roiskèldu, oc heit fyrir jafnmiklu hvert ár, enn nockut annat bar til, svo þat fórst fyri.

XC Cap. Fráfall Gísla biskups oc Halldórs lögmanns.

Þat vor giördi sótt mikla í landi hèr, oc var qvefsótt med taki, dóu þá margir menn, enn ferdamenn tepptust af því vída. Henrik Gíslason á Hólmi var einn er andadist, syslumadr í Borgarfyrdi sunnan Hvítá, fèck Þórdr sonr hans sysluna; Jórunn var dóttir Henriks er átti Benedict son Halldórs lögmanns, syslumadr í Skagafyrdi. Pálmi á Varmalæk var launsonr Henriks, fadir Sigurdar í Breidabólstad í Söckólfsdal, födr Þorgils oc Pálma, Þorsteins oc Halldóru. Þorgils var fadir Jóns prests vid Hellna, enn Pálmi fadir Þorleifs á Breidabólstad. Sunnan-vedr mikit var á Sudrnesium hinn XXta oc annan dag Júnii, þá dó Thómás skálld Hallsson. Pros Mundt höfudsmadr kom út á konúngsskipi med konu sína, oc nefndi sig þá ecki af Birkevold heldr af Grevensvínge, hann kom á alþíng oc nefndi XXIV menn í dóm, um mál Einars prests Gudmundarsonar, var hann þá med öllu dæmdr frá eptir því sem fyrr dæmdi Gísli biskup Oddson. Þar gèck dómr í milli Johans Mumms hollendska, oc Jasonar West enska, kærdi Jóhan at Jason hefdi skorit sig í andlitit, enn Jason at Johan hefdi slegit brèf prinsins úr hendi sèr oc trodit, voru í dóminum lögmenn bádir Halldór oc Arni, oc svo Magnús Biarnason

á Múnkaþverá, Gudmundr Hákonarson, Jón Sigurdarson í Einarsnesi, Benedict Halldórsson lögmanns, Þórdr Henriksson á Hólmi, Þorsteinn Magnússon á Þyckvabæ, Erlendr Asmundarson á Hvoli, Þorbergr Hrólfsson á Seilu, syslumenn Biörn Gíslason, Runólfr Sigurdarson, Petr Einarsson á Ballará Teitssonar í Asgardi, Jón Gissurarson Þorlákssonar frá Núpi. Konúngs-brèf var gèfit út um bænadaga, oc ámynníngar til klerka at þeir haldi sèr frá dryckiuskap, oc ræki embætti sitt, oc svo til biskups; einnin skipanir um kluckr, oc jardir oc fè þat er lagt var til gudlegra stiptana; enn ecki segir Biörn at Skardsá nein hafi byrt verit á því þíngi. Dæmt var þar hverir lausir mættu vera at lögum. Gísli biskup Oddson hafdi teiknat upp til mynnis um vorit, hveria presta hann hefdi vígda; þat var Olafr prestr Magnússon á Refstad, Rögnvaldr Ormson at Mödrudal, Eyríkr son Olafs prófasts Einarssonar at Kyrkiubæ, Ejólfr son Biarna prests at Kolfreyustad Ormssonar prófasts frá Kálfatjörn Egilssonar; Gudmundr Kètilsson Olafssonar prests at Saudanesi, bródir Eyríks prests. Halldór bródir hans er födrfadir var Halldórs prests at Húsafelli, Einar Jónsson er sídann var at Asi í Fellum; Gudmundr Laurentiusson at Stafafelli, Sigurdr Arnason at Skorrastad, Jón Höskuldarson Einarssonar er sídar var at Hálsi í Hamarsfyrdi, Sigurdr Biarnason í Berufyrdi, Sigurdr Jónsson, Arni son Clausar Ejólfssonar at Hvalsnesi, Biörn Höskuldarson Einarssonar at Kèldum, Magnús Pálsson Erasmussonar Villadtsonar, at Kálfhollti, Þórdr Gudmundarson; Þorsteinn son Biarnar málara syslumanns at Utskálum; þar hafdi andast Bergsveinn prestr Einarsson Hallgrímssonar bródir Gudmundar prófasts at Stadarstad, hann var fadir Gríms prests í Gördum á Akranesi, hann hafdi ridit á Stafnes; Olafr Gíslason; Halldór Marteinsson Halldórssonar frá Alptanesi, Halldór Jónsson er sídar var at Stadarhrauni oc Borg, Sigurdr Olafsson í Middölum, Gunnlaugr Snorrason Asgeirssonar Hákonarsonar, er sídar var at Stad á Reykianesi, frá hönum er mikill fiöldi manna þar vestra; Jón Magnússon í Ögrsþíngum; Jón Arason Magnússonar í Vatnsfyrdi, Asgeir Einarsson Sigurdarsonar Einarssonar frá Heydölum at Túngu í Steingrímsfyrdi, oc Jón Brandsson Jónssonar prentara, Jónssonar svenska. Gísli biskup hafdi þótt holdr hneigdr til dryckiu, oc ætludu menn hönum at meini ordit hafa, enn jafn-

ann var hann hógvær oc spakr; hann fór til þíngs veikr miög, oc andadist at Þíngvelli hinn Ita dag Julii mánadar, er hann hafdi verit um VI ár biskup, oc var half-fimtugr, þat var á Þíngmariumessu qvöld, er þá bar á sunnudag eptir sólsetr, segia menn hann hafi vígt Kètil Jörundarson til prests at Hvammi í Hvamms sveit nockru ádr; var lík hans flutt í Skálhollt med vyrduglegri fylgd; voru þar at flestir vyrdíngamenn er á þíngi voru; oc var jardat fyrir framann kórdyr hjá födr hans, enn sumir segia hiá Gísla biskupi Jón syni innan til vid stúku dyrnar, eptir fyrirsögn Helgu módur hans. Páll prestr Erasmusson hèldt líkpredikun. Fyrirlidi var vid jardarförina Arni lögmadr bródir hans, hann sagdi upp alþíngi med harmi oc tárum, bædi fyri sig, oc Halldór lögmann daudsjúkann; hann hafdi lagst á Þíngvelli, oc var ei fær nordr, oc fluttr á hinum sömu qviktrjám í Skálhollt, sem lík Gísla biskups ádr; var hann þar eina nótt, oc medtók Sacramentum, oc andadist sidann nærsta sunnudag eptir Gísla biskup; þat var hid XXta alþíng, er hann sat, enn hafdi lögmadr verit XIX vetr, oc fengit ord gott. Hann dó um sólar uppruna, oc vard jardat lík hans hinn IXda dag Julii í midri Skálhollts kyrkiu. Var þá sorglegt alþíng, oc höfdu flestir úngir menn oc sveinar gengit af þíngi í Skálhollt, fyrst med líki biskups, oc sídann med lögmanni daudvona. Giördist nú Sigurdr prestr Oddsson í Stafhollti Officialis, oc umsiónar madr stólsins. Þá var Byrni Pálssyni leift at giftast þrímenníngi sínum fyri CC dali.

XCI Cap. Kosníng Brynjólfs.

Brynjúlfr Sveinsson hafdi farit á þíng, oc var bedinn med ödrum at fylgia líki Gísla biskups í Skálhollt, reid hann med fylgdinni austr undir Hrafnagiá, oc skildist þar vid flockinn med óvilia margra, oc sneri vestr í Borgarfiörd, því hann þóttist þess vís verda er mörgum bió í skapi. Hann dvaldist nockrar nætr í Stafhollti enn eptir greptran Gísla biskups, var hann til biskups kosinn, oc kosníngarbrèfit giört sameginlega, oc skrifat undir í Skálhollti, oc fylgdi Arni lögmadr mest at því. Medtók meistari Brynjúlfr brèfit í Stafhollti, oc miög at óvilia sínum, enn hèt þó at bera þat framm, oc láta fylgia afsökunar-brèf sitt. Hann reid þadann

í Hytardal til Þórdar prests Jónssonar vinar síns, höfdu þeir verit utann bádir samt, oc baud meistari Brynjúlfr hönum at taka vid kosníngunni, oc sækia um biskupsdæmit, qvad þat ei vera sèr at skapi, enn Þórdr prestr vildi ecki. Var þá at merkja á Bryniúlfi sem nockrskonar qvonbæna tilmæli til Kristínar systr Þórdar prests, ef hann kæmi upp med biskupsdæmi, þó sneri hann því á þá leid at hann lèt þat nær at þess mundi eigi audit verda, væri hún af krenktu blódi eptir módr sína Gudrídi Gísladóttr, því hún var af hinum yngstu börnum hennar, enn fyrir þát er slíkt kom í ord, rækti hann þat jafnann vid hana; fèck hennar seinna Sigurdr Jónsson í Einarsnesi. Þadann reid Brynjúlfr vestr í Hollt, var þar þá prestr oc prófastr Jón Sveinsson bródir hans, því at Sveinn prófastr Simonarson, fadir þeirra, var lagstr í kör. Hann qvaddi þar födr sinn, oc reid sídann nordr í Eyafiörd, oc fór þar utann á Akreyri, nær krossmessu, var hann þá þrem vetrum betr enn þrítugr.

XCII Cap. Imislegt.

Þat sumar hinn *XIX*da dag Júlii, andadist Sæmundr prófastr Kársson í Glaumbæ nordr, tveim vetrum betr enn áttrædr, hann hèldt öllum burdum, heyrn, syn oc máli til daudadags, oc vard lètt um andlát Hann átti margt afqvæmi eptir í Skagafyrdi, oc er hid hellsta talit ádr. Þann tíd andadist einnin Þórdr Þorláksson at Mardargnúpi, bródir Gudbrands biskups, hálfáttrædr at aldri, hafdi hann verit á VIIda ári, er skèdi aftaka Jóns biskups Arasonar. Hann hafdi átt IIII börn, var ein hans dóttir Gudrún kona Olafs prests at Miklabæ Jónssonar prests í Grímstúngum Biarnarsonar Gíslasonar, þeirra synir voru Hallgrímr prestr at Múnkaþverá, oc Þorlákr prestr at Miklabæ, fadir Olafs í Hèradsdal. Gunnhildr var dóttir Olafs prests, seinni kona Jóns, Arngrímssonar hins lærda, enn Vígdys önnr, oc átti Halldór son Þorbergs Hrólfssonar. Þorlákr var oc son Þórdar at Mardarnúpi, fadir Þórdar prests at Undirfelli, er í málunum vard. Þá giördist Vígfús son Arna Magnússonar á Eydum, prestr at Hofi í Vopnafyrdi, enn skólameistari eptir hann at Hólum Sigfús Egilsson. Andadist þá Elin Pálsdóttir

frá Stadarhóli, módir Magnúsar á Múnkaþverá, hún bjó at Mödruvöllum í Eyafyrdi, oc skorti III vetr á siötugann. Gísli fór utann, sonr Magnúsar, oc vard sídann hinn göfugasti madr. Þá tyndust IIII menn af skipi á Siglunesi, enn VIII í Flateyu nordr, oc enn menn á Sudrnesium í syrúferd. Þrír prestar mistu þá prestskapar fyrir hordóm, Einar Egilsson á Olafsvöllum oc Eyríkr sydra, enn Olafr í Grímstúngum fyrir nordann, var brot hans í frændsemis meinum, hann var son Olafs Þorkèlssonar Hallgrímssonar, brædrúngr vid Biarna Oddsson á Bústarfelli, hann bjó sídarst í Vidvík, oc átti þrætr miklar vid Jón prest Pálsson á Ríp. Þorkèll skytta í Njardvík var bródir Olafs. Einn prestr er Vígfús hèt vestra, misti oc prestskap, fyrir þat hann útdeildi kèrlíngu, í ógáti, brennivín fyrir vín, enn kèrlínginn mælti þat er sídann er haft at ordsqvidi er hún kendi smecksins: beyskr ertú nú drottinn minn! Madr hvarf undir Eyafiöllum er Brandr hèt, oc fannst sídann örendr, blár oc blódrisa vid sjó nidr, var þat jafnskiótt eignad draugi er þar þótti ádr giört hafa skada; þat var í Novembri. Skip tyndist á Langaness-ströndum med selafarmi, oc fleiri urdu einstök manntjón. Þat var opt er eg tel aldrei, at mönnum þótti sjór oc vötn blódug, slíkt vitu menn nú at hefir edlilegar orsakir. Vetr giördi þegar í öndverdu hvervetna hardann, med snjóum, áfredum oc vedrum miklum, oc druknudu menn vída. Kom ís fyrir nordann þá er hálfr mánudr var af vetri, oc var gagnlaus, oc á rekníngi; enn hinn XIIIda oc XIVda dag Novembris, þau fiögr dægr í samt, voru fiúk stór med hörkum, oc urdu vída fiárskadar sydra, enn vedr sló fuglum til jardar oc vængbraut, hröfnum oc riúpum.

XCIII Cap. Arferdi oc skadar.

1639 Eptir jólinn hèldust hin sömu hardindi; rákust ísar kríngum land, oc komu austann at fyrir sunnann landit, oc allt fyrir Sudrnes, stódu af þeim hardindi mikil enn gagn ecki, oc var selatekja enginn fyri nordann; giördi þá vída peníngafellir, af vedrum stórum, oc jardbönnum, fèllu bædi hross oc saudir hvervetna. Þá gaf Hallgrímr Gudmundarson Hallgrímssonar oc Halldóra Pètursdóttir er bjuggu í Gröf, Þorláki biskupi proventu sína IXda dag Januarii,

þat voru LXXX hundrud í fasteign, Þverá í Austr-Fljótum XXX hundrud, oc Gil XV hundrud, oc ytra Vallhollt í Vallhólmi XL hundrud, enn þau tilskildu sèr X hundrud til árlegs uppheldis. Hallgrímr var födrbródir Hallgríms prests Pèturssonar, einn ödrum oc þridjum vid Biarna Oddsson í Bústarfelli, oc brædrúngr vid Gudbrand biskup, hann fostradi nockra stund Þórd son Þorláks biskups á únga aldri. Þennan vetr giördi ofannfalls-regn mikit á Gói-þræl, oc svo í fiögr dægr samt, spilltust hús oc hey, oc nyt kúfènadar, því hönum vard ei haldit í húsum; enn skridr fèllu vída med leyr oc vatni yfir tún oc engiar, svo skadar urdu af miklir, oc gèck þat nálega um allar sveitir. Hlutir voru þá miklir sydra, oc vestra IV hundrud eda V, oc þá bar þat vid í Hornafyrdi, at fisk rak mikinn á land eckju einnar, er sagt var at væri VII þúsundir af skreidar þorski er hún komst yfir siálf med heimamönnum, enn lèt þó hvern annan taka sem vildi oc mátti; þar rak oc síld ótölulega, oc hvalfisk á fiöru þeirrar eckju, oc tvo hvali adra í Hornafyrdi. Tvö skip af Sudrnesjum tyndust vid Geirfúgla skèr, oc eitt fyrir Gardi, þar var alls á tveim mönnum betr enn þrír tugir, var þá mikill harmr á Sudrnesjum, því þar voru eptir XVIII eckjur med börnum. Vídar tyndust einstakir menn, oc fiórir menn á Vestfiördum, þeir sóktu hey, oc sofnudu á heydysinni, oc duttu útbyrdis, enn hún leystist sundr, þat var á Arnarfyrdi. Madr gat barn vid stiúpdóttr sinni í Vadlaþíngi, hann var tekinn af, oc konunni dreckt. Þat vard oc tídinda, at bóndi nockr á Lánghollti í Flóa fór at sinu-brennu, oc fór ógætilega, svo hann brenndi lönd á XIII jördum hinum nærstum, um vorit í Majo, hönum fèck þat svo mikils, er menn töldu á hann um þat, at hann dreckti sèr þegar hann fèck vid komit, hann hèt Hallr Jónsson.

XCIV Cap. Frá meistara Bryniúlfi.

Þat er at segia frá meistara Brynjúlfi Sveinssyni, at hann var í Kaupmannahöfn um vetrinn med Jacob Pèturssyni, er fyrri var umbodsmadr Holgeirs Rosenkrans höfudsmanns á Bessastödum, oc bar framm fyrir Kristián Friis Cancellera kosníngar-brèf landsmanna sinna, oc svo afsökunarbrèf sitt skrád á latinu hreinni, lángt

oc sköruglegt; var þat efni í, at hann hefdi sumarit fyrir komit til Islands, oc landsmenn sínir þá hlaupit til at kiósa sig at biskupi, í stad hins burtsofnada, oc lèt þá vilia þraungva sèr friálsum manni, at gángast undir vandasama byrdi oc þrældóm. Qvadst hafa ydkat, oc lagt fyrir sig skóla-þiónustu, oc allt annad enn þat þat er eginnlegast heyrdi til biskups embættis, enn á Islandi væri klerkar vel at sèr, oc hæfilegri enn hann til þess, oc mætti telia fyrstann, eda med hinum fremstu, Þórd prest Jónsson í Hytardal, er einnin hefdi starfat í slíku nockr ár. Bad hann cancellerann bera þetta fyrir konúnginn, oc svo giördi hann; enn konúngr lèt hina lærdu menn í consistorio skoda brèfinn, oc dæma um hve gyld væri afsökun hans; vard sú þeirra ályktun, at hver sá er heita vildi hollr oc hlídinn þegn konúngs, mætti eigi neyta því, án hinna gyldustu röksemda, at taka uppá sig hvert þat ærlegt embætti er konúngr skipadi hönum, oc þætti hann til hæfr, eda naudsyn bæri til; fyrir því kölludu þeir meistara Bryniúlf skyldann undir at gángast, þar sem konúngr vildi skipa hönum þat embætti. Þeir mynntu oc á þat cancellerann, at skóli á Islandi hefdi þörf á forsjármanni lærdum oc reyndum, enn Bryniúlfr væri reyndr vel at lærdómi oc framqvæmd; oc giördi meistari Brynjúlfr þat at engra manna dæmum á seinni öldum, at láta dæma sèr slíkt á hendr. Beid hann þess hann fèck svar frá cancelleranum, oc var þat snemma í Aprili, enn þat var á þann hátt, at hann yrdi at gegna kosníngu landsmanna sinna, oc hellst vegna naudsyniar skólans, oc fyrir því skyldi hann hid skjótasta fara á fund konúngs í Luckustad, enn Cancellerinn gaf hönum vegabrèf um flutníng friálsann á sjó oc landi. Fór þá meistari Brynjúlfr frá Kaupmannahöfn, hálfum mánudi fyrir páskir, á vagni til Róiskeldu, þadann til Hríngstadar, þá til Krosseyrar; þadann á skipi yfir Beltis-sund til Nyuborgar á Fjóni, þadann á vagni til Odinseyar, þadann yfir Medalfararsundsund til Koldíngar, þá til Haderslev á Holsetulandi, oc svo til Flensborgar, Rendsborgar, Itzehoe oc Luckustadar, oc fann þar Kristián konúng fiórda, oc vann fyrir hönum biskups eyd sinn, á föstudag hinn XVda Aprilis fyrir middegi, oc var sídann bodinn til borda, oc sat at med konúngi siálfum; þótti hönum vandi fylgia vyrdíngu þeirri, því at konúngi bar til oc Fridriki syni hans, oc vard svo mikit, at konúngsson gèck frá bordum. Þann dag hinn sama fór meistari Bryniúlfr aptr frá Luckustad, oc

yfir Holsetuland, þadan yfir Jotland oc Fjón, var hann at bodi í Odinsey med biskupinum Doctor Hans Michelssyni; þar eptir kom hann til Sóreyar, oc var til herbergis med lángvin sínum meistara Stepháni Hanssyni, hann var prófessor; þadann fór hann til Hríngstadar, oc var um páskirnar med Jörgen Seefield, hinum göfugasta herramanni, landsdómara á Sjálandi; þadann fór hann til Róiskeldu, oc þá til Kaupmannahafnar; kom hann þar hinn XXIXda dag Aprilis, oc var yfirheyrdr af biskupinum Doctor Caspar Brochmann, oc medtók af Cancelleranum embættisbréf sitt; sídann var hann vígdr af Doctor Caspar Brochmann Sjálands biskupi til Skálholts, fimta sunnudag eptir páskir, oc var hinn fyrsti er hann vígdi. Enn viku sídar fór hann til skips, oc kom út á Eyrarbacka, oc fór þadann til stóls síns í Skálhollti á fimtudag um sólar uppruna, hinn XXta oc VIIda dag Júnii mánadar. Reid hann jafnskiótt á alþíng, oc hèldt þar synodum generalem sem venja var til; þar ályktadi hann med kènnimönnum samankomnum, at þadann í frá skyldi synodus Skálhollts biskupsdæmis haldast árlega á þíngvelli, um sama tíma oc lögþíngit; oc þar sem allir prófastar landsins mætti ei, fyrir fiærlegdar sakir oc forfalla, koma þar samann, at sid annara landa, þá skyldu hinir nærstu, úr Rángár oc Arnessþíngum, Kjalarness, Borgarfiardar oc Snæfells syslum, koma hvert ár til alþíngis á Pètrsmessu aptan, oc med hinum skynsömustu prestum, er þeir skulu þángad stefna med sèr, leggia til mála eptir sem kyrkju-ordinantiann heldr til; enn fyrir því at allir prófastar voru þá ei vidstaddir til at gángast undir slíkt, þá veik hann því til samþycktar þeirra, oc liúflegrar vidtektar. Þá tilsagdi hann oc einnin alvarlega, at kosníng oc köllun presta skyldi fara at öllu eptir ordinantiunni, svo at hvar sem ecki væri jus patronatus, edr köllunarrèttr kyrkju-eigenda, skyldu sóknarmenn gèfa prófasti sem fyrst til kynna afgáng sóknarprests síns, svo at hann kæmi þegar í sóknina, edr annar skickanlegr prestr í hans umbodi, oc at giördri bæn af hönum, opinberlega af prèdikunarstól á löghelgum degi, skyldi sá, med vitund oc leiti prófasts, er kiósast vildi, láta heyra gáfu sína af tölustólnum, hvert er væri vígdr edr óvígdr, einn eda fleiri, oc skyldi þat allt hafa farit framm innan tveggia mánada frá láti prestsins. Því nærst skyldu VII sóknarmenn er hyggnestir væri oc skilríkastir, oc nefndir væri til med prófasts rádi, kiósa þann oc kalla til sóknarprests er þeir vildu, enn pró-

fastr samþyckti; enn sá er kosinn yrdi, rída sídann med kosníngarbrèf þeirra VII manna, oc skrifad undir af prófasti til biskupsfundar, enn biskup riti med hönum lènsmanni, at hann gèfi hönum veitíngarbrèf; því þá voru flest prestaköll veitt af lènsmanni hèr; taki hann svo vígslu af biskupi, oc setjist inní kallit af prófastinum; hèldst þessi medferd á köllun til stada þeirra allra, er konúngr veitti ecki siálfr, alla stund á medann Brynjúlfr biskup hafdi forrád Skálhollts biskupsdæmis.

XCV Cap. Alþíng.

A því þíngi las Pros Mundt höfudsmadr upp alvarlegar skipanir sínar í XVI greinum, bædi til andlegra oc veraldlegra, eptir konúngsbodi; þarí baud hann biskupum, próföstum oc prestum, at giöra rètta inventarii bók, yfir allt þat er hverr kyrkja ætti, oc skyldu biskupar láta vyrda þat er óþarft væri, oc skoda hvad missa mætti frá einni kyrkju er önnr þarfnadist mest; skyldi sú vyrdíng skrifast upp í tvennu lagi, oc med nöfnum erlegra manna undir, oc önnr afhendast höfudsmanni, enn önnr liggia á kyrkiunum. Rifnar kluckur oc brotnar, hvar sem fynndist, skyldu flytjast utann oc steypast um; enn jardir sem ólöglega væri seldar frá kyrkium, skyldu teliast fyri sèr svo kyrkjurnar mætti vinna þær aptr. Biskupum baud hann at afhenda sèr jardabækr yfir kristsfiár-jardir allar, oc kyrknajardir, oc rèttann reikníng hvert ár af dómkyrkna oc skóla oc fátækra fè, oc segia hversu med væri farit, einnin útskriftir af fundatium oc máldögum dómkyrkna, skóla oc annara kyrkna; enn prestum baud hann at halda vid prestagördum sínum oc lènsjördum sem hæfdi. Þá var talat um lögmannskosníngu nordann oc vestan, oc vildi höfudsmadrinn ecki annat heyra, enn at Magnús Biarnarson at Múnkaþverá yrdi lögmadr, enn margir vildu eigi sídr kiósa til Gudmund Hákonarson á Þíngeyrum; var þá fyrst lögmadr tekinn svo at landsmenn rèdu ei siálfir, oc vann hann lögmannseyd í lögrèttu med knèfalli. Þar var dæmt um málefni áttræds manns vanfærs, oc um fèlaus fátækisbörn, oc svo samþycktr dómr Vígfúsar Gíslasonar, at hreppstiórar rádi eptirlátnu fè fátækra manna; einninn konu dæmd refsíng til XII marka, er fèll med óbótamanni. Þar var enn, eptir samþyckt

biskupa oc lögþíngismanna, afhyddr Sanda-Oddr, strákr einn, fyrir illyrdi, oc hindrvitnisblöd, er hjá hönum fundust, oc blödinn brennd fyrir nösum hans; mælti hann þá er reykinn lagdi í nasir hönum: þat veit kreistr minn eg þoli þat ecki; engann hlut mælti hann annann, nema íllt eitt, oc bad láta rú-kragann kyrrann á hálsi sèr, medann hann væri hyddr, oc var þat giört sem hann bad. Þar voru dæmd skipti á Oddsstödum milli konúngs oc Eyríks Sigurdarsonar, er sekr hafdi ordit, voru dómsmenn Arna lögmanns: Torfi Eyríksson á Keldum, Magnús á Abæ son Þorsteins Magnússonar, Biörn Gíslason Biarnarsonar, Indridi Jónsson, Amundi Þormódsson í Skógum, Kortssonar Lydssonar danska, bródir Korts oc Nicolásar, oc Finnr Gudmundarson á Sniallsteinshöfda, bródir Biarnar á Flagvelltu, þeir voru dóttrsynir Sigmundar á Hofi Þórólfssonar, enn Finnr var fadir Gudlaugar, er átti Asmundr Gudnason. Med Magnúsi lögmanni voru Marteinn Halldórsson á Alptanesi, Jón Egilsson á Skardi, Rúnólfr Sigurdarson frá Einarsnesi, Biörn Jónsson at Skardsá, Jón Gissurarson frá Núpi, Jón Teitsson Biarnarsonar. Dæmt var oc um Túngufialls-þrætuna, milli Akra oc Djúpadals, var Eggert Jónsson á Ökrum, enn Magnús Eyríksson í Djúpadal, oc urdu eigi gyldir vitnisburdir Eggerts, hefir þat opt reynt verit sídann af Akramönnum, oc aldregi dugat. A því þingi var heimtr konúngs vegna hjálpartollr af öllu landi, því ófrídar von var í ríkinu, enn landsmenn afbádu þat, sakir þraungvar þeirrar er verit hafdi; þó vann þat þá ecki, því at höfudsmadrinn safnadi þeim peníngum siálfr um öll Sudrnes, oc baud syslumönnum at gánga eptir annarstadar; þíngudu þeir oc þar um, oc var fè utann sendt í kaupstödunum, at bæn konúngs, þó minna yrdi af þeim er audugastir voru enn höfudsmadrinn hugdi til. Hann fór því oc þá framm, at upp væri færdr fiórdi hverr dalr hundrads hvers af lènum, þar hugdu Danir ei reikníng af stadinn verit hafa; enn Gudmundr Hákonarson á Þíngeyrum, er þá hafdi Húnavatns syslu, oc var hinn ágætasti madr, bar framm afsakanir innan lögrèttu oc utann, oc ritadi svör uppá hverja grein þá sem prentud var, oc þó ári fyrri útgenginn, þat sem hellst kom til leikmanna, oc tók samann supplicatiu til konúngsins til at afbidja þá framfærslu, oc lèt setja hana á dönsku, oc koma henni sídann á höfudsmannin til frammburdar; gèck þat alltregt, því

hann þóttist illa vidlátinn; enn Gudmundr fèck af þessu ástsæld, oc mikinn ordstyr. Adrar greinir þær er höfudsmadrinn auglysti, voru ámynníng til lögmanna, oc allra dómenda, at þeir kaupi sèr ei þrætr um jardir edr annat, edr dragi undir sig, enn fari í öllu at konúngsbodi. Klaustrhaldarar skyldu giöra rètt jarda-registr sem prestar, oc rita allt í tvennu lagi, skyldi önnr afskrift liggia vid kyrkjur, enn önnr afhendast Jens Söfrenssyni umbodsmanni höfudsmanns fyrir Michaelsmessu. Kristfiár-jardir allar, oc LX hundrud er lágu undir Reinistad, skyldu leggiast at konúngsbodi til hospítals, er setiast skyldi í Videy; syslumenn allir, klaustrhaldarar, oc reikníngа eda lènamenn gialdi landþíngskrifaranum, sem bodit var, afdráttar-laust; oc at sídurstu baud hann sig til, sem hann var vanr, at giöra rètt hverjum manni.

XCVI Cap. Brynjúlfr biskup tekr stól.

Brynjúlfr biskup reid eptir alþíng í Skálahollt, oc var hönum afhendr stadrinn med öllu hans inventario, af brædrum oc erfíngium Gísla biskups, Sigurdi prófasti Officiali, oc Arna lögmanni Oddssonum; fór þat framm hinn Vta dag Júlii mánadar, í vidrvist Orms Vígfússonar rádsmanns Skálhollts-stadar, oc Jóns Gissurarsonar frá Núpi, hálfbródrs Brynjúlfs biskups; enn viku eptir Þorláksmessu hóf biskup hina fyrstu Visitatiu-reid sína yfir Vestfyrdínga fiórdúng, oc kom í Skálhollt aptr viku eptir Krossmessu, tók hann glöggvann reikníng kyrkna. Þá vistadist Torfi frændi hans hjá hönum, son Jóns Gissurarsonar; kom þá út um sumarit brèf Jóns, sonar Gudrúnar á Járngerdarstödum, er hertekinn var í Algier, oc önnr fleiri slíkra manna.

XCVII Cap. Frá Halli oc fleiru.

Nú lagdi Benedict Pálsson frá sèr rádsmennsku at Hólum, oc tók Mödruvalla-klaustr; hann hafdi konúngsleifi at eiga Hólmfrídi Einarsdóttr þrímenníng sinn; þat sumar qvæntist Hákon son Gísla lögmanns Hákonarsonar, oc fèck Helgu dóttr Magnúsar lögmanns, at Múnkaþverá; var brúdkaup þeirra haldit at Mödruvöllum, þar

var Þorlákr biskup at bodi, oc Kristín Gísladóttir kona hans, oc margt hinna bestu manna; giördist Hákon nockra hríd rádsmadr at Hólum, enn sídann syslumadr í Rángárþíngi, hann var módrfadir Odds Sigurdarsonar; ecki var Magnús lögmadr þadann af vid Vadla-syslu, oc hèldt hana um vetrinn. Hallr í Mödrufelli var son Biarna í Skridu Pálssonar syslumanns Grímssonar á Mödruvöllum; þeir frændr voru hardgiörfir at mörgu; dæmdi Hallr at Spialdhaga um óhóflegann klædaburd, einnin um jördina Gullbrecku, er Kolbeinn Asmundarson beiddist dóms á. Hann var kalladr Hallr hardi, því sumum þótti hann blódgiarn; oc er mælt at hafi látit af lífi taka V eda VI þau missiri er hann hèldt sysluna, þó eptir dómum, eda fyrir mein eda hórdóma, oc eina konu taka í blódböndum, er sagt er at í frændsemi væri vid hann; enn lítt var þá vandat um fyrir sakamenn, oc eru tveir vegir frá hófi hverju. Þar víkr Asmundr at, er þá bjó í Samkomugerdi, oc lítt var í vináttu vid hann, í Hervarar-rímum, er hann segir svo:

Stendr innlendum vyrdum verr,
at vinna á kvinnu skyldri sèr,
enkum krenkíng ef hún bèr,
ádr oc þiád í súta-hver.

Hallr átti fyrst Herdysi dóttr Jóns Arnfinnssonar í Hlíd í Skagafiardardölum oc Gudrúnar Rafnsdóttur úr Skördum Oddssonar, systr Jóns, oc Pètrs hins sterka, þeirra börn voru Biarni prestr á Grund, klerkr mikill, Teitr, Páll prestr, Jón, Gudmundr, Halldóra, Gudrún. Sídann átti hann Gudrúnu dóttr Jóns prests Olafssonar í Höfda oc Rannveigar Eyríksdóttr, þeirra börn voru Magnús at Gilsbacka, Halldór í Núpufelli, Biörn, Halldóra er Gudmundr átti at Hvassafelli, Bergljót er Magnús prestr átti, Benedictsson, Magnússonar; Herdys, Ragnhildr er Hiallti átti son Biarnar Pálssonar sunnan frá Teigi; Gudrún er Oddr átti Biarnason, er seinast var klaustrprestr at Mödruvöllum. Biarni prestr son Halls bjó lengi á Grund, hann átti Sigrídi dóttr Olafs Jónssonar frá Núpufelli; VI voru börn þeirra; eitt var Herdys hin sídasta kona Þorvalds í Hrísey, Gunnlaugssonar Grímssonar frá Ökrum, voru þeirra synir Hallgrímr oc Gunnlaugr, knálegir menn; Gunnlaugr var

módrfadir Ragnheidar Þórarinsdóttr í Videy. Þurídr var önnr Biarnadóttir, er gipt var Sigurdi syni Hrólfs syslumanns í Þíngeyar-þíngi, Sigurdarsonar syslumanns á Vídimyri Hrólfssonar, þau voru módrforeldrar Sigrídar, er Jón prestr átti, er seinast var í Núpufelli, Jónsson Oddssonar frá Backa, Jónssonar frá Melum í Svarfadardal, Oddssonar hins sterka, Biarnasonar, Sturlusonar. Mikill fiöldi manna er kominn frá Halli oc systkinum hans, oc lengi lifdi hann eptir þat er hèr var komit. Þat haust er hann hafdi sysluna í Eyafyrdi var eitt kallat bauluhaust; giördi hardt til jardar allt at jólum framm, svo menn lógudu þá enn fiám sínum. Þá rak sædyr ókennilegt á Þíngeyrasandi, er Biörn at Skardsá hefir lyst; oc vard madr svo ærr í Vestmannaeyum, at djöfulódr var haldinn, oc fengu menn eigi bundit, fyrri enn þat var tekit til ráds at hann var bundinn á lopt vid bitana í Landakyrkju; þar brautst hann svo miög umm at hann sprack. Þá lèt Þorlákr biskup halda þriá bænadagi í Novembri, hinn VIta, XIIIda oc XXta dag í mánadinum; var þat almennt í þann tíma, at höfdíngiar voru trúrækuir, oc vyrdu gud; var páfatrú oc helgidóma mest öll þrotinn, oc fór spaklega framm í landi; enn annarskostar var þó þá vandlæti ærit í sumum greinum, oc teiknatrú mikil; oc fór í vöxt ótti fyrir fiölkíngi, oc átrúnadr þess hjá mörgum manni; enda voru þeir hellst til fáir sem rètt þecktu christindóm, sem þó hefir laungum verit; enn óvenjur margar er leidst höfdu inn, stódu í vegi fyrir manndómlegum atburdum, oc þánkafrelsi öllu, at kalla.

XCVIII Cap. Vetrarfar oc önnr tídindi.

Þann tíma voru einnin hardindi lángsöm, er slóu nidr hugum manna; oc giördi vetr þennan jardbannasaman fyrir nordann land, 1640 eptir jólinn, svo at peníngar fèllu, fè oc færleikar, oc svo naut, þó var betra fyrir austann, enn vorit hardt hvervetna, oc bjargleysi med alþídu. Hlutir voru þá miklir fyrir sunnann land, allt at X hundrudrum, enn hvergi minna enn IV hundrud; var þó magr fiskrinn; tyndust IX menn af skipi í Loptstadasundi á Eyrarbacka, oc hèt formadr Gudmundr Jónsson; enn annar skadi vard sídar á Stockseyrarsundi med XI mönnum, sá hèt Jón Biarnason

er fyrir var, enn skipit átti Katrín Þormódsdóttir frá Brædratúngu Asmundarsonar, hún var eckja eptir Magnús Gíslason í Midfelli. Þá giördist slím í lopti, svo at ógiörla sá himintúngl þó heidríkjur væri, oc hèldst í VII missiri þadann af, oc batnadi árferdit sídann. A nyársdag giördist Jón son Halldórs lögmanns Olafssonar rádsmadr í Skálhollti. Þann vetr tyndust IIII menn á Vatnsleysuströnd, var einn Gudmundr Jónsson lögrèttumadr á Brunnastödum; enn þeir druknudu af einstökum mönnum sem mannsmót var at eda nefndir eru: Hallgrímr son Jóns lögmanns Sigurdarsonar í Grafará um vorit, Símon Gíslason í Blöndu af snjóbrú, Jón Halldórsson í Hellisá í Nordrárdal, Jón son Jóns Olafssonar Ormssonar oc Erlendr son Þorfinns Sigurdarsonar frá Reinistad í Jökulsá í Axafyrdi; Jón reid útí ófæru, enn Erlendr vildi duga hönum, oc tyndust bádir. Tveir menn fórust med fè sínu á Nordrárdal. Erlendr á Hvoli Asmundarson Þorleifssonar lögmanns, er syslumadr var í Arness-þíngi, andadist þá gudrækilega, hafdi hann verit madr audugr, oc átta Salvöru dóttr Stephans prests í Gaulverjabæ Gíslasonar biskups, var þeirra dóttir Katrín er Vígfús Gíslason átti; hann hafdi þá sysluna, oc bjó at Hvoli, oc voru börn þeirra Katrínar, Gísli oc Jónar tveir, Salvör oc Þorbjörg; er oc margt komit frá systkinum Erlendar. Jón prestr son Brands prentara, Jónssonar Jónssonar svenska, fèck þá Akraþíng á Myrum; enn Jóseph prestr Loptsson, oc dóttrson Odds biskups, er fyrst hèldt Mosfell, oc misti, hafdi nú fengit Olafsvelli fyrir tveim vetrum, oc hefir hann nefndr verit ádr, hann var mikill madr oc sterkr, oc hinn mesti raddmadr; var hann stundum í Skálhollti; hann giördi þat eittsinn til þrekraunar at hann vód Hvítá á Þengilseyri um vetr í frosti, svo hann hakadi vatnit, oc studdist vid járnstaf, enn settist á bæar-þrepskiöld er hann kom heim í Skálhollt, oc drack mikla blöndu kalda, enn eptir þat sló at hönum hroll; þá leysti Brynjúlfr biskup hann fyrir ofdyrfd. Hann átti Sigrídi dóttr Isleifs Ejólfssonar oc Seciliu Magnúsdóttr, voru börn þeirra Loptr oc Biörn, Skapti, Isleifr, Secilia, Kristín, Þorleifr. A þessu vori er getit í Aprili dóms Torfa Erlendssonar, oc hafdi hann þá fengit syslu á Nesjum sudr, því hann hafdi vináttu mikla vid Jens Söfrensson. Þá var frost, hagl oc snjór at fráfærum, oc enginn gródr fyrir nordann.

XCIX Cap. Frá höfudsmanni oc þíngi.

Pross Mundt var þá enn höfudsmadr, oc á alþíngi; kom hann med konúngsbrèf um stadfestíngu Magnúsar Biarnarsonar í lögmannsdæmi; annat var um at ei væri hæckud afgiöld af lènum, eptir því sem Gudmundr Hákonarson hafdi bedit. Hid þridja var stadfestíng Kópavogsdóms, hann hlíddi uppá kaupskap vid Dani, oc skuldareidr, oc sakir þará, oc þótti hardr oc óþarfr Islandi. Hid fiórda var um at blóddálkr væri tekinn úr fiski þegar flattr væri; útvegudu reidarar þau tvö brèf; þeir sendu skip á Bátsenda höfn, enn vildu afleggia höfn í Grindavík, sakir slisfara er þar höfdu ordit, oc líkadi Grindavíkíngum illa. Höfudsmadr baud jafnann á hverju þíngi öllum mönnum, innlendum oc útlendum, at giöra þeim rètt, oc sitja yfir málum til þess er þeim væri lokit, oc svo baud hann syslumönnum at giöra.

C Cap. Frá Brynjúlfi biskupi.

Brynjúlfr biskup kom á þíng oc setti synodum; komu þá tveir einir prófastar af þeim er ádr voru tilnefndir, Snæbjörn Stephánsson í Odda, oc Jón Jónsson á Melum; þat þótti biskupi óhlídni oc afrækt vid sig, oc þótti ei minna vera meiga enn afsökunarbrèf nockrt hefdi sendt verit, vildi hann þetta eigi vítalaust hafa, oc kalladi sannlegt at XII aura sekt væri vidlögd, sem lögrèttumönnum, er ei hefdi forföll, oc kæmi ei til þíngs á rèttum tíma, oc at þær fèsektir legdist til fátækra í þeirri sveit er sá prófastr byr í; enn er hann hreifdi þessu, beiddust prófastar af hönum oc svo prestar adrir, at þeim væri vísat til hvar taka skyldi ferdarkost oc ómakslaun, þar sem landslöginn lögdu lögrèttumönnum kost oc kaup hvert ár. Þat hèt biskup at bera framm fyrir höfmanninn; enn eigi nefndu þeir í þat sinn hverr þeim veitti kost medann þeir sátu med biskupi at dómunum, því biskup giördi þat siálfr at fornum vana; má því ei ætla, segir Jón prófastr Halldórsson, at hann edr þeir hafi leidt í hug sèr, at svo mundi biskupar glöggsærir verda at spara dómsprestum sínum fædi. Ecki er þess gètit at prestum hafi heldr nockut verit lagt til í þessu skyni, enn þó komu sídann árlega til stefnunnar svo margir prófastar oc

prestar sem á var qvedit, af ást oc hlídni vid Brynjúlf biskup, oc þó stundum fleiri, ef hann mæltist til; enn þar dróg til höfdíngskapr hans oc örleikr, því hann veitti meddómsmönnum sínum, ei at eins mat oc öl, oc dryck þann annann er þeir vildu hafa, medann þeir sátu at dómum med hönum, heldr einnin vyrdugligt ávarp oc veitíngar, oc at sídurstu vinsamlega þöck fyrir adstod þeirra oc ómaka. Engum gegndi hann ordum eda eyrindum er synodo voru til tálmunar medann á málum stód; enn sídann lèt hann færa tjöld sín frá þíngvelli í þann stad vid Hrafnagiá er stutti stígr heitir, oc dvaldi þar medann hann ritadi brèf sín med þíngmönnum, eda sysladi í ödrum eyrindum, eda gegndi vinum sínum; var þar opt mikil mannqvæmd oc veitíngar stórar. Þat var þá sídr í þeim málum er snertu jafnt andlega oc veraldlega, at syslumenn nefndu í dóm jafnmarga presta oc leikmenn, enn stundum nefndi prófastr presta, enn syslumadr leikmenn í hinn sama dóm, oc voru þat kalladir helmíngadómar; stefndust þá oc dæmdust prestar opt fyrir veraldlegum; þat þótti Brynjúlfi biskupi fráleitt gódum sidvana í ödrum löndum konúngs, oc vandasamt fyrir biskup eda prófast at samþyckja slíka dóma, ef eigi skyldu þeir annadtveggia hlaupa inní annara syslan, eda dómarnir yrdu at eins hálfgiörfir ella; fyrir því ályktadi hann á þessum fundi, at andleg mál skyldu dæmast at eins af andlegum, oc klerkum stefnast fyrir hid nærsta yfirvald sitt. Á þessu þíngi las hann upp í lögrèttu umqvörtunar-brèf sitt, at hann þættist vanhaldinn af erfíngium Gísla biskups Oddssonar um gyldleika á peníngum Skálholltsstadar, oc um bresti þeirra, oc fyrnd oc lasleika dómkyrkiunnar, er þá var mjög hrörleg; einnin þörfnun at utanfarar tillagi eptir biskups vígslu, ávexti á stadarfè oc peníngum, oc enn fleiru, oc beiddist á dóms oc leidrèttu af Pros Mundt höfudsmanni. Nefndi þá Jens Söfrensson, umbodsmadr höfudsmansins, menn at hans bodi, til at skoda mál þetta, oc semja á bádar sídr, Magnús lögmann Biarnarson, Vígfús oc Hákon Gíslasonu, Þórd Henriksson, oc Biörn Pálsson Gudbrandssonar, hafdi Biörn þá fengit Vadlasyslu, oc bjó sídann at Espihóli hinum nyrdra, oc Pál Gíslason landþíngskrifara; þeir voru hindradir er nefnast skyldu fyrstir syslumanna, Þorsteinn Magnússon á Þyckvabæ, oc Þorleifr á Hlídarenda Magnússon Jónssonar. Magnús lögmadr reid af þíngi, oc þeir allir til Bessastada, oc þadann í Skálhollt med Jens umbodsmanni, oc samdist þar,

hinn XXta oc VIIIda dag Júlii, fyrir medalgaungu fógetans, oc þeirra annara, sátt ímillum Brynjúlfs biskups oc Oddssona, Arna lögmanns, Sigurdar prófasts, oc Eyríks, oc Margretar systr þeirra, med þeim hætti, at þau fengu Brynjúlfi biskupi tyutygi hundrud til eignar í jördum, oc þó atqvædalitlum, voru þat hálf Engihlíd nordr í Holltastada kyrkjusókn XXV hundrud, hálft Lángholt efra í Runamannahrepp *XX* hundrud, hálfr Reinir á Akranesi XX hundrud, Sleggiulækr í Sídumúla-sókn XXIV hundrud, hálfr Biarghóll í Stadarbacka-sókn í Midfyrdi VIII hundrud, oc III hundrud oc LX álnir í Vatnshorni í Skorradal; þarímóti gaf meistari Brynjúlfr biskup þá brædr med öllu qvitta, um dómkyrkiuna oc allt henner inventarium, er hönum væri vitanlegt at hún ætti, oc sèrhvad annad er hann þóttist vanhaldinn af ádr, þöckudu svo hverir ödrum skiptinn.

CI Cap. Qvonfáng Brynjúlfs biskups.

Þadann reid Brynjúlfr biskup nordr oc Magnús lögmadr oc adrir; oc var í Augusti mánadi hinn IXda dag, haldit at Skridu í Hörgárdal handsalsöl meistara Brynjúlfs oc Margretar dóttr Halldórs lögmanns Olafssonar; þar var Þorlákr biskup oc Magnús lögmadr at Múnkaþverá, Vígfús oc Hákon syslumenn Gíslasynir lögmanns, oc margt annat göfugmenni; enn hinn *XXX*ta dag sama mánadar var haldit brúdkaup þeirra med mikilli rausn, í vidrvist hinna sömu manna; fór sídann Halldóra Jónsdóttir, med þremr dætrum sínum ödrum, Valgerdi, Helgu oc Sigrídi sudr í Skálhollt, til vistar med Brynjúlfi biskupi, oc vard hann þeim kynsmönnum til upphefdar oc adstodar, oc giördist brátt hinn mesti skörúngr oc frammqvæmdarmadr, bædi í embættis athöfnum oc búsyslan, sem þá hafdi þegar nockut synt sig, enn syndist þó meira sídann.

CII Cap. Frá ímsu, oc svo mannalát.

1641 Þá var vetr afbragdsgódr til jóla, enn þadann af þó hardr, oc jardbönn á þorra, oc öndverdlega á Gói, enn frost því meira sem á leid, oc hardt öndverdt vórit; enn batnadi fiórda dag páska, oc

giördi vor gott; miklir voru þá hlutir med Sudrlandi öllu, oc lestarhlutr í Þorlákshöfn, svo mörgum þótti sem brugdit hefdi árferdi, oc hellst afla til batnadar, sídann Brynjúlfr biskup kom til stólsins. Þá tyndist skip frá Hrauni í Grindavík sexæríngr med VII mönnum þridja dagin í dimbilviku. Var prentud á Hólum útleggíng yfir Manassisbæn Forsters, þeir kölludu þat gyllini skriptargáng, oc lagdi Þorlákr biskup út; einnin bæklíngr Winthers um helvíti oc bænadaga prèdikanir. Biörn at Skardsá ritadi útleggíngu yfir gátur Gèsts blinda. Þá var mál í Eyafyrdi milli Biarna Jónssonar er kalladr var Eyfyrdíngr oc Ivars Olafssonar, um heytöku. Konúngsbrèf komu nockr um smáhluti; eitt er mælt at væri lèn fálkaveidar til Jóhans Mumms Hollendska, oc hans barna; oc enn er sagt, at kona sú er Margrèt Gunnarsdóttir hèt, gæfi konúnginum XIV hundrud í Arnarhollti á Kjalarnesi. Um þær mundir andadist Holgeir Rósenkrans er fyrri var höfudsmadr, oc hafdi lærdóms ord mikit. Þá lèt Ormr Jónsson lögrèttumadr í Arnessþíngi dóm gánga í umbodi Vígfúsar Gíslasonar syslumanns, um preststyundir af öllum kyrknajördum þar í syslu; var sá dómr lesinn upp á alþíngi, oc átti at samþyckia; enn meistari Brynjúlfr biskup kom í lögrèttu, oc spurdi lögrèttumenn hvert þeir vissu at slíkar tyundir hefdi nockuru sinni verit goldnar af Skálhollts jördum? þeir neyttu því; þá qvadst hann afsegia nyar álögr allar á landseta dómkyrkiunnar, oc jardir hennar, eignir eda inntektir á móti konúngsbrèfi, er bannar þvílíkt án hans leyfis; lèt hann þá lesa þar upp brèf sín, oc vard sú ályktan, at mál þat skyldi standa til konúngs urskurdar, enn því var eigi hreift sídann svo menn viti, oc fèck biskup af því ámæli nockurt af prestum. Madr var tekinn af á alþíngi, sá hèt Helgi Þorgeirsson, hann hafdi fallit í hordóm, oc stockit af landi med enskum á Vestfiördum, qvongast sídann á Englandi at lifandi konu sinni hèr, oc komit aptr þar eptir, oc legit hèr um vetr, enn tekinn þvínærst. A því þíngi kærdi höfudsmadrinn miög, at hann fengi eigi þau skjöl af biskupum er hann hafdi beidst eptir, oc ei heldr af veraldlegum, oc baud at þau skyldi þá enn afhendast umbodsmanni sínum fyrir Michaelsmessu. Þorlákr biskup kærdi þar, at vída væri enn dalr sá ógoldinn er kyrkjur skyldu leggia til biblíu prentunar, oc endrnyadi höfudsmadr þá bodit. Fiskar ókennilegir voru sènir í Borgar-

fyrdi oc Hvalfyrdi, oc ormr í Lagarflióti. Þá visiteradi Brynjúlfr biskup Austfyrdínga-fiórdúng, oc fèll med hestinum, er hann reid frá Heydölum í Breiddal, oc laskadist í hægri hendi, enn Biörn Þorvaldsson kippti í lid; Torfi Jónsson frændi hans taldi þat med krossburdi. Ragnheidr var þá borinn, dóttir hans, oc Gudrídr dóttir Þórdar prests í Hytardal, er sídar átti Jón Vigfússon. Magnús lögmadr gipti þá Jórunni dóttr sína Jóni Magnússyni í Midhúsum, hann var sonarson Ara í Ögri; þeirra son var Magnús lögmadr er átti Gudrúnu Þórgilsdóttr frá Brimilsvöllum, þeirra dóttir Margret er Gísli Jónsson átti í Máfahlíd. Gísli son Magnúsar lögmanns hafdi verit hèr um vetrinn, oc fór þetta sumar utann til Danmarkar, oc þadann til Hollands, oc dvaldist þar vid háskóla í Leiden er þar var frægr, oc komst þar í vinfengi vid mikilsháttar menn, oc hina lærdustu; hèldt hann sig ríkmannlegast allra úngra manna íslendskra í þann tíma. Sótt gèck mikil um haustit; fór þá Jens umbodsmadr utann, oc vard Lauritz umbodsmadr. Tyndist þá skip á Eyasandi, milli lands oc eya. Þat haust lèt Þorlákr biskup halda þriá bænadaga. Þá keypti Þórdr prestr í Hytardal hálfr Saudafell, af Gísla Olafssyni Hannessonar í Snóksdal, hann keypti oc margar adrar af Olafi födr hans; son Gísla var Sigurdr Dalaskáld. Margir prestar dóu nordanlands í sóttinni, einnin Sigurdr prestr Oddsson í Arnarbæli XIta dag Novembris, hann var vel at sèr, oc lærdr madr; enn jafnsnemma eda litlu ádr Astrídr Gísladóttir lögmanns Þórdarsonar, kona Jóns Magnússonar at Haga á Bardaströnd syslumanns í Dölum, oc Jón Magnússon litlu sídar hinn XVda dag Novembris. Jón Oddsson í Reykiavík andadist á allraheilagramessu, enn Oddr prófastr Stephánsson í Gaulverjabæ, fadir Sigurdar prests í Arnarbæli, hinn IIIdia Decembris, sonarson Gísla Jónssonar, var hann þá miög aldradr, oc einn hinn lærdasti madr á landi hèr. Þau missiri beiddist konúngr eptir gódhestum hèdann, tveimr, þeim sem minnstir væri at vexti.

CII Cap. Frá sama.

1642 Vetr var þvínærst gódr, þvíat árferdi var miög batnat, bar þat þá til um qvöld hins þridja Januarii, at Einar Narfason oc Jóseph prestr Loptsson frá Olafsvöllum ridu frá Skálhollti á ís, oc var

ein vök í, reid Einar í vökina oc tyndist. XI dögum sídar andadist Páll prestr Erasmusson heima á Skúmstödum, oc þótti merkilegr madr verit hafa. Snjóflód hlióp á Reinivöllu í Kjós hinn XXta dag Februarii, oc tók hey meströll, enn dráp XII naut, oc spillti túni, enn mönnum í fiósi vard borgit. Sama dag hlióp á Þorlákstadi, svo bærinn mátti ei þar vera sídann. Oddr Oddsson var þá prestr at Reinivöllum, enn Einar Illhugason tók vid þat ár, er sídann vard prófastr. Vídar spilltu snjóflód miklu, heldst á Tindstödum á Kjalarnesi. Madr druknadi á Hólmsgrandanum, Sigurdr Sighvatsson er lengi hafdi búit at Hvaleyri. Snjóflód fleigdi manni á sæ út austr á Kolmúla, enn annar nádist. Þá tyndust skip undir Eyafiöllum, enn tyæríngr í Grindavík med IX mönnum; sexæríngr tyndist í Borgarfyrdi, oc XII menn dóu skyndilega í Grímsey. Þá andadist at Þíngeyrum Halldór prestr Þorsteinsson, er prófastr var í Húnavatnsþíngi; fleiri urdu skada-tídindi á stöku mönnum. Um vetrinn lèt Gudmundr Hákonarson gánga dóm at Sveinstödum í Vatnsdal, XVIIIda dag Februarii um letingia, enn Biörn Pálsson at Espihóli sídar um mála Olufar Thómasdóttr. Þá dó Jón prestr Sigurdarson Einarssonar at Breidabólstad í Fliótshlíd, oc tók Vígfús Oddsson Gaulverjabæ. A alþíngi var dæmdr arfr frá þeim börnum hinna herteknu í Algier, er tekit hefdi Tyrkiatrú; þar kom oc mál Ivars Olafssonar oc Biarna Eyfyrdíngs; nefndi Magnús lögmadr í dóm Sigurd Markússon, Eggert Jónsson á Ökrum, Rúnólf Sigurdarson frá Einarsnesi, Martein Halldórsson, Nicolás Einarsson, Jón Egilsson á Skardi; enn Arni lögmadr nefndi Biarna Gíslason, Indrida Jónsson, Pálma Henriksson Gíslasonar, Hannes Helgason; hans ættmanna verdr sídar gètit; Ara Magnússon oc Jón Þorkèlsson, oc fèll Biarni á málinu, sem í hèradi, oc dæmdist öfundarbót, hann var flækjumadr mikill. Þar kærdi höfudsmadrinn enn hid sama sem fyrri, at hann fengi ecki skjölinn; hann baud oc lögmönnum, oc Hákoni syni Orms Vígfússonar, er þá var landþíngsskrifari, at skoda öll jardaskjöl oc innfæra í bækr med undirskriftum oc innsiglum. Af því þíngi reid Torfi Jónsson vestr at Núpi med födr sínum, oc skildi ádr vid Brynjúlf biskup med blídu, oc fór utann um sumarit til frama sèr; enn Brynjúlfr biskup reid um Sudrnes, oc Visitatiu-reid fyrir jökul, oc kom heim aptr um krossmessu; aptr reid hann til Vest-

fiarda, oc í Trèkyllisvík oc Adalvík, þar hafdi eigi biskup ridit um í meir enn C vetr, fór hann þadann yfir Isafiardardjúp, oc til Hollts í Önundarfyrdi, oc sat þar kaupöl Biarnar Snæbjarnarsonar skólameistara, er hann gèck at eiga Þórunni dóttr Jóns prófasts Sveinssonar í Hollti, bródur Brynjúlfs biskups; tók hann þar blessan födr síns, er þá lá í kör, oc reid sídann í Skálhollt austr; hefir hann svo frásagt siálfr; í þeirri ferd keypti hann járnhrínginn forna frá Helgafells kyrkju fyrir *XL* álnir, enn hann var vyrdr fyrir XV álnir, oc var kalladr stallahríngr hofgodans at Hofstödum, er hann hafdi at eydum, oc at hann hefdi verit lagdr til Helgafells kyrkju er kristni kom, oc mátt ei takast þadann, nema færi í Skálhollt; enn þat er þó annarskostar undarlegt at stallahríngur hafi af járni verit. Þá andadist hinn VIta dag Augusti mánadar, vestr at Saudlauksdal í Patriksfyrdi, Ragnheidr Eggertsdóttir Hannessonar, er átt hafdi Magnús Jónsson gamli, oc módir var Ara í Ögri oc þeirra Magnússona, hún hafdi átt IX hundrud hundrada í jördum, oc verit höfdíngskona merkileg; hafdi hún þriá vetr hins *X*da tugar, oc var borinn vetri fyrir fráfall Jóns biskups Arasonar. Um þær mundir var óþyckt med Gudmundi Hákonarsyni, oc kaupmanni á Skagaströnd Kristiáni Hesselberg, baud Magnús lögmadr Jóni Egilssyni á Geitaskardi at dæma um þat, fór þat framm hinn IXda dag Augusti, oc dæmdust kaupmanni sektir fyrir ord oc atvik; enn deginum eptir var giör sátt á medal þeirra oc var mælt at kaupmadr hefdi drjúgum ordit at þægia í kyrrd. Þá var borinn Halldór son Brynjúlfs biskups í Skálhollti, hinn VIIIda dag Decembris.

CIV Cap. Mannalát.

1643 Nærsti vetr var gódr, enn skip tvö tyndust, tíæríngr í Grindavík, oc komust þó af menn nockrir, enn sexæríngr á Midnesi; var þá fiskafli mikill. A þeim vetri andadist Hákon bóndi Biarnarson Gíslasonar at Nesi vid Seltjörn, fadir Gudmundar á Þíngeyrum, oc þótti merkilegr madr verit hafa; þat var á föstudaginn lánga; hann hafdi átta Solveigu dóttr Jóns Marteinssonar, oc voru börn þeirra önnur enn Gudmundr, Sigurdr, Biörn, Þórunnar tvær oc Halldóra. Sigurdr átti Ingibjörgu dóttr Einars Hákonarsonar,

Arnasonar, Gíslasonar, þau áttu nockr börn, enn illa reiddi Sigurdi, því hann var lausrádr miög. Biörn átti Þorkötlu Jónsdóttr systr Sigurdar prests, er druknadi at Helgafelli, oc börn allmörg, var hann oc lausrádr, oc vissu menn ógiörla hve mörg voru launbörn hans. Þórun var gipt Kort Þormódssyni Kortssonar hins danska Lydssonar, þeirra son var Þorleifr, hann var fyrst skraddarasveinn í Kaupmannahöfn, oc þótti þó allvel framadr, oc fèck sídar Stranda-syslu; enn dætur voru Þórunn er átti Þorleifr prestr í Sölvatúngu, oc Katrín er átti Jón prestr Dadason í Arnarbæli. Magnús var enn Kortsson, lögrèttumadr í Abæ, hann átti Þurídi dóttr Magnúsar er þar var ádr, Þorsteinssonar í Þyckvabæ, þeirra börn voru Magnúsar tveir, Þorsteinn, Lydr prestr oc Kort; Lydr prestr var fadir Gudmundar födr Lyds syslumanns oc Magnúsar læknis. Lydr var enn Kortsson. Halldóra Hákonardóttir var gipt Eggerti frá Snóksdal Hannessyni Biarnarsonar, þeirra börn voru Hannes, sem ætt er frá kominn, Jón eldri, oc Jón yngri á Hofstödum, hann átti Margretu dóttr Steindórs Finnssonar á Ingialdshóli, oc krenktist, oc margt fleira í þeim ættum. Steindór Finnsson hafdi í þennann tíma þridiúng af Stapa umbodi, oc var vel at sèr, enn þó sóadist vid þat fè hans. Þrír menn urdu brádqvaddir á Steinvadi í Utmannasveit, þat var haldit af silúngsáti, þess er kalladr er öfuguggi. Þau missiri andadist Ingialdr lögrèttumadr at Reykjum í Midfyrdi Illhugason Gudmundarsonar, oc var þá Illhugi son hans prestr at Tjörn á Vatnsnesi.

CV Cap. Frá alþíngi oc höfudsmanni.

Ecki fæ eg giörnínga talit er þá voru giördir, svo at neinn frædist af; enn á alþíngi var þat ályktat at lausamenn væri eigi bændum til meins med skipa-útgiörd sinni; oc at þat yrdi naudverja at bíta þann sem fer med fíngr í munn manni; oc um Ingu Kolbeinsdóttr úr syslu Vígfúsar Gíslasonar, er fundinn var í dularmáli vid barn sitt, at henni vægist á lífi til frekari ransóknar, medann ei mátti sanna at hún hefdi fargat því; oc enn fleira. Þar kærdi Pros Mundt höfudsmadr miög, at hann hefdi eigi fengit skilríki þau er hann heimti af biskupum, enn þó af nockrum veraldlegum, oc fyrir þá sök fengi hann ecki samit jardabók yfir

landit allt; krafdist hann svars þeirra hví þeir hefdi svo giört, enn eigi vitu menn hverju þeir hafa svarat; hann baud þá öllum mönnum at giöra þeim lög, sem hann var vanr, oc at þeir kæmi supplicatium til sín er þat vildu, ádr hann færi utann; hann bad menn selja konúngi ædardún fyrir fullt verd, oc leggia í kaupstadi; sídann fór hann utann, oc var Lauritz Nicolásson umbodsmadr hans; kom hann eigi sídann híngat.

CVI Cap. Manntión.

Skiptapi vard á krossmessu þat haust, oc mannskadar einstakir; þá gat madr barn vid stjúpdóttr sinni í Húnavatns-þíngi; enn á Mariumessu á jólaföstu bar þat til at Sigurdr prestr i Middölum, son Olafs prests at Kvennabrecku Moldar-Brandssonar, var sóktr til Hamraenda frá Snóksdal, at veita þiónustu vinnukonu; hann var lítt meira enn þrítugr madr, oc átti Ragnheidi Eggertsdóttr Hannessonar í Snóksdal; hann fór fylgdarlaust heim upp yfir hálsinn í útsýnníngs-jelium, oc villtist, oc leiddi hest sinn, til þess er hann hrapadi ofann fyrir björginn, fyrir utann Hamraenda, XX fadma hátt, oc fanst at morgni er hans var leitat, örendr, enn hestrinn hafdi komit til Hamraenda um qveldit, oc var taumrinn nidri. Þótti svo Ragnheidi oc fleirum, sem væri at kènna ávyrdíngu Hannesar bródr hennar í Snóksdal, oc var med þeim heldr kaldt um stundir; fèck hennar seinna Pálmi Henriksson lögrèttumadr, oc er afqvæmi þeirra talit ádr.

CVII Cap. Frá ímsu, oc um styriöld.

1644 Um vetrinn voru hlutir gódir; þá tyndist sexæríngr á Utskálum í Gardi XIVda dag Febrúarii mánadar med VII mönnum, oc skip tyndist hjá Narfakoti. Hollendsk skip komu í Hafnarfiörd um vorit, vildu skipveriar kaupa vid landsmenn, enn umbodsmadr sendi þegar eptir Arna lögmanni Oddssyni, oc rèdist þat af, at Islendíngum var bannat at kaupa vid þá; sigldu þeir þá vestr undir jökul, oc seldu þar. Rúnólfr son Jóns prests á Skeggiastödum Rúnólfssonar, var þann vetr skólameistari at Hólum, eptir

Sigfús Egilsson. Þá kom út ritníngar-útleggíng Þorláks biskups Skúlasonar, oc þóttu heldr sumstadar dönsk ord í, er hún var af dönsku lögd út, sem legr fyrir herbúdir, eda stigvèladir fyrir skófatadir, oc enn fleira, þar var skipt í versum, oc var hún í því handhægri hinni fyrri. Mikil ótídindi höfdu spurst híngad út um vorit úr ríki konúngs vors Kristiáns fiórda, höfdu Svíar veitt ágáng stórann, oc Hollendíngar lagt samann vid þá, oc giört innhlaup ógurlegt í Holsetuland, oc vídar í Danmörku, rænt oc brennt hvervetna sem þeir komu. Vard þá ei af danskri siglíngu út híngad, fyrr enn undir haust, oc ei kom höfudsmadr. Var dæmt á alþíngi um konur þær er liúga á sig barneign, oc annar dómr um fullrètti. Þar kom fyrir dómr úr Húnavatns-þíngi um barngètnad Biargar Andresdóttr med Jóni Þorsteinssyni, er átti módr hennar, oc reinst hafdi óhæfr vid hana til barnlagnadar, eptir svörnum vitnum, var Gudmundr Hákonarson dæmdr vid þann vanda skilinn, oc málinu skotit til höfudsmanns atgiörda er hann kæmi. Ingun Kolbeinsdóttir var oc dæmd sek eptir dómi Vígfúsar Gíslasonar, því hún hafdi eigi fengit afbötunar gögn, oc ályktudu þeir þat lögmenn Arni Oddsson oc Magnús, Arni Gíslason á Hólmi, Eyríkr Sigvaldason á Búlandi, Magnús Þorsteinsson í Abæ, Bárdr Gíslason, Claus Ejólfsson, Jón Þorkèlsson, Biörn Gíslason, Pètr Henriksson, Einar son Þorsteins Magnússonar, Magnús Biarnason, Thómas Finnsson, Amundi Þormódsson Kortssonar, Finnr Gudmundarson á Sniallshöfda, Olafr Helgason; enn þeir voru sumir er frágengu, oc þótti ofhardt, oc ecki at íslendskum lögum, voru þat Eggert Jónsson at Ökrum, Biörn Þorvaldsson Biarnarsonar á Æsustödum, Pètr Þórdarson í Tialdanesi, Oddr Þorleifsson frá Búdardal bródir Benedicts, Einar Jónsson, Þorkèll Olafsson, Jón Egilsson á Skardi, Eyríkr Finnsson á Kálfalæk bródir Steindórs, Ari Magnússon, Vígfús Jónsson, Arni Teitsson Biarnarsonar, Pètr Einarson á Ballará, Jón Teitsson, Biörn Jónsson at Skardsá, Rúnólfr Sigurdarson frá Einarsnesi, Hannes Helgason, Indridi Jónsson, oc Gísli Brynjólfsson Jónssonar Eyríkssonar í Klofa Torfasonar, hann bjó í Ölvershollti, oc var bródir Asmundar smids í Litluvöllum. Fleiri urdu þar dómar. Þar lètu biskupar bádir, meistari Brynjúlfr oc Þorlákr, bióda þat um allt land, at haldast skyldi bænadagr, oc var med samþycki lögmanna beggia Arna Oddssonar oc Magnúsar Biarnarsonar, oc hinna bestu manna er nærri voru,

skyldu menn bidia gud um linun á þeirri styriöld oc ófridi, sem þá væri fallinn yfir konúngsríkit, med miklum oc audmjúkum formála. Þvílíkt allt var prófóstum bodit at ámynna presta um, enn prestum at ámynna sóknarmenn, svo at hverr skyldi kominn til sóknarkyrkju sinnar á nefndum degi, at forfallalausu, enn þat var midvikudagrinn eptir Laurentius-messu; til at bidja audmjúklega guddómlega hátign, eptir þeirri nád sem gud vill gèfa, oc skyldu allir vel gæta sín fyrir hræsni. Þann dag skyldi eigi vinna framm yfir middegi. Syslumenn skyldu athuga med alþídu, oc sekta þá um VI aura til sannra ölmusumanna, sem á móti brióta, enn hreppstjórar skipti þeirri ölmusu med sóknarprests rádi; beri prestar framm naudsyniar þessar, alvarlega, af prèdikunarstóli, á hverjum helgum degi, þar til er sá dagr kèmr, oc svo sídann, oc hafi allir hversdagslega í bænum sínum, til þess er Gud bænheyrir oss; þat bænarform afhendi meistari Brynjúlfr biskup syslumönnum þar á þínginu. I þessum ófridi unnu Svíar med ofrefli lids *XIV* stórskip af Dönum, í Octobris mánudi, med mönnum oc herbúnadi oc allri áhöfn. Þar fèll Pros Mundt höfudsmadr med miklum drengskap oc hreysti, er oc mælt at fallit hafi Hans Ulrik son Kristiáns konúngs.

CVIII Cap. Tilburdir.

Sumar þetta kom út mislíngasótt, hún hafdi eigi komit hèr fyrri oc var þúng oc mannskæd, oc gèck yfir allt land, dóu CVI í Skagafyrdi; urdu þá vída húsbrunar, oc einn í Vídirnesi fyrir Sigfúsi presti Egilssyni, er skólameistari hafdi verit, þar brunnu einnig XXX hundrud í bókum oc klædum. Þá fèck Jón Halldórsson lögmanns Ingibjargar dóttr Jóns Magnússonar í Haga, hafdi ádr átt hana Gunnar son Arngríms prests lærda, oc var hann dáinn; enn Valgerdar dóttr Halldórs lögmanns fèck þá Gudmundr frá Keldum Torfason Eyríkssonar Biarnarsonar Þorleifssonar lögmanns; hlutadist Brynjúlfr biskup til þeirra giptumála hverutveggia til eflíngar ætt Halldórs lögmanns; hann gat oc son siálfr er Sveinn hèt eptir födr hans, oc vildi hann ei lifa. A þeim missirum var Stephán, son Olafs prófasts Einarssonar í Kyrkjubæ, med Doctor Olafi Worm í Kaupmannahöfn oc lærisveinn hans, oc

setti völuspá á latínu; tók um þær mundir allra fyrst at vitnast oc eflast aptur fornfrædi íslendínga; er þat sagt at Stephán hafi fengit svo mikla vyrdíngu, at Franskr sendimadr hafi bodit hönum af hendi cardínalsins af Richelieu út til Fracklands, oc hafi hann eigi þegit. Þá giördi vedr oc flód á Sudrnesjum oc spillti skipum; oc þat finnst at eldr hafi komit upp í Hofstadafialli í Skagafyrdi, má sá eigi mikill vérit hafa, er Biörn at Skardsá gètr þess eigi samsveitis. Þá vard þat hinn XVIIIda dag Decembris, at Sveinn prófastr Símonarson í Hollti andadist, oc var þá hálfnyrædr, oc hafdi prófastr verit í hálfann Vta tug vetra, enn prestr alls VII vetr hins VIIda tugar, oc þótt æ hinn merkilegasti madr. Þá dó oc Halldór prestr Ketilsson at Kálfafelli.

CIX Cap. Ættir.

Þeir menn hafa nefndir verit stundum vid dóma, er lögrèttumenn voru, oc ættir eru frátaldar, oc nú voru vid aldr er hèr var komit, Eyríkr Sigvaldason oc Nicolás Einarsson. Eyríkr bjó á Búlandi, oc var son Sigvalda Halldórssonar frá Þyckvabæ Skúlasonar Gudmundarsonar Sigvaldasonar lángalífs, enn módir hans var Elin dóttir Jóns Olafssonar á Svarfhóli, hann átti fyrri Þórunni Sigurdardóttr frá Breidabólstad, bródrdóttr Odds biskups, oc voru þeirra börn Þórarinn prestr í Heydölum, oc Halldór prestr, sem ætt er frákominn, oc dætr fiórar, hèt ein Elin kona Hiallta Pálssonar í Teigi. Sídann átti Eyríkr Valgerdi Olafsdóttr Helgasonar, hún var ekkja eptir Sigurd prest Einarsson mág hans, Steinun var hellst af börnum þeirra, kona Högna prests í Einholltum, födrmódir Bergs prófasts í Biarnanesi, oc margir prestar eru þadan. Biarni var oc fyrri konu son Eyríks, er var Skálhollts rádsmadr fyrstr, enn sídann syslumadr í Skaptafells syslu, oc átti Sigrídi dóttr Biarna Oddssonar á Bustarfelli, oc verdr hans enn gètit. Nicolás Einarsson bjó at Hèdinshöfda nordr, hann var son Einars á Hèdinshöfda, Nicolássonar á Múnkaþverá, Þorsteinssonar í Hafrafellstúngu, Finnbogasonar lögmanns, hann átti fyrri Þórdysi Jónsdóttr oc XV börn, enn sídar Helgu Arnadóttr oc IX börn; son hans var Einar prestr at Skinnastödum er átti Þorbjörgu dóttr Jóns

prests Þorvardssonar, oc margt afqvæmi, hann var eigi haldinn aldæla, oc forn í skapi; einn son Einars prests var Eyríkr fadir Eyríks á Asmundarstödum; Jón var annar son Nicolásar, lögrèttumadr. Þorbjörg dóttir Nicolásar átti Gudmund prest Kètilsson á Refstad; Gudrún önnr dóttir hans átti Jón prest Thómasson at Hálsi bródr Sigfúsar er sveinn var Odds biskups, Gudleif átti Þorvald prest á Hrafnagili Thómasson bródr þeirra. Jón bródir Nicolásar Einarssonar bjó í Hafrafellstúngu, hann var fadir Þórarins prófasts at Hrafnagili, oc Þórarins prests í Gardi; slikt var þá afqvæmi Þorsteins Finnbogasonar í Þíngeyar-þíngi, oc margt annat, enn sumt vídsvegar um land.

CX Cap. Frá ímsu.

1645 Um vetrinn hinn Vta dag Febrúarii mánadar druknadi Jón Skálhollts rádsmadr Halldórsson lögmanns, í Brúará, oc skólasveinn med hönum, Bödvar son Steindórs Finnssonar af Ingialdshóli; þeir höfdu ridit í Þorlákshöfn oc þadann í þoku, oc hugdu menn þá villst hafa útá ís á Oseyri, fannst lík rádsmannsins viku sídar, var flutt í Skálhollt, enn barn þat andadist er Ingibjörg ól kona hans. Skip tyndist á Kialarnesi, var þá fiskifengr gódr, enn vor hardt. A Maríumessu á lángaföstu var Páll son Biarnar Magnússonar á Raudasandi, oc Helgu Arngrímsdóttr hins lærda, vígdr til Selárdals, var hann haldinn hinn lærdasti, oc vyrdr mikils af biskupi, verdr hans gètit sídar, er hann var prófastr; enn þó lifdi Halldór prestr Biarnason þá enn í Selárdal; deidi Helga módir Páls prests litlu sídar, oc Eyríkr prestr Kètilsson í Vallanesi, allnafnkèndr madr; enn Arni prestr Jónsson á Látrum vestr, Biarnarsonar á Reykhólum Þorleifssonar, lagdi þá af Flatey fyrir elli sakir. Hallgrímr Pètrsson hafdi fengit Hvalsnes, oc vildu eigi margir til verda, lèk þat ord á at prestar mundu þar ei vellátnir af stórbockum, svo sem var Torfi Erlendsson syslumadr, hann var fiárplógsmadr, oc lítt vinsæll. Þorsteinn prestr á Skardi Oddsson Þorsteinssonar andadist þá einn. Siáfargángr var hinn mesti fyrir nordann land. Var á þeim missirum prentat at Hólum Manuale Mölleri. Þá lèt Þorbergr Hrólfsson hída Svein skotta son Axlar-Biarnar á Helgastada-þíngi, fyrir vanhyrdíngu Gudsorda oc sacramentis,

oc hafdi hann þá verit híddr eitt sinn í Húnavatns-þíngi ádr fyrir landhlaup oc glettíngar. Gudmundr at Laugum Jónsson Illhugasonar prests, umbodsmadr þeirra frænda Þorbergs oc Hrólfs, lèt oc dóm gánga at Helgastödum hinn XXVIIIda Maii mánadar um ólöglega adtekt á fè. Gudmundr átti Seciliu dóttr Arna á Grítubacka Magnússonar, þeirra synir voru Jónar tveir, oc Hallgrímr prestr vid Myvötn, oc Þórgrímr í Krossavík. Þórdr Henriksson i Borgarfyrdi lèt oc dóm gánga um jardar-ábúd oc kúgilda-dráp. Madr einn hèt Jón oc var Hálfdánarson, hann var í Vadnesi í Grímsnesi, þar kom drengr XV vetra um nótt, Símon Brandsson, oc bardi á dyr, gèck Jón út fáklæddr oc út fyrir bæinn, enn Símon eptir hönum, oc hjó hann í höfudit, hvert högg at ödru svo hann fèll vid oc lá í kör um sumarit. Símon var tekinn oc fluttr til alþíngis, oc höggnir af hönum þrír fíngr, oc skorit af eyra. Madr barnadi oc stjúpdóttr sína í Höfnum sudr, oc strauk sídann, enn konann var tekinn af á Bessastödum. Þridja dag Júnii hèldt Brynjúlfr biskup prestastefnu at Vælugerdi í Flóa; voru þar margar greinir færdar framm til at afskipa helmínga-dóma þá er fyrri höfdu verit, oc voru þeir afteknir med öllu. Þessir voru dómsprestar: Halldór Dadason í Runa prófastr í Arness þíngi, Finnr dómkyrkjuprestr í Skálhollti Jónsson, Jón Dadason í Arnarbæli hálfbródir Halldórs prófasts, Hallr Arnason, Jóseph Loptsson á Olafsvöllum, Gottskálk Oddsson í Middal, Jón Jónsson, Jón Gunnlaugsson á Núpi, Salomon Jónsson at Mosfelli í Grímsnesi, Sigurdr Jónsson at Torfastödum, Jón Erlendsson at Villíngahollti, Alfr Jónsson í Kaldadarnesi, oc Gudmundr Biarnason á Hraungèrdi; eptir þat lèt Lauritz Nicolásson umbodsmadr, stadfesta þá samþyckt med X dómsmönnum, oc stadfesti enn siálfr med XVIII klerkum, at Egilstödum í Austfyrdíngafiórdúngi um haustit, enn ári sídar at Stadarstad med XVIII prestum.

CXI Cap. Fráfall Þorsteins prests.

Þá var Jens Söfrensson í höfudsmanns stad, oc átti at giöra kon-úngi skil fyrir öllum tekjum af landi, oc hafdi hálft annad hundrad dali, voru þat þá mikil laun; hafdi hann oc vald svo mikit sem

höfudsmadr, oc þótti laungum hardr; er þá sagt af hafi verit tekinn Ingvildr Kolbeinsdóttir at vestann, enn eg hygg Ingunni Kolbeinsdóttr er ádr getr. Þá fèck Sigurdr son Jóns Sigurdarsonar í Einarsnesi oc Ragnheidar Hannesdóttr fyrri konu hans, Kristínar frá Hytardal systr Þórdar prests, oc er frá þeim ætt mikil; andadist oc Hólmfrídr kona Benedicts Pálssonar í mislíngum; enn Benedict fèck sídann Sigrídar dóttr Magnúsar at Siáfarborg Jónssonar Jónssonar at Ökrum Grímssonar, hún var fríd sínum oc fagrhærd, var hún köllud hinn stórráda; var henni misgèfit vid Jón bródr sinn, hann var kvennskr til skyrgiördar oc annara slíkra hluta, enn aldregi kèndr vid konu. Svo þótti Benedict eptir þat hann fèck Sigrídar, sem hann mundi betr kominn med Tyrkjum fyrri. Þann tíma hèldt Þorsteinn prestr Hvamm í Nordrárdal, son Tyrfíngs í Hjörtsey Asgeirssonar prests at Lundi, oc var vitr madr oc all-mikilhæfr, hann átti Jórunni dóttr Einars prests á Melum Þórdarsonar lögmanns, enn módir Jórunnar var Gudrún dóttir Marteins biskups; þau voru börn þeirra, Einar, Jón, Arni oc Gudrún, hennar fèck Benedict í Bólstadahlíd, son Biarnar Magnússonar Biarnarsonar Jónssonar biskups; enn þá er Benedict skyldi fá Gudrúnar, reid Þorsteinn prestr med hönum vestr undir jökul, oc sóktu brúdkaups-kost, oc er þeir voru á heimleid, vestr á fiörum hiá Gnúpá, var Þorsteinn prestr nockud druckinn, fèll aptr af hesti sínum, oc var þegar örendr; var hann grafinn í Hiörtsey. Fór þá Jórun nordr med Gudrúnu dóttr sinni, oc börn hennar önnr, oc giptist Þorbergi Hrólfssyni á Seilu; áttu þau ecki börn, því hann var þá gamall, oc þau bædi. Einar Þorsteinsson var þá XII vetra, oc fór hann í Hóla skóla undir tilsión Runólfs Jónssonar skólameistara. Þat haust giördi hregg oc snjó svo mikinn í sæluviku, at penínga fennti á fiöllum, enn kaupför dönsk er at landi voru kominn rak í haf aptr, oc fengu villr oc hrakninga. Jens Söfrenssyni voru þá afhendir Bessastadir.

Nú líkr þar frásögnum Biarnar at Skardsá, þó margt sè eptir ödrum ritat, oc margt uppgötvad med ímsum hætti; tók hann nú at eldast miög, oc giörast slióskygn, oc því ætla eg hann hafi hætt at rita tilburdi; enn Oddr á Fitjum son Eyríks Oddssonar biskups reit annál þar nærst yfir nockur ár; oc þar eptir Benedict prestr at Hesti, oc þykir þat allt merkilegt sem hann

hefir skrád; voru þessir annálameistarar nafnkendastir í hinni XVIIdu öld, enn sídann urdu þeir fleiri jafnframt.

CXII Cap. Imislegt er vidbar.

Vetr var gódr oc þá laungum fátt til tídinda; þá lèt Þorlákr biskup bæta nya húsit á Hólum er Gudbrandr biskup hafdi látit smída fyrir IX vetrum hins fimta tugar, fèck hann til timbrmann danskann er skrúfadi þat upp, oc setti undirstödu nya, oc endrbætti þat er hrörnat var, oc gaf hönum XL dali til launa; stód þat lengi sídann. Þá lágu skipbrotsmenn danskir um vetrinn í Patriksfyrdi; var hèr út Jens Söfrensson oc Matthias bródir hans. Afli var mikill. Þá urdu bæabrunar, oc brunnu tvær konr inni, oc margt fèmætt, at Kornsá í Vatnsdal, oc vídar urdu skèmdir. Þá var þat á einu vorþíngi í Borgarfyrdi at Secilia á Kalastödum Arnadóttir Gíslasonar biskups, er Illhugi Vígfússon hafdi átta, bar þat á Olaf prest Bödvarsson í Saurbæ, at hann hefdi haft hrossakjöt fyrir refa-agn, oc bad syslumann skrásetia, oc afsagdi prestsþiónustu hans vid sig, var hún stórlynd. Þat spurdi Brynjúlfr biskup, enn þó var eigi borit fyrir prófast nè hann, oc lèt hann stefna Olafi presti til prestastefnu at Melum haustit nærsta hinn XXVIIda Augusti; þar voru VI prestar oc hèradsprófastrinn; enn biskupi þótti þurfa XII menn í dóm þar sem mál tæki til embættis, oc þar med kom ei Olafr prestr, fyrir því var úrskurdat at hann hèldi sèr frá embætti til þess er höfudsmadr oc biskup mætti umdæma á almennilegri prestastefnu á Þíngvelli; ei er gètit málsloka. Steindór Finnsson lèt þá af Stapa umbodi, er hann hafdi hálft, enn Sigurdr prestr í Miklahollti bródir hans andadist. Finnr oc Sigurdr voru synir hans, enn Gudlaug, Sigrídr oc Gudrún dætr. Þeir brædr voru í fèlagi; var Sigurdr líkþrár, oc erfdi Finnur hann. Finnr Sigurdarson fèck Kristínar dóttr Jóns Olafssonar frá Svarfhóli Jónssonar Olafssonar, tók Jón þessi missiri prestskap í Hvammi í Nordrárdal, hann átti Sigrídi dóttr Lopts prests Skaptasonar oc Kristínar Oddsdottr biskups, systr Jósephs prests á Olafsvöllum, reindu þeir mágar orku med sèr, oc var nær um med þeim. Börn Finns oc Kristínar voru Þórdr oc Steindór í Krossnessi oc fleiri, enn Þórdr átti mikit afqvæmi, oc var fadir Þórdar prests í Hvammi, 1646

födr þeirra Einars prests oc Þorsteins prests; enn Jón prestr Olafsson átti adra konu sídar, oc voru þeirra börn Brynjúlfr prestr oc Sigrídr. Þórdr í Galltarhollti var annar son illa Láfa, bródir Jóns prests. Þessi misseri fèck Páll prestr í Selárdal Helgu dóttr Halldórs lögmanns í Skálhollti, oc hafdi sídann vingan mikla Brynjúlfs biskups; enn Jón Finnsson frá Flatey fèck Sigrídar Loptsdóttr, hann var bródir Torfa prests födr Jóns í Flatey, enn þeir voru synir Finns Jónssonar í Flatey Biarnarsonar at Reykhólum Þorleifssonar hyrdstjóra; Loptr var son Jóns Finnssonar oc Sigrídar, módrfadir Lyds syslumanns, oc þeirra systkina. Jón Halldórsson er bjó í Svefneyum, dó þá skyndilega. Þat sumar kom út konúngsbrèf um inventaria óþörf kyrkjum, skyldi verd þeirra leggiast til fátækra presta, oc þó fleira. Þá fór Sveinn skotti um land, oc hafdi laungum bædi stolit oc tekit til qvenna, edr synt af sèr adra hrecki, enn var þó ragr oc huglaus; alla vanrækti hann gudlega hluti, oc var illordasamr vid flesta menn; hann vildi eittsinni naudga Oddnyu konu Magnúsar prests Einarssonar at Undirfelll; sá Magnús prestr hafdi verit á Kvíabeck ádr, oc var svo einfaldr at hann lèt eptir allt bú sitt, oc ætladi hann mundi taka vid hinu sama at Undirfelli, enn sá nytti sèr þat er vidtók, oc giördi hann snaudann; Sveinn kom ei framm vilja sínum, því menn komu at, oc ráku hann med svipum þadann úr plátsi; hönum var dæmt á alþíngi hid mesta húdlát, oc fór hann þadann vestr. Þar var oc dæmt um þriótsku Biarnar Eyríkssonar vid ómagadóm Vigfúsar Gíslasonar syslumanns; oc um Ivar Sigurdarson óeyrdarmann úr Húnavatns-þíngi; oc um hálfkyrkju er óþörf syndist at Kalastödum, oc enn fleira. Hardt var þá fyrirbodinn kaupskapr vid alla þá er eigi voru úr ríkjum Dana konúngs. Þá lèt Brynjúlfr biskup afhenda Jens Söfrenssyni fógeta þat inventarium Skálhollts stadar er óþarflegt vyrdist, XXIII naut gèld gömul, IIII þrevetr, XXII tvævetr, tvö vetrgömul, saudi tvævetra oc eldri CXCV, vetrgamla CXX, oc smjör mikit. Var Jens vyrdr sem höfudsmadr, oc hafdi öll forrád af konúngi; hann hafdi þá C dali í laun, enn hálft annat hundrad í kostpenínga; var hann hèr laungum á þeim árum sumar oc vetr. Þá druknadi í skreidarför Arni Isleifsson Ejólfssonar Halldórssonar. Um haustit eptir var nytíng gód; oc svo gódr vetrinn
1647 eptir, at engir menn mundu þvílíkann; frost var nær aldrei, oc syndust mönnum gróa í keldaföllum á þorra. Var þá nógr fiskr

fyrir vestann land í midjann einmánud, oc hlutir miklir á sumarmálum; er svo sagt at XVI hundrud (tólfræd) hafi ordit á Alptanesi sudr, enn annarstadar nockru minni.

CXIII Cap. Mannalát.

Midvikudaginn sídarstann í vetri andadist Vígfús á Hvoli syslumadr Gíslason lögmanns Hákonarsonar, var hann eigi gamall madr, enn þó nafnkunnr, hann hafdi átta Katrínu dóttr Erlendar á Hvoli, oc Salvarar Stephánsdóttr Gíslasonar biskups, börn þeirra voru meistari Gísli, oc Jónar tveir, vard annar sídann syslumadr í Borgarfyrdi, oc enn fleira; Salvör oc Þorbjörg. Lík Vígfúsar var jardad á friádaginn lánga, því þá voru sumar-páskir, enn Arnessyslu oc Vestmanna-eyar tóku þeir eptir hann Torfi Erlendsson, oc Jacob Bang, danskr madr, hann var bródir Gregers Bangs, sem þá hèldt allt Stapa umbod, oc Snæfells-syslu, enn þeir voru stjúpsynir Jens Söfrenssonar umbodmanns á Bessastödum. Nærri hvítasunnu andadist Kristián son Kristiáns konúngs fiórda er ríki hafdi rádit, vetri minnr enn hálf fimtugr. Þá segia sumir prentadr væri at Hólum Davids psaltari, sèr í lagi, eptir því sem hann var í rítníngar útleggíngu, at beidni Þorleifs Magnússonar at Hlídarenda. Sigurdr prestr Jónsson tók þá Miklaholt er ádr hafdi haldit Torfastadi hjá Skálholti. Þá hefir Biörn Snæbiarnarsonar frá Kyrkjubóli verit skólameistari í Skálholti í XI vetr, oc haft alla stund bú í Isafyrdi, oc verit þar jafnann á sumrum, oc syslat um þat, oc flutt konu sína í milli haust oc vor, svo hún var med hönum í Skálholti á vetrum, því hann var athafnamadr mikill, sem þeir fleiri Kyrkiubólsfrændr; hann var optast gæfr oc stundunarsamr, enn þótti vandfysinn, oc tortryggr miög, svo hann trúdi nær engum; hann vígdist í þennan tíma at Stadarstad, til Capellans Gudmundi presti Einarssyni. Snæbjörn prestr fadir hans hafdi gèfit Stad í Adalvík fyrir Beneficium í veikleika sínum, enn Torfi prestr bródir hans hèldt Kyrkjuból. Þorleifr son Jóns Sigurdarsonar í Einarsnesi, oc Ragnheidar Hannesdóttr frá Snóksdal hafdi framast utanlands, oc vard skólameistari eptir Biörn, var hann vel at sèr. Þá kom út konúngsbrèf um presta, er sannir verda at barngetnadi, at þeim mætti enginn veita uppreisn, nema konúngr siálfr.

Öndudust þá nockrir prestar þeir er merkilegir voru: Gissr prestr Gíslason á Þíngmúla var einn, oc vigdist þángad sídar Biarni son hans; annar Sigurdr á Rafnseyri Snorrason Asgeirssonar prests frá Lundi. Þá dó oc Bergþór lögrèttumadr nyrdra, Sæmundarson prófasts í Glaumbæ Kárssonar, hans son var Kár fadir Olafs, födr Jóns, födr Olafs á Frostastödum, födr Olafs Prófessors í Túnsbergi. Torfi son Jóns Gissurarsonar frændi Brynjúlfs biskups oc fóstri, giördist þá kyrkjuprestr í Skálhollti í stad Finns Jónssonar, hann fèck Vallanes eptir Eyrík prest Kètilsson, enn fór þó ei þángat. Þorlákr biskup lèt reisa um sumarit klucknaportit at Hólum, oc færa þángad IIII kluckr, med hinni miklu kluckunni, er Líkabaung var köllud, oc nidri hafdi legit sídann hin fyrri kyrkjann hrapadi; þar voru danskir menn til forsagnar, oc var hún undinn upp med rádi þeirra, oc atburdum miklum; höfdu kluckurnar verit fyrri í stöplinum, svo sem sidr er til í ödrum löndum, at þær hánga í turnum yfir kyrkjum. Þau missiri andadist Arnfrídr Benedictsdóttir hins ríka módir Eggerts á Skardi Biarnarsonar, var hún þar med syni sínum. Þá var bodit upp Stapa umbod fyrir DCC oc XL dala, oc tók þat enginn þannig.

CXIV Cap. Aftaka Jóns Þorsteinssonar.

Jón hèt madr oc var Þorsteinsson, oc hefir hans ádr getit verit; hann hafdi qvænst í Húnavatnsþíngi, oc fengit þeirrar konu er Herdys hèt; þau voru samann III ár, oc hafdi fallit styrdt á med þeim, oc Herdys lyst því fyrir ærlegum konum at Jón bóndi sinn væri ei laginn til hjónabands samfara; eptir þat voru þau enn samann eitt ár oc XIII vikr, enn þá gat Jon barn vid dóttr konu sinnar er Biörg hèt, oc medgèck þat, enn vildi sveria fyrir eginkonu sína Herdysi módr hennar; var sá eydr dæmdr hönum at Sveinstödum, enn hann vann hann svofeldann, at hann hefdi eigi holdlegann verknad framit med Herdysi; hún vann í annan stad sjöttareyd fyrir Jón, oc var þá dæmt at hann skyldi eigi dræpr vera, enn þau sektudust um IX merkr hvert til konúngsdómsins, Jón oc Biörg, þarmed skyldu lögmenn úrskèra hvert vera skyldi refsíng edr fèlát. Hafdi þar stadit vid um tvö ár er hèr var omit, at drógst undann, oc kom fyrir Jens Söfrensson, enn hönum

þótti ofmikit atgiört, oc qvad slíkar sakir ecki dæmast meiga hèr í landi; kom hann því fyrir konúnginn, oc fèck brèf hans uppá, at þau skyldu líflátast bædi, Jón oc Biörg, enn dómrinn skyldi ónytr; voru þau svo tekinn af á alþíngi, oc medkèndi Jón aldrei annat enn fyrri; var konúngi dæmt fè hans uppá fyrirspurn Gudmundar Hákonarsonar. Enn af slíku vard í þann tíma mikil medaumkan manna med barngètnadar málum, oc óvild vid stóradóm oc annat er þar laut at, enn kom þó at litlu, því at Danir höfdu ríka stjórn yfir landinu, oc fylgdu fast lögunum eptirgiafalaust, um lánga hríd medan Kristián fiórdi var konúngr, oc mest medann Jens Söfrensson var út hèr; var oc lítt grenslast um edlilegar orsakir til slíkra vidburda er þessi var; þótti sumum Jens Söfrensson ofstrángr um þvílíkt, enn þó var hann skilgódr oc vitr, hafdi hann hèr álit oc vald meira enn flestir umbodsmenn, eda þeir er eigi báru höfudsmanns nafn. Er þat eitt til merkja, at á því sumri kærdi Biarni Sigurdarson á Stockseyri í lögrèttu um jardaskipti, enn Jens baud hönum oc erfíngium Vígfúsar Gíslasonar, at láta af kaupi þeirrar jardar undir fiögra marka sekt, oc hid sama baud hann um öll önnr jardakaup, er voru í móti konúngs brèfi, oc var því hlídt A því þíngi var dæmdr arfr hreppum eptir ölmusumenn; oc um dóm Þorsteins Magnússonar á Þyckvabæ oc Þorleifs á Hlídarenda um vitnisburd fedga tveggia, oc enn fleira. Þorleifr Vestfyrdíngr, er þar var miög nafnkèndr, Þórdarson, Þorleifssonar á Mödruvöllum, deidi þá, oc var fullgamall.

CXV Cap. Frá Gudmundi Hákonarsyni oc ætt hans.

Gudmundr Hákonarson bjó í þann tíma at Þíngeyrum, oc hafdi Húnavatns syslu, hann hagadi sèr jafnan til góds hlutar, var oc ör oc vel at fleiru; hann átti Halldóru dóttr Ara Magnússonar í Ogri, oc Kristínar Gudbrandsdóttr biskups; börn þeirra er á legg komust voru Þorkèll oc Helga. Þorkèll fèck á þessu sumri Solveigar, dóttr Magnúsar lögmanns at Múnkaþverá, þau settu bú at Stóruborg í Vídidal. Gudmundr son Ara Gudmundarsonar úr Skagafyrdi Einarssonar frá Bólstadahlíd Þórarinssonar, var sveinn Gudmundar Hákonarsonar eina stund, oc gaf hann hönum hundrad

er hann bar hann á brecku, því hann var miög þúngr oc feitr, bjó sá Gudmundr í Flatatúngu sídar, oc var fadir Ara prests at Mælifelli, Jóns prests í Stærra-Arskógi, födr Þórarins prests í Grímsey, oc þeirra systkina fleiri; átti hann Gudrúnu dóttr Biarnar á Laxamyri Magnússonar. Þorkèll son Gudmundar Hákonarsonar oc Solveig átti IIII börn, Hákon var einn, hann bjó sídar at Mardarnúpi, oc mægdist vid Þorvard prest á Breidabólstad, oc lèt ei börn eptir; Ari var annar, hann fèck Astrídar Þorleifsdóttir frá Haga á Bardaströnd, oc bjó þar, oc hafdi syslu, hans börn voru Þorkèll, oc Þorleifr prófastr á Breidabólstad, Magnús Capteinn oc Teitr oc Halldórur tvær. Gudmundr var hinn þridji, hann átti launbörn ein, oc vard bráddaudr hjá Hólum í Ejafyrdi. Ingibjörg var hid fiórda, hún giptist Magnúsi syni Benedicts Pálssonar oc Sigrídar stórrádu; vid Þorkèl Gudmundarson hygg eg sè kènnt Thorkelins nafn. Helga dóttir Gudmundar Hákonarsonar var kona Biarnar sonar Magnúsar lögmanns Biarnarsonar. Fátt vard svo göfugt afsprengi Gudmundar sem hann var siálfr. Svo er sagt, at konúngsbrèf nockr væri útgèfinn þessi missiri, um konr er setja börn útá audn, oc at Jens Söfrensson lèti presta í Hóla biskupsdæmi fá tillög sín, oc slíkt annat. Gètit er oc þess, at þá hafi Jón lærdi, er um þessar stundir var at Dalakoti í Utmannasveit, ritat eda útlagt heims sögu ágrip nockut; ádr hafdi hann samit qvædi um ímsann hègóma, oc æfi-drápu sína engu betri, oc um álfa; því nærst um steinakrapt bók þá er hann var sektadr fyrir. Svo hefir oc sagt Biörn at Skardsá, at hann hafi ritad nockut móti lærdómi Lúthers; var hann nú þremr vetrum betr enn siötugr er hèr var komit, oc er nú lokit hans ydnum.

CXVI Cap. Frá Brynjúlfi biskupi.

Meistari Brynjúlfr biskup í Skálhollti visiteradi þetta sumar Vestfiördu í þridja sinni, oc messadi at Flateyar kyrkju XIIta sunnudag eptir Trinitatis; þar bjó þá Jón bóndi Torfason prests Finnssonar, hann átti bók eina á pergamenti med múnkariti eptir lángfedga sína, þar voru á Noregs konúngasögr oc margt annat, oc var hún köllut Flateyarbók; hafdi Brynjúlfr biskup falat hana ádr fyrir pening̃a, oc er þat fèckst ei, þá fyrir V hundrud í jördu,

oc var hún eigi föl at heldr; enn sídann er Jón fylgdi hönum til skips úr eyunum, gaf hann hönum bókina, oc ætla menn at biskup muni fullu hafa launat. Þá bók gaf hann sídann konúnginum, því at hönum baudst seinna at vera sagnameistari Fridriks konúngs, afsakadi hann sig frá því hæversklega, oc lètst ei meiga fara med konu sína oc börn í önnr lönd, enn sídann var hönum falit á hendr at útvega fornfrædi. Hann reid med fullgiörfa menn at viti oc burdum í visitatiur sínar, oc stundum fiölmennr á Austfiördu eda Vestfiördu, hafdi hann med sèr lærda menn sína, skólameistara oc heyrara, presta hyggna, edr adra velframada menn, til gódra úrræda ef taka þyrfti til, oc svo til at þurfa sídr lids annara, oc svo nockurn þann er orkumadr var mikill ef stórbockum þyrfti at mæta. Þat hafdi verit fyrrum, at mjög ójafnlega geck til med tillag fátækra presta af hinum audgari beneficiis, var jafn þúngi lagdr á hina fátækari stadi oc hina audgustu, svo at Reykjahollt oc Melar, hvert um sig, skyldi ala prest at öllu, jafnt vid Breidabólstad oc Odda, enn stundum var hinum gömlu prestum, er capellan þurftu til adstodar, kyppt frá kallinu, oc vísat á uppeldi stadanna, svo sem var um Orm prest Þorvaldsson á Reinivöllum, á dögum Odds biskups; hönum fèll til þögn eda mállleysi snöggsinnis um þær mundir er Herluff Daae misti hyrdstjórnina, oc fèck ei at taka son sinn sèr til styrktarmanns, oc batnadi þó aptr; enn VI prestar dæmdu hann á Reykholltsstadar tillag, svo biskup fengi komit þar inn Oddi presti Oddssyni; XI vetrum sídar þá Ormr prestr deidi, skipadi Oddr biskup med brèfi sínu Ejólfi presti Arnþórssyni í Gördum at leita sèr uppheldis af tillagi hinna sömu stada, svo Jón prestr Bödvarsson í Reykjahollti siái um hann eitt ár eda missiri, oc svo Jón prestr Jónsson á Melum jafnlengi, enn sneydt var hjá Hollti oc Breidabólstad, er annan stadinn heldt sonr Odds biskups, enn annan bródir hans. Svo gèck oc á dögum Gísla biskups Oddssonar, enn þó med bón oc lempni; þann ójöfnud tók Brynjúlfr biskup af, oc tók til hve mikit hverr stadr skyldi leggia á ári, eptir inntektar hæd; einskoradi hann þat hverki í dölum eda kaupmannsvöru, er erfidt mætti verda at gialda út, lèt þat vera í vènjulegu tektagialdi presta, hálft í frídu á vorum, enn hálft í smjöri eda daudu á haustum, oc var þat áqvedit á prestastefnu at Breidabólstad í Fljótshlíd á

þessu ári; voru á hans dögum teknir á tillagit fátækir prestsmenn uppgèfnir, er eigi áttu fè fyrir sig, enn höfdu góda kynníngu um lærdóm sinn oc lifnad, enn ecki svallarar eda hyrduleysíngiar. Hann qvad einnin á at hverr landsfiórdúngr skyldi annast sína presta, oc var þat ei svo ádr.

CXVII Cap. Smídi Skálhollts kyrkju oc stadar.

Brynjúlfr biskup tók at byggia upp stórmannlega stad oc kyrkju í Skálhollti, oc med kostnadi miklum; fèck hann til oc flutti at sèr hina bésta rekavidu er fá mátti, oc útlendska vidu fèck hann mikla; hafdi komit út haustinu ádr enn nú er frásagt, grenividr gotlendskr á Eyrarbacka skipi, svo mikill at þat var hladit, oc kostadi meir enn CCC dala, þat ætladi hann til kyrkjusmídis; stórvidir allir voru dregnir heim á ísum þegar akfæri var á vetrum, af stóls landsetum, oc ödrum er atfengnir voru, fyrir laun full; fór hann at dæmum Ögmundar biskups, oc lèt Flóamenn oc Ölvesínga draga stórtrèn af Eyrarbacka, uppad klettunum fyrir nedann Brúnastadatún, enn Grímsnesínga oc Túngnamenn, Hreppamenn oc Skeydamenn þadann heim í Skálhollti; enn èr hverr dráttr var kominn heim undir jólavallar-gard, baud biskup at bera hey útundir gardinn, oc mat á bord; lèt svo sleppa hestunum í heyid, er þeir máttu ei lengra draga, enn dráttarmenn, þá er þeir höfdu komit triánum í kyrkjugardinn, med atstod heimamanna, skyldu setjast undir bord, oc gèck hann fyrir því siálfr; hann fèck oc til hina bestu smidi oc körskustu, at saga, tegla oc höggva viduna, oc voru stundum XXX eda fleiri, enn sumir smídudu járnsmídi, oc lagdi hann til kyrkjunnar í gadda, rek-saum oc hespr LX vættir járns; var forsmidr Gudmundr snickari Gudmundarson frá Bæ í Borgarfyrdi, oc var þá nykominn út, hann var þann tíd hagastr madr á landi hèr, oc hjó sídar skírnarfontinn í Hólakyrkju, oc marga legsteina, oc enn fleira, er hann bjó fyrir nordann. Brynjúlfr biskup ritadi þessi missiri rit um ástand Íslands, oc sendi Otta Krag secretera konúngs; hann hafdi oc ádr ritad, oc reit sídann, sendibrèf mörg til lærdra manna, oc greinir yfir Saxa Grammaticum; hann lagdi oc út nya Testamentit sem mest eptir griskunni, oc nockut fornyrdt, þat vildi Þorlákr biskup

eigi láta prenta, því hann hugdi ordamunurinn mundi hneigsla alþídu; oc med því hann hafdi hid mesta bóka-safn þá þegar, oc fornfrædi oc sögr, er flest ritadi Jón prestr Erlendsson í Villíngahollti, oc vildi at slíkt yrdi prentat, enn þóttist sjálfr verda um at siá ef rètt skyldi verda, oc grunadi þó fylgi eda lidsinni Þorláks biskups vid sig í slíku, bad hann konúng á þessu sumri at hann mætti hafa heimilis-prentverk lítit, oc mundi þat veitt hafa verit, ef Otti Krag secreteri vinr hans, hefdi ordit nógu skjótt vid at bera þat fyrir konúnginn, því at hann var í vingan konúngs, enn þat vard ecki.

CXVIII Cap. Konúngaskipti oc frá ímsu.

Þau missiri spilltist vedrátt nockut eptir því sem áleid, oc um jólinn ofannverd andadist Gudmundr prestr Einarsson at Stad á 1648
Ölduhrygg, er þar var lengi, oc merkilegr madr. Þá var hardr vetr frá Magnúsmessu fyrir jól, oc allt til hvítasunnu, svo vída fèllu stórum útigángs-peníngar, oc mest í Þíngeyarþíngum oc Austfiördum; var vorit hardast, oc mykti aldrei fyrr enn í einu, urdu margir menn bjargarlitlir, enn miklu fleiri peníngslapsir, því at jardbönn voru mikil. XIV byrnir gengu á land á Ströndum, oc margir annarstadar, því at allt var fullt af hafísum; laungum voru fiúk oc ófærdir miklar, oc gengu sumir menn frá heimilum. Þann vetr andadist Kristián konúngr fiórdi, vetri betur enn sjötugr, enn ríki hafdi hann haft í LX vetr; giördist Fridríkr sonr hans konúngr eptir hann, oc vard ádr at gánga at þúngum kostum vid edalmenn, því þeir rèdu þá öllu i Danmörku at verr var. Jökulsá í Axarfyrdi var þá ridinn á ísi í fardögum, oc var fyrst saudjörd í útsveitum á Jónsmessu; sumstadar vard ecki slegit gras, þvíat eigi var leyst upp af völlum allstadar á midju sumri; var sumar vott oc kaldt, oc spilltust hey af hafís-suddum oc brunnu; fátt komst í ver ofannverdann vetr, þvíat margir sneru aptr, enn fiskr var þó fyrir. Var vetr þessi kalladr glerúngsvetr eda rolluvetr, oc vard ecki bót at sumrinu. Þá lèt Þorlákr biskup fyrst giöra at timbrstofunni á Hólum, er Audun raudi hafdi byggda. Sótt var í landi, oc mest á Vestfiördum, dóu menn margir; manntapar urdu oc nockrir. Madr hèt Grímr Pálsson, hann var skólagenginn, oc

druknadi í Grímsá. Magnús Jónsson Magnússonar var þá syslumadr í Bardastrandar syslu, hann lèt taka Svein skotta þiófr, var hann þá frægr af illvyrkjum um allt land, oc dæma, oc hengia um vorit í Raudaskördum, son hans var Gísli hrókr, er sídar var hengdr austr í Dyrhólum; enn annar er sagt hafi heitit Steingrímr, oc búit í Þíngeyar þíngi, oc verit saudaþiófr mikill, oc sèu menn frá hönum komnir, oc ordit betri í þridja lid enn fimta frá Axlar Byrni. Gètit er um vorit tveggia dóma Benedicts Halldórssonar syslumanns í Skagafyrdi. Mjólkurkúm var þá gèfit hey til alþíngis í útsveitum, enn sumstadar lengr; oc ridu þá ecki syslumenn til þíngs úr Dölum eda vestar fyrir hardinda sakir. Seint í Júnio andadist Arngrímr prestr hinn lærdi, at Mel í Midfyrdi, oc var hann þá áttrædr. Þá bætti Brynjúlfr biskup XX oc einni kú vid þat inventarium er fæckat var ádr í Skálhollti, fyrir þat allt vitu menn engann peníng komit hafa. Þat hafdi borit til nyrdra, at prestar tveir komust í mál samann, Jón Pálsson at Ríp, oc Olafr Olafsson er fyrri var skólameistari, oc kalladr lærdi karl. Jón útdeildi Olafi sacramentum, oc sagdi Olafr blód verit hafa í kaleiknum, enn Jón qvad hann siálfann hafa spítt í blódi; þar vann Olafr tylftareyd fyrir, enn þó ætludu menn at bádir hefdi þeir allillt málefni, setti Þorlákr biskup þá af báda, enn Jón var dæmdr þetta sumar á alþíngi sekr IIII mörkum oc fiölmælismadr. Þar var oc konu dæmd refsíng er tvísaga vard um barnsfaderni; oc svo um heitíngar Odds Magnússonar, er hann hèt at giöra sig at lausamanni, oc brenna upp Fagranes, þar Gottskálk prestr var; oc enn um vísur er Rögnvaldr Jónsson qvad um Audun Sigurdarson í Dölum, var því vísat til Biarna Pètrssonar á Stadarhóli, er þá var syslumadr.

CXIX Cap. Fráföll manna oc fleiri tídindi.

Hans Nansen borgmeistari í Kaupmannahöfn, oc Jóhan Mumm Hollendski, höfdu þá fengit af konúngi laxveidi í Hvítá í Borgarfyrdi; þat afbad Brynjúlfr biskup med brèfi til konúngs, qvad laxinn ei gánga meiga í árnar upp til nota mönnum, ef ósinn væri stemdr; hann æskti einnin skipaferda til Grindavíkr aptr, kalladi þar von mestra fiskikaupa vid Skálholltsstad; oc fèck hann þetta,

því at útlendir oc kaupmenn voru þá ei einrádir um allt; enn Jóhann Mumm bygdi hús í Hvanneyrar landeign. Um þíng-andadist Þórdr prestr Thómasson, er lengi var í Garpsdal, oc Snorri Asgeirsson, er miög lengi hafdi búit at Varmalæk í Borgarfyrdi; enn litlu sídar Jón Sigurdarson í Einarsnesi, er syslu hafdi vestann Hvítá, oc fèck hana Sigurdr sonr hans. Gísli son Magnúsar lögmanns var þá kominn út fyrir tveim vetrum, oc þótti kurteysastr úngra manna, hann hafdi verit á Englandi seinast, fèck hann þá Múlasyslu, þvíat Biarni Oddsson lagdi af, oc sídar Skriduklaustr, er Jón Biarnarson veik frá, sá er þar var lengi, oc hèldt sídann Múlasyslu alla. Þá dó Gudmundr prestr Gudmundarson í Fljótshlíd, oc Finnr prestr Jónsson í Skálhollti, er Vallanes hafdi fengit; Biarni prestr á Kolfreyustad Ormsson Egilssonar, Högni Jónsson, er fyrri var at Stafafelli, oc Halldór í Selárdal Biarnason Halldórssonar Einarssonar Sigvaldasonar lángalífs; einnin Jón á Núpi Gissurarson Þorlákssonar, hálfbródir Brynjúlfs biskups, oc merkilegr madr, enn Torfi son hans fèck Rafnseyri eptir Sigurd prest Snorrason, oc hèldt at eins þessi missiri. Sigurdr son Gísla prests Einarssonar fèck Stad í Grunnavík. Um sumarit fór utann Halldór son Jóns prests Bödvarssonar í Reykiahollti, Teitr son Torfa prests Snæbjarnarsonar á Kyrkjubóli, oc Magnús son Magnúsar Jónssonar syslumanns. Þá visiteradi Brynjúlfr biskup Austfiördu. Þat var þá bodit af ríkisrádi at menn skyldu halda þriá bænadaga, í mynníngu Kristiáns konúngs hins fráfallna, oc bidja Gud þess at hann gæfi mönnum aptr gódann stjórnara, því at þraungt var fyrst um kosníngu Fridríks konúngs. Brèf eitt var þá borit til Islands, er nockrir höfdu logit upp til at auka hjátrú, þat átti at vera gèfit út af Christo sjálfum af himni, med mörgum hègómlegum atvikum, oc hefir þat hjá sumum mönnum geymst framm á vora daga. Þá gèck Gudmundr prestr Biarnason í Laugardælum at eiga Astu dóttr Orms í Eyum, enn Teitr prestr at Prestsbacka Þóru dóttr Einars prests Arnfinnssonar at Stad í Hrútafyrdi; Einar sá var lögvitr madr, oc verdr enn gètit; bródir hans hèt Vilhiálmr, oc lítt vinsæll í uppvexti, sídann bjó hann í Avík á Ströndum, oc þótti þar ribbaldi, hann var þá kalladr Galdra-Vilki, oc var nockra stund syslumadr, oc mörg voru þau systkin. Jens Söfrensson var þá enn fógeti, oc fór utann. Þá bjó at Stórólfshvoli Katrín Erlendsdóttir, eckja Vígfúsar Gíslasonar, hún var haldinn nockut fè-

glögg. Þar brunnu hinn XXXta dag Octobris öll húsinn nema kyrkjann, oc hinir mestu fèmunir, barnafè Vígfúsar, er sagt at Katrínu hafi dreymt ádr at kyrkjann brynni, enn hún hafi haft þar inní kistur sínar med mörgu fèmætu, oc hafi látit bera þær í bæinn, enn kistur hjúa sinna í kyrkju aptr, enn öfugr hafi ordit draumrinn. Biarni Biarnason, er þá bjó at Ingunnarstödum í Múlasókn á Skálmarnesi, skar sig á hálsinn á því hausti, enn batnadi þó aptr. Þá er enn mælt at andast hafi Gudrún Olafsdóttir í Snóksdal, er Hannes Biarnarson hafdi átta, oc var hún hálf-tyræd. Hallæri var þá mikit, sakir vetrar þess hins mikla, oc sumars er verit hafdi, enn heynítíngar höfdu ordit gódar fyrir sunnann, oc fiski-ár mikit, oc barg þat mörgum; med því at vetr þar nærstann giördi gódann oc mjúkann, nema hálfann mánud um jólinn
1649 siálf; lá laungum allt saudfè úti, oc voru tekinn fiallagrös á Ströndum vestr á Pálsmessu á föstu; hèldust þau votvidri med hlyindum á sumar framm, oc giördi grasvöxt mikinn, enn fiskr nyttist illa sökum vætunnar, oc hafdi verit mikill fengrinn. Strákar útlendir brutu hús á Eyrarbacka um vorit oc nádu skreyd, tók Jens Söfrensson þá, því hann kom út í Seilunni um vorit fyrir krossmessu, oc átti utann at flytja, hèt Marteinn sá er fyrir þeim var, hann komst úr járnum frá Bessastada bödli, oc vestr fyrir jökul, oc þar á duggu enska, enn hvarf litlu sídar af skipi, oc med hönum slykiusteinninn, oc ætludu menn mundi hafa dreckt sèr. Þá var prentat Graduale á Islendsku oc latinu, oc Pangratius-postilla. Rúnólfr Jónsson lèt þá af skólameistaradæmi á Hólum, oc fór utann, oc vard þar meistari, oc ritadi ímsar bækr, enn tók vid hans syslan Þorsteinn Illhugason Hóla rádsmanns. Þat vor dæmdi Þorlákr biskup at Flugumyri um heytoll.

CXX Cap. Hyllíngar eydar.

Jens Söfrenssyni hafdi verit umbodit at byrta hyllíngarbrèf Fridriks konúngs hins þridja, voru bodadir til alþíngis biskupar bádir, meistari Brynjúlfr oc Þorlákr, lögmenn bádir Arni Oddsson oc Magnús Biarnarson, prófastar allir, oc XVIII prestar úr Skálhollts biskupsdæmi, enn XX prestar oc allir prófastar at nordann, syslumenn allir, med tveimr nefndarmönnum, oc tveimr bændum úr

hverri syslu; skyldu þeir allir vinna Fridriki konúngi eyda á þíngi, fyrir sig oc eptirkomendr sína; sendi Matthias Söfrensson brèfinn um land allt, því hann hafdi umbod Jens bródr síns. Fyrir þessar sakir ráku allir syslumenn syslr sínar fyrir alþíng, oc tóku manntal, oc játun allrar alþídu med handsölum, oc nefndu þá til er rída skyldu; oc slíkt gjördu prófastar einnin, hverr í sínu umdæmi. Nockru sídar, fyrir alþíngstímann, komu út varnarskip tvö dönsk, oc á þeim höfudsmadr hinn nyi, herra Henrik Bielke af Austrátt, edalmadr norrænn, ríkis admirall, oc þá nylega sleginn til riddara, hann var mikill madr álitum, frægr af atgervi oc ágætis-verkum, oc ættgöfugr, sagdi hann svo siálfr, at eitt hefdi verit kyn Gottskálks biskups hins fyrra á Hólum oc forfedra sinna. Med hönum kom út annar edalmadr, Gabriel Knutsson Acheley af Julerod, secreteri konúngs, hann átti at taka eydana af öllum á Pètrsmessu, snemma á alþíngi; var búd mikil reyst í Öxarárhólma, þar er hyrdstjóra-búdinn var fyrrum, oc er menn voru komnir á þíng, gengu þángat allir formenn lands þessa, oc er þeir höfdu heilsat, oc mannfiöldinn var kominn samann, hèldt herra Gabriel Acheley merkilega rædu, fyrst á látinu, oc sídann á dönsku, til allra þeirra er þar voru komnir samann, oc taldi þeim eyrindi sitt, qvadst vera sendr af konúngi til at taka eyda af landsmönnum; þar uppá svörudu biskuparnir, Þorlákr oc meistari Brynjúlfr kènnidómsins vegna á látinu, oc lögmennirnir Arni oc Magnús vegna alþídu; því nærst fóru allir yfir til lögrèttu, oc tóku at vinna eydana; giördu þat fyrst biskupar bádir med knèfalli, oc Brynjúlfr fyrri, sídann allir prófastar, oc svo prestar tveir úr hverju prófastsdæmi. Þareptir unnu lögmenn bádir eydinn, þá syslumenn, þá lögrèttumenn, þá skattbændr tveir úr hverju hèradi, er til voru kosnir í umbodi almúgans; eptir þat var skotit þrem sinnum af fallbyssum. At þínglausnum hèldt höfudsmadrinn þeim öllum veitslu, er eydana höfdu unnit, þar í búdinni, hún var XIV fadma laung, med bitum, sperrum oc lángböndum, oc tjöldud yfir med vadmálum, enn svo breid, at sitja mátti framann oc ofann lángbord á fióra becki, oc nær L menn á hverjum; þar voru leikinn ímisleg hliódfæri, oc blásit á pípr oc trómetr, svo menn mundu enga veitslu jafnstórmannlega ordit hafa á landi hèr, oc stód hún til morguns daginn eptir, var þá oc alþíng hid fiölmennasta. Þar

R

voru bornar framm imsar naudsyniar af landsmönnum fyrir herramenninа; leiddi Brynjúlfr biskup fyrir siónir, hve inventaria á prestaköllum væri um of, oc at þat er óþarft væri mætti fæckast, oc hafast til annars. Mest kærdu Islendíngar kaupskap sumarkaupmanna er hèr voru, oc hètu herramennirnir at bera slíka hluti framm, mun oc sídar gètit konúngsbrèfa er af leiddi. Þar var dæmt um nockrar barngètnadar sakir; oc einn dómr um Odd Þorleifsson úr Strandasyslu, at hönum syndist vægd fyrir hórdóm hans, er kona hans var sár oc grafinn í andliti, oc hafdi eigi viljat taka hann aptr, enn þau voru þó ei skilinn er hann fèll í þridja brot. Þá afbad lögrèttann syslumenn útlendska.

CXXI Cap. Frá Gudmundi Andressyni.

Gudmundr hèt madr oc var Andresson, hann hafdi lært í Hólaskóla, oc var djákn at Reinistad eda Þíngeyrum, allskarpr, enn nockut ólempinn í gèdi, oc braut heldr þánka um suma hluti, enn þat var eigi allskostar álitit vel í þann tima. Gudmundr hafdi viliad verda prestr, oc fá Sigrídar nockurrar, laundóttr Jóns Oddssonar oc Gudrúnar Jónsdóttr, er systir var Arngríms hins lærda, enn hönum þótti Þorlákr biskup hafa bægt sèr frá hverutveggia; fyrir því tókst hann á hendr at rita nockud sneydilegt rit til biskups, er hann kalladi: *nosce te ipsum;* oc í fleiru ysdist hann vid hann, enn ei var þat neitt er sakir mætti á gèfa; giördist þá biskup hönum óvinveittr, oc gafst hönum færi til. Bar svo undir at Gudmundr samdi rit eitt til at sína skarpleika sinn mjög í móti stóra dómi, oc var þat eigi allra, hyggia sumir hann ecki einann um fiallat hafa, nema Einar prestr Arnfinnsson hefdi þar til lagt, hann var þá at Stad í Hrútafyrdi, enn hafdi misst ádr Reinistadar kall fyrir barngètnad. Þat rit var á móti stóradómi; bjó Gudmundr þá at Biargi í Midfyrdi med módr sinni. Rit þetta barst vída, oc líkadi sumum vel, enn sumum illa; kom þat til Þorláks biskups, enn hann bar þat fyrir höfudsmannin Henrik Bielke, oc kalladi þat hneigslissamt, þar sem margir væri ærit óhlídnir vid löginn, þó ei væri upphvattir, enn dómrinn stadfestr af konúngi, oc mætti slíkt ei þolast órefst. Gudmundr var farinn sudr á Nes um þíngit til fiski-atdrátta; hann var einn haldinn margvís, oc ei

allra vid at fást, sem þá var tídt, at fródir menn voru haldnir af ödrum, oc vildu sumir siálfir hnísast í fleira enn þat er edlilegt var, oc hafa ord af at kunna. Svo hafdi fallit, at Hallgrímr bóndi á Vídimyri, son Halldórs lögmanns Olafssonar, hafdi komit fyrir þíngit sudr at Bessastödum, til at svara ákæru nockurri, er hönum var borinn af konúngs landsetum, um ójöfnud er hann hefdi síndann; var Hallgrímr sterkr madr oc ósvífinn. Þá var höfudsmanninum sagt, at hann væri hinna göfugustu manna í landi hèr, lögmanns sonr, oc mágr meistara Brynjúlfs biskups, tók hann hönum fyrir því vel, oc lèt vera vid bord sitt, því þá stód á máltíd, enn yfir bordum nefndi höfudsmadrinn ákæru þessa; Hallgrími þótti sem hann mundi vera heima í Skagafyrdi, oc hugdi at hrinda slíku med hardfengi, svaradi fyrst djarflega, enn er hönum þótti lítt úrskèra fyrir sèr, giördist hann stórordr, oc spretti fíngrum yfir bordi, oc þó meira af stórmennsku oc ógætni, enn at hann vildi ei vyrda höfudsmanninn. Þá spratt höfudsmadrinn upp, oc lètst ei slíkt þolat hafa hefnilaust herramönnum í Danmörku, enn miklu sídr skyldi hann þola þat bónda íslendskum; sindist þeim þá rád er nærri voru, oc Hallgrími vildu duga, at skióta hönum sem fyrst undann oc á brott, því höfudsmanninum lá þat fyrst í svo þúngu rúmi, at eigi neytti hann svefns nè matar. Frá þessu sagdi Hákon Ormsson Vígfússonar, oc fleiri menn er vid voru staddir, Halldóri prófasti Jónssyni í Reykiaholti, födr Jóns prófasts; bádu þá biskupar bádir, oc adrir hinir eldri menn, fyrir Hallgrím á alþíngi, oc veitti heldr tregt at ná sáttum til handa hönum. Enn er þat spurdist at Gudmundr Andresson var þar nærstaddr á nordrför, var Hallgrími rádit til at taka hann, fèck hann med sèr karska menn, oc ellti Gudmund nordr á Kaldadal, oc nádi hönum, oc flutti á þíng, oc afhendi, var hann vid þat tekinn í sátt, oc segir ecki af hönum meira. Þvínærst reid Gabriel Acheley í Skálholt, oc þadann aptr til baka; enn höfudsmadrinn reid nordr til Hóla eptir þíngit, því at hin mesta vinátta var med þeim Þorláki biskupi, oc þegar sudr aptr í Borgarfiörd; þá kom hann at Hesti, þar bjó Audun prestr Jónsson Salomonssonar prests, Gudmundarsonar, gamall madr oc frómr, oc búþegn, enn fèskygn nockud svo, oc ókunnr stórhöfdíngiaháttum; bad höfudsmadrinn hann um hest sudr at Hvalfyrdi, til láns, oc var látinn til klár-

hestr bleikalóttr, oc þó heldr seint, enn eigi til láns, heldr til leigu, eda fyrir fullt verd; höfudsmadrinn kastadi þremr eda fiórum dölum at presti, oc qvad slíka ógreidasemi lagfærast meiga sídar. Þar kom af skyldutlutníngr lènsmanna ári seinna; sídann reid höfudsmadrinn til Bessastada, oc fór utann lítlu sídar, oc med hönum Gísli son Þorláks biskups, oc Rúnólfr skólameistari er fyrri gètr; þá fór oc utann Biörn son Magnúsar lögmanns. Gudmundr Andresson var oc fluttr utann, oc settr í bláturn; þat var fángelsi í þann tíma vid inngánginn á Kaupmannahafnar sloti til hægri handar; oc sat hann þar framm á vetr, til þess einhverjusinni, seint um nóttu, þá ljós voru slokinn vídarst, enn flestir menn í svefni á slotinu, þá kom hann þar inn á herbergi nockut, þar er hann sá at liós brunnu, þar var fyrir fóstra konúngsbarna med þernum hennar, oc vard þeim öllum bilt vid miög, oc hugdu þar komit hid mesta meinvætti, því hann var í bónda-búnadi íslendskum, oc þó slæmum, þar med ófrínn fángi oc óræstinn; hann var lítt vanr dönsku máli, enn mælti þó til þeirra, qvadst hafa hrapat ófyrirsynju út úr bláturni, oc bidr at hann sè látinn þángat aptr; komu nú upp hlióđ oc háreysti svo mikil at vída heyrdi um slotit, oc þarmed sá qvittr, at fángarnir hefdi brotist út úr turninum, hlióþu þá margir til at forvitnast hvad um var. Enn er menn gættu til, var enginn út kominn, nema Gudmundr einn, oc bad jafnann láta sig inn aptr, qvadst hafa haft þat til skemtunar sèr um nætr, at horfa út um glugg á herbergi sínu eptir himintúngla-gángi, oc einhverjusinni, er hann hefdi klifrat sem lengst utí glugginn í þeim eyrindum, lètst hann hafa hrapat út af turninum; enn med hverju faraldri hann hefir komist ígègnum járnslár þær hinar sterku, er í glugganum voru, oc sídann ómeiddr nidr á griót, jafnmikla hæd, þykiast menn ei fá skilit, Enn er þetta kom fyrir konúnginn, spurdi hann Henrik Bielke höfudsmann, fyrir hverjar sakir Gudmundr var þar kominn; var þá ritit synt, oc lagdi Rúnólfr Jónsson þat út á dönsku; sídann var þat skodat í Consistorii rèttinum, oc bar Gudmundr þat fyrir sig, at hann hefdi eckert braud nè embætti fengit á Islandi til at lifa af, enn hefdi haft lystíngu til bókvísi, oc lètst þá hafa ritat þetta til at prófa vit sitt, oc í einfeldni, til ydkunar sèr, med þeim hætti sem menn disputerudu, þegar til væri fundit hvad sem mætti móti meiníngum annara, enn aldrei af því, at hann hefdi

viljad mótfalla stóradómi, sem sèr væri gèfit at sök; vard þat þá af, at Gudmundr var látinn laus, oc tekinn í stúdenta tölu, oc gèfit fœdi á klaustri, enn sídann vard hann decanus vid IXda eda Xda bord; var hann kostgæfinn, oc lagdi út norrænar bækr, oc fèck af því framgáng hjá sumum lærdum mönnum, oc ritadi ordabók íslendska er prentud var. Hann lifdi V ár alls í Kaupmannahöfn, til þess er hann andadist med ödrum fleirum í sóttini miklu.

CXXII Cap. Tilburdir.

Konúngsbrèf þau er Henrik Bielke hafdi komit út med, voru III eda fleiri. Eitt um Hólakyrkju í Eyafyrdi, at fè hennar gialdist henni; annat um vidargiöf til dómkyrknana, er flytiast skyldi frá Noregi, C dala vyrdi; þridja um Gísla Einarsson, at hann skyldi kènna mælíngarfrædi á Islandi, oc um laun hans; Einar fadir hans var son Pètrs í Vík Magnússonar, bródrs Þorsteins í Þyckvabæ, oc Biarnar á Laxamyri. Snemma um haustit runnu skridr á tún oc engiar manna sakir votvidra, oc spilltu miög jördum, svo fèll af verd oc landskuld, er til nefndr Hvammr á Bardaströnd. Margt fólk dó í Þíngeyar þíngi, sökum hardinda hid fyrra árit. Gudmundr Narfason hèt madr nyqvæntr, sá myrdi konu sína. Þat sumar andadist Einar Hákonarson á kaupstadaför, í svefni. Þá var haldit brúdkaup Gísla, sonar Magnúsar lögmanns, oc Þrúdar dóttr Þorleifs Magnússonar at Hlídarenda, var med þeim þrímenníngs frændsemi, oc fyrir því tekit leifisbrèf, enn konúngr gaf leifisgialdit til Hólaskóla. Sagt er at þá hafi Pètr Gissurarson prests at Stadarbacka Gamlasonar Hallgrímssonar, er þá var heyrari í Skálhollti, vígst til capellans at Utskálum, oc veit eg eigi hvert satt er. Bödvar Sturluson vard heyrari aptr, hann var sonarsonr Jóns prests Krákssonar í Gördum, var Sturla fadir hans kalladr ættleri, enn Bödvar var lærdr madr. Þeir voru brædr Krákr Hallvardsson fadir Jóns prests, oc Jón fadir Arngríms lærda. Hallr prestr Arnason kom þá til Rafnseyrar, enn til Skardsstrandar Erlendr son Einars prests á Stad á Reykjanesi, er mist hafdi stad oc prestskap, Gudmundarsonar prests, Jónssonar prests í Gúfudal, Þorleifssonar í Þyckvaskógi; sá Erlendr hèldt sídar Hiardarholt í Laxárdal. Hinn XXVIIda dag Octobris vard skiptapi vid Skáleyar, oc tyndust V

menn; Sveinn bóndi Brandsson úr Eyunum var formadr; frá Brandi födr hans er Skáleyar ætt. Þau missiri tók Eyríkr son Olafs prófasts Einarssonar á Kyrkjubæ, vid Stadnum, því fadir hans giördist þá gamall oc blindr, enn Stephán prestr Olafsson tók Vallanes, oc hèldt lengi sídann, oc var prófastr, hann var skáld gott oc gladlyndr, medalmadr vexti oc þrekinn, raddmadr mikill. Ejólfr Biarnason Ormssonar prófasts frá Kálfatjörn Egilssonar, tók þá Kolfreyustad eptir födr sinn, hann var mikilmenni af siálfum sèr. Þá andadist Oddr prestr Oddsson á Reinivöllum, oc þótti merkilegr madr verit hafa.

CXXIII Cap. Arferdi.

1650 Eptir þat giördi vetr gódann med spakri vedrátt, ei sídr enn hid fyrra árit, enn hverr fiördr var fullr af fiski, oc var hann nærr á Breidafyrdi þegar eptir jól, oc svo sumstadar þar sem menn vissu enginn dæmi; vorit var óstödugt, oc grèri ecki snemma. Þá lèt Benedict Halldórssons syslumadr í Skagafyrdi, dóm gánga at Lytíngstödum, um galdrarygti oc legord, er Jón Biarnarson á Búströdum kærdi, oc var því skotit til lögrèttunnar, þar voru í dómi Sigurdr Markússon í Hèradsdal, Eggert Jónsson á Ökrum, Hallgrímr Halldórsson á Vídimyri, Magnús Jónsson, Biörn Jónsson at Skardsá, Gudmundr son Kolbeins Hiálmssonar lögrèttumenn, Gudmundr Arason í Flatatúngu, Erlendr Nicolásson, Ingimundr Bessason Hrólfssonar, Þorsteinn Steingrímsson, oc Jón Arnason; eru frá þessum mönnum mörgum ættir taldar.

CXXIV Cap. Frá höfudsmanni, málum oc misfellum.

Þetta vor, hinn XXVta dag Maii mánadar, var reistr med miklum mannfiölda, rádum oc atburdum, annar hlidveggr Skálholltskyrkju, enn annar mánadi seinna; var þat sumar reist öll kyrkiann, bædi at undirgrind oc riáfri, oc súdud upp frá bitum, enn sleginn fyrir bordvidr at nedann seinna, oc súdinn öll tvífódrud, med hinum bestu bordum gotlendskum. Þá kom út um sumarit Henrik Bielke höfudsmadr, oc reid á þíng, þar lèt hann byrta

konúngsbrèf þau er hann hafdi; var eitt til höfudsmannsins oc biskupa, at þeir finni rád til at bæta kjör presta, oc gèfi þat konúngi til kynna; annat at prestaeckjur nióti nádarárs; þridja at reki allr á kyrkiujördum falli til þeirra, þvíat syslumenn höfdu þá um hríd eignad sèr hann; fiórda var um þá er forsmá kyrkju aga at syslumenn agi þá; fimta um óþörf inventaria, at þau seljist frá kyrkjum. Þar at auki um friálsann flutníng lènsmanna þat er ádr er gètit, oc at ei væri hæckadar landskuldir; eitt var um hospitöl fyrir líkþráa menn fátæka, því at sá sjúkleiki var þá miög tídr, oc hafdi verit um stundir, oc var sídann á allri XVIIda öld, enn sárasótt sú er fyrri var hafdi þá at mestu þrotit, sídann tóbaksbrúkun jókst. Þat hafdi fyrrum verit áqvedit í Bessastada samþyckt, at hospitöl skyldi setja, enn Kristián konúngr þridji kalladi vel fallit, þó hinir fátæku væri fluttir sem þángat til; laungu seinna, þá er Jón lögmadr fór utann, oc tókst á hendr nockr eyrindi Islands, var því aptr fylgt, hèt þá Kristián konúngr fiórdi at láta sysla þar um er gott tóm yrdi; sídann var því ecki hreift fyrri enn hèr var komit, oc vard þó ei fullgiört at því sinni. Eitt brèf var um brúargiörd; eitt at enginn íslendskr madr fylgi nockru útlanda skipi á hafnir, oc lögd vid lífssök; þá voru enn nockr um ímislega hluti, enn eckert vard atgiört um kauphöndlanina, höfdu Islendíngar viljat fá at kaupa vid allar þiódir, oc var því tekit fiærri. Þar gengu nockrir dómar, oc var þar einn kominn frá Torfa Erlendssyni, oc einn frá Rúnólfi Sigurdarsyni frá Einarsnesi, er syslu hafdi í Hnappadal. Þórdr Henriksson var landþíngskrifari. Þá baud höfudsmadrinn syslumönnum at koma hvert ár til þíngs. Þángad var flutt Gudmundr Narfason úr Arnessþíngi, er skorit hafdi á háls konu sína, oc vildi hann ei medkènnast, var hann þá píntadr, oc sídann svarinn líkindi, oc hann dæmdr til dauda, þá medgèck hann, oc tók ydran mikla at því er á mátti sjá, bad Gud oc menn fyrirgèfníngar, oc gèck gladr at dauda sínum; var hann brotinn á útlimum, oc afhöfdadr sídann, oc höfudit sett á stiaka á almannagiáarbarmi. Annar madr hèt Jón kalladr Syuson, hönum hafdi stjúpdóttir hans kènnt barn, enn hann medgèck aldrei; bárust á hann líkr, oc fèck hann ei eydamenn, var sídann dæmdr til dauda; hann vard illmannlega vid, oc fèck eigi bödullinn höggvid hann, því exinn þótti vefjast upp sem í steini, urdu því mjög mörg högginn ádr hann dó, fundu þeir á hönum

svartann rúnastaf í skónum, á eykarspialdi, oc hausskèl af manni med hári á, oc hèldu hann fiölkunnugann miög, oc brendu kroppinn. Konu var þar dreckt er madr gat barn vid, sá er átti systr hennar, hann var tekinn af í Eyafyrdi; er svo sagt, at á því alþíngi væri alls líflátnir VIII; enn er þíngit var lokit, reid höfudsmadrinn til Hóla nordr, þadann í Skálhollt, oc þadann til Bessastada.

CXXV Cap. Mannalát.

Þetta sumar öndverdt tyndist skip undir Múla á Skálmarnesi med V mönnum, var formadr Þórólfr bóndi Einarsson, Þorleifssonar Jónssonar prests í Gúfudal, Þorleifssonar í Þyckvaskógi, hann hafdi átta Þorkötlu dóttr Finns í Flatey, þeirra börn voru Finnr, Ragnhildr, er átti Erlendr prestr Einarsson í Hiardarhollti, oc Ingibjörg er átti Nicolás prestr son Gudmundar Olafssonar Moldar-Brandssonar, þeirra börn voru Finnr, fadir Þórólfs undir Múla, oc Gudrún módir Ragnhildar, módr þeirra Olafssona, Eggerts oc Magnúsar lögmanna, oc Jóns. Sótt var mikil oc manndaudi, oc mest á útkjálkum kríngum land, urdu XXX hjónaskilnadir í Skagafyrdi; misfarir urdu oc nockrar. Þeir Þórbergr Hrólfsson oc Hrólfr Sigurdarson lètu dóm gánga at Ærlæk um sumarit, um þiófnad oc óknytti Kètils Jónssonar. Svo þótti mönnum sem kaupmenn væri verri vid at kaupa, sídann þeir voru ákærdir. Þá andadist Örnólfr Gudmundarson at Hellum, oc Snæbjörn prófastr í Odda Stephánsson Gíslasonar biskups, oc Biörn Þorleifsson, er lengi bjó undir Múla á Skálmarnesi, hann skorti III vetr á áttrædann; prestaskipti urdu enn sumstadar. Bödvar Sturluson heyrari vígdist til Vestmannaeya, því prestr þar misti fyrir barngètnad; enn Torfi Jónsson frændi Brynjúlfs biskups fèck Gaulverjabæ, því Vígfús Oddsson dó, er þar var. Þá dó einninn Þorvaldr Olafsson at Audbrecku, hann ætladi á þíng, oc hneig af hestinum nær örendr á Lángalandshálsi, oc deidi sídann; börn hans voru Jón at Audbrecku, Benedict á Vindheimum, Biörn, Dadi fadir Hildar módr Þórídar er átti Halldór prestr Hallsson, Olafr, Gudrún kona Stephánsprests í Vallanesi, Þórun kona Erlendar prests Olafssonar; er miklu fleira fólk komit frá Þorvaldi, enn frá Halldóri lögmanni

bródr hans. Sigfús á Yxnahóli var enn bródir þeirra, sem ættir eru frákomnar. Þá druknadi Jón prestr nyvígdr at Múnkaþverá, son Gudmundar prests skáldsins at Felli, Erlendarsonar; andadist oc Olafr prestr at Breidabólstad Erlendarson, Pálssonar Grímssonar, oc fadir þeirra Þorvardar prests oc Erlendar prests, oc svo Olafr prestr Bödvarsson at Saurbæ vid Hvalfiörd; þá dó oc Jón lærdi. Þau missiri lèt Benedict Pálsson reisa Mödruvalla kyrkju, hún var sterk oc vönduđ. Þá tók Breidabólstad á Skógarströnd Asmundr prestr Ejólfsson, oc hèldt lengi sídann, oc var prófastr, hann var son Ejólfs Helgasonar Ejólfssonar prests á Melum Grímssonar, enn módir hans var Liótunn dóttir Asmundar prests í Miklahollti, Nicolássonar þess er bródir var Marteins biskups at móderni, Jónssonar smids Audunnarsonar, hann átti Gudrúnu laundóttr Jóns Teitssonar Biarnarsonar Jónssonar biskups, oc var hann fadir Brynjúlfs födr Halldórs biskups. Margir adrir prestar urdu þá nyir, þó eg nefni þessa hellst. Þá voru á þeim tímum dylgiur miklar í Danmörku, med Fridriki konúngi, oc edalmönnum mágum hans, oc var ríkit í hinum mestu vandrædum. A því sumri fór utann Einar son Þorsteins prests Tyrfíngssonar med Henrik Bielke höfudsmanni; oc þá settu þeir á latinu rit Gudmundar Andrèssonar um stóradóm at konúngsbodi, meistari Rúnólfr oc Páll son Halls Biarnasonar í Mödrufelli; voru þá tyutygi vetr frá aftöku Jóns biskups Arasonar, oc sona hans.

CXXVI Cap. Frá Brynjúlfi biskupi.

Þat bar vid um vetrinn í Skálhollti, at skólasveinar XIII urdu berir at galdrastafa medferd, af únggædi oc nynæmi því, er þá leiddi margann, med adstod vondra dæma, til hjátrúar oc afgudadyrkuner, oc hafdi þvílíkt slædst af Vestfiördum þángat; lèt Brynjúlfr biskup þá þola skólarefsíngu alvarlega, oc vísadi þeim frá 1651 skólanum, enn þó ei undir dómara atgiördir, er ómjúkar voru í slíkum málum í þann tíma, med því hann vildi eigi koma gódra manna börnum til svo mikillar óhámíngiu, enn leitadi heldr ráda utanlands, oc var hönum leift at taka þá aptr til læríngar, er slíkt hefdi hendt af einni samann óvitsku, tók hann aptr flesta af þeim

sídann, oc reindust margir vel; hefdi svo at líkindum mítt verda um fleiri þá er galdri voru bornir, oc fengu ei eyda oc voru brenndir sídann, þá er svo var komit at menn lögdu nálega at jöfnu þann er fundust hjá myndadir rúnastafir, oc þann er reyndr var at illvilja, oc töldu jafn-saknæma afgudadyrkan at eiga rúnablöd, sem at tilbidja Satan, því þat var nálega látit vera allt eitt. Enn þó Brynjúlfr biskup væri þrautgódr í þessu, þá var hann sidavandr vid presta sína um lifnad þeirra oc kènníngu; eckert vildi hann sjá á þeim yfirlæti eda lausíngiahátt, oc ei at þeir hefdi sídt hár, lèt hann þá stytta þat undir vígsluna, oc afskèra, svo ei nádi lengra enn ofann fyrir eyrabladit eda jafnt því, oc svo hafdi hann siálfr; enn þat kalla nockrir verit hafa páfa edr múnka sidar snèrt, sem suma hluti adra er í fari hans voru, oc enn mun verda frásagt. Hann fylgdi því fast, at prestar skyldu vanda predikanir sínar, enn leggja af at lesa þær á bók, sem margir höfdu giört þángat til; hann skipadi þeim nytt eydsform í XV greinum, því hönum þótti þat ei nógu greinilegt er fyrri hafdi verit, unnu þeir svo eyd fyrir hönum med knèfalli, oc undirskrifudu med dato til hvers prestakalls þeir vígdust; var sá sidr hans einnin hafdr af þeim er eptir hann var, þartil er ritualit kom. Þat er almælt, at Brynjúlfr biskup hafi lærdr verit í flestum hlutum, svo at enginn biskup hafdi jafnlærdr verit á Islandi, oc at því skapi væri margr annar skörúngskapr hans, voru þá oc menn lærdastir í landi, á latinu oc margt annat. Olafr prófastr Einarsson hafdi setit nærstr hönum er hann visiteradi Austfiördu, vyrdi hann engann prest meira ámedann hann lifdi.

CXXVII Cap. Frá ýmsu.

Þá var vetr gódr oc blídt vor oc sumar; fiskafli var mikill, enn mönnum hætt á sjó; druknudu VII menn vid Eyasand, þrír í Hraunum, tveir á Alptanesi, IIII á Skagafyrdi. Þá er sagt at dæi Þórdr Henriksson. Benedict Halldórsson lèt gánga dóm at Vallalaug, oc Halldór Biarnason synja fyrir galdra-rygti; þeir voru í dómi fyrstir, Þorbergr Hrólfsson á Seilu, syslumadr, Sigurdr Markússon, Eggert Jónsson oc Hallgrímr Halldórsson, oc fleiri nafnkendir menn; enn Gudmundr Hákonarson lèt dæma at Engihlíd um vist-

arrád; Magnús Biarnason, syslumadr í Vestmannaeyum, um fiskihlut oc tóbaks-sölu, hann var son Biarna á Stockseyri, oc átti Vilborgu dóttr Þorsteins Magnússonar á Þyckvabæ, þau bjuggu á Leirubacka; lögmenn Arni Oddsson oc Magnús Biarnarson giördu oc reglu um hlutinn, oc hefir sá hlutr kalladr verit Tómr í Vestmannaeyum. Svo segir Þorlákr Markússon, at logn mikit hafi verit um vorit á fráfærutíma, oc hafi þá ólifian nockut setst á sjó fyrir Sudrnesjum, svo at dáit hafi sjófúglar. Þá hafdi dáit um vetrinn Jón Magnússon á Eyri í Seydisfyrdi, oc þau missiri dó Matthias umbodsmadr í Bessastödum, hann hafdi látit smída skútu haffærandi. Þá tók Þórarinn prestr Heydali, son Eyríks Sigvaldasonar á Búlandi, enn Arni Loptsson frá Sælíngsdal, Arnasonar Loptssonar prests í Vídidalstúngu Þyckvabæar-þíng, oc Þorleifr skólameistari Jónsson frá Einarsnesi Oddastad, var hann merkilegr madr; brann í þann tíma skólinn af ógáti skólasveina, oc var eigi hönum kènnt, heldr Gísla Einarssyni, er tók vid af hönum; þat var sá er ádr hafdi fengit brèfit uppá at kènna mælíngarfrædi, son Einars Pètrssonar í Vík Magnússonar oc Kristínar Gísladóttr prests frá Hvammi Gudbrandssonar, hinn lærdasti madr oc stjörnufródr; enn Þorleifr prestr Jónsson fèck Sigrídar Biarnardóttr systr Páls prófasts í Selárdal, hún var ríkilát, þeirra son var Biörn, enn mælt er þau ætti nockr börn er eigi tímgudust. Hallgrímr prestr Pètrsson fèck þá Saurbæ á Hvalfiardarströnd. Þat var á þessu sumri öndverdlega, at Brynjúlfr biskup lèt útgánga meiníngu sína um eydatöku; hönum þótti eigi gánga jafnann til sem skyldi í legordsmálum, því dómendr leifdu karlmönnum at synja med eydi fyrir börn sem mædurnar kèndu þeim, þó þeir medkèndi samrædi, ef V eda VI vikum munadi um tímann, jókust prestum af því vandrædi um aflausnir þeirra barnsmædra, er þær stódu fast á hinu sama um fadernit, þó fyrir hefdi verit svarit. Ritadi meistari Brynjúlfr þá brèf til lögmanna, syslumanna, oc annara dómenda, útgèfit í Skálhollti XVIda dag Júnii mánadar, oc var þat lesit upp í lögrèttu um sumarit; þar greindi hann hvad hann hafdi fundit í bókum spekínga, lækna oc lærdra manna, bædi á fyrri oc seinni öldum, um óvissann medgaungutíma kvenna, oc syndi med mörgdæmum at lifandi fóstur hefdi fædt verit frá hinum VIIda til hins XIta mánadar, oc á þeim mánudum öllum medgaungu tímans,

ámynnti hann þá fyrir þessa sök at setja sig ecki í þann vanda, oc hlutdeild annarligra synda, at taka þvílíka eyda svo hraparliga, enn rèdi þeim til at leifa slíkum at sverja sögn sína um samrædis-tímann, oc barna-mædrunum at sverja fyrir adra menn um tiltekinn tíma, ef til væri færar, dæma sídann barnsfadernit af þeim edr á, eptir gögnum oc líkindum, oc sefadist vid þat eydataka þessi.

CXXVIII Cap. Giörníngar ímsir.

Þá kom út brèf Fridríks kongs at þeir skyldu sektast at lögum sem hèldi tyundum; annat um þat, at hverki skyldu prestar nè kyrkjur missa neins dómlaust; hit þridja var til höfudmannsins um óþörf inventaria, at forlagi Brynjúlfs biskups, at þau skyldu verdleggiast, oc seljast til gagnsmuna fátækum prestum, oc byrti Henrik Bielke höfudsmadr þat á alþíngi. Eitt var til Þórdar Henrikssonar um landþíngskrifaralaun, at þau lúkist til Bessastada med ödru afgialdi. Höfudsmadrinn kærdi á því þíngi heimilisaga-leysi þat er í landinu var, oc beiddist ályktunar lögmanna, med hverjum hætti best yrdi rádinn bót á slíku, því at öll vyrdíng yfirmanna oc húsbænda væri fótum trodinn af hinum undirgèfnu, oc mætti ei vera annars, enn at slíkt yrdi til hins mesta ófagnadar landinu; enn þeir svörudu at gódir húsbændr ætti at hyrta undirmenn sína med hendi, vendi edr pálmastiku; þó var þat hverki giört, eda dugdi til at hepta svo mikinn ósid, oc ei hefir þat giörlegt ordit á Islandi. Þat var oc samit, at nybíli skyldu setjast ödrum at skadlausu, oc ei nær annars landi enn CC fadma; margt fór þar annat framm; eitt var dómr um adtekt Everts Rechels á fè þess manns er Þórarinn hèt; annar um kaupmannamál oc landsmanna, at komi til syslumanns; einn um Kètil Jónsson at þeir syslumenn Þorbergr oc Hrólfr taki hann undir refsíngu; einn at hreppstjórar sæki rètt sveitarbarna fyrir misþyrmíngar; einn um mál Jóns Audunarsonar, fyrir falsbrèf nockurt um landamerki milli Vatnshorns oc Leikskála í Haukadal, oc vard þat ei afgiört; í þeim dómi voru med Magnúsi lögmanni at nordann oc vestann, Gudmundr Jónsson í Hvammi bródir Eggerts á Ökrum, Gudmundr Arason í Flatatúngu, Marteinn Halldórsson á Alptanesi, Hallr

Biarnason í Mödrufelli, Hrafn Bessason Hrólfssonar bródir Ingimundar á Irafelli, Gudmundr son Kolbeins Hiálmssonar; enn med Arna lögmanni: Amundi Þormódsson í Skógum, Bárdr Gislason, Claus Ejólfsson í Hólmum, Gísli Brynjúlfsson frá Ölvershollti, Biörn Gíslason Biarnarsonar, oc Jón Þorkèlsson. Halls Biarnasonar er þá gètit einna seinast, oc hygg eg at hann hafi skammt lifat þadann af; enn er hann var dáinn, qvad Magnús lögmadr þetta til konu hans:

Kropprinn liggr í kistu af trè,
kann ei lengr bramla;
enn hvar hyggr þú sálinn sè?
seima skordann gamla!

CXXIX Cap. Bygging Skálhollts kyrkju, oc fleira.

Þat var áqvedit í konúngsbrèfi um þá penínga, er fengist framast fyrir kyrkna-inventarium þat er selt yrdi, þá skyldi höfudsmadrinn setja þá á rentu hjá skilríkum mönnum í Danmörku, oc legdist sú ávaxtan til höfudstólsins á sídann. Leysti þá meistari Brynjúlfr biskup fyrstr eptir konúngsbrèfum þeim, af nyu, fyrir VII hundrud speciu-dali þúngt oc óþarflegt inventarium Skálhollts-kyrkju, oc svo giördu adrir at hans dæmum oc leystu fyrir penínga, sèr til lèttis, oc ödrum er eptir þá komu, inventarium þat, er óþarflegt var, þat var í Austfyrdínga-fiórdúngi frá þessum kyrkium, Hofi í Vopnafyrdi fyrir XX dali, Kyrkiubæ fyrir XXVI, Eydum fyrir XVI, Hólmum fyrir XXII, at Skorrastad fyrir XXIV, enn alls CCII dalir; enn í Sunnlendínga-fiórdúngi frá kyrkiu at Kálfhollti XXXV dali, Hollti fyrir LX, Breidabólstad fyrir XXX, Steinshollti fyrir XL, Repphólum XVI, Runa fyrir CXX, Indridastada bænhúsi XVI; þat voru CCCXVIII dalir. I Vestfyrdínga-fiórdúngi var innleist frá þessum kyrkjum: at Vatnsfyrdi XLVIII dalir, Selárdal LX, Otrardal XVI, Stad í Grunnavík L, Stafhollti CXX, Hvammi í Hvamms-sveit LX, Hytardal XL, Helgafelli XL, Breidabólstad á Skógarströnd XVIII, Kolbeinstödum XXIV, Alptaness bænhúsi VI; þat er tilsamans CCCCLXXXII dalir; brautst Brynjúlfr biskup fyrir at láta taka þá peninga samann alla, oc afhenda höfudsmanni, edr umbodsmanni hans, edr kaupmönnum hins íslendska

kaupfèlags, oc at ná fyrir þeim rèttum handskriftum á ímsum stöd-um, þínglysa þeim, oc láta innfæra í alþíngis-bækr, svo kyrkjur fengi engann skada af hversu sem fèlli. Þetta sumar var bætt þat er á skorti vid Skálhollts kyrkju, nema kórinn, hann var byggdr sídar; lagdi oc Brynjúlfr biskup stólpana miklu, oc nockut af undirvidum til forkyrkjusmidis; hann lagdi framm reikníng allann yfir byggíngar-kostnad Skálhollts kyrkju, kaup oc kost smidanna, heimflutníng vidar á XII hundrud hestum, oc X álnum hvert hestlán, oc svo sídar byggíngar kostnad kórsins, fyrir IV hundrud hundrada oc XX álnir á landsvísu; þar hafdi kaupfèlag Islands gèfit til C dali af gódvilja, voru þat prèdikunar-stóllinn med himni yfir, oc skyrnarfontr á sama hátt, tvær messíngarpípr á altari, oc þriár eykarhurdir miklar fyrir útidyrum forkyrkju, oc stúkudyrum bád-um. Hefir ei á hinum seinni öldum rambyggilegra hús giört verit, oc af betri kostum, enn sú Skálholltskyrkja var; þar var at forsmidr Gudmundr snickari Gudmundarson; ætla menn hún hefdi standa mátt um CC ár, ef þess umsjónar hefdi vidnotit, edr hans líka, er byggia lèt. Hann lèt oc byggia stadinn giörvallann af nyum vidum oc sterkum; vildi hann þar hverki láta strika nè hefla þil, bord eda súd; þótti varanlegra ef ógreypt væri oc óheflat, oc lèt reka samann bædi af vidi oc járngöddum, svo at sem seinast skyldi úr skordum gánga. A þeim missirum tók Rúnólfr meistara nafnbótina í Kaupmannahöfn, oc ætludu menn hann mundi byggia á biskupsdóm á Hólum, ef Þorlákr biskup fèlli frá, enn þess vard eigi audit. Þá fór Þorkèll Arngrímsson hins lærda í Holland, hann hafdi verit utann IIII vetr, oc frædst med Olafi Worm vin födr síns, enn fyrir tveim vetrum komit til Islands, oc farit jafnskiótt utann aptr.

CXXX Cap. Imislegt.

Þá komu enskir menn á varnarskipi fyrir nordann land, oc gengu upp í Skagafyrdi, giördu þeir glettíngar þó þeir væri kalladir fridmenn, hèt Robert Wiward foríngi þeirra; þeir komu oc í Eyafiörd. Urdu þá nockrar misfarir einstakra manna, oc var sótt í landi, oc dó Matthias Söfrensson hinn Xda dag Decembris er fyrr er ávikit. Sumstadar segir þá væri prentat eintalit á Hólum. Þá

voru vedr mikil fyrir nordann oc fiárskadar, oc svo vestra, einnin á húsum oc skipum oc heyum. Vetr eptir var gódr, enn fiskr mikill vestra oc nyrdra, lítill sydra í fyrstu, enn urdu þó hlutir 1652
gódir, þó þeir nyttust lítt vegna vætu. Snjóflód mikit giördi í hægu vedri hinn XXIXda dag Februarii, oc tók mörg skip undir Eyafiöllum. Þá druknadi seint í Martio Halldór Gíslason í Medalfellsvatni. Var miög sótthætt þegar um vorit, oc fór vestr eptir landinu, enda voru rigníngar ógrlegar nætr oc daga, oc var svo í því ári öllu, svo þar vard af mikit tjón á heyum, oc ödrum naudsynjum; sóleyar-gras var sprottit í sídustu viku vetrar, enn tún slæg í fardögum; var þá mikit grasár, enn eigi nyttist eldividr sökum vætunnar, oc urdu menn at brenna heyum fornum. Þat vor var dæmt at Saurbæ á Hvalfiardarströnd, at bodi Arna lögmanns Oddssonar, af Byrni Gíslasyni Biarnarsonar, um ólöglega beit á túni þess er af jördu fer; enn Benedict Halldórsson lèt dóm gánga at Ökrum, hinn XXXta dag Maii mánadar, um færleikabeit, skyldu allir menn skyldir at reka hross er ei þyrfti at brúka, til afrètta, edr kaupa þær, ef ei ætti siálfir, oc hafa þat giört hálfum mánudi eptir fardaga, oc enginn taka hagagaungu hesta nema eptir jardar-megni, undir sektir, dómrof, landnám, tvígylldi fyrir grasverd þeim er skada hlítr, oc fullrètti fyrir hálfmerkr skada; gengu margir menn at þessu, oc þótti öllum sköruglegt oc nytsamt; voru þeir dómsmenn, Eggert Jónsson, Gudmundr Arason, lögrèttumenn, oc Erlendr Nicolásson, Jón Sigurdarson, Þorsteinn Steingrímsson, bændr; var þat tveim vetrum seinna samþyckt í lögrèttu, enn hefir sókt í hina sömu óskipan um hrossafiölda óþarfann oc hrossatekt í Skagafyrdi. Þá fèck Magnús prestr bródir Einars á Vídivöllum, enn son Pètrs Gunnarssonar Gíslasonar, Kyrkiubæar klausturs þíng, bjó hann þá at Hörgslandi, oc var prófastr í Skaptafells þíngi. Konúngsbrèf voru þá gèfinn út, eitt um fèsekt Eyríks Jónssonar til Bessastada-kyrkju; annat um þat at biskupar skyldu selja í hönd Henriki Möller þat sem þeir mætti, oc ritat fynndist um Grænland, þvíat Danir höfu þá at sigla þángat; tvö voru um hospitölinn. Þá var prentud bænabók Gerhards, oc huggunar-dæmi úr ritníngunni móti freystíngum, oc sköpunarbókar sálmar Jóns prests Þorsteinssonar, er verit hafdi í Vestmannaeyum.

CXXXI Cap. Sett hospitöl, oc frá þíngi.

Konúngsbrèf þau er hlíddu til um hospitölinn komu til Henriks Bielke höfudsmanns, var áqvedit at þau væri fiögr, eitt í hverjum fiórdúngi lands, oc gaf konúngr jardir til: Hörgsland í Kyrkjubæar klaustrs sókn eystra, Klaustrhóla í Grímsnesi sydra, Hallbjarnareyri, er fyrri hèt öndverd Eyri í Eyrarsveit vestra, enn Mödrufell í Eyafyrdi nyrdra; baud hann at biskupar oc lögmenn, hverr í stipti sínu oc lögdæmi, skipudu valinkunnann mann fyrir hvert hóspital, er þeim standi reiknínga hvert ár af inntektinni. Annat brèfit var um klaustra inventaria óþörf, hvert ei mætti seljast oc leggiast til hospitalanna, oc Kristfiárjardir, oc svo ölmusugiafir innlendra oc útlendra, oc þat er gæfist fyrir hiónabands leifi frændmanna, þar med um tillög náfrænda hinna likþráu, enn konúngr hèt at leggia þat til er goldit væri vid sáttargiörd, svo at hans rèttr minkadist ecki. Beiddist nú höfudsmadrinn brèflega, á alþíngi, gódrar skyrslu um þessa hluti, af Brynjúlfi biskupi oc Arna lögmanni Oddssyni, svo vilji konúngs fengi frammgáng, oc at landsmenn andlegir oc veraldlegir legdi nockut til. Samþyckti þá Arni lögmadr med lögrèttumönnum sínum, af hendi alþídunnar í sínu lögdæmi, at af hverju fiskiskipi, því er til siáfar gengi um vertíd, skyldi árlega skiptast aukahlutr einn, þann dag nockurn sem hellst er aflavon í hverjum stad, oc leggiast hospitali; skyldi vera sunnanlands, í Vestmannaeyum, oc austr at Horni, hinn nærsti dagr eptir Mariumessu á lángaföstu, þá er róa gèfr oc nockut aflast; enn austr þadann, oc til fiórdúngamóta nordr, nærsti dagr eptir Jacobsmessu á sumri; leggia skyldi af sveit þeirra til hospitals, er ei ætti annat frammfæri, forlagseyri eins árs, hálft fiórda hundrud med karlmanni, enn hálft þridja hundrad med konu, oc svo þat er þeir ætti siálfir; var þá sett hospitalit at Mödrufelli, oc gáfu þar margir til; Magnús lögmadr Biarnarson gaf III hundrud, Þorlákr biskup V hundrud, Gudmundr Hákonarson á Þíngeyrum IV hundrud, Benedict Halldórsson syslumadr í Skagafyrdi II hundrud, Biörn Pálsson at Espihóli syslumadr II hundrud, Hrólfr Sigurdarson syslumadr í Þíngeyar-þíngi eitt hundrad; Eggert á Ökrum Jónsson Magnússonar LX álnir, hann hafdi þá fengit Steinunnar Þorvaldsdóttr frá Reykjum, Jónssonar Egilssonar at Skardi; Gudmundr son Kolbeins Hiálmssonar XX álnir, Gudmundr í Flatatúngu

Arason XX álnir, Vígfús Jónsson lögmanns Sigurdarsonar LX álnir, Nicolás Jónsson Skagfyrdíngr LX álnir, Einar Sturluson XX álnir, Sigfús Eyfyrdíngr son Olafs prófasts Arnasonar XXX álnir, hann var fadir Þorláks prests í Glæsibæ, oc Þórdar prests at Myrká födr Jóns prests oc Þorfinns prests; Rafn son Jóns Arnfinnssonar í Hlíd í Skagafiardardölum færleik, hann var bródir konu Halls Biarnasonar í Mödrufelli, oc er margt fólk í Skagafyrdi komit frá Jóni födr hans oc hönum; Grímr í Miklagardi son Sigurdar Hrólfssonar LX álnir, Benedict Biarnarson í Bólstadahlíd XXX álnir; III kúgildi voru lögd af Mödruvalla klaustri. Ecki vildi Torfi Erlendsson eda Gísli Brynjúlfsson at öllu samþyckia med Arna lögmanni, oc lögrèttumönnum ödrum giördina. Henrik Bielke höfudsmadr skipadi þá Hákon son Orms Vígfússonar í Eyum, til at vera landþíngskrífara, eptir Þórd Henríksson er dáinn var. A því þíngi var dæmt um útlegd Olafs Olafssonar, fyri meinsæri, oc voru í dómi med Arna lögmanni Bárdr Gíslason, Arni á Ytrahólmi Gíslason lögmanns Þórdarssonar, Claus Ejólfsson í Hólmum, Olafr Ejólfsson, Þórarinn Illhugason frá Kalastödum, hann bjó at Hvítárvöllum, Biörn Gíslason; enn med Magnúsi, Rúnólfr Sigurdarson frá Einarsnesi, Hannes Eggertsson frá Snóksdal, Oddr Þorleifsson á Borg bródir Benedicts í Búdardal, Þorlákr Arason frá Ögri, Jón Illhugason oc Einar Sturluson at nordann. Þar kom oc dómr Einars Þorsteinssonar syslumanns í Skaptafèlls-þíngi, um illyrdi vid Magnús prest Pètrsson á Hörgslandi; oc annar um eyd Margrètar Þórarinsdóttr órádvandrar, er þeir fedgar Þorsteinn Magnússon í Þyckvabæ, oc Einar son hans höfdu látit gánga. Einninn var skorit úr, at beidni Gudmundar Hákonarsonar, um skipa útgiördir í Húnavatns-þíngi, enn lögrèttumenn í Skagafyrdi oc þeir at nordann mæltu í móti: Eggert Jónsson, Vígfús Jónsson, Grímr Sigurdarson, Gudmundr Kolbeinsson, Rafn Jónsson, Gudmundr Arason, Sigurdr Jónsson oc Einar Sturluson. Magnús Biarnason syslumadr í Vestmannaeyum bar einn dóm í lögrèttu. Þar var dæmdr eydr Jóni yngra syni Eggerts Hannessonar, fyrir Haukadals brèf, því hann qvad Jón Audunarson hafa afhendt sèr. Þá beiddist oc Páll Gíslason á Hvanneyri, hvert hann mætti eigi taka hús þau, er Jóhann Mumm hafdi skilit eptir í Hvanneyrarlandi, oc ei eptirgoldit, oç áleitst þat rètt, ef varadi vid ádr þá er hlut

áttu at. Þá voru enn köllud vebönd í lögrèttu, oc sumir lögrèttumenn nefndir utann vebanda, enn sumir innann.

CXXXII Cap. Mannalát.

Þetta sumar fór mikil sótt um landit, oc öndudust margir göfugir menn oc merkilegir; mörg urdu þá prestaskipti, oc var einna merkilegastr þeirra er öndudust Olafr prófastr Einarson í Kyrkiubæ í Túngu, hann hafdi þá lengi verit blindr, oc freystadr miög nockra tíd, oc tvær voru blindar dætr hans. Þá dóu þeir Magnússynir Þorleifr á Hlídarenda, oc Ari í Ögri, oc voru gamlir miög; einnin Gudrún oc Kristín at Innrahólmi Magnúsdætr systur þeirra, oc Kristín Gudbrandsdóttir biskups kona Ara Magnússonar. Þorleifr son Korts Þormódssonar hafdi Strandasyslu eptir Ara, enn Gísli son Magnúsar lögmanns dóttrmadr Þorleifs á Hlídarenda syslu eptir hann, oc bjó hann at Hlídarenda. Hákon son Gísla lögmanns Hákonarsonar andadist oc brádlega í Þorlákshöfn, hann var vitr madr oc merkr, var hans dóttir Sigrídur, módir Odds lögmanns. Gísli prestr at Hrafnagili son Jóns at Draflastödum deidi þá enn, þremr vetrum betr enn áttrædr, oc hafdi hann þar lengi verit prestr, var hann fadir Þórdar prests mágs Þorláks biskups; Þórarinn son Jóns í Hafrafellstúngu Einarssonar Nicolássonar, var þár prestr eptir hann, enn ei veit eg giörla hvert hann var nærstr. Þorleifr Kortsson qvæntist þá at Þíngeyrum, oc fèck Ingibiargar dóttr Jóns Magnússonar eldra, er fyrri höfdu átta Gunnar Arngrimsson, oc Jón son Halldórs lögmanns; hann hafdi verit skraddarasveinn, oc þótti þó vel framadr; var sagt at fiölkíngis ástrída væri á konum nockrum vestr á ströndum í Trèkyllisvík. Þá drack prestr einn sèr bana.

CXXXIII Cap. Skadar oc annat.

Þau missiri urdu brunar á fiórum bæum í Arnessþíngi, Ossabæ á Skeydum, Oddgeirshólum, Skiphollti í Ytrahrepp, oc Kaldadarnesi í Flóa; þá lèt Brynjúlfr biskup smída farmeskip mikit á Eyrarbacka, var XX álna lángr kiölrinn, þat var kallat skútann,

fèck hann formann til úr Vestmanna-eyum, oc hrausta menn til háseta, reynda í sjóförum oc siglíngum Vestmanna-eyínga. Þorsteinn Benedictsson frá Bólstadahlíd tók þá Húnavatnsþing, enn Gudbrandr son Arngríms lærda hálft, at því er sumir segia, ætla eg þó sannara at þat hafi eigi þá skèd, oc at Gudmundr á Þíngeyrum hafi haldit því enn um hríd. Haust var miög vindasamt, med ofann-falli ógrlegu regna oc snjóa, oc brotnudu XX skip fyrir austann. Þá sást Cometa öndverdann vetr, oc hèldu þá enn allir menn vera fyrirburd. Attadagr var á laugardag, enn morg- 1653
uninn þar eptir var mikit vedr á sunnann oc útsunnan, med siáfargángi ógrlegum á land upp allstadar fyrir austann Reykianes, svo tún spilltust enn skip brotnudu vída, mest á Eyrarbacka, í Grindavík oc í Selvogi sudr; á Eyrarbacka spillti bædi húsum oc fè, þar drucknudu inni kyr oc færleikar, enn sumt úti, oc allt spilltist í húsunum. Menn hjálpudu sèr á hólum oc hædum medann siáfargángrinn var sem mestr, enn sjúkr madr, er eigi mátti á brottu komast, druknadi í Einarshöfn gömlu. Timbrhús tók þar upp danskt, oc flaut upp á Breidumyri; vard skadi mikill á Hrauni, oc á Háeyri; þar tók upp skemmu med öllu er í var, oc bar uppí tiarnir, fannst þat sumt aptr; kistr oc annat flaut lángt upp í Flóa; enn mörg hús hin dönsku skèmdust oc brotnudu, oc flutu trèn allt upp at Flóagafli; í fiósi á Hrauni drápust kyr nockrar, einnig hestr þar, oc enn kyr hjá húsmönnum; sjór fèll þar inn í bæ allann, oc hèldu sèr þar sumir menn uppá húsabitum, enn sumir voru á þekjum uppi; misti Katrín eckja sú er þar bjó til LXXX hundrada í því flódi. IX menn tyndust þar af skipi á Eyrarbacka; þat átti Rannveig miófa á Háeyri dóttir Jóns bónda á Grund, Biarnarsonar, Jónssonar biskups, hún hafdi búit þar alla æfi ógipt, oc alit á heimili sínu XX börn födrlaus.

CXXXIV Cap. Atburdir oc mál.

Vetr var allgódr, oc hlutir þá hærstir IX hundrud sydra; VII menn druknudu í Selvogi, enn fiórir á Seltjarnarnesi; börn hvurfu sumstadar, oc fannst ecki af; var jafnann sagt í þann tíma at þau sæi álfa edr huldukonr, oc rynni eptir þeim; var þat oc til-

hafit, at sum börn er ellt voru oc nádust, þóttust hlaupa eptir mönnum, módr sinni edr ödrum er þau kènndu; bar oc til fyrrum at ernir tóku sum börn, oc allt til enda XVIIdu aldar. Þat bar vid um vorit hinn XXXta dag Aprilis mánadar, at giördi fiúk, oc gèck í VII dægr; þá vard fyrir snióflódi á fiöllum nockrum milli Skagafiardar oc Eyafiardar, prestr sá er Hallgrímr hèt, Olafsson Jónssonar prests, enn módir hans var Gudrún, dóttir Þórdar á Mardarnúpi bródur Gudbrands biskups, hann var prestr til Múnkaþverár, enn fadir hans, oc Þorlákr bródir hans voru prestar at Miklabæ; var son Þorláks prests Olafr í Hèradsdal, enn Vígdys systir þeirra var gipt Hálldóri á Seilu, launsyni Þorbergs Hrólfssonar. Þrír menn örkumsludust at því sinni í þeirri leid, var einn heyrari á Hólum vellærdr, Páll son Halls Biarnasonar í Mödrufelli, hann misti tær á ödrum fæti, hann fór eptir þat utann aptr, oc vard prestr á Siálandi. Prentut var þá at Hólum bænabók Musculi, oc ágrip Davids saltara Arngríms prests. Konúngsbod kom um bænadaga, oc laun vinnufólks, oc enn fleira. Þá kom ecki höfudsmadrinn út, enn Thómas Nicolásson var umbodsmadr hans, oc þótti íllr oc ágiarn. Hákon Ormsson fèck þá Rángárvallasyslu. Þat vor í Majo deidi Biarni bóndi á Stockseyri Sigurdarson, hinn audugasti madr. Þann tíma dó einnin Sigurdr Markússon í Hèradsdal áttrædr at aldri, oc voru nú flestir frá hinir eldri menn er lengi höfdu uppi verit. Um sumarit á þíngi samþyckti Magnús lögmadr Biarnarson fyrir Vestfyrdínga fiórdúng um aukahlut til hospitala, þat er giört var hid fyrra sumarit, skyldi kríngum jökul vestr vera sami dagr tekinn til sem sunnanlands; enn um Vestfiördu, Breidafiörd oc Myrar var nefndr til sídar nærsti dagr eptir Jónsmessu Hóla biskups á vori. Mörg mál komu fyrir á því alþíngi; þat voru dómar Bardar Gíslasonar sydra, oc Sigurdar Jónssonar í Einarsnesi frá Myrasyslu, oc Þorkèls sonar Gudmundar Hákonarsonar, hann hafdi þá oc Þverárþíng, oc hafdi dæmt um forlag Gudrúnar Þórdardóttr, er Pètr son Þórdar Henrikssonar skyldi midla; oc svo um arf eptir Kristínu Magnúsdóttr. Jón Eggertsson yngri lagdi þá af eydinn fyrir Haukadals-brèfinn, oc menn med hönum, oc at Jón Audunnarson hefdi sèr fengit, hafdi sá eydr farit framm á Hellisvöllum fyrir alþíng, fyrir Rúnólfi Sigurdarsyni frá Einarsnesi, oc verit vottar vid, Brynjúlfr Jónsson, Jón Jónsson, Vígfús Helgason, Gudmundr Nicolásson oc Andres

Arnason, enn var byrtr á þessu þíngi. Jón Eggertsson átti Margrètu dóttur Steindórs Finnssonar á Ingialdshóli, oc bjó at Hofstödum, oc verdr ei gètit sídann, krenktist hann af líkþrá. Þetta sumar lèt Brynjúlfr biskup smída upp hospitalshúsinn á jördum þeim er til voru teknar, hann keypti þá oc Biörk í Flóa, er Gísli biskup Jónsson hafdi á burt selt aptr undir stólinn, af Magnúsi Arnórssyni fyrir XXV hundrud lausafiár, er hann leysti med óþarflegt inventarium.

CXXXV Cap. Tilburdir.

Gísli son Þorláks biskups hafdi komit út um sumarit fyrir, oc ætladi nú utann aptr, enn svo rèdist at þat vard ecki; gèck þá oc brádasótt eda plága mannskæd í Danmörku, enn Þorlákr biskup var í vinfengi vid Doctor Olaf Worm, oc Gísli biskupsson lærisveinn hans, oc margir adrir Islendíngar oc rèdu þeir hönum frá utannförinni; sídann giördist Gísli skólameistari eptir Þorstein prest Illhugason. Fiórir menn tyndust á jólaföstu af báti á Stafnesi, er Torfi Erlendsson átti. Þá var madkr mikill í jördu undann sumri, oc hvítnadi hún öll af, oc spilltist vid; giördi jardskarpt öndverdann vetr. A Andresmessu var mikil hríd; þá kól til bana Hallgrím prest vid Myvatn hjá Vallagardi á bæ sínum, hann var son Gudmundar frá Laugum Jónssonar Illhugasonar prests í Múla, enn bródir Þorgríms í Krossavík; dætr hans voru Þórunn, er átti Pètr Gudmundarson frá Flatatúngu Arasonar, oc Ingibiörg er Biarni prestr átti Ormsson, Biarnasonar prests at Helgastödum Jónssonar Ormssonar, oc var þat allt stórmannlegt, þeirra synir voru Hallgrímr, oc Ormr prestr at Melstad, oc Sigurdr prestr at Kvíabeck, oc Pètr fadir Biarna prests at Melstad. Jón í Vík var bródir Hallgríms prests, þat er á Flateyardal. Þau missiri rak XIX hundrud fiska á Oddeyri med einu sióarfalli. Þá drack Jón Gissurarson at Miklavatni í Skagafyrdi sèr bana, oc þótti ókyrr sídann. Eigi er þar nú bær er svo heitir.

CXXXVI Cap. Frá ímsu.

Sá vetr eptir var misjafn, oc sumstadar fargat af heyum oc fèllu 1654
peníngar nockrir; enn þó var laungum árgott oc hlutasamt; urdu

X hundrada hlutir sydra; enn sjóargángr var ógrlegr hinn XIta dag Martii, svo túnum spillti fyrir austann Reykianes. VI tyndust skip sydra, enn þó fáir menn á hverju. Þá var í Eyafyrdi um vorit stadfestr hrossadómr Benedicts Halldórssonar oc Skagfyrdínga, af Magnúsi lögmanni, oc Byrni Pálssyni syslumanni, oc ödrum mönnum med lófataki. Enn í Þíngeyarþíngi lèt Hrólfr Sigurdarson gánga dóm at Helgastödum um qvörtun Kristiáns Olafssonar kaupmanns oc Hans Pètrssonar skipara yfir skipbrotsvöru missir, voru menn hafdir grunsamir, en málinu skotit til alþíngs, oc þá vísat til þiófabálks, oc at refsa þeim mönnum. Gísli son Magnúsar lögmanns hèldt þá Múlaþíng, enn eigi veit eg giörla hvert hann fór þángat nockru sinni at búnadi. Þá seldi Brynjúlfr biskup Sigurdi syni Arna lögmanns nedra Skard í skiptum. Daginn fyrir hvítasunnu tyndist skip á Skagafyrdi, hèt Sturla sá er fyrir var, enn þat var mælt at skip hefdi siglt hjá þeim er þeir voru komnir at druknun, oc eigi ansat þeim þá þeir bádu lids; hefdi Sturla þá sagt: at máttugr væri Gud þess at veita sèr kyrkjuleg, þó þeir syniudu bargar; hann var dreginn upp á lód IX vikum sídar. Gott var þá vor, oc hagstædt sumar. Þá gèck sóttinn mikla í Kaupmannahöfn; andadist þar Gabriel Acheley er híngad kom út ádr, oc margir íslendskir menn, meistari Rúnólfr Jónsson var einn, annar Gudmundr Andresson. Þá deydi Arni Gíslason at Ytrahólmi, oc var miög saknad, hann hafdi átta Steinunni dóttr Hannesar í Snóksdal Biarnarsonar, oc börn miög mörg, oc mannvæn, var eitt Hannes fadir Hákonar syslumanns oc hans systkina, önnr áttu fá afqvæmi, qvad Hallgrímr prestr Pètrsson í Saurbæ eptir hann, því hann var hönum vel. Annar deidi Biarni yngri, lögrèttumadr, son Hrólfs Biarnasonar, sá er fordum giördi harkit sydra, var hann gamall miög; son hans var Þorsteinn fadir Hrólfs á Alfgeirsvöllum, oc er þadan fólk í Skagafyrdi; skiptapar tveir eda þrír smáir urdu enn sydra. Þá giördist Halldór son Jóns prests Bödvarssonar í Reykiahollti kyrkjuprestr at Skálhollti, enn Helgi at Húsafelli son Gríms prests, er þar var ádr, Jónssonar í Kálmanstúngu er Jón Murti vo, Grímssonar. Þorsteinn Illhugason var kyrkjuprestr at Hólum, enn Gísli son Þorláks biskups skólameistari. Ecki er gètit stórtídinda á alþíngi, enn framm fóru þar dómar nockrir, oc einn um tvöfaldann forlagseyri hinna þíngstu ómaga líkþrárra; þar kom framm einn dómr er Pètr Einarsson hafdi út-

nefndann í Bardastrandar syslu. Höfudsmadr kom ei út fyrrenn eptir þíng; tafdist hann af sjóvíkíngum enskum; enn Thómas Nicolásson kom út med konu sína Margrètu Clausdóttr Brún, hún var hinn mesti skapvargr, oc bædi voru þau styrdlind; nockr komu konúngsbod, enn þó lítt brúkud er stund leid; rit fródlegt kom frá Birni at Skardsá, um eydijardir Reinistadar klaustrs í Vídidal, oc enn fleiri hluti. Þá var margræddast á Vestfiördum um þau ærsli er á konum voru í Trèkyllisvík á Ströndum, þóttist prestr eigi gèta framit messu fyrir hliódum þeirra, mási oc frodufalli, oc voru bornar opt úr kyrkiu margar í senn. Jón Magnússon oc Þorleifr Kortsson höfdu þar þá syslu, þeir lètu taka Þórd Gudbrandsson, er haldinn var hinn fiölkunnugasti madr, oc valdr af þessu, oc tvo adra, Egil Biarnason oc Grím Jónsson, því menn þóttust þar miög ásóktir af aptrgaungu, oc voru þessir þrír brenndir hinn XXta oc XXVta dag Septembris mánadar, enn þat þótti flestum skörúngskapr. Þá syndist mönnum einnin aptrgánga í Skagafyrdi; var á slíkum hlutum hinn mesti ótti í þann tíma um allt land, svo sem oc hafdi verit í Danmörku á dögum Kristiáns konúngs fiórda, oc vídar í löndum.

CXXXVII Cap. Enn frá ímsu.

Eptir þetta giördi vetr gódann, enn þó nockut misjafnann, urdu hlutir misjafnir, oc þó gódir vídar; var vor votsamt, oc brotnudu vid Drángey VIII skip, enn menn komust af í bergit, oc hiálpudust svo, lidu þó miög hardt af sjáfargángi oc grjóthruni, oc svo sullti, ádr þeir fengu kyndt vita, oc nádust sídann, þeir voru tveir hins sjötta tugar. Prentadir voru þá at Hólum hugvekjusálmar, er orkt hafdi Sigurdr prestr í Presthólum Jónsson, oc svo missira skipta sálmar hans, sköpunarbókar sálmar Jóns prests Þorsteinssonar, oc forfedra bænabók, hún var seinust þeirra er Þorlákr biskup lèt prenta. Reka-þræta vard þá um hval á Reykium á Reykiaströnd, med Benedict Halldórssyni syslumanni er hèldt Reinistadar klaustr, enn þat átti jördina, oc presti at Hvammi í Laxárdal; lèt Benedict lysa stroku Gunnars Jónssonar, er grunadr var um stuld úr Hofsósbúdum. Þau missiri var Þorkèll Arngrímsson sendr med ödrum manni til at ransaka hvert málmar væri á Islandi. 1655

Ecki er gètit tídinda á alþíngi nè stórmæla. Þá var lítill heyskapr þat sumar, enn nyttist þó vel; var votsamt haustit, gèck þá sótt oc öndudust gamlir menn. Illhugi son Hallgríms Halldórssonar á Vídimyri tyndist í Gaunguskardsá, hann var XVIII vetra. Þá dó Arni á Holltastödum Teitsson Biarnarsonar Jónssonar biskups, hafdi hann verit lögrèttumadr í Húnavatns-þíngi, oc átti afqvæmi; einnin Biörn Jónsson á Skardsá, vetri meir enn áttrædr oc var þá blindr, hafdi hann lifat *X* vetr sídann hann lauk annál sínum; hann hafdi ritat um fornyrdi lögbókar, æfi nockurra biskupa, rit um Grænland, Tyrkjasögu um Vestmannaeyarán, oc um orda uppruna íslendskra; þat var velgiör bók, enn hún tyndist í sjóferd, oc er ei til sídann; annálabókina, oc enn um nockrar lagagreinir; þarmed forsvar fyrir stóradómi, vidbætir sögu Arna biskups, oc nockra qvidlínga; einnin útskyríngu yfir Brynhildarliód, oc Vafþrúdnismál, oc höfudlausn Egils Skallagrímssonar, oc fleiri qvidr fornar, oc þó nockrs meigi vant vera í slíku, þá var eigi framar von um ólærdann mann, þá í öld, er enginn hafdi nálega gengit á undann um slíkt; eru frá hönum nockrir menn komnir, þótt vèr kunnum ecki grannt af at segia; son hans var Bessi, er átti Halldóru dóttr Rafns Bessasonar Hrólfssonar, oc áttu þau börn mörg. Rafn Bessason var lögrèttumadr í Húnavatns-þíngi, hann dó einnin þennan tíma; son hans oc bródir Halldóru var Eyvindr á Breckulæk. Gunnar, sá er strauk úr Skagafyrdi, hafdi stolit miög miklu úr húsunum dönsku í Hofsós, hann komst á brott med Hollendskum, oc nádist ei, hafdi hann búit at Hofi; fleiri voru þá stuldir, oc mannalát skyndileg, drucku nockrir sèr bana. Þá kom skip í Seiluna frá höfudsmanninum, eptir afgiöldum landsins, þat rak á blindskèr fyrir Seltjarnarnesi, oc tyndist fiárhlutr af, enn menn hèldust. Bóla gèck um Vestfiördu, oc öndudust gamlir menn, oc þessir er merki voru at: Arni prestr at Látrum á Breydafyrdi, oc Þorkatla Finnsdóttir á Skálmarnesi bródrdóttir hans, enn födrsystir Jóns Torfasonar í Flatey. Arni prestr var son Jóns í Flatey Biarnarsonar at Reykhólum, Þorleifssonar hyrdstjóra, oc var hálftyrædr; var hann á þridja vetri er Dadi í Snóksdal dó; hann hafdi átta Þórunni dóttr Þorleifs Jónssonar undir Múla, oc börn mörg. Sveinbjörn prestr var einn son þeirra, hann átti Gudrúnu dóttr Sigmundar í Fagradal Gíslasonar at Stadarfelli, Jónssonar á Svarfhóli Olafssonar, þeirra dóttir var Gudrún módir Arnórs Jóns-

sonar syslumanns. Þá voru sett skip Dana út eptir skipum Hollendskra. Vatnshlaup var þá ógrlegt í Jökulsá í Axarfyrdi, oc misti Jón prestr á Skinnastödum III hundrud fiár tólfræd. Þann tíma fèck Biörn Pálsson í Espihóli leifi til at gánga at eiga Ragnheidi, dóttr Magnúsar Arasonar at Reykhólum, því þau voru at ödrum oc þridja, oc linadist svo smám frændsemis meinbugr, hafdi hún alist upp at Skútustödum med Þórunni módr sinni, oc Sigurdi bródur sínum. Þat haust var þat hinn IXda dag Septembris, at haldit var brúdkaup Biarnar sonar Magnúsar lögmanns, oc Helgu dóttr Gudmundar Hákonarsonar á Þíngeyrum, gaf Magnús lögmadr Byrni syni sínum VIII hundrud hundrada, enn Gudmundr bóndi Helgu dóttr sinni IIII hundrud hundrada, oc leiddi bodsmenn alla út med giöfum, svo at nam LXXX dölum í silfri, oc var ei all-lítill fiárstofn Biarnar Magnússonar.

CXXXVIII Cap. Fráfall Þorláks biskups.

Þorlákr biskup Skúlason á Hólum, vígdi tvo presta á jólaföstu, Þorlák Arngrímsson hins lærda, oc Þorleif Olafsson Gudmundarsonar frá Sölvatúngu Gíslasonar; hann hèldt lengi Blöndudalshóla oc fèck Þórunnar Kortsdóttr systr Þorleifs, oc átti margt afqvæmi. Alls vígdi Þorlákr biskup VI presta oc XL; hann hafdi fyrir þremr árum leyst út, af Hóla inventario óþarflegu, XXV geldneyti fyrir C dali, enn LXXXIV voru þá eptir; var hann hamíngiumadr mikill, lærdr oc vel at sèr, oc vinsæll vid flesta menn; eigi sídst var hann í vináttu vid Henrik Bielke höfudsmann; var oc vellátinn af prestum oc öllum ödrum, því hann var alla æfi lítilátr oc liúflyndr, gudrækinn, ör oc sidprúdr. Var þá lítilæti höfdíngia miklu skialdsèdara enn á vorum dögum á öndverdri XIXdu öld. Hann gaf Hólakyrkju í mynníngu legstadar síns predikunarstól fyrir XXX dali, oc krossmark yfir kórdyrum XX dali. Ás í Hörgárdal XX hundrud, med hundrads landskuld oc fiórum kúgildum, gaf hann Hólaskóla, med þeim skilmála at afgiald skyldi liggia til hinum fátækasta stúdent frá Hólaskóla, er mentadist utanlands. Hann oc þeir Brynjúlfr biskup hófu upp af nyu fornfrædi er miög var undir lok lidinn í landi hèr. Hann gèckst undir at gialda

skuldir meistara Rúnólfs, fyrir kunnugleiks sakir, oc gaf hönum C dali. Hann lagdi út Gerhardi hugvekjur, oc ritadi bæklínga fleiri; er svo sagt at hönum hafi þótt Sigurdr prestr Jónsson í Presthólum hyrdulaus, er hann visiteradi, oc þá bodit hönum at qveda sálma yfir hugvekjurnar, sem hann giördi. Þorlákr biskup átti Kristínu dóttr Gísla lögmanns Hákonarsonar, er mestr höfdíngi þótti, bædi at ásynd oc örleik, sem fyrri er gètit, oc var hún hamíngiukona mikil; börn þeirra voru, sem fulltída urdu, Gísli, Þórdr, Skúli, Gudbrandr, Jón, Elín. Þorlákr biskup hafdi fengit til enska konu velkunnandi, at kènna dóttr sinni handvyrdir, oc bygt henni skemmu; hann tók sótt deginum fyrir áttadag jóla
1656 um vetrinn, er nú var næst frá sagt; enn á áttadag sjálfann, medtók hann sacramentum med kristilegum undirbúningi undir andlát sitt, oc andadist hinn IIIIda dag Januarii, á föstudag sem Gudbrandr biskup módrfadir hans, í fullum veg sínum oc blóma, þá er hann hafdi biskup verit í VIII vetr oc XX, enn skorti vetr á sextugann. Var hann grafinn vyrdugliga IXda dag hins sama mánadar, í Hóladómkyrkju, þvert yfir frá legstad Gudbrands biskups; báru VI prestar oc VI leikmenn kistu hans, enn Þorbergr kyrkjuprestr hèldt líkpredikun af ordum Páls postula: Christr er mitt líf, enn daudinn minn ávinníngr; sá Þorbergr hafdi verit þar lengi kyrkiuprestr, oc hafdi örkumsl á hendi, hann var son Asmundar Þorsteinssonar á Grund, Gudmundarsonar frá Fèlli. Kristín biskupseckia fór sídann til Vídivalla, oc hafdi nockrar jardir Hóla dómkyrkiu til uppheldis sèr. Margt manna er komit frá Þorláki biskupi. Gísli oc Þórdr synir hans urdu biskupar bádir, oc verdr af þeim sagt sídar. Skúli Þórláksson var prestr, oc prófastr seinna, at Grenjadarstad, hann átti Gudrúnu dóttr Benedicts Halldórssonar syslumanns á Reinistad, þeim var ei barna audit; sídann fèck hann Elínar Sigurdardóttr frá Skútustödum Magnússonar Arasonar í Ögri, þau áttu margt barna, enn þau öndudust öll í bólu, laungu seinna enn hèr var komit, nema Jórunn; hennar fèck Brynjulfr Þórdarson á Hlídarenda, oc er frá þeim ætt kominn, sem enn mun sagt verda; Þorlákr Skúlason vard oc prestr. Gudbrandr Þorláksson var Hólarádsmadr um hríd, enn hafdi seinna Húnavatns syslu hálfa, nockra stund, sídann bjó hann at Vallhollti í Skagafyrdi, oc átti Þórunni dóttr Benedicts Halldórssonar syslu-

manns, voru þeirra börn Ragnhildr oc Þorlákr, oc kom ecki af; ecki var Gudbrandr vinsæll madr, nè vel at sèr, oc eigi þótti hann vel í ætt segiast. Jón Þorláksson fèck Mödruvalla-klaustr, oc skipti sídann vid Þorstein son Þorleifs Magnússonar at Hlídarenda, oc tók Skriduklaustr oc Múlasyslu; hann var frídr madr synum, oc allvel á sig kominn; hann fèck Seciliu dóttr Hallgríms prófasts Jónssonar í Glaumbæ, Vígfús var son þeirra, oc annar Þorlákr, þridji Jón, hann var syslumadr, oc dó þó fyrri enn fadir hans; fiórdi Hallgrímr syslumadr í Múlaþíngi, hann var fadir Jóns í Berunesi, oc Elínar, er átti Einar prestr Jónsson frá Brimnesi Kètilssonar frá Eydum Biarnarsonar, hann var bródir Kètils prests í Húsavík, þeirra son var Biarni fadir Einars prests at Grenjadarstad; fimti son Jóns Þorlákssonar var Biörn prestr at Gördum á Alptanesi, hann var fadir Þóru, er Halldór biskup átti Brynjúlfsson, oc Steinunnar, er Skúli Magnússon átti, landfógeti, oc er ætt frá þeim bádum. Elín Þorláksdóttir giptist Þorsteini Þorleifssyni frá Hlídarenda Magnússonar, þeirra dóttir var Þrúdr, er átti meistari Biörn biskup. Fátt var þó forráds frídt sínum af afspríng Þorláks biskups, oc fátt at ödru afbrugdit, enn mannadist sumt vel. Þorlákr biskup vard harmdaudr, oc olli því ástsæld hans, oc ei sídr álit Nordlendínga hid mikla á Gudbrandi biskupi módrfödr hans, at þeir vildu heldr hafa hans son úngann oc afbrygdislausann at biskupi, enn annann mann, er þeim var gèfit um at kiósa.

Prentfeil í Árbókanna Vtu Deild.

Bls. 2	Form. l.	2	kauphöndluninni l. kauphöndlun
8	lín.	25	*in Marg.* 1570.
9	—	33	Jóhanhi l. Jóhanni
12	—	13	kyrkum l. kyrkium. l. 16 hönum l. hinum
15	—	10	Gísli l. Gísla
16	—	5	l. Seltjörn
21	—	9	áleitnir l. álitnir
27	—	32	Jóns biskups l. Jóns syni biskups
28	—	3	Gudlaugr l. Gudlaug. l. 31 höfud l. hötud
33	—	16	Midanes l. Midjanes
38	—	34	Aldvin l. Aldavin
39	—	7	í Alptanesi l. á Alptanesi. l. 37 l. prests
40	—	8	Pálls l. Páls. l. 22 Þúrídr l. Þúrídar
42	—	7	Finnbogadóttir l. Finnbogadóttr. l. 17 prestr l. prests
46	—	9	sett l. selt
47	—	29	voru þar l. voru þar dómsmenn
53	—	33	Erlendr l. Erlend. p. 50 l. 4 l. biskups
56	—	5	einum l. einnin
62	—	20	*in Marg.* 1591.
63	—	31	hinn l. hin
78	—	14	konúng l konúngi
81	—	1	tækist l. tætist. l. 14 l. XIIta
84	—	35	aflkostr l. aflskortr
86	—	22	margt fólk inni l. margt inni
89	—	30	fengit l. fengist
93	—	26	sumra; þeirra h. l. sumra þeirra; hestar
94	—	13	hundrud l. hundrad
103	—	20	l. barnabörn hans
121	—	5	Hrólfs Biarnarsonar l. Hr. Biarnasonar
135	—	13	lögmadr l. lögréttumadr. l. 18 l. Gísli
137	—	1	prest einn þar vestra; Jón Grímsson hafa l. prest einn þar vestra, Jón Grímsson, hafa
138	—	14	mæta Gil l. mæta vid Gil. p. 141 l. 3 l. betri
133	—	25	höfdu hey l. ei höfdu hey. l. 27 rótt l. róit.